

STJÓRNLAGAÞING
KOSNINGAR 2010



Kynning á frambjóðendum og
kosningum til stjórnlagabings
27. nóvember 2010

STJÓRNLAGAÞING KOSNINGAR 2010



Um kynningarblaðið

Þessu blaði er ætlað að kynna fyrir kjósendum fram-
bjóðendur til stjórnlagabæings og fjalla um framkvæmd
kosninganna 27. nóvember 2010.

Frambjóðendur sendu upplýsingar um sig og fjöl-
skylduhagi sína, menntun og starfsreynslu, þegar þeir
tilkynntu um framboð sín. Með tilkynningunni fylgdi
einnig stefnuyfirlýsing frambjóðendanna og mynd af
viðkomandi. Upplýsingar um menntun, starfsreynslu og
stefnu birtust á heimasíðunni kosning.is, ásamt mynd.
Sama efni er birt hér í blaðinu. Hins vegar var ákveðið
að birta ekki upplýsingar um fjölskylduhagi, hvorki á
kosning.is né í blaðinu.

Frambjóðendur eru því sjálfir höfundar þess texta
sem hér birtist. Prófkalesarar fóru yfir textann og
leitast var við að leiðrétta augljósar stafsetningar- og
innsláttarvillur og samræma heiti á prófgráðum, ýmsar
skammstafanir og annað slíkt.



Veljum heima, kjósum á kjörstað

Afar mikilvægt er að kjósendur ákveði hvaða
frambjóðendur þeir ætla að velja **áður en þeir
fara á kjörstað 27. nóvember** eða greiða
atkvæði utan kjörfundar áður en kjördagur rennur
upp. Fólk er vant því að merkja við listabókstafi í
kosningum til Alþingis og sveitarstjórna eða skrifa
nöfn þeirra sem það kys til setu í sveitarstjórnunum
í fámennum sveitarfélögum (óhlutbundin kosning).

Hvorug aðferðin á við í kosningum til
stjórnlagabæings. Þar verður persónukjör en
kjósendur skrá fjögurra stafa tölu á kjörseðilinn
fyrir hvern frambjóðanda sem þeir velja, það er að
segja auðkennistölu viðkomandi frambjóðanda.
Heimavinna kjósenda er fólgin í því að kynna sér
upplýsingar frambjóðendanna hér í blaðinu eða
á kosning.is, velja þá sem þeir hyggjast kjósa og
skrá auðkennistölu viðkomandi frambjóðenda á
hjálparkjörseðilinn sem kjósendur fengu sendan
eða prenta út af heimasíðunni kosning.is, áður en
haldið er á kjörstað.

Mikilvægt er að kjósendur raði þeim frambjóðendum,
sem þeir velja, í forgangsroð. Kjósendur flýta fyrir sér í
kjörklefanum með því að mæta vel undirbúnir að heiman.
Veljum heima, kjósum á kjörstað.

Stjórnlagabæing 2011

Stjórnlagabæing kemur saman í síðasta lagi 15. febrúar 2011 til að endurskoða stjórnar-
skrá lýðveldisins Íslands. Þingið á að standa í tvo til fjóra mánuði og verður skipað minnst
25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa. Þingfulltrúar verða valdir í persónukjöri 27. nóvember
nk. Stjórnlagabæinginu er ætlað að undirbúa frumvarp til breytinga á stjórnarskránni og hafa til
hliðsjónar niðurstöður þjóðfundarins í Laugardalshöll 6. nóvember 2010. Þegar stjórnlagabæing
hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaganna skal það sent Alþingi til meðferðar.

Sjá nánar á vefnum stjórnlagathing.is.

Efnisyfirlit

Bls.	Röð frambjóðenda samkvæmt stafrófi
4-7	A-Á
8-12	Á-B
13-19	B-D
20	D-E
21-25	E-F
26	F-F
27-35	G-H
36-43	H-I
44-45	I-Í
46	Í-J
47	J-J
48-49	Kjörseðillinn
50-55	J-K
56-59	K -L
60-61	L-M
62-64	M-N
65-67	N-Ó
68-69	P-R
70-72	R-S
73-81	S-T
82	T-V
83-85	V-P
86-90	P-Ö
91	Ö-A
92	A-A
93	Kosningaleiðbeiningar
94-95	Kosningakerfið

Nöfn sem byrja á A bæði fremst og aftast

Ástæða er til að vekja athygli lesenda á því að
frambjóðendum er raðað í stafrófsróð hér í blaðinu
en fyrsta nafn var valið af handahófi í viðurvist
sýslumannsins í Reykjavík í samræmi við fyrirmæli
laga um stjórnlagabæing nr. 90/2010. Upp kom 11. nafn
í stafrófinu og leiðir það til þess að tíu frambjóðendur,
með nöfnum sem byrja á A, færast aftur fyrir Ö í
róðinni. Um þá er því fjallað á bls. 91 og 92.

Um auðkennistölu

Frambjóðendum
til stjórnlagabæings
var úthlutað
auðkennistölu
sem kjósendur ber að skrá á kjörseðla sína í
kosningunum 27. nóvember. Þetta er gert til að
auðvelda talningu atkvæða að kjöri loknu. Atkvæði
verða talin í tölvuskanna í Reykjavík en ekki
handtalin eins og tíðkast hefur í kosningum á Íslandi
hingað til. Skanninn les auðkennistölnar og úrslit
liggja fyrir þegar kjörseðlunum hefur verið rennt í
gegnum hann.



Mikilvægt er að kjósendur vandi sig við að skrá
tölnar og skrifi bæði skýrt og greinilega.

Sjá nánar um talningu atkvæða á bls. 94 og 95.

bls. 48-49 Kjörseðillinn

Kjörseðillinn og útfylling hans

Spurt & svarað

Hvers vegna auðkennistala?

Verur að velja 25 frambjóðendur á kjörseðilinn?

Haf skipt mál hverjum kjósendur njóta kjörseðils?

bls. 94-95 Kosningakerfið

Svona virkar kosningakerfið

Spurt & svarað

Kosningakerfið

Kosningakerfið og saga þess

Hútfall þyngja veib sem jafnst

Aðvæðing með tilvísunum

Kynningarmyndbönd

Á næstu dögum verða birt ný kynningarmyndbönd um framkvæmd kosninga til stjórnlagabings og um kosningakerfið. Hægt verður að skoða myndböndin í heild sinni og í styttri útgáfum á vefnum kosning.is.



Tölfræði um frambjóðendur

- Konur eru 158 (30,3%), karlar eru 364 (69,7%).
- Meðalaldur allra frambjóðenda er 47 ár.
- Meðalaldur allra kvenna er 43,1 ár.
- Meðalaldur allra karla er 48,7 ár.
- Elsta konan er 66 ára og sú yngsta er 22 ára.
- Elsti karlinn er 80 ára og sá yngsti 19 ára.



kosning.is


Kosningavefur dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins er á slóðinni kosning.is. Þar er að finna upplýsingar um framkvæmd kosninga til stjórnlagabings, kynningu á frambjóðendum og rafrænan hjálparkjörseðil.

Vefsvæðið með frambjóðendakynningunni var opnað síðdegis 3. nóvember og um kvöldið voru liðlega 12.000 gestir samtímis í heimsókn og flettingar skiptu tugum þúsunda. Síðan þá hefur verið stríður straumur gesta á kosningavefinn, bæði til að glöggva sig á frambjóðendum og stefnumálum þeirra og til að fylla út hjálparkjörseðilinn.

Á kosning.is er einnig að finna fréttir og fróðleik um aðdraganda kosninganna og framkvæmd þeirra. Þá eru þar fréttir á táknmáli og upplýsingar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu o.fl. Síðast en ekki síst geta kjósendur kannað hvar þeir eru á kjörskrá.

Hverjir máttu bjóða sig fram?

Kjörgengir til stjórnlagabings eru þeir sem kjörgengir eru í alþingiskosningum. Frá þeirri reglu eru undantekningar sem kveðið er á um í 6. gr. laga um stjórnlagabing nr. 90/2010. Þannig eru forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra, ráðherrar og nefndarmenn í stjórnlaganefnd og undirbúningsnefnd stjórnlagabings ekki kjörgengir.



Frambjóðendur eftir landshlutum


- Höfuðborgarsvæði 409
- Reykjanes 14
- Vesturland 19
- Vestfirðir 9
- Norðurland vestra 3
- Norðurland eystra 34
- Austurland 6
- Suðurland 21
- Búsettir erlendis 7

522 frambjóðendur 21.000 meðmælendur

Frambjóðendur til stjórnlagabings verða alls 522 í kosningunum 27. nóvember. Þegar framboðsfrestur rann út höfðu 526 manns sent landskjörstjórn tilkynningu um framboð en 4 hættu síðan við og drógu framboð sín til baka.

Frambjóðendur skiluðu meðmælum 30-50 manna með framboðum sínum, eins og lög mæla fyrir um.


Alls skrifuðu nær 21.000 kjósendur upp á meðmælabréf frambjóðenda eða um 9% íslenskra ríkisborgara með kosningarétt í október sl.



Heldur fleiri karlar en konur eru í meðmælendahópnum en þar munar litlu.

Hlutfallslega flestir meðmælendur eru til heimilis á Seltjarnarnesi eða 13% fólks á kosningaaldri í október. Þar á eftir koma Borgarbyggð (12,3%), Seyðisfjörður (11,5%), Reykjavík (11,4%) og Ísafjarðarbær (11,2%). Í mörgum sveitarfélögum landsins eru fáir meðmælendur.

Áberandi fæstir meðmælendur eru búsettir á Norðvesturlandi en hlutfallslega flestir á höfuðborgarsvæðinu.



Hjálparkjörseðill

Allir kjósendur hér á landi fengu sent heim sýnishorn af kjörseðilinum sem þeir fá afhentan á kjörstað 27. nóvember. Þetta var gert í samræmi við ákvæði laga um stjórnlagabing nr. 90/2010. Þannig geta kjósendur flýtt fyrir sér með því að fylla út auðkennistölu frambjóðendanna, sem þeir ætla að velja, í réttu forgangsröð og farið með á kjörstað til að hafa til hliðsjónar þegar þeir fylla út hinn raunverulega kjörseðil. **Sjá nánar um kjörseðla í stjórnlagabingskosningum í miðopnu.**

6747

Andrés Magnússon

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Læknir
magnusson.andres.56@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ungur var ég sendur í sveit. Hef unnið öll helstu verkamannastörf til sjós og lands og verkað fisk í öllum landsfjórðungum. Starfað við innflutning, þróunarhjálp, kennt yoga, og unnið á barnaheimilum. Er læknir, með doktorspróf, hef verið prófessor við íslenska og erlenda háskóla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Að semja stjórnarskrá er að festa í orð réttlætiskennnd þjóðar. Ef vel tekst til má með nýrri stjórnarskrá græða þau svöðusár og bylmingshögg sem réttlætiskennnd almennings hefur orðið fyrir.

Lýðræði þar sem einn hagsmunahópur („hinir fjarsterku“) ræður allri fjölmiðlun er grínlyðræði. Íslenska stjórnarskráin hefur ekki komið í veg fyrir samþjöppun valds, meðal annars er hægt að kaupa stjórn málaítök. Með samþjöppun fjármagnsvaldsins hefur nú tekist að ná öllum eignum af annarri hverri fjölskyldu í landinu.

Undirritaður hefur í mörg ár reynt að miðla til almennings réttum upplýsingum um starfsemi og athæfi banka og lýðræðisbrest. Hann hefur margar mótaðar hugmyndir fyrir nýja stjórnarskrá.

8397

Andri Valur Ívarsson

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Nemi við Háskóla Íslands
andrivalur@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Framhaldsskólanum á Húsavík. Lýk BA í hagfræði 2011, með lögfræði sem aukagrein. Ásamt því stunda ég nám í lögfræði við HÍ. Hef víða komið við á starfsferlinum m.a. í fiskvinnslu, blaðamennsku, á sjúkrahól í Mið-Ameríku og sem tækniamaður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja mitt af mörkum til að bæta samfélagið. Eitt helsta áhugamál mitt er þjóðfélagsumræða, sem ég hef fylgst með og tekið þátt í frá unga aldri. Ég hef alltaf eitthvað til málanna að leggja og hef skoðun á flestum hlutum. Stjórnarskrána hef ég kynnt mér ágætlega ásamt því að læra um hana í lögfræðikúrsum. Ég hef því myndað mér einhverja skoðun á því hverjir veikleikar hennar eru og hvað mætti bæta og hverju breyta. Ég er með öllu óháður öðru en eigin sannfæringu og vil með þessu framboði leggja mitt af mörkum á þessu erfiða og mikilvæga tímabili í sögu þjóðarinnar.

2468

Andrés Bjarni Sigurvinsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 800 Sveitarfél. Árborg
Verkefnisstjóri íþrótt-, forvarna- og menningarmála
andar@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Kennara- og leiklistarmenntun. Kenni. Leikstýrt víða: Þjóðleik- Útvarps- Stúdentaleikhús, LA, Herranótt, Keflavík ofl. Starfað sem vímuefnaráðgjafi. Framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs Vestmannaeyja, verkefnisstjóri íþrótt-, forvarna- og menningarmála í Árborg. Félagsstjóri, stjórnarseta í FLÍ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vil ná samstöðu um nýja stjórnarskrá á grundvelli niðurstaðna þjóðfundar og stjórnlagabings. Vil undirstrika lýðræðisleg grunnildi og markmið, setja mannréttindi frammar öllu. Vil endurskoða starfshætti Alþingis, efla það og styrkja. Vil flokksræði og sérhagsmunagæslu burt. Vil skýr ákvæði um upplýsingaskyldu, eignarrétt, auðlindir, utanríksmál, fjármálatengsl valdhafa, ábyrgð þeirra, réttindi og skyldur. Vil óháð og sjálfstætt dómvald. Vil skoða kosti og galla þingræðis og hvort völd forseta Íslands skuli aukin verulega í stjórnskipun landsins. Vil sjá landið sem eitt kjördæmi, hugsanlega fækka alþingismönnum, persónukjör. Þjóðaratkvæðagreiðsla verði frekar regla en undantekning.

2908

Andri Ottesen

Fæðingarár: 1971 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
andri.ottesen@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Doktorsgráða í rekstrarhagfræði frá International School of Management í Frakklandi, meistargráða í stjórnun frá Otaru University í Japan, MBA og BA í alþjóðaviðskiptum frá California State University. Rannsóknarsérfræðingur við Stanford University og við University of Leipzig í Þýskalandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég mun stuðla að skýrri og virkri valdskiptingu löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómvalds. Ef þingmaður er skipaður ráðherra þá skuli hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi. Sá möguleiki sé einnig fyrir hendi að hæfustu fagmenn verði skipaðir ráðherrar þó þeir hafi ekki hlotið kosningu til Alþingis. Forsætisráðherra á að tilnefna hæstaréttardómara með fengnu samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi í stað þess að dómsmála- og mannréttindaráðherra skipi dómara. Héraðsdómarar eru 38 að tölu og skipaðir ótímabundið af ráðherra. Heppilegra væri einnig að héraðsdómarar væru útnefndir af dómsmála- og mannréttindaráðherra og samþykktir af allsherjarnefnd Alþingis.

2061

Andri Már Friðriksson

Fæðingarár: 1988 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Nemi, söngvari
andri.fridriksson@bifrost.is

Menntun/starfsreynsla:

IB stúdentspróf úr Copenhagen International School. Er að klára BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði í Háskólanum á Bifröst.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þrátt fyrir ungum aldri hef ég kynnst á eigin skinni mismunandi stjórnarforari og umhverfi í ólíkum löndum. Áherslumál mín eru meðal annars að ný stjórnarskrá endurspegli möguleika á beinu lýðræði varðandi meiri háttar ákvarðanir sem varða okkur öll, útrýmingu sérhagsmunapots (að því marki sem hægt er), skýrari þrískiptingu valds, skýrari heimildir til víðtækara alþjóðasamstarfs, auk þess sem ég vil sjá fullan aðskilnað ríkis og kirkju. Ég vil vinna að uppbyggingu kerfis þar sem grunnréttindi eru tryggð og þar sem almenningur hefur meiri völd.


4162

Ann María Andreasen

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Ritari skipulagsstjóra
totian@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Landspróf frá Vogaskóla og FB. Starfað við þríf, í mótuneyti og afgreiðslustörf í verslunum frá 16 ára aldri en síðustu 25 árin á skrifstofu, fyrst hjá einkafyrirtæki við símavörslu, almenn ritarastörf, launaútreikning og almenn skrifstofustörf og ritari skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar sl. 15 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hef mikinn áhuga á að taka þátt í þeirri umræðu og tillögugerð sem áætlað er að stjórnlagabing verði með á sinni könnu. Tel það mjög mikilvægt að fólk af öllum stigum þjóðfélagsins, með eða án menntunar og frá öllum landshlutum, komi að umræðunum. Ýmsar lagfæringar og breytingar sem mögulegt er að gera með þessari yfirferð. Tel það líka gott mál að lesa og reyna að skilja stjórnarskrá landsins. Allt of margir sem aldrei hafa lesið né vita hvað stendur í henni. Mætti t.d. setja hana á skiljanlegra málfar fyrir almenning. Skoða fjölda þingmanna, er nauðsynlegt að þeir séu 63? Mætti fækka og samræma greinar um forseta? Þarf að skoða kosningafyrirkomulag? Margar spurningar sem vakna.

3073

Anna Kolbrún Árnadóttir

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri
Sérkennari
akolla@akmennt.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég fór í sjúkraliðanám eftir að hafa unnið með öldruðum og vann sem slík í nokkur ár eftir grunnskóla, m.a. í Danmörku. En í Danmörku lærði ég til þroskaþjálfara og hélt heim til Íslands að námi loknu. Ég hef starfað í grunnskóla síðan og samhliða vinnu hef ég öðlast M.Ed. gráðu í menntunarfræðum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings þar sem ég hef mikinn áhuga á því að vinna að samfélagi til framtíðar. Ég tel stjórnlagabingið vera einstakt tækifæri til þess að byggja upp nýtt samfélag. Þar vil ég leggja mitt af mörkum þannig að svo geti orðið. Eins og stjórnarskráin er núna þá svarar hún ekki grundvallarspurningum, m.a. um vald og ábyrgð þjóðar. Því vil ég vera þátttakandi í því að setja Íslandi nýja stjórnarskrá, nýjan sáttmála sem mótar líf alls fólks, hvar sem er á landinu. Stjórnarskráin á að endast og hún þarf að vera sett fram á aðgengilegan og skýran hátt, þannig að allir Íslendingar geti haft hana að leiðarljósi.

4382

Anna Benkovic Mikaelsdóttir

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 225 Sveitarfél. Álftanesi
Kennari
abm@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Jafnréttishús 2010.
Sjálfböðavinna við kennslu og skrifstofustörf.
Framhaldsskólakennaraleyfi í heimspeki.
Diplomanám til kennararéttinda við Háskóla Reykjavíkur.
Útskrifast í ágúst 2008.
Matvælatækni (laborant) við Tækniskóla Hróarskeldu, Danmörku (2000). Heimspeki við HÍ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef sterkar meiningar um að Ísland eigi að vera eitt kjörsvæði og berst fyrir persónukjöri. Það er lýðræði framtíðarinnar. Síðan hef ég skoðanir á jöfnuði (öllum jöfnuði, þar á meðal kirkjudeilda, kynja og fatlaðra og samkynhneigðra og svo framvegis ... á að vera afar skýrt) legg áherslu á JÖFNUÐ OG RÉTLÁTT SAMFÉLAG ... í sambandi við „réttlátt samfélag“ styðst ég við hugmyndir Rawls sem sagði að réttlátt samfélag væri það samfélag sem bæri ábyrgð á sínum veikustu þegnum.

9739

Anna María Bogadóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Menningarfræðingur, arkitekt
annamariabogadottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Hef viðtæka alþjóðlega reynslu, m.a. ráðgjöf fyrir Evrópusambandið, framkvæmdastjóri Menningarnætur í Reykjavík, stofnandi Úrbanistan tilraunastofu.
M.Arch í arkitektúr frá Columbia University 2009, Cand. mag. í menningarfræði frá Syddansk Universitet 2005, M.Sc. í upplýsingatækni frá IT-University Copenhagen 2004, BA í frönsku frá HÍ 1996.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabingið er stórmerkilegt og mikilvægt verkefni sem ég hef einlæga trú á. Ég hef búið mikið erlendis síðustu tuttugu ár. Sótt mér menntun og reynslu sem nýtist vel í hugmyndafræðilegri endurskoðun og nútímavæðingu stjórnarskrárinar. Stjórnarskráin á að vera einföld, auðskiljanleg og snotur. Hún á að stuðla að jafnræði og velferð komandi kynslóða. Ég vil raunverulega þrískiptingu ríkisvaldsins, jafnt atkvæðavægi allra landsmanna og eign þjóðarinnar á náttúruauðlindum. Ef vandað er til verka tel ég hægt að ná sátt um breytingar á stjórnarskránni: Sátt sem er lyklatríði í því að stjórnlagabingið verði árangursríkt. Ég er óflokksbundin og hef ekki starfað innan stjórnmálaflokka.

3689

Anna Elísabet Ólafsdóttir

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Ráðgjafi, doktorsnemi
anna@mikron.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er að ljúka doktorsnámi í Lýðheilsu frá Brunel University í London en hef auk þess meistaraþráðu í næringarfræði frá Háskólanum í Ósló og MBA gráðu frá HÍ. Ég hef viðtæka starfsreynslu, m.a. sem ráðgjafi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana, auk þess sem ég var fyrsti forstjóri Lýðheilsustöðvar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig langar til að taka þátt í endurreisn Íslands eftir áföll síðustu missera. Sú endurreisn þarf að byggjast á styrkum lagalegum en ekki síður siðferðislegum grunni. Hornsteinn slíks grunns er stjórnarskráin. Ég vil að stjórnarskrá Íslands byggji á gildum mannréttinda, jafnréttis og jafnaðar og að hún endurspegli vilja og ásetning þjóðarinnar til að vinna að friðsamlegum samskiptum þjóða heims á grundvelli áður nefndra gilda. Í gegnum störf mín og menntun tel ég mig hafa áunnið mér bæði viðsýni og reynslu sem geri mér kleift að leggja hér ýmislegt nytsamlegt af mörkum.

9068

Anna Kristín Kristjánsdóttir

Fæðingarár: 1951 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Vélfræðingur
annakk@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Vélskóli Íslands, 4. stig 1977. Sveinspróf í vélvirkjun 1986. Stúdentspróf frá MH öld. 1988. Starfaði á sjó frá 1966-1987, hjá Stockholm Energi 1990-1996 en eftir það hjá Hitaveitu Reykjavíkur/Orkuveitu Reykjavíkur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég legg megináherslu á að gætt verði að mannréttindum í stjórnarskrá Íslands, þá sérstaklega mannréttindum minnihlutahópa. Þá er mjög mikilvægt að friðarmál verði ofarlega á blaði, að herskyldu megi ekki leiða í lög og að óheimilt verði að taka þátt í hernaði á hendur öðrum ríkjum. Skilið verði á milli löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds sem og á milli ríkis og kirkju. Ísland verði eitt kjördæmi og að lágmarksnáttúruvernd verði sett í stjórnarskrá.

8364

Anton Jóhannesson

Fæðingarár: 1966 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Ráðgjafi
anton@versus.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég fæddist í Reykjavík árið 1966. Ég hef starfað við sölu- og ráðgjafarstörf um árabil.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef brennandi áhuga á þjóðmálum og mér eru sérstaklega hugleikin mál er varða grundvallaratriði samfélags okkar þannig að hér ríki sanngjarnt og umfram allt réttlátt samfélag. Ég vil að stjórnarskráin sé fyrir fólkið. Hún á að tryggja jafnan rétt allra að gæðum samfélagsins og tryggt sé að náttúruauðlindirnar séu í sameign þjóðarinnar. Hún á að tryggja friðhelgi manneskjunnar og rétt hennar til lífs, frelsis og hamingju. Hún á að tryggja þrískiptingu ríkisvaldsins með skýrum hætti. Hún á að tryggja að hægt sé að koma málum í þjóðaratkvæði með einföldum hætti. Hún á að tryggja að landið sé eitt kjördæmi og að sveitarfélögin hafi sjálfstæði í sínum verkefnum og tekjustofnum.

2237

Ari Teitsson

Fæðingarár: 1943 **Sveitarfélag:** 641 Þingeyjarsveit
Bóndi
ariteits@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

B.Sc. próf í búvísindum frá Hvanneyri 1973. Sauðfjárbóndi frá 1973. Héraðsráðunautur og mjólkureftirlitsmaður 1973-1995, í hlutastarfi sem ráðunautur frá 2005. Formaður Bændasamtaka Íslands 1995-2004. Stjórnarformaður Sparisjóðs Suður-Þingeyinga frá árinu 1990. Viðtæk reynsla af félagsmálastörfum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég tel mig geta gert gagn í þeirri vinnu sem er fyrir höndum. Ég hef viðtæka reynslu, m.a. af stjórnun félagsamtaka sem myndi nýtast vel á þessum vettvangi. Meðal mikilvægra viðfangsefna í endurskoðun stjórnarskrár er að skerpa á markmiðum um jafnrétti, velferð og framtíðarsýn til handa afkomendum okkar. Stjórnarskráin skal vera hornsteinn lýðræðis og leikreglna þjóðfélagsins, kveða skýrt á um framtíðaryfirráð þjóðarinnar yfir auðlindum sínum, innihalda leikreglur varðandi framsal valds til yfirþjóðlegra stofnana og skörp skil löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómvalds.

9871

Arnar Geir Kárason

Fæðingarár: 1988 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
arnar@arnargeir.is

Menntun/starfsreynsla:

2003: Lauk grunnskólaprófi ári á undan jafnöldrum mínum.
2003-2004: Stundaði nám á tölvubraut lönnskólans í Reykjavík.
2005-2006: Stundaði nám á viðskiptabraut Verzlunarskóla Íslands.
2006-2008: Starfaði sem verslunarstjóri KTM Íslands.
2008: Eigandi og framkvæmdastjóri A2 Veflausna ehf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef brennandi áhuga á þjóðmálum og uppbyggingu Íslands. Ég tel mig geta lagt mitt af mörkum til þess að skapa réttlátt og lýðræðislegt umhverfi fyrir komandi kynslóðir.

5295

Arinbjörn Sigurgeirsson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Gæðastjóri Hafnarfjarðarbæjar
arinbjorn@hafnarfjordur.is

Menntun/starfsreynsla:

Landbúnaðarstjóri, járnsmiðar, akstur, lögregla og rannsóknarlögregla, tjónauppgjör og tryggingasvitarannsóknir, stúdent frá Öldungadeild MH, sala fasteigna, stjórnun, ár í lögfræði, rekstrarfræði frá EHI, markaðs- og sölumál, fjármálastjórn, verkefnastjórn og gæðastjórn.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er heiðarlegur, með reynslu af félagsstörfum, verkefna- og hópvinna og ríka réttlætiskennnd. Ég vil vinna úr ennivíð frá þjóðfundi og fleiru og hafa jákvæð áhrif á stjórnarskrána, grunnlög okkar. Þar er margt gott, en tímabært að yfirfara mannréttindi, neytendarétt, eignarétt, þjóðaratkvæðagreiðslur, skerpa á þrískiptingu valds o.fl. Í stjórnarskrá þarf að tryggja skiljanlegt leikmannamál allra laga um mál einstaklinga, t.d. laga um gjaldþrot o.fl. Öll lög innihaldi tilgang, markmið og meginreglur, þá er hægt að stytta og einfalda, þess í stað verði fylgt tilgangi og anda laganna. Hyggst ekki eyða peningum í framboðið, enda ætlað almenningi.

5449

Arndís Einarsdóttir

Fæðingarár: 1966 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Atvinnuleitandi
voodoo@talnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég lauk nuddararanámi frá Ármúlas skóla 1998 og síðar stúdentsprófi frá sama skóla. Ég hef m.a. starfað við fiskvinnslu og afgreiðslu, verið barþjónn, fyrirsæta í myndlistarskólum og nuddari. Einnig hef ég rekið sölbaðsstofu. Ég hef sinnt barnaupveldi frá árinu 1987 en ég er einstæð móðir þriggja barna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vorið 2009 las ég siðfræði í háskóla um uppbyggingu samfélaga, réttlæti og mannréttindi. Þegar umræðan um nýja stjórnarskrá kom upp vissi ég að mig langaði til að taka þátt í henni. Ég hef því beðið eftir þessu tækifæri síðan. Ég hef tekið virkan þátt í grasrótar-/mótmælahreyingum síðustu árin og sannfærst um að ég eigi erindi á þingið. Ég á auðvelt með að fá hugmyndir að lausnum og setja þær fram án þess að hanga á þeim eins og hundur á beini. Eins er mér ósárt um það að aðrir taki hugmyndir mínar í fóstur og vinni þær. Ég hef tengst ýmsum minnihlutahópum og því kynnst samfélaginu, stjórnsýslunni og velferðarkerfinu frá mörgum hliðum. Mig langar að nýta þá reynslu til gagns. Amen kúmen.

7517

Arnaldur Gylfason

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Forritari, tölfræðingur

Menntun/starfsreynsla:

M.Sc. í verkfræði
B.Sc. í stærðfræði.
Forritari og tölfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu frá 1999.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel stjórnlagabingið mjög mikilvægt fyrir lýðræði á Íslandi. Ég er tilbúinn að leggja mitt af mörkum og vil því gefa kost á mér. Atriði sem ég tel mikilvægt að skoða sérstaklega á stjórnlagabingi eru:

- Aðgreining framkvæmdar- og löggjafarvalds. Í því samhengi legg ég mikla áherslu á að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku.
- Valdheimildir ráðherra, sérstaklega embættisveitingar og skipun dómara.
- Möguleikar á þjóðaratkvæðagreiðslum um mikilvæg mál.
- Skýrara hlutverk forseta lýðveldisins.

8023

Arnfríður Guðmundsdóttir

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Prófessor
agudm@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Embættispróf í guðfræði frá Háskóla Íslands 1986. Prestur frá 1987.
Doktorspróf í guðfræði frá The Lutheran School of Theology at Chicago, USA, 1996.
Kennari við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ frá hausti 1996. Prófessor frá 2008. Viðtæk stjórnunarreynsla innan HÍ og þjóðkirkjunnar frá 1996

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þjóðin hefur nú einstakt tækifæri til að endurskoða grundvöll samfélagsins og móta stefnu til framtíðar. Ég tel mikilvægt að sú framtíðarstefna sem við setjum okkur leggi grunn að réttlátu samfélagi sem byggt er á jafnrétti og virðingu fyrir einstaklingum, óháð kyni, kynþætti, kynhneigð, fjárhagslegri stöðu, trúarsannfæringu eða búsetu. Til þess að Ísland framtíðarinnar verði slíkt samfélag þurfum við að efla lýðræðislega þátttöku allra Íslendinga og sjá til þess að allir hafi aðgang að nauðsynlegri þjónustu. Það þarf einnig að tryggja að auðlindirnar séu sameign þjóðarinnar og að þeim verði ekki fórnað fyrir stundarhagsmunum. Framtíðin er barnanna okkar og í þeirra þágu ber okkur að vinna.

8012

Auður Jónasdóttir

Fæðingarár: 1979 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Sölufulltrúi
audur@grana27.net

Menntun/starfsreynsla:

Ég tók stúdentspróf frá MA 1998, er viðskiptafræðingur frá HA 2006, er með kennsluréttindi í grunn- og framhaldsskólum og stunda núna nám við LBHÍ í umhverfisskipulagi. Ég starfa sem sölufulltrúi hjá Samherja á Akureyri og hef áður starfað í ferðaþjónustu, landbúnaði og við verslunarstörf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabingið er tækifæri fyrir þjóðina til að segja hug sinn um stjórnskipan landsins, stjórnarskrána og fleira. Þangað ætti að kjósa breiðan og fjölbreyttan hóp fólks sem er málsvari allrar þjóðarinnar. Ég hef mikinn áhuga á stjórnskipan og framtíð landsins og tel að þar sé hægt að gera betur. Stjórnarskrána þarf að einfalda og uppfæra, vald forsetans þarf að skýra betur og skoða verður vel möguleikann á einstaklingskosningum til Alþingis. Mín helstu hugðarefni eru náttúra og verndun landsins, jafnrétti kynjanna, velferð og framtíð barnanna okkar. Með nýjum áherslum og aukinni samábyrgð þjóðarinnar getum við búið komandi kynslóðum gott og sanngjarnt samfélag sem við erum öll stolt af.

5427

Ágúst Bjarni Garðarsson

Fæðingarár: 1987 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Háskólanemi
agustbjarni@hafnarfjordur.is

Menntun/starfsreynsla:

Grunnskólapróf frá Víðistaðaskóla árið 2003. Stúdentspróf frá Flensburg árið 2007. Hóf nám við Háskóla Íslands árið 2008 og er þar á þriðja ári í stjórn málafræði. Starfaði sem stundakennari í Öldutúnsskóla til 2010. Einnig hef ég starfað hjá Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar frá árinu 2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Alþingi samþykkti nýverið lög um stjórnlagabing og kosið verður 27. nóvember næstkomandi. Ég hef tekið þá ákvörðun að bjóða mig fram til setu á stjórnlagabinginu því það er von mín og trú að þetta sé góð leið til þess að sameina þjóðina á þessum erfiðu tímum. Stjórnarskráin á að vera það skýr að um hana á ekki að vera hægt að deila. Það hefur því miður ekki alltaf verið, sbr. deilur um réttlæti Landsdóms. Það er markmið mitt að gera okkar annars góðu stjórnarskrá enn þá betri með einhverjum lagfæringum. Til þess að svo geti orðið verða þeir sem kjörnir eru að takast á við verkefnið með opnum hug, vera málefnalegir og tilbúnir til þess að leggja sig alla fram. Það mun ég gera.

4965

Auður Sigr. Kristinsdóttir

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Ráðgjafi
audur.sigr@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Kerfisfræðingur frá TVÍ/HR 1990, rekstrarfræðingur frá Háskólanum á Bifröst 1992, verkefnastjórnun frá Henley Mgmt College, Englandi 2001, er nú í MA námi í Stefnumótun og stjórnun við HÍ. Starfa sem ráðgjafi hjá Sparnaði, áður fjármálastjóri, rekstrarstjóri í verslun og í tölvudeild. Sjálfboðaliði í Björgunarbátum Reykjavíkur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef sterka réttlætiskennnd og vil gera mitt til að ný stjórnarskrá tryggi réttlæti, jafnrétti og frelsi. Ég vil standa vörð um auðlindir landsins, að þær verði nýttar á sjálfbæran hátt og þjóðin njóti arðsemi þeirra. Tryggja þarf sjálfstæði hinna þriggja valdastoða þjóðfélagsins. Ég vil að aðhald og gagnrýni sé eðlilegur þáttur stjórnkerfisins og þjóðfélagsins sem við búum í. Ég tel að fjölbreytt reynsla mín og menntun muni nýtast vel við þessa vinnu. Ég er heiðarleg, skipulögð, nákvæm, samviskusöm og á auðvelt með að taka ákvarðanir. Ég mun hvorki taka við framlögum né eyða peningum í auglýsingar vegna framboðs míns til stjórnlagabingsins.

7275

Ágúst Már Garðarsson

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Yfirmaður í eldhúsi
gustichef@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Er menntaður matreiðslumaður frá MK. Lærði á Hótel KEA á Akureyri og hef starfað við veitinga- og ferðaþjónustubransann í 15 ár. Starfa nú hjá Hjallastefnunni ehf. sem matreiðslumaður og sinni trúnaðarstörfum fyrir Besta flokkinn í Reykjavíkurborg og sit í velferðarráði Reykjavíkur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna þess að ég get það! Ég lít á þetta sem stórkostlegt tækifæri til að taka þátt í mótun samfélags okkar til betri vegar og stuðla um leið að velferð Íslands, þegna þess og framtíð. Auk þess tel ég að með því að vanda til þessa verks getum við Íslendingar komið miklu til leiðar í þágu þessa heims og þá sérstaklega á vettvangi friðar, mannræktar og náttúruverndar. Náungakærleik þarf líka að festa í stjórnarskrá Íslands, náungakærleik sem fær okkur öll til að hugsa að minnsta kosti jafn mikið um aðra og okkur sjálf. Vinna þessi er okkur gríðarlega mikilvæg og partur af þroska lýðveldisins Íslands, lýðveldis sem nú slítur barnsskónum og gerir sig líklegt til að þroskast.

2336

Axel Pór Kolbeinsson

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 810 Hveragerði
Tölvutæknir
axel.kolbeinsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég hef lokið grunnskólaprófi og er jafnframt sérhæfður fiskverkamaður. Ég hef unnið við afgangi og þjónustu, var fiskverkamaður í átta ár og starfa nú sem tölvutæknir. Ég er í stjórnnum Samtaka fullveldissinna og Suðurlandsdeildar Heimssýnar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel mikilvægt að þverskurður þjóðfélagsins komi að gerð nýrrar stjórnarskrár en ekki eingöngu menntafólk og þjóðþekktir einstaklingar. Það sem er mikilvægast við nýja stjórnarskrá er að tryggja það að virðing verði borin fyrir henni og að hún sé þannig úr garði gerð að allir geti skilið hana á sama hátt.

7528

Ágúst Guðmundsson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Kvikmyndaleikstjóri
sagnaland@hive.is

Menntun/starfsreynsla:

BA í íslensku og frönsku frá HÍ. Nam leiklist við Þjóðleikhúsið og kvikmyndastjórn við National Film School á Englandi. Hefur gert 7 bíómyndir, þ.á.m. Land og syni, Með allt á hreinu og Mávahlátur, auk fjölda sjónvarpsmynda, m.a. Nonna og Manna. Forseti Bandalags íslenskra listamanna 2006-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hér gefst tækifæri til að endurskoða valdakerfið á Íslandi. Sem íslenskur þegn langar mig að hafa áhrif á þá endurskoðun. Ég vil sjá skýra skiptingu á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og þar með afmarka starfssvið þeirra sem eru í æðstu embættum. Ég vil sjá gangsaði í stjórnkerfinu og virkt eftirlit með gjörðum valdhafanna. Auðlindir landsins eiga að vera í almannaeigu, undanbragðalaust. Mikilvægt er að stjórnarskráin sé skýr og einföld svo að tryggt sé að hugtök eins og jafnrétti og frelsi fái raunverulega merkingu.

5867

Ágúst Hjörtur Ingbórsson

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Forstöðumaður Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands
ahi@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Háskólamenntun í heimspeki, stjórnmála- og stjórnsýslufræðum frá Íslandi, Kanada og Bretlandi. Hef unnið í alþjóðlegu samstarfi um menntun, rannsóknir, nýsköpun, að tengslum atvinnulífs og skóla og stofnun sprotafyrirtækja sem stjórnandi Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og Tæknigarðs í nær 20 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing er einstakt tækifæri til að leggja grunn að nýjum samfélagssáttmála sem byggist á réttlæti og sanngirni, tryggir mannréttindi og skýrari verkaskiptingu löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds. Yfirveguð og fagleg vinnubrögð skipta sköpum til að sátt náist um heildstæða tillögu að nýrri stjórnarskrá. Þetta tækifæri má ekki fara forgörðum í sundurlyndi og hagsmunaaátökum. Á þingið þarf að veljast heiðarlegt og víðsýnt fólk sem getur náð árangri. Ég býð fram starfskrafta mína því ég hef góða heimspeki- og stjórnsýslumenntun sem nýtist í málefnalegri umræðu, viðtæka starfsreynslu í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum í opinbera- og einkageiranum og sem fulltrúi Íslands á erlendum vettvangi.


3623

Ágústa Sigrún Ágústsdóttir

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
Mannauðsstjóri
agusta@taktur.net

Menntun/starfsreynsla:

Hef lokið burtfarar- og söngkennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík. Er með leiðsögumannapróf og hef fengist við leiðsögn innanlands og fararstjórn erlendis. Ýmis skrifstofustörf hef ég unnið og í dag vinn ég sem mannauðsstjóri í kjölfar þess að ég lauk námi í mannauðsstjórnun frá EHÍ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig langar að leggja mitt af mörkum til þess að byggja traustar stoðir undir framtíð Íslands. Það hefur orðið vitundarvakning hjá okkur Íslendingum hvað varðar þátttöku í þjóðfélagsumræðunni og ég hef ekki látið mitt eftir liggja. Ég vil endurskrifa stjórnarskrána á mannamáli og stuðla að bættu siðferði í stjórnarháttum og í stjórnsýslunni allri. Undanfarið hefur réttlætiskennnd minni verið misboðið og ég hef tekið virkan þátt í mótmælum og ekki legið á skoðunum mínum. Ég er ein þeirra sem sitja í súpunni sem kraumar vel undir. Sem manneskja er ég úrræðagóð, skapandi, stjórnsöm, glaðlynd og filhraust.

8617

Ágúst Alfreð Snæbjörnsson

Fæðingarár: 1971 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
Forstjóri
agustas@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lauk löggæsluskólum á Íslandi og síðan herstjórnunarskóla í Noregi og seinna meir meistaragráðu í stefnumótun í alþjóða öryggismálum frá Defence Academy of the UK. Þörfin fyrir aukinn lærdóm hefur þó alltaf verið til staðar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Að alger skipting sé á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Þ.e.a.s. að fulltrúi löggjafans getur ekki verið fulltrúi í framkvæmdarvaldinu. Að aukin ábyrgð sé sett á löggjafann um að fylgjast með að framkvæmdarvaldið framkvæmi skv. því sem löggjafinn setur sem lög. Að framkvæmdarvaldið beri þá ábyrgð að framkvæma það sem löggjafinn setur. Að allir aðilar beri ábyrgð á því sem þeir gera eða gera ekki.

2556

Ágústa Hjördís Lyons Flosadóttir

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Löggiltur skjalapýðandi
agustahf@yahoo.com

Menntun/starfsreynsla:

Eðlis- og haffræðingur að mennt (B.Sc. frá Háskóla Íslands og doktorspróf í hafvísindum frá Kaliforníuháskóla). Starfa sjálfstætt sem löggiltur skjalapýðandi og er einnig í laganámi við Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Býð fram krafta mína í þágu stjórnarskrár sem setur lýðræði framár ráðherraræði og verndar hagsmuni komandi kynslóða.

Auðlindir:

Takmörkum einkavæðingu, framsal umráða og arðs úr opinberri eigu.

Tryggjum betur að hugað sé að náttúruvernd og hagsmunum komandi kynslóða.

Lýðræðið-ríkisvaldið:

Prískipting ríkisvaldsins-valdmörk og mótvægi.

Drögum úr ráðherraræði.

Þjóðin geti skotið málum til þjóðaratkvæðis.

Ákvæðið um að á Íslandi skuli vera þjóðkirkja úr stjórnarskránni.

Stjórnarskráin á að vera skýr, hnitmiðuð og ekki fara út í of mikil smáatriði.

6164

Ágúst Valfells

Fæðingarár: 1934 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Verkfræðingur
agust@valfells.is

Menntun/starfsreynsla:

Mastersgráða í efnaverkfræði MIT í Boston; PhD í kjarnorkuverkfræði í Iowa State University. Hef kennt og unnið rannsóknastörf við háskóla hérlendis og erlendis, verið ráðgefandi verkfræðingur víða og setið í stjórn allmargra fyrirtækja og rekið nokkur. Nánar í Íslenskum samtíðarmönnum og Verkfræðingatali.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef löngum látið mig þjóðmál varða og tel að endurbæta þurfi stjórnarskrána til að tryggja enn betur lýðræði og velferð í landinu. Nauðsynlegt er að jafna atkvæðisrétt. Koma þarf á skýrri aðgreiningu framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Minnka þarf flokksræði og leyfa persónukjör. Einnig þarf að tryggja að nýtingu náttúruauðlinda sé stýrt með ábyrgum hætti með hagsmuni landsmanna að leiðarljósi. Ég hef kynnst mörgum mönnum og málefnum, starfað víða og kynnst mörgum þjóðfélögum, sögu þeirra og sjónarmiðum. Ég álit að þekking mín og reynsla af því að leiða saman ólík sjónarmið geti komið að góðu gagni í því að standa vörð um þær hugmyndir sem þjóðfundur leggur til.

4668

Álfheiður Eymarsdóttir

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Verktaki
alfa@this.is

Menntun/starfsreynsla:

Útskrifuð BA Pol. Sci. 1997 frá H.Í. með fyrstu einkunn. Stúdent úr FG. Starfaði í Bretlandi frá 1996-2004 en hjá Reykjavíkurborg frá 2004-2010. Starfsreynsla á sviði kerfisstjórnunar, fjarskiptatækni, tæknilausna á vef o.fl. Starfsreynsla kemur frá hinu opinbera, einkafyrirtækjum og sem sjálfstætt starfandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Frelsi, jafnrétti og bræðralag.

Til að tryggja aðskilnað löggjafar-, dóms- og framkvæmdarvalds.

Til að tryggja einstaklingsfrelsi; trúfrelsi, kynfrelsi, tjáningarfrelsi, skoðanafrelsi, prentfrelsi o.fl.

Til að tryggja jafnrétti.

Til að tryggja mannréttindi.

Til að tryggja eignarhald þjóðarinnar á auðlindum.

Til að tryggja þjóðina gagnvart yfirgangi stjórnvalda.

Til að tryggja sanngjarna og réttláta stjórnskipun í samfélagi sem byggist á frelsi, jafnrétti og bræðralagi.

4316**Ámundi Hjálmar Loftsson**

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi Verktaki
amundi53@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég hætti í námi stuttu eftir að skyldunámi lauk. Var í gröfuvinnu hjá bændum fimm sumur, hef unnið við vélavíðgerðir, verið í línu- og virkjanavinnu. Var á sjó í tíu ár og bóndi önnur tíu. Vinn margvíslega vinnu á eigin vegum, mest einsamall. Helstu áhugamál eru þjóðfélagsmál, útivist og ljósmyndun.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ágæti kjósandi!

Stjórnarskrá okkar á að vera sá grunnur sem stjórnarfar þjóðfélagsins og réttarfar byggist á. Hún hefur þó ekki komið í veg fyrir að margt hafi farið úrskeiðis og að stjórnmalaflokkar og öflugir hagsmunaaðilar hafi náð ótæpilegum völdum yfir þjóðinni og auðlindum hennar. Þessu verður að breyta og er meginástæða þess að nú er blásið til stjórnlagabings.

Meðal annars þarf að tryggja vald minnihluta kjörinna fulltrúa til að fá málum skotið til þjóðarinnar. Sama rétt þarf þjóðin að hafa.

Mannréttindi þarf að tryggja betur og að skýr stjórnarskrá og stjórnarfar fari tryggilega saman.

Með ofanritað í huga býð ég mig fram til stjórnlagabings.

Með bestu kveðjum, Ámundi Hjálmar Loftsson

6736**Árni Björnsson**

Fæðingarár: 1932 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
 Fv. forstöðumaður þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands
arnibjorns@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent MR 1953. Cand. mag. HÍ 1961. Dr. phil. HÍ 1995. Fulltrúi SHÍ hjá Alþjóðasambandi stúdenta 1956-1957. Sendikennari í Greifswald 1961-1962; við FU í V-Berlín 1963-1965. Kennari við MR 1965-1969. Styrkþegi við Handritastofnun Íslands 1965-1968. Deildarstjóri við Þjóðminjasafn Íslands 1969-1994; útgáfustjóri 1995-2000.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel núgildandi stjórnarskrá ekki slæma á alþjóðlegan mælikvarða. Hún á litla sök á því sem miður hefur farið. Sumt í henni er samt úrelt og öðru þarf að bæta við. Aðskilja ber ríki og kirkju og þyrfti þá að setja inn bann við morði og þjófnaði, einnig ákvæði um að engin starfsgrein hafi forréttindi umfram aðrar. Leggja ætti fjármálaþraskað að jöfnu við þjófnað í þessum anda: Eigi skaltu hafa fé af náunga þínum.

9926**Árelíus Örn Þórðarson**

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
 Flokksstjóri
allith@mmedia.is

Menntun/starfsreynsla:

Fjölbrotaskólinn í Garðabæ.
 Stýrimannaskólinn í Reykjavík.
 Stóriðjuskólinn.
 Háseti, stýrimaður og skipstjóri á fiskiskipum, togurum og fraktskipum 1978-1998.
 Störf í áliðnaðinum frá 1998.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**


Ég tel mig geta gætt hagsmuna þjóðarinnar varðandi auðlindir til sjávar og sveita. Einnig tel ég mig geta lagt af mörkum ýmislegt varðandi stjórnskipulag landsins, þannig að spilling heyri sögunni til. Hendur mínar eru ekki bundnar af neinum sérhagsmunaaðflum heldur býð ég mig fram algerlega á eigin forsendum, þjóð minni til heilla.

2435**Árni Björn Guðjónsson**

Fæðingarár: 1939 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
 Listmálari
micasa@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Árni lauk prófi frá lönskólanum í Reykjavík 1962. Hann stundaði nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík 1957-1962, Tækniskólanum í Reykjavík 1967-1970. Sótti mörg námskeið iðnaðarins. Er með meistaraþróf í húsgagnsmíði. Rak innréttingaverkstæði frá 1974 með eigin hönnun og verslunina Micasa frá 1996-2004.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Eg býð mig fram því nauðsynlegt er að gera nýjan samfélagsáttmála fyrir íslensku þjóðina. Nýtt stjórnskipulag fyrir stjórn landsins. Forseti Alþingis verði kosinn í stöðu forseta og verði þjóðkjörinn. Hann skipar síðan fagraðherra utan þings. Stjórnlagabing taki fyrir hvernig eigi að koma í veg fyrir spillingu í þjóðfélaginu. Fiskveiðistjórnunarkerfið verði stjórnarskrármál þannig að bannað verði að selja aflaheimildir frá byggðum landsins. Greiða skal aflgjald. Stjórnlagabing taki á lýðræðismálum landsins, á landsbyggðinni og í þéttbýli, þ.e. að fjölskyldur landsins geti haft áhrif á umhverfi sitt í litlum lýðræðiseiningum. Héraðstjórnir reki sveitarfélögin. Þjóðfundur barna verði haldinn.

8254**Ármann Atli Sigurðsson**

Fæðingarár: 1971 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
 Leikskólakennari
armannsig@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Hef starfað hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur og nokkrum leikskólum; Völvuborg, Tjarnarborg, Laufásborg. Útskrifaðist frá Fósturskóla Íslands 1995.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er heiðarlegur og staðfastur maður og hef fengið nóg af óskilvirku stjórnkerfi Íslands. Ég ber hag barnanna minna fyrir brjósti og hef undanfarin ár verið heimavinnandi húsaðir. Ég vil að börnin okkar geti verið stolt af því að vera Íslendingar.

Ég trúi á Guð en jafnframt á styrk okkar sem þjóðar. Sátt um endurnýjun stjórnarskráinnar er mikilvægt skref í endurheimt stolts Íslendinga.

Ég legg aðaláherslu á að þjóðin geti tekið þátt í mikilvægum ákvörðunum og þannig sett niður deilur. Einnig er mikilvægt fyrir framtíð lands og þjóðar að arður sé greiddur af auðlindanotkun.

5075**Árni Indriðason**

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
 Framhaldsskólakennari

Menntun/starfsreynsla:

BA próf í sagnfræði og stjórnmála- og félagsfræði. Cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hef kennt sögu í Menntaskólanum í Reykjavík frá 1977. Þar hef ég lagt áherslu á sögu Grikkja hinna fornu og sögu Rómaveldis annars vegar og mannkynssögu og Íslandssögu 19. og 20. aldar hins vegar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Við Íslendingar fengum okkar fyrstu stjórnarskrá 1874 sem gjöf frá dönskum konungi. Hún hélt að mestu óbreytt í 120 ár. Við lýðveldisstofnun 1944 var nánast engu breytt utan þess að orðið forseti var sett í stað orðsins konungur. Þá var um leið boðað að heildarendurskoðun stjórnarskránnar færi fljótlega fram. Það hefur ekki enn orðið.

Löngu tímabært er að almenningur á Íslandi komi að hugmyndum sínum um íslenska stjórnarskrá sem tekur mið af breyttum tíma og breyttum þörfum þjóðarinnar.

8078

Árni Jónsson

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 850 Rangárþingi ytra
Rafvirkjameistari
bali2@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Framhaldsskólinn á Skógum. Meistaránám í rafvirkjun.
Starfsreynsla: Verkamaður, sjómaður, bóndi og rafvirki.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hef alltaf haft áhuga á stjórnmalum, stór hluti stjórnarskrárinnar er úreltur og henni þarf að breyta, t.d. þarf að skoða þrískiptingu valds, landstjórn, embætti forseta Íslands og jafnrétti í þjóðfélaginu.


2787

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Fæðingarár: 1966 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Skipulagsfræðingur, háskólakennari
asdishlokk@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Kennari við HR frá 2007. Ráðgjafi hjá Alta um skipulagsmál, umhverfismat og samráð 2005-2009. Á Skipulagsstofnun 1995-2005, lengst af sem aðstoðarskipulagsstjóri. B.Sc. í landfræði frá HÍ 1991. M.Phil. í skipulagsfræði frá University of Reading, Englandi 1993. Er að ljúka PhD í skipulagsfræði frá KTH í Stokkhólmi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þau viðfangsefni, sem mér eru efst í huga við endurskoðun stjórnarskrárinnar, varða sjálfbærni, umhverfi og auðlindir. Það snertir jafnræði komandi kynslóða og núlifandi, yfirráðarétt yfir auðlindum og réttinn til heilnæms og óspillts umhverfis. Þá þarf að styrkja lýðræðið með skýrari fyrirmælum um æðstu stjórn ríkisins og með auknum möguleikum almennings til þátttöku í ákvörðunum um mikilvæg hagsmunamál. Ég hef sérhæft mig í skipulagsfræðum þar sem grundvallarstef eru að gæta almanna-hagsmuna og tryggja þátttöku almennings í ákvarðanatöku. Ég vil leggja mín lóð á vogarskálar til að próa nýjan grundvöll íslensks samfélags – í stjórnarskrá sem er mótuð í lýðræðislegri umræðu á stjórnlagabingi.

7297

Árni Kjartansson

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 103 Reykjavík
Arkitekt, framkvæmdastjóri

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum á Laugarvatni 1970. Próf í byggingarverkfræði frá HÍ 1975. Próf í arkitektúr frá Lundi í Svíþjóð 1980. Yfirmaður skipulags- og byggingarmála, Höfn og A-Skaft., 1980-1986. Hönnun, ráðgjöf og framkvæmdastjórn á eigin teiknistofu á Höfn 1986-1990, Kím sf. og Glámu/Kím Arkitektum í Reykjavík frá 1990.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil taka þátt í að endurskapa íslenskt samfélag. Til þess þarf að endurskoða stjórnarskrána.

Ég tel mikilvægt að niðurstaðan verði afrakstur málefnalegrar, upplýstrar og vel ígrundaðrar umræðu og mun mæta til verks með opnum huga, óbundinn og frjáls frá hagsmunaaðilum.

Endurskoðuð stjórnarskrá á að verða vegvisir að mannúðlegu og stéttlausu samfélagi þar sem virðing og jafnrétti ríkir meðal allra, óháð uppruna og gerð.

Hún þarf að tryggja raunverulegt og virkt lýðræði og sporna við spillingu og misbeitingu valds.

Hún þarf að tryggja að auðlindir landsins verði ávallt í eigu þjóðarinnar, sem njóti arðs af hóflegri nýtingu þeirra.

Ákvæði þurfa að vera skýr um þrískiptingu valdsins.

5064

Ásgeir Baldursson

Fæðingarár: 1966 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
asgeirbald@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Útskrifaðist frá MH 1987. Las stjórn málafræði og sögu við HÍ og lagði stund á málefni Miðausturlanda við McGill í Kanada. Vann við hjálparstörf í Úsbekistan 1995-1997 fyrir ACCELS. Starfaði sem sölustjóri Ísbilsins, tók við rekstrinum 2006 og hefur síðan verið framkvæmdastjóri Ísbílaútgerðarinnar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna þess að ég veit hvað gera þarf og ég vil leggja mitt af mörkum til að íslenskt stjórnkerfi og samfélag verði til fyrirmyndar.

- Styrkja þarf þrigræiningu valdsins og auka sjálfstæði löggjafarvalds, dómvalds og framkvæmdarvalds, svo þau veiti hvert öðru virkt aðhald.

- Auka þarf beint lýðræði, með beinni kosningu framkvæmdarvaldsins og með þjóðaratkvæðagreiðslum.

- Gera þarf landið að einu kjördæmi svo hugað verði meira að hagsmunum heildarinnar.

- Festa þarf þjóðareign á auðlindum í sessi til að koma í veg fyrir einkavinavæðingu á fjöreggjum þjóðarinnar.

- Skilgreina þarf réttindi og skyldur okkar.

- Tryggja þarf fullt frelsi einstaklinga.

6571

Árni Vilhjálmsson

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Lögmaður
arni@logos.is

Menntun/starfsreynsla:

Cand. jur. lagadeild HÍ 1979. Framhaldsnám í samningarétti við Osgoode Hall Law School, Kanada 1981-1982.

Lögmaður í Reykjavík frá 1983, að undanskildum árunum 1992-1995 en þá starfaði ég hjá Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil að við breytingar á stjórnarskrá verði haft að leiðarljósi að framkvæmdarvald og löggjafarvald verði kosið hvort í sínu lagi, þingræðisregla verði afnumin, að embætti forseta í núverandi mynd verði lagt niður og að dómstólum verði tryggt sjálfstæði frá öðrum þáttum ríkisvaldsins. Við kjör framkvæmdarvaldsins í almennum kosningum skuli þess gætt að nái enginn einn frambjóðandi til forsætisráðherra hreinum meirihluta í fyrstu umferð skuli kjósa öðru sinni milli þeirra tveggja framboða er fengu flest atkvæði í fyrstu umferð. Sérstakt dómstólaráð ákvarði um skipan dómara á faglegum forsendum. Alþingi staðfesti skipan dómenda við Hæstarétt Íslands.

2897

Ásgeir Beinteinsson

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Skólastjóri
beinteinsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntun; Stúdent MH 1974. BA frá HÍ 1982. Kennsluréttindi HÍ 1983. Dipl. í stjórnun DLH Kbh. 2002. Mörg námskeið tengd stjórnun og kennslu. Starfsreynsla: Skólastjóri 1975-1977. Iðnaðarmaður 1983-1986. Aðstoðarskólastjóri 1986-1990 og 1991-1997. Skólastjóri 1997-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef ánægju af skólastjórnun og í því starfi kemst ég í snertingu við líf og starf í því lýðræðisþjóðfélagi sem við lifum í. Grunnforsendur samfélagsins eru mér því sífellt hugleiknar og þess vegna gaf ég kost á mér til að sitja í stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík árið 2005. Ég var formaður þar frá 2007 til 2009 og kynntist þar náið stjórnmalastarfi og þeim hremmingum sem íslenska þjóðin gekk í gegnum. Ég veit því af eigin raun og reynslu að það er mikilvægt að leggja nýjan grunn að íslensku samfélagi. Takist okkur að móta nýja og framsækna stjórnarskrá þá munum við endurheimta sjálfsvirðingu okkar sem þjóð, ekki sist vegna þeirrar aðferðar sem beitt er við gerð hennar.

5504**Ásgeir Guðmundur Bjarnason**

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Framkvæmdastjóri
asgeir@ferdathing.is

Menntun/starfsreynsla:

Master (Cand. merc.) í rekstrarhagfræði frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn og viðskiptafræðingur Cand. oecón. frá Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóri. Ferðabing, Tölvulistinn og EJS. Ráðgjafi hjá Skýrr, Oracle og EJS. Smiður, sjómaður og verkamaður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**


Ég vil ekki gera miklar breytingar á stjórnarskránni. Þær breytingartillögur sem munu koma fram á stjórnlagabinginu verða að vera vel ígrundaðar. Við megum ekki gera breytingar á stjórnarskránni vegna þess að hér varð efnahagshrun, það hrun er ekki tilkomið vegna galla í stjórnarskránni. Við þurfum að hafa í huga að stjórnarskránni á að vera erfitt að breyta þannig að stjórnarmeirihluti á hverjum tíma geti ekki breytt henni að vild. Lögum er hægt að breyta og þau eiga sér stoð í stjórnarskránni. Stjórnlagabingið ætti að vinna sameiginlega að tillögum að breytingum og setja sér það markmið að skila einni tillögu til Alþingis og fyrir því mun ég berjast.

4349**Áslaug Guðmundsdóttir**

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Starfsmaður á endurskoðunarskrifstofu
aslaug.g@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég á að baki fimm ára háskólanám. Stærðfræðikennari frá KHÍ 2006. Tvö ár í viðskiptafræði í Háskóla Íslands. Stúdent frá Ví, hagfræðideild. Landspróf frá Vogaskóla í Reykjavík, áður í heimavistarskólanum að Laugum í Dalasýslu. Er með viðtæka reynslu af skrifstofu-, banka- og bókhaldsstörfum auk annars.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að það brennur á mér að vinna að endurskoðun og umbótum á stjórnarskránni með heildarhagsmunum núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi. Setjum okkur nýja stjórnarskrá sem notar allt það góða frá þeirri núgildandi, bættum við því besta frá öðrum og síðast en ekki sist festum í sessi allt það sem við teljum nauðsynlegt að taka fram vegna sérstöðu lands og þjóðar. Á þjóðfundinum 2009 var ég borðstjóri - lokaverkefnið í KHÍ var meginindleg rannsókn á hópvinnu á háskólastigi. Ég vil ekki missa af því að vera með á stjórnlagabingi og tel mig hafa síðvit og skerpu til að vinna þjóð minni gagn. Bið spennt eftir atkvæðum ykkar óháð með óflekkað mannorð.

2842**Ásgeir Erling Gunnarsson**

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Viðskiptafræðingur, löggiltur skipa- & fasteignasali
erling.gunnarsson@me.com

Menntun/starfsreynsla:

Viðskiptafræðingur frá HÍ 1973. Bæjarritari á Akranesi og hagfræðingur Fjórðungssambands Vestfirðinga. Framkvæmdastjóri Pólsins og Pólstækni á Ísafirði. Framkvæmdastjóri Rafboða og Naust Marine í Garðabæ. Stjórnarformaður Skipa- og húsanausts í Reykjavík. Formaður Íbúasamtaka Bryggjuhverfisins.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

MEIRA VALD TIL FÓLKSINS: Stjórnarskráin kveði á um hvernig og hvenær þjóðin geti tekið völdin af Alþingi með þjóðaratkvæðagreiðslu. TAKMARKANIR Á VALDI FLOKKA: Stjórnarskráin setur flokkunum mörk sem sæki vald sitt eingöngu til þjóðarinnar. Valdsviði og tekjuöflun flokkanna verði ekki breytt nema með þjóðaratkvæðagreiðslu. ÞRÍSKIPTING VALDINS: Skýrari ákvæði í stjórnarskrá. AUÐLINDIR ÞJÓÐARINNAR MÁ EKKI SELJA. GAGNSÆTT UPPLÝSINGARKERFI: Skýlt verði að hafa opna ókeypis skrá fyrir allar eignir s.s. fasteignir, skip, bifreiðar og eignarhald á félögum og hlutabréfum. BORGARALEGT JAFNRÉTTI: Stjórnarskráin tryggji borgaralegt jafnrétti þjóðfélagshópa, s.s. eftir búsetu, á ábyrgð ríkisins.

8309**Áslaug Thorlacius**

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Myndlistarmaður, kennari við Melaskóla
aslaug@thorlacius.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: Lokapróf í myndlist. BA í rússnesku og bókmenntafræði. Nám til kennsluréttinda. Störf: Myndlist (um 30 sýningar), kennsla (Melaskóli, Myndlistaskólinn í Reykjavík, HÍ). Gagnrýni, þýðingar, ýmis félags- og nefndastörf. Framkvæmdastjóri Samtaka um kvennalista 1995-1999 og formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna 2002-2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ný stjórnarskrá verður að grundvallast á réttlæti og lýðræði. Hún þarf að vera einföld og skýr svo ekki ríki óvissa um túlkun hennar. Tryggja þarf sameiginlegan eignarrétt þjóðarinnar yfir auðindum landsins og skerpa á skiptingu valdsins þannig að gagnsæi, sanngirni og vandvirkni verði ávallt leiðarljós yfirvalda. Það er mikilvægt að þjóðin hafi úr breiðum hópi að velja þegar hún kysir til stjórnlagabings. Ég býð mig fram því mig langar til að leggja hönd á plóg við þetta mikilvæga verkefni. Ég hef tekið mikinn þátt í félagsmálum en réttlætiskennd og löngun til að bæta samfélagið knýr mig áfram. Ég trúir að fjölbreytt reynsla mín geti komið að góðu gagni.

2919**Ásgeir Þorbergsson**

Fæðingarár: 1990 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Nemi við Menntaskólann Hraðbraut
th.asgeir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Nemi við Menntaskólann Hraðbraut.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Endurskoðun stjórnarskrárinnar á svo litlum tíma eins og lagt er upp með á þessu stjórnlagabingi krefst hnitmiðaðra en einnig takmarkaðra markmiða. Mín markmið eru að sjá þrískiptingu valds efla og virkja enn frekar möguleika einstaklinga til þess að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu og til styrkingar mögulegra utanþingsríkisstjórna, að heimila einnig að skjóta höfnuðum lögum til þjóðaratkvæðis. Ef stjórnlagabing á að ná almennri sátt og skila sem bestri niðurstöðu þurfa sem flestir samfélagshópar að koma að því. Það er því mjög mikilvægt í mínum augum að ungt fólk fái þar tækifæri til að láta rödd sína heyrast þar sem það eru einmitt við sem munum erfa ríkið. Þess vegna býð ég mig nú fram.

7495**Ásta Kristbergsdóttir**

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Arkitekt FAÍ, landslagsarkitekt MAA
ark@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Ví, löggiltur arkitekt FAÍ og landslagsarkitekt MAA. Ég hef unnið hjá Nýsköpunarmiðstöð, Loftleiðum, sem landvörður, sem leiðsögumaður og í fiski. Í vinnu sem arkitekt er ég bæði vön að starfa sjálfstætt og í samstarfi við aðra og að skipuleggja verklag og tímasetningar verkefna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings því ég tel það vera þegnskyldu mína. Stjórnarskráin á að standa vörð um auðlindir landsins og afkomendur okkar. Ég bjó 14 ár í Danmörku þar sem ég starfaði m.a. sem arkitekt og vann mikið með umhverfismál og skipulag. Ég hef sótt fjölda námskeiða á sviðum umhverfismála, tungumála, mannlegra samskipta, reksturs fyrirtækja og stjórnum. Ég hef aldrei verið flokksbundin. Ég trúir á Ísland og það fólk sem í landinu býr og tel að stjórnarskráin eigi að gæta hagsmuna okkar allra. Mig langar til að leggja mitt af mörkum til að tryggja að svo verði.

4613

Ásta Leonhardsdóttir

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
Viðskiptafræðingur
astaleo@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MR. Viðskiptafræðingur frá HÍ.
Er á síðara ári í mastersnámi í lögfræði við HR.
Mastersritgerð mín fjallar um ábyrgð innri endurskoðenda á ársreikningum.
VBS fjárfestingarbanki, yfirmaður uppgreiðsluviðskipta 2004-2008.
HugurAx, samningar og viðskiptaumsjón 2008-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það er mér mikilvægt að þetta verkefni sé unnið af gæðum og heilindum. Ég vil taka þátt til að breytingar verði til góðs. Ég er óflokksbundin, algjörlega óháð í framboði mínu. Ég er ekki róttæk í skoðunum mínum og er fulltrúi hins venjulega borgara sem getur reitt sig á stjórnarskrána sína. Hér gefst einstakt tækifæri fyrir hvern kosninga-bæran Íslending til að hafa áhrif á undirstöður samfélagsins.

Áherslumál mín eru m.a.:

Mannréttindi, jafnræði og jafnrétti.

Ákvarðanatöku og ábyrgð í stjórnsýslunni.

Ítarlegri þrískipting ríkisvaldsins, sjálfstæði dómstóla.

Auðlindirnar eru og eiga að vera okkar til að tryggja sjálfbært lífsviðurværi okkar.

Ég er tilbúin í verkefni okkar allra.

5031

Baldur Ágústsson

Fæðingarár: 1944 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Flugumferðarstjóri
Baldur@landsmenn.is

Menntun/starfsreynsla:

Loftskeytaskóli, loftskeytamaður til sjós 1963.
Flugmálastjórn 1963-1984, flugumferðarstjóri. Varðstjóri í valla- og aðflugsstjórn í Reykjavík.
Stofnaði og rak Öryggisþjónustuna Vara.
Fasteignaviðskipti. Blaðaskrif og vefsíða um þjóðfélagsmál.
Framboð til embættis forseta Íslands 2004.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil vinna að að enn betra íslensku þjóðfélagi.

Stjórnarskráin er grunnur íslenskra laga og stjórnsýslu. Hún markar því stefnuna til þess þjóðfélags sem við viljum búa í – og arfleiða afkomendur okkar að.

Sjálfstætt Ísland, með virku lýðræði, hefur alla möguleika til að vera eitt besta land heims til búsetu.

Ísland er ríkt af mannaúði, matvælum, vatni, orku og landrymi . . . og „langt frá heimsins vígaslóð“.

Ég hef verið launþegi og vinnuveitandi, rekið giftusamt einkafyrirtæki á eigin ábyrgð, kynnst grunnatvinnuvegum þjóðarinnar og verið opinber starfsmaður í ábyrgðarmiklu starfi.

Reynsla mín og óflokksbundin skrif um þjóðmál nýtist vel við að leggja grunn að enn betra Íslandi.

5779

Ástrós Gunnlaugsdóttir

Fæðingarár: 1986 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Nemi, stjórn málafræðingur
astros01@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég útskrifaðist með stúdentspróf frá Kvinnaskólanum í Reykjavík 2006. Lauk BA prófi í stjórn málafræði frá HÍ með fyrstu einkunn í febrúar 2010. Stunda nú meistaranám í alþjóðasamskiptum við HÍ og hef gert síðan í janúar 2010. Hef að auki lokið leiðtogaskóla NSU sem haldinn var í Færeyjum sumarið 2005.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Að mínu mati er mikilvægt að yngri kynslóðirnar taki virkan þátt í mótun nýrrar stjórnarskrár. Ég vonast til að koma með ferska sýn inn í umræðuna enda getur breytt stjórnarskrá haft mikil áhrif á líf minnar kynslóðar og stuðlað að betra og réttlátara samfélagi. Ég er 24 ára gömul, stjórn málafr. frá HÍ og stunda nú meistaranám í alþjóðasamskiptum. Ég vona að þekking mín, brennandi áhugi og sjónarhorn ungrar konu nýtist í þessari vinnu. Í nýrri stjórnarskrá langar mig m.a. að sjá aukin réttindi almennings gagnvart stjórnvöldum, takmörkun á lengd þingsetu á Alþingi, skarpari þrískiptingu valdsins, þjóðaratkvæðagreiðslur um einstök mál, þjóðareign náttúru-auðlinda.

5361

Baldur Óskarsson

Fæðingarár: 1940 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Framhaldsskólakennari
bo@tskoli.is

Menntun/starfsreynsla:

Samvinnuskólinn. Diploma í Swahili. Viðskiptafræði frá HÍ 1990. Kennslufræði frá KÍ 2001.
Fræðslustjóri MFA 1971-1973. Prúunarstjóri í Tansaníu 1974 og 1975. Framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins 1977-1985. Skólastjóri Genfarskólans 1987-1988.
Framkvæmdastjóri SÍB 1990-1994.
Kennari við Iðnskólann/Tækniskólann frá 1998.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er eindreginn stuðningsmaður þess að þjóðin hafi beina aðkomu að ákvarðanatöku í mikilvægum málum, t.d. nýtingu á auðlindum og valdframsali til erlendra stofnana. Meginstef stjórnarskrárinnar verði að færa valdið til þjóðarinnar. Ég tel að framtíð Íslands felist í opnu og beinu lýðræði með þjóðaratkvæðagreiðslu. Krafa verði gerð um að auðlindir séu í þjóðareign. Skilja þarf með skýrum hætti milli hlutverks löggjafar-, framkvæmdar-, og dómvalds og forseta og mæla fyrir um ábyrgð hvers og eins. Ég vil efla sjálfstæði dómstóla og kveða á um aukin mannréttindi. Ég tel grundvallaratriði að orða stjórnarskrána á mannamáli og að hún endurspegli þjóðarviljann. Að þessu vil ég vinna af heilum hug.

7176

Ástþór Magnússon Wium

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Athafnamaður
thor@austurvollur.is

Menntun/starfsreynsla:

Landspróf, Verzlunarskóli Íslands, Diploma frá Medway College of Art and Design í auglýsingaljósmyndun/ markaðsfræði, enskupróf frá Oxford University.
Ljósmyndagerð/póstverslun á Íslandi, Færeyjum og Danmörku 1974-1983. Stofnaði Eurocard á Íslandi 1979.
Ýmis starfsemi síðan, m.a. gagnvirk upplýsingakerfi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing gæti skapað tækifæri til að kynna betur og vinna úr hugmyndum mínum um beint og milliliðalaust lýðræði, endurskipulagningu stjórnsýslu og forsetaembættis. Hugmyndir um beint lýðræði og nýtt hlutverk forseta Íslands kynnti ég fyrst árið 1995 m.a. í bók sem þá kom út, síðan í ritinu „Virkið Bessastaði“ sem dreift var á öll heimili landsins í aðdraganda forsetakosninga 1996, aftur árið 2004 og svo í framboði Lýðræðishreyfingarinnar við alþingiskosningar 2009. Mér er kært að sjá að fræin sem ég hef sáð hér sl. 15 ár hafa nú vakið marga fleiri til umhugsunar um beint lýðræði. Hef margvíslegt til málanna að leggja á stjórnlagabingi.

6175

Baldvin Örn Berndsen

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Sjálfstætt starfandi
baldvin@digital.is

Menntun/starfsreynsla:

Sjálfstætt starfandi frá 2010. Atvinnurekandi 2007-2010.
Ráðgjafi hjá Tæknivali 2004-2007.
Ráðgjafi hjá Nýherja 2002-2004.
Endurmenntun Háskóla Íslands, nám í markaðs- og útflutningsfræði.
C.W.Post NY, markaðs- og stjórnunarnám.
S.U.N.Y Farmingdale New York, viðskiptafræði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til að hafa áhrif á þá umræðu og breytingar sem ég tel nauðsynlegar að þurfi að gera á stjórnarskránni. Það þarf að sjá til þess að land og þjóð byggji á traustum og réttlátum grunni, sem sagt stjórnarskrá Íslands. Stjórnarskráin á að mínu mati að vera skrifuð af fólkinu, með hagsmuni fólksins og sjálfstæði þjóðarinnar að leiðarljósi. Ég vil passa upp á að ekki verði gerðar breytingar á stjórnarskránni bara breytinganna vegna. Hugsa þarf vel og vandlega um breytingar á greinum stjórnarskrárinnar og láta ekki reiði og gremju stýra því í hvaða átt breytingarnar verða.

5185

Baldvin Björgvinsson

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Raffræðingur, kennari
baldvin.b@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Iðnnám í rafvélavirkjun. Menntaskólanám. Nám við félagsvísindadeild HÍ. Kennaraháskólinn. Bréfberi, verkamaður í stáliðnaði, rafvéla- og rafvirki, tæknimaður, raffræðingur, sjálfstæður atvinnurekandi, framhaldsskólakennari í rafiðngreinum og skipstjóri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Almenningur þarf að eiga fulltrúa á stjórnlagabingi sem hægt er að treysta að sé ekki hagsmunatengdur spillingaröflum í samfélaginu. Ég heiti því að vera fulltrúi fólksins. Ég hef kynnst atvinnulífínu frá öllum hliðum, allt frá því að vera verkamaður yfir í að vera hátækniðnaðarmaður og hef rekið eigin fyrirtæki. Ég hef farið gegnum iðn-, mennta-, há- og kennaraháskóla. Starfa í dag sem framhaldsskólakennari í rafiðngreinum. Meginmarkmið mitt er að sjá til þess að niðurstöður þúsund manna þjóðfundarins skili sér inn í stjórnskrána. Að stjórnskráin sé skrifuð af fólkinu, fyrir fólkið, sem leikreglur fyrir valdhafana. Auðlindir og öll mannréttindi Íslendinga skulu fest í stjórnskrána.

6098

Benedikt Gardar Stefánsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Flugvirki
bstefansson@bnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Flugvirki. Vann hjá Loftleiðum í Lúxemborg. Cargolux í Lúxemborg. Aero Uruguay í Uruguay. Ladeco í Chile. Hef unnið á Íslandi síðustu 15 árin við járnsmíðar, blikksmíðar og rafmagn.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef mikla reynslu af íslensku, evrópsku og amerísku réttarari. Ég vil að íslensk stjórnskrá sé vel skiljanleg og verji almenning þannig að fólki finnst það vera vel varið. Ríkið þarf að vera vel skilgreint þannig að það sé enginn ágreiningur um hlutverk þess. Ég er á móti aðild að Evrópusambandinu á þessum tímamótum og tel að það þurfi að fara yfir alla samninga við önnur lönd.

6901

Benedikt Hreinn Einarsson

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Háskólanemi
benedikthreinn@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði. Fjölmíðlafræði við Háskólann á Akureyri (lokið 2011). Starfaði við Netagerð Vestfjarða. Starfsmaður Hornstranda ehf. Verslunarstjóri BT á Ísafirði. Starfsmaður Símans. Starfsmaður Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á Ísafirði. Varamaður í stjórn Reyhliðar ehf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vegna þess að ég tel mikilvægt að á stjórnlagabingi sitji fulltrúar þeirrar kynslóðar sem kemur til með að lifa samkvæmt nýrri stjórnskrá og ala upp afkomendur sína undir sömu stjórnskrá. Nauðsynlegt er að afskipti af gerð nýrrar stjórnskrár komi frá öllum kimum samfélagsins og því mikilvægt að frambjóðendur til stjórnlagabings séu þolinmóðir og gæddir þeim hæfileikum að vera opnir fyrir nýjum og mótandi hugmyndum. Ég tel mig vera gæddan þeim hæfileikum. Ég hef að auki fram að færa hugmyndir sem ég tel að muni geta bætt íslenskt samfélag og rennur mér blóðið til skyldunnar fyrir komandi kynslóðir að láta gott af mér leiða.

5526

Berglind Nanna Ólínudóttir

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 221 Hafnarfirði
Leiðsögumaður, öryggisvörður
berglindnanna@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Leiðsögumaður frá Leiðsöguskóla Íslands, öryggisvörður, þjónn, bókhaldari, skrifstofustörf, auk félagsstarfa fyrir hin ýmsu félög og félagsamtök.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til setu á stjórnlagabingi því ég vil vera virkur þátttakandi í að móta nýja stjórnskrá Íslands. Það er mikilvægt að sem flestir hópar þjóðfélagsins komi að mótun nýrrar stjórnskrár til að réttindi allra séu tryggð og hvergi halli á nokkurn hóp. Að mínu mati liggja mikilvægustu málefni þjóðarinnar undir. Því þarf ný stjórnskrá að vera gagnsæ, skýr og auðskiljanlegt skjal. Ég er hugmyndarík, ósérhlifin, heiðarleg, samvissusöm og mun gefa mig af öllu hjarta í þetta verkefni.

2248

Benedikt Porri Sigurjónsson

Fæðingarár: 1983 **Sveitarfélag:** 640 Norðurþingi
Háskólanemi
benedikt.thorri@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Nemi í MS heilsuhagfræði við HÍ frá hausti 2010. BA gráða í hagfræði frá HÍ árið 2007. Stúdentsspróf frá MA árið 2003. Sjálfboðaliði í Aserbaidsjan 2008 og í Úganda veturinn 2009-2010. Unnið við heilulagnir (verkamaður og verkstjóri) á sumrin og með skóla. Uppskipun með skóla og önnur verkefni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Beinna lýðræði með persónukjöri þvert á lista. Rafrænar kosningar. Þrískipting valdsins: Sterkara Alþingi með skrifstofu Alþingis sem hjálpar þingmönnum að afla gagna. Bein kosning á framkvæmdarvaldi. Málsskotsréttur forseta festur í sessi þar sem visst hlutfall kosningabærra manna getur þvingað fram þjóðaratkvæði. Það afgreitt hratt með rafrænum kosningum. Minni miðstýring: Nýtt framkvæmdastig á milli ríkis og sveitarfélaga, sér um samgöngur, heilsugæslu, o.fl. Tekur stóran hluta af skatttekjum og arð af rentu á sínu svæði. Opin stjórnsýsla. Jöfnun á vægi atkvæða. Mannréttindi og frelsi virt. Hendur ríkisins til afskipta betur bundnar. Þetta eru hlutir sem ég vil vinna að. Hvað vilt þú?

7869

Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Safnstjóri
bergljotgunnl@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

MA í Evrópufræðum frá Háskólanum á Bifröst 2008. MPA diploma í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands 2006. Kennsluréttindi frá Kennaraháskóla Íslands 2002. Upplýsingafræði/sérfræðisöfn, Danmarks Biblioteksskole 1986.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég óska eftir því að fá að leggja mitt af mörkum í sameiginlegu átaki margra Íslendinga við gerð nýrrar stjórnskrár. Það sem gerir mig að hæfum og traustum fulltrúa í verkið er margvísleg reynsla mín úr þjóðlífinu, menntun og störfum. Einnig vilji til að tryggja íslenskum almenningi farsæla framtíð á grundvelli réttlátrar stjórnskrár þar sem jafnrétti og mannréttindi allra þegna eru í hávegum höfð.

6417

Bergný Jóna Sævarsdóttir

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Verkefnastjóri á Einkaleyfastofunni
bergnyjona@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég starfa sem verkefnastjóri á Einkaleyfastofunni ásamt því að stunda meistaranám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Ég lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1999 og meistaranámi í verkefnastjórnun frá verkfræðideild Háskóla Íslands vorið 2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabþings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabþings vegna samfélagslegrar ábyrgðar minnar og áhuga á bættu íslensku samfélagi. Það er löngu tímabært að endurskoða stjórnarskrána og móta hana út frá þeim gildum sem við viljum að íslenska þjóðin standi fyrir. Mér finnst mikilvægt að skýr skil séu á milli dómvalds, framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og að hugtök eins og jafnrétti, frelsi, réttlæti, siðferði, sjálfstæði og lýðræði einkenni þá vinnu sem fram undan er við gerð nýrrar stjórnarskrár Íslendinga. Ég mun leggja mig alla fram í þeirri mikilvægu vinnu sem fram undan er nái ég kjöri og einset mér að sameina og virða ólík sjónarmið með það að markmiði að ný og bætt stjórnarskrá Íslands líti dagsins ljós.

6494

Bergvin Oddsson

Fæðingarár: 1986 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri
Rithöfundur, fyrirlesari
party.ehf@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 2008.
Hefur sinnt réttindamálum fatlaðra í gegnum Blindrafélagið og Félag langveikra ungmenna
Hefur gefið út 2 bækur og ritstýrt Blindrasýn, tímariti Blindrafélagsins.
Rak vinnheildsölu um tíma.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabþings?**

Það er mikil ábyrgð fólgin í því að breyta stjórnarskrá lands. Því er mikilvægt að sjónarmið sem flestra þjóðfélagshópa heyrast svo vel verði að verki staðið. Ég tel að ég hafi margt fram að færa með þá reynslu sem ég hef að baki mér sem fatlaður einstaklingur og ungt foreldri. Ég tel mikilvægt að rödd þessara hópa fái að heyrast á stjórnlagabþinginu. Réttur ungs fólks til t.d. menntunar óháð stöðu og stétt skiptir máli. Mannréttindi eru mér ofarlega í huga og að allir þjóðfélagsþegnar geti og eigi að taka þátt í mótun samfélags síns. Ég tel mikilvægt að landið verði eitt kjördæmi og að kosið verði um persónur en ekki flokka í kosningum til Alþingis og að ráðherraábyrgð verði lengd í 8 ár.

3579

Bergsveinn Guðmundur Guðmundsson

Fæðingarár: 1936 **Sveitarfélag:** 250 Sveitarfél. Garði
Heimavinnandi húsaðir
bergsveinn@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Hef starfað sem loftskeytamaður, ferðatæknir, flugvirki og flugvélaráttæknir.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabþings?**

Stjórnarskráin á að vera sterkasta vörn allra einstaklinga í nútímaþjóðfélagi, hún má ekki vera eitthvert dót grafin undir öðru dóti niðri í skúffu. Hún á að skipa heiðursess á hverju heimili. Til þess að stjórnarskráin virki rétt þarf að skipa sérstakan dómstól sem hefur það hlutverk eitt að koma því alveg á hreint hvenær gengið er á rétt einstaklings í þjóðfélaginu eða stjórnarskrá sniðgengin. Þetta verður aðalatriði í minni stefnu ef ég né kosningu til stjórnlagabþings.

4602

Birgir Eiríksson

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Skrúðgarðyrkjumeistari, garðyrkjumaður
Grasrotin@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntaskólinn við Hamrahlíð 1986-1990. Garðyrkjuskóli ríkisins 1992-1994.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabþings?**

1. Raunveruleg gjá – þrískipting valds. Ráðherrar framkvæmdarvaldsins sitji ekki sem þingmenn löggjafarvaldsins og skipi ekki dómara.
 2. Náttúruauðlindir ríkisins í þjóðareign. Óseljanlegar og án möguleika á langtímaleigu.
 3. Lýðræði aukíð, s.s. með þjóðaratkvæðum í öllum stærri málum og persónukjöri. Horft til þróunar tölvukosningalýðræðis Litháa (e-democracy). Gegnsæ stjórnsýsla.
 4. Jafnrétti. Allir verði jafnir fyrir lögum. T.d. geti fjármálastofnanir ekki breytt einkaskuldum í hlutafélagsskuldur og síðan geti hlutafélagið jafnvel farið í gjaldþrot.
 5. Aðskilnaður ríkis og kirkju.
 6. Eitt kjördæmi fyrir landið.
- Viðmið: Stjórnarskrár Norðurlanda, Frakka og USA.

6725

Bergsveinn Halldórsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 800 Sveitarfél. Árborg
Trésmiður í Áhalda húsi, trésmiðameistari
silatjorn@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Lærður húsasmíðameistari.
Formaður Félags byggingarmanna á Selfossi í 3 ár.
Formaður Starfsmannafélags Árborgar 2003-2008.
Hef setið á þingum BSRB.
Hef verið meðdómari og matsmaður fyrir Héraðsdóm Suðurlands.
Matsmaður vegna jarðskjálfta á Suðurlandi árið 2000.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabþings?**

Það geri ég af áhuga fyrir heillavænlægum framförum og auknu lýðræði á okkar góða landi.

Áratuga reynsla mín af málefnum íbúa, sér í lagi í Árborg og nærliggjandi byggðarlögum, störfum fólksins og áhugasviðum, tel ég hafa gefið mér einkar mikla reynslu um hag samborgaranna.

Þess vegna býð ég óhikað fram krafta mína til stjórnlagabþings.

2776

Birgir Karlsson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Fv. skólastjóri
birgir.karlsson@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Kennari 1969-1987. Skólastjóri Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit 1987-1998. Fulltrúi hjá Visa Ísland 1999-2009. Sumarstörf hjá Pósti og síma 1975-1987: Borgarnes, Hrísey, Mývatn, Varmahlíð. Í ungmennafélagi (UMSB) 1963-2001. Oddviti Leirár- og Melahrepps 1986-1990.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabþings?**

Mig langar að taka þátt í mótun nýrrar stjórnarskrár og það er fagnaðarefni að þjóðin fái að semja sínar grunnreglur. Ég hef áratuga reynslu af félagsmálum, viðtæka reynslu í skóla- og sveitarstjórnarmálum. Niðurstöður þjóðfundarins koma til með að sýna vilja og áherslur almennings sem verða til hliðsjónar við verkið. Þau skilaboð verði löggö til grundvallar frumvarpi sem dragi skýrar leikreglur. Nauðsynlegt er að skýra valdheimildir forsetans, fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu og skýrar línur verði á milli löggjafar- og framkvæmdarvalds. Eignarréttur á auðlindum verði í þjóðareign og sjálfstæði landsins verði tryggt þannig að hluti ríkisvaldsins hverfi ekki úr landi. Ég er óflokksbundinn.

3557

Birgir Loftsson

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Sagnfræðingur
birgirloftsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: BA gráða í sagnfræði við Háskóla Íslands. MA gráða í sagnfræði við Háskóla Íslands og kennsluréttindánám við Kennaraháskóla Íslands. Starfsreynsla: Störf í stjórnsýslunni, þ.á m. í utanríkisráðuneyti Íslands. Kennsla í grunn- og framhaldsskólum, auk rit- og fræðistarfa.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef stundað rannsóknir á íslensku samfélagi bæði í námi mínu og störfum mínum sem fræðimaður. Ég tel mig því vera vel kunnugan sögu og gangverki íslensks samfélags fyrr og nú, þar með talið lögum og venjum þess. Í fræðistörfum mínum hef ég margt skoðað stjórnarskrána og séð margt athugavert við hana. Ég tel hana vera barn síns tíma og þurfa endurskoðunar við. Ég tel að það þurfi að athuga fleiri þætti í stjórnarskránni en ég hef heyrt minnst á. Ég mun því, ef ég verð kosinn á stjórnlagabinginu, beina athygli annarra þingmanna að þessum vanræktu þáttum. Fyrst og fremst mun ég vilja stuðla að gerð nútímalegrar stjórnarskrár sem er alíslensk að uppruna og samín fyrir íslenskt samfélag.

8639

Birna Vilhjálmsdóttir

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Kennari
birnavi@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: Stúdent frá FSu 1983, BA próf frá HÍ 1990, uppeldis- og menntunarfræði frá HÍ 1991. Diplómanám í fræðslustarfi og stjórnun frá HÍ 2008. Starfsreynsla: Umsjónarkennsla í grunnskóla frá 1993 til dagsins í dag. Yfirmaður Veitingaskálans að Brú í Hrótafirði sumarið 1984, 1985-des. 1986 og 1996.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég veit að þekking mín og reynsla kemur að góðum notum við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Miklar breytingar hafa orðið á íslensku þjóðfélagi síðustu árin sem og víða í heiminum. Ég tel mikla þörf á að laga stjórnarskrána að því nútíma samfélagi sem við lifum í og gera þær endurbætur á henni sem eiga við núverandi aðstæður, með framtíðarmarkmið þjóðarinnar að leiðarljósi. Kjósið mig vegna þess að ég er áráðin, traust, fylgin mér og með sterka réttlætiskennnd.

4184

Birna Kristbjörg Björnsdóttir

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 240 Grindavík
Viðskiptafræðingur
birnakristbjorg@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri 2010. Fjölbrotaskóli Suðurnesja 2003. Skrifstofutækni 1989. Starfaði hjá embætti Sýslumannsins í Keflavík, í útibúinu í Grindavík, í tæp 11 ár, frá fyrri hluta árs 1999 til ársloka 2009. Áður barnaupplendi en einnig ýmis störf utan heimilis.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til endurskoðunar á gildandi stjórnarskrá með von um að valinn verði fjölbreyttur hópur fólks í þetta verkefni. Ég mun leggja mig fram um að vinna af heilindum og hafa að leiðarljósi hagsmunum heildarinnar. Réttlæti, sanngirni, heiðarleiki, jafnrétti og virðing eru gildi sem eru mér mikilvæg. Ég hef mikinn áhuga á að endurskoðuð stjórnarskrá verði vel úr garði gerð, skilmerkileg, læsileg öllum og auðskiljanleg. Mikilvægt er að ekki sé hægt að margtúlka stjórnarskrána og hún girði fyrir möguleika á að hygla sérhagsmunum einstaklinga eða hópa. Ég tel að æskilegt væri að setja þar inn ákvæði um möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál.


4921

Birna Þórðardóttir

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Ferðaskipuleggjandi, skáld
birna@birna.is

Menntun/starfsreynsla:

BA í stjórnmálafræði frá HÍ. Námskeið m.a. í Félagsmálaskóla alþýðu, ítölsku á Íslandi og í Róm. Nem nú ítölsku í HÍ. Hóf störf 10 ára í frystihúsi á Borgarfirði eystri, ritstjóri Neista, blaðs Fylkingarinnar, í 11 ár, Læknaþlaðsins í 17 ár, framkvæmdastjóri læknabinga, á og rek Menningarfylgd Birnu ehf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að skoðanir mínar gagnist við endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins. Áherslur verða:

1. Allir skulu jafnir fyrir lögum, ráðherra sætir sömu lögum og ég.
 2. Mannréttindi í víðasta skilningi orðsins verða í forgangi; félagsleg, efnahagsleg og pólitísk.
 3. Auðlindirnar, á landi sem legi, skulu eign þjóðarinnar allrar, sameiginlega, bæði varðandi eignarhald og nýtingu.
 4. Íslenska ríkið skal aldrei taka þátt í stríði, hvorki beint né óbeint.
 5. Endurskoða þarf forsetaembættið, helst leggja það niður.
- Síðferði verður ekki kennt með stjórnarskrá, en betra að hún sé ljós og ekki til útsnúnings. Þar sem mig skortir þekkingu mun ég leita aðstoðar mér færari manna. Ein get ég fátt, með öðrum – hver veit!

4195

Birna Guðrún Konráðsdóttir

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 311 Borgarbyggð
Sjúkranuddari, blaðamaður, bóndi
birna@adborgum.is

Menntun/starfsreynsla:

Frumgreinadeild Bifröst 1992. Diplóma í sjúkranuddi frá CCMH í Kanada 1996. Starfa sem sjúkranuddari og blaðamaður. Hef víða borið niður. Er smábóndi og kirkjubingismaður. Formaður m.a. í veiðifélagi Norðurár og Gjúfurár í Borgarfirði, sóknarnefnd Stafholtskirkju og fjallskilaneftnd.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá hvers ríkis er hryggjarstykki löggjafarinnar. Hún þarf að vera auðskilin og um leið stýrandi fyrir alla, almennung sem valdhafa. Réttindi lands og lýðs þurfa að vera tryggð á óyggjandi hátt. Jafnframt er nauðsynlegt að þar endurspeglast vilji landsmanna, þó án sífelldra breytinga. Sé endurskoðunar þörf er brýnt að kallað verði til fólk úr öllum landshlutum, starfsstéttum og þjóðfélagshópum. Stundarhagsmunir og aðstæður mega ekki stýra gjörðum manna í þeirri vinnu. Ég bý og starfa í Borgarfirði, ber hagsmunum landsbyggðarinnar og fólkið sem hana byggir mjög fyrir brjósti. Í trausti þess að ég fái nauðsynlegt brautargengi býð ég fram krafta mína til þessa mikilvæga verkefnis.


5537

Björg Ólafsdóttir

Fæðingarár: 1979 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Hönnuður
Bjorgolafsdottir.stj@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

NLP ráðgjafanám; BA í vörühönnun, LHÍ; hönnunarbr. lönsk. í Hafn. og náttúrufræðibr. MR. Verkefni fyrir HÍ og sprotafyrirtæki. Stofnun grasrótarverkefnis fyrir atvinnuleitendur (góð verk fyrir atvinnul. og samfélagið). Latibær, grafísk hönnun; Össur, vörühönnun og -pröfun. Rafvirkjun, kennsla o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig langar til að búa í RÉTTLÁTU samfélagi þar sem ríkir HEIÐARLEIKI, NÁUNGAKÆRLEIKUR og VIRÐING fyrir MANNLEGRI REISN og KOMANDI KYNLSÓÐUM. Þar sem velgengi samfélagsins er mæld í ÞJÓÐARHAMINGJU, „GDH“ og ÞJÓÐARVERÐMÆTASKÖPUN. Ég vil taka þátt í að skapa þetta samfélag. GILDI: HEIÐARLEIKI, NÁUNGAKÆRLEIKUR, SJÁLFBÆRNI, LÝÐRÆÐI, FRELSI, RÉTTLÆTI. ÁHERSLUR: ÞRÍSKIPTING VALDSINS, PERSÓNUKJÖR, BEINT LÝÐRÆÐI, ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR sem ákveðinn hluti LANDSMANNA getur stofnað til. ÞJÓÐIN getur tekið til sín valdið aftur frá valdhöfum utan hefðbundinna kosninga, t.d. með brottrekstri valdhafa, UPPLÝSINGASKYLDA, GAGNSÆI, AUÐLINDIR Í ÞJÓÐAREIGU, MANNRÉTTINDI, JAFNRÉTTI, NORRÆN VELFERÐ og FRELSI.

4943

Björgvin Rúnar Leifsson

Fæðingarár: 1955 **Sveitarfélag:** 640 Norðurþingi
Áfangastjóri
brell@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

BS próf í líffræði og MS próf í sjávarlíffræði frá Háskóla Íslands ásamt gráðu í uppeldis- og kennslufræði frá sama skóla.

Kennslu- og stjórnunarstörf við Fjölbrautaskólann á Akranesi og Framhaldsskólann á Húsavík í 30 ár samtals.
Rannsóknastörf fyrir Náttúrustofu Norðausturlands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil einfalda framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna á Íslandi og setja inn ákvæði um skyldu stjórnvalda að fara skilyrðislaust eftir niðurstöðu þeirra.

Ég vil að ákvæði verði sett inn í stjórnarskrá um aðskilnað ríkis og kirkju.

Ég vil að eignarréttarákvæðið verði endurskoðað með það að markmiði að auðvelda þjóðinni að gera ónýtt/vannýtt framleiðslutæki upptæk án þess að sérstakar greiðslur komi fyrir.

Ég vil að skerpt verði á frelsisákvæðum stjórnarskrárinnar.

Ég vil að valdsvið forseta Íslands verði skilgreint með nákvæmum hætti.

Ég vil að stjórnvöldum verði bannað að framselja vald til erlendra aðila hvers konar.

Ég vil að full yfirráð þjóðarinnar yfir eigin auðlindum verði tryggð.

6340

Björn Einarsson

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Læknir, heimspekinemi
beinarss@lsh.is

Menntun/starfsreynsla:

Læknisfræði frá Háskóla Íslands. Læknir frá 1984 og sérfræðingur í almennum lyflækningum og öldrunarlækningum frá Gautaborg. Starfaði frá 1991 við LSH á Landakoti, öldrunar- og heilabilunarsviði, og við öldrunarrannsókn Hjartaverndar. Hef verið í námi frá 2007 við heimspekideild Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil semja nýja stjórnarskrá. Lýðræðið þarf að auka með aukinni þátttöku borgaranna og úrræðum til að koma frá völdum Alþingi, ríkisstjórn og forseta sem hafa misst trúnað þjóðarinnar. Pólitíska og ópólitíska valdið þarf að aðskilja. Þrískiptingu ríkisvaldsins þarf að skipta í stjórnlagavald, pólitískt vald og ópólitískt vald. Stjórnlagabing á að vera stjórnarskrárgjafinn og á eitt að geta breytt stjórnarskránni. Pólitíska valdið á að takmarka og gera ríkisstjórnina háðari Alþingi með þingræðisreglunni. Ópólitíska stjórnsýslu og eftirlitsvald á að taka undan ráðherra. Forseta Íslands á að aðskilja frá öllu pólitísku valdi og setja yfir sjálfstæðri ópólitískri stjórnsýslu og eftirlitsvaldi.

8815

Björgvin Martin Hjelvik Snorrason

Fæðingarár: 1939 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Kennari, skólastjóri, prestur
bmsnorra@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Guðfræðimenntun, menntun í kennslufræði, doktorspróf í kirkjusögu og Nýja testamentisfræðum. Áratuga reynsla sem grunnskóla- og framhaldsskólakennari. Skólastjóri barnaskóla í Vestmannaeyjum, Hlíðardalsskóla og Tyrifjord Videregaaende skole í Noregi. Prestur aðventista.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Að Alþingi fái meiri völd. Dregið verði úr ráðherraöldum. Að greinilegri skil verði milli löggjafar- og framkvæmdarvalds. Að samviskufrelsi minnihlutahópa verði tryggt fullkomlega þannig að allir standi jafnir fyrir lögum. Að eignarréttur lántaka verði jafn mikill og lánardrottna.

3513

Björn Sævar Einarsson

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Veðurfræðingur
bjornse@vedur.is

Menntun/starfsreynsla:

MBA 2010 frá Háskólanum í Reykjavík.
BS í veðurfræði og eðlisfræði frá State University of New York, Stony Brook, USA. Rafeindavirki frá Suburban Technical School, NY. Hef unnið sem veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands síðan 1996 og kennt sjóveðurfræði við Skipstjórnarskólann síðan 1998.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Andlegt og siðferðilegt gjaldþrot núverandi valdakerfis kallar á nýja stjórnarskrá með enn skýrari ákvæðum um þrískiptingu ríkisvaldsins, jafnvel breytingu yfir í forsetaræði. Aukin bein þátttaka almennings í lýðræðinu. Vönduð vinnubrögð á stjórnlagabingi, þar sem kostir og gallar breytingartillagna eru krufnir til mergjar.

9838

Björn Ragnar Björnsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Stærðfræðingur
bjorn.ragnar.bjornsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stærðfræðingur frá HÍ.
Framhaldsnám í tölvunarfræði í University of Alberta.
Framhaldsnám í hagfræði í HÍ.
Hef mest starfað við forritun og kerfishönnun frá 1978, m.a.:
Reiknistofnun HÍ, Hafrannsóknastofnunin, Flugmálastjórn, Alþingi, Halo, Kögun og á eigin vegum.
Nú á Hagstofunni við þjóðhagsspá.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Lýðræði: Þjóðin þarf að endurheimta lýðræðislegt vald sitt.
Lýðræðishallinn er í lykilhlutverki þegar stjórnmalaklíkur ráðstafa afrakstri þjóðarbúsins óáreitarr að eigin geðþótta.
Þjóðin geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslur.
Kjósendur geti tryggt að atkvæði þeirra falli ekki dautt.
Þingið verði styrkt gagnvart framkvæmdarvaldi. Skipunartími embættismanna, að dómurum undanskildum, verði takmarkaður.
Tilfærslu auðlinda frá þjóðinni til annarra verður að stöðva með skýrum ákvæðum um þjóðareignir og ráðstöfun þeirra.
Tjáningarfrelsi verði betur tryggt í stjórnarskrá. Tjáning sem engan stuðar þarfnast engrar verndar.
Réttlæti og sanngirni þurfa að rúmast í stjórnarskránni.

2875

Björn Friðfinnsson

Fæðingarár: 1939 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Lögfræðingur
boris@islandia.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MA 1959. Lögfræðipróf 1965. Hef starfað sem sjómaður, blaðamaður, dómarafulltrúi, bæjarstjóri, framkvæmdastjóri, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, formaður skipulagsstjórnar ríkisins, ráðuneytisstjóri í þremur ráðuneytum og framkvæmdastjóri ESA í Brussel.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til setu á stjórnlagabingi. Ég á að baki langan embættisferil í opinberri stjórnsýslu bæði hjá ríki og sveitarfélögum og einnig hef ég sinnt kennslu á háskólastigi. Ég hef haft áhuga á stjórnarskrármálum allt frá háskólaárum mínum og tel þörf á verulegum breytingum á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. M.a. tel ég nauðsynlegt að afmarka betur valdsvið löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómvalds í stjórnskipan ríkisins sem og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga innan framkvæmdarvaldsins.

6758

Björn Guðbrandur Jónsson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Umhverfisfræðingur, framkvæmdastjóri
bjgj@isl.is

Menntun/starfsreynsla:

Lífræðingur frá Háskóla Íslands 1984.
Mastersgráða í umhverfisfræði frá Johns Hopkins háskóla Baltimore 1993.
Starfsmaður verkfræðistofunnar Línuhönnunar 1997-1999.
Framkvæmdastjóri Gróðurs fyrir fólk í Landnámi Ingólfs frá byrjun árs 2000 og fram á þennan dag.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég ann þessu landi og tel að við íbúar þess eigum betra skilið en hið fjölþætta þrotabú sem við sitjum uppi með í dag. Vandræði þjóðarinnar um þessar mundir eru að mínu mati rökrétt afleiðing af hefðum í stjórnmálum og viðskiptum hérlendis sem rekja sig í gegnum alla 20. öldina. Þegar þær hefðir komu saman við gróðafíkn og nýfrjálsbyggju síðustu áratuga varð til eitruð blanda sem almenningur sýpur nú seyðið af. Framundan er endurfæðing lýðveldis á Íslandi. Stjórnlagabingið mun leggja grunn að nýjum samfélagssáttmála. Slíkt verkefni er jafn spennandi og það er ábyrgðarfullt. Þarf að segja meira um af hverju ég býð mig fram til setu á stjórnlagabingi?

8793

Björn Óskar Vernharðsson

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Sálfræðingur
bjorn@hugfari.com

Menntun/starfsreynsla:

Sálfræðingur og sáttamiðlari, með sálfræðistofuna Hugfara. Hef mikla reynslu í samningagerð, sáttamiðlun og samskiptum í hópum og að beita sálfræðilegum aðferðum til að aðstoða fólk við að taka ábyrgar ákvarðanir og þjálfa sig í að takast á við erfiðar aðstæður, erfið samskipti og flókin verkefni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að stjórnarskráin eigi að virða þarfir, mannréttindi og reisn einstaklinga. Hún ætti að kalla fram ábyrga hegðun í öllum samskiptum í samfélaginu en til þess þarf faglega þekkingu um fólk og hegðun einstaklinga og hópa. Sálfræðileg aðstoð eflir heilbrigða framtíðarsýn og fær fram ábyrga hegðun. Ég tel sálfræðimenntun og reynslu í sáttamiðlun vera góðan kost fyrir verkefnið. Ég hef mikla reynslu af því að hlusta á fólk, setja mig inn í aðstæður annarra og skilgreina hvað þurfi að gerast til að fólk fái það sem það þarfnast helst. Reynsla mín gefur mér ákveðna yfirsýn þannig að ég set ekki eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni þjóðarinnar. Ég mun ekki þiggja fjárveitingar við framboðið.

8705

Björn Ingi Jónsson

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 780 Sveitarfél. Hornafirði
Framkvæmdastjóri
bij@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Rekstrariðnfræði og rafíðnfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2008
Í bæjarstjórn og bæjarráði Hornafjarðar frá 2006 sem og umhverfis- og skipulagsnefnd.
Í stjórn Björgunarfélags Hornafjarðar í 12 ár, þar af formaður í 9 ár. Í fjáruhlutunarnefnd Landsbjargar í 3 ár. Svæðisstjóri Símans á Austurlandi í 2 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Gerð nýrrar stjórnarskrár fyrir lýðveldið Ísland er afar þýðingarmikið og mikilvægt verkefni. Ný stjórnarskrá þarf að tryggja þegnum landsins jafnrétti og að Ísland verði áfram lýðræðisríki. Lykilatriði við að tryggja að svo sé tel vera aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég tel að reynsla mín muni nýtast mjög vel í þessu verkefni en ég hef starfað mikið að sveitarstjórnarmálum og björgunarsveitarmálum auk þess að hafa starfað í lögreglunni. Ég er viðsýnn og á auðvelt með að líta á hlutina frá mörgum sjónarhornum sem ég tel nauðsynlegt þar sem skoða þarf allar hliðar mála og öll sjónarmið þurfa að koma fram áður en komist er að niðurstöðu.

4338

Bolli Héðinsson

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Hagfræðingur
Bolli.Hedinsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MH 1974. Nám í fjölmiðlafræði í Þýskalandi. Próf í þjóðhagfræði frá HÍ og viðskiptafræði frá University of Rochester, NY. Blaðamaður á Dagblaðinu. Hagfræðingur FFSÍ. Efnahagsráðgjafi í forsætisráðuneytinu hjá Steingrími Hermannssyni. Hagfræðingur í Búnaðarbanka Íslands. Háskólakennari við HÍ og HR.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Réttlæti og lýðræði eru þau gildi sem einna mestu varðar að ný stjórnarskrá tryggi. Í stjórnarskrá þarf að vera ákvæði sem tryggir skilyrðislaust eignarhald þjóðarinnar á auðlindum lands og sjávar. Stjórnarskráin verður að tryggja með betri hætti aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds en nú er. Tryggja þarf milliliðalausla aðkomu þjóðarinnar að ákvörðunum um mikilvæg mál og persónubundið val á fulltrúum sínum. Á stjórnlagabingi má bæta úr ágöllum í stjórnarfari sem margir hverjir áttu sinn þátt í efnahagshruninu. Með nýrri stjórnarskrá getum við stuðlað að réttlátara og opnara samfélagi þar sem hver einstaklingur getur treyst því að hann búi í samfélagi frelsis og jafnréttis.

4580

Björn M. Sigurjónsson

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Sviðsstjóri
bjorn.m.sigurjonsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Landfræðingur B.Sc. Mphil, meistaranám í lögfræði (M.L.).
Sviðsstjóri hjá lðunni fræðslusetri frá 2005.
Fræðslustjóri/sölustjóri Íslandsbanka 2001-2005.
Sérfræðingur hjá Ferðamálaráði Íslands 1999-2001.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing er einstakt tækifæri til að skilgreina grundvallarlög íslensks samfélags. Það er mikilvægt að um endurskoðaða stjórnarskrá ríki viðtæk sátt, að hún sé skýr og fyrir henni borin tilhlýðileg virðing. Þeir sem sitja stjórnlagabingið verða að hafa hæfileikann til að hlusta af næmni á tjáningu samfélagsins. Þeir verða að geta unnið með öðrum á skapandi hátt, tekið við hugmyndum, bætt við þær og gert þær að sínum. Þeir verða að vera málafylgjumenn án þess að vera spakvitringar. Þeir verða að vera vandaðir að allri gerð, skynsamir og yfirvegaðir. En umfram allt er nauðsynlegt að hafa skynsemi og mannúð að leiðarljósi við þessa vinnu.

8067

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Arkitekt
sturludottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Meistarnám í umhverfisstjórnun við HÍ. Arkitekt frá Arkitektskolan í Árhús 2004. Stúdent frá Kvennaskólanum. Sjálfstætt starfandi frá 2009. Batterið 2004-2009. Í stjórn Hönnunarmiðstöðvar Íslands og útlutunarnefnd Myndstefs frá 2010. Í stjórn Arkitektafélags Íslands frá 2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég sé mikil tækifæri í þeirri stöðu sem við Íslendingar erum í. Nú getum við með samstilltu átaki tileinkað okkur hugsunarhátt sjálfbærrar þróunar fyrir landið allt, á öllum sviðum samfélagsins. Til þess þarf fagfólk úr ýmsum áttum að taka saman höndum í stað þess að treysta á stjórn mála- og embættismenn. Ég er reyndur arkitekt, kona og móðir, gift dönskum manni sem trúir líka á framtíð Íslands og meistaranemi í umhverfisstjórnun við HÍ. Eins og margir Íslendingar hef ég þurft að takast á við erfiðleika í kjölfar efnahagshrunsins. Verði ég kosin á stjórnlagabing mun ég nýta þekkingu mína, bakgrunn og reynslu til að leita lausna með ólíkum hópum til að móta undirstöðu fyrir framtíð okkar.

3062

Borgþór S. Kjærnested

Fæðingarár: 1943 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Fv. framkvæmdastjóri, á eftirlaunum
borgtor.kjaernested@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntaður í fjölmiðlun í Finnlandi (Finnnska ríkisútvarpið YLE).
Framkvæmdastjóri Sambands norræna félaganna 1984-1988.
Framkvæmdastjóri Norræna flutningamannasambandsins 1990-1996.
Framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara 2005-2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel mikilvægt að Ísland fái stjórnarskrá sem miðast við nútímann, nýjar áherslur um réttindi og vernd borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Auk þess þarf að koma inn ákvæðum í stjórnarskrá sem kveða á um ábyrgð og skyldur stjórnvalda um að fara að landslögum.

6813

Breki Karlsson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Vélaverkfræðingur
vegus23@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Vélstjóri, vélvirki, verkfræðingur.
Vélstjóri á íslenskum skipum. Vélsmiðja, skipaviðgerðir.
Vélfræðikennsla í Namíbíu.
Verkfræðingur í framleiðsluinaði ásamt ráðgjafarstörfum á því sviði, á Íslandi og erlendis.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil ekki láta mitt eftir liggja heldur taka virkan þátt í endurskoðun stjórnarskrárinnar. Er óháður og hef aldrei starfað í neinum stjórnmalaflokki en hef tekið að mér fjölda trúnaðarstarfa um ævina.
Helstu baráttumál:
Mannréttindi. Lýðræðisendurbætur, einn maður eitt atkvæði, almenningur geti komið á þjóðaratkvæðagreiðslum.
Opin stjórnsýsla, skjöl opinberrar stjórnsýslu verði öllum opin án undanbragða.
Löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald verði aðskilin, til dæmis með þrennum aðskildum kosningum. Kjörnir fulltrúar sitji í embættum í afmarkaðan tíma. Refsingar við stjórnarskrárbrotum.
Aðskilnaður ríkis og kirkju.
Engin ákvæði sem breyta má með lögum skulu vera í stjórnarskránni.

8342

Bragi Straumfjörð Jósepsson

Fæðingarár: 1930 **Sveitarfélag:** 340 Stykkishólmi
Fv. prófessor, uppeldisfræðingur

Menntun/starfsreynsla:

Doktor í uppeldisfræði frá Vanderbilt í Bandaríkjunum 1968.
Kennari í Vestmannaeyjum 1952-61. Háskólakennari í Bandaríkjunum 1967-73. Deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu 1973-75. Blaðamaður 1975-77. Námsráðgjafi 1977-79. Sendikennari við Virginia Tech 1979-80. Kennari við Kennaraháskólann 1980-2000.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef mjög lengi haft áhuga á mannréttindamálum. Var formaður félagsins Réttarvernd, baráttufélags um aukin mannréttindi, sem starfaði í nokkur ár á áttunda áratugnum og var ritstjóri blaðsins Íslensk réttarvernd sem kom út á sama tíma. Meðal baráttumála félagsins voru: stofnun embættis umboðsmanns Alþingis (sem þá var ný hugmynd), löggjöf um upplýsingaskylda stjórnvalda og endurskoðun stjórnarskrárinnar. Árið 1980 skrifaði ég (ásamt D. J. Shoemaker) fræðilega ritgerð um kynferðislegt ofbeldi á Vesturlöndum. Réttindamál barna og unglinga eru knýjandi vandamál. Sem formaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um tíma sannfærðist ég um að þar væri úrbóta þörf.

8936

Bryan Allen Smith III

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Athafnamaður
bryanallensmith@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Iðnskólinn í Reykjavík, upplýsinga- og fjölmiðlafræði.
Æskulýðsstarf. Nefndarstjóri og sjálfboðaliðastjóri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vegna fjölda áskorana býð ég mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég hef starfað mikið innan kirkjunnar og að samfélagsmálum og ekki pólitík. Ég stend fyrir sjálfstæðu, sjálfbæru, herlausu Íslandi. Gegnsæri stjórnsýslu og auknu upplýsingastreymi auk þess sem að skýr viðurlög og ábyrgð eru skilgreind. Stuðlað verði að félagsvirkni jaðarhópa og að leitast verði við að allir fái jöfn tækifæri til þátttöku í lýðveldinu og að jafnrétti ríki. Aðgangur að menntun við hæfi og heilbrigðis- og sálgeislu eru grunnmannréttindi fyrir alla.

6923

Bragi Skaftason

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Tryggingaráðgjafi
bragisk@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég lagði stund á heimspeki og stjórnmalfræði eftir að hafa klárað Menntaskólann við Hamrahlíð. Þar kláraði ég 90 einingar. Ég hef starfað við tryggingar í 5-6 ár, nú hjá Tryggingamiðstöðinni þar sem ég hef verið undanfarin þrjú og hálf ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil hafa áhrif á það hvernig stjórnskipun við Íslendingar búum við í framtíðinni. Ég tel að hugmyndir mínar um réttlæti og jafnrétti séu vel ígrundaðar og sanngjarnar. Sú hugmyndafræði sem ég mun beita mér fyrir byggist á hugsjónum frelsis og jafnréttis. Við sem þjóð eigum að geta treyst valdhöfum okkar og grunnurinn að slíku trausti kristallast í sterkri stjórnarskrá. Stjórnarskrá sem ver okkur fyrir misbeitingu valds og sem setur skýrar leikreglur um hvernig landinu er stjórnað. Ég hvet alla til að kynna sér málin í þau og taka upplýsta ákvörðun.

3843

Bryndís Bjarnarson

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Verkefnisstýra Kvænnafrídagsins 2010
bryndis64@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

MA menningarstjórnunarkúrsum lokið. Vinn að lokaritgerð.
Námsdvöl á Spáni við Universidad pública de Navarra 2007.
BA í HHS hagfræði, heimspeki og stjórnmalfræði 2007.
Stúdent frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti 2005.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til að hafa áhrif á uppbyggingu við nýtt Ísland. Ég vil sjá breytingar í íslensku samfélagi og stjórnsýslunni. Kosningalögum þarf að breyta, skoða þarf persónukjör og möguleika á að landið verði eitt kjördæmi, atkvæðavægi í landinu verði jafnað og auka þarf beint lýðræði. Efla Alþingi og skerpa á þrískiptingu ríkisvaldsins þannig að ráðherrar sitji ekki á þingi. Setja kjörnum fulltrúum tímamörk. Tryggja að jafnréttislag sé virt og útrýma launamun kynjanna. Efla þarf almenna siðfræðikennslu í skólum. Reynsla mín af endurskoðun jafnréttis laga 2006 mun nýtast vel á stjórnlagabingi.

9519

Brynjar Gunnarsson

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Ljósmyndari
brynjar.gunnarsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri þar sem ég stundaði nám við félagsfræðibraut, frá Háskóla Íslands með BA gráðu í félagsfræði og frá University of Westminster í London með MA gráðu í fréttaljósmyndun.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að þessi fjögur stefnumál mín hljóti brautargengi:

- Að ríki og kirkja verði aðskilin.
- Að auðlindir þjóðarinnar verði ávallt í þjóðareign og einkavæðing þeirra verði óheimil.
- Að ráðherrar geti ekki um leið verið þingmenn.
- Að þjóðin geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg málefni.

3975

Clarence Edvin Glad

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Sjálfstætt starfandi fræðimaður, kennari

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: BA í guðfræði, BA í heimspeki, cand. teol. og PhD í trúarbragðafræðum, ásamt kennsluréttindum á framhaldsskólastigi.
Starfsreynsla: Háskóla- og framhaldsskólakennari í Bandaríkjunum, Danmörku og á Íslandi (1985-2010) og sjálfstætt starfandi fræðimaður við ReykjavíkurAkademiuna frá 2000.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég fæddist á Sauðárkróki og ólst þar upp. Sænsk-finnkir foreldrar mínir völdu engilsaxneskt nafn á snáðann sem hefur upp frá því þurft að útskýra hver hann er. Frá því að ég man eftir mér hef ég velt því fyrir mér hvað það er að vera Íslendingur. Þær hugsanir hafa orðið æ áleitnari eftir búsetu vegna náms og starfa í Finnlandi, Belgíu, Ísrael, Grikklandi, Danmörku og Bandaríkjunum. Persónuleg reynsla hefur knúið mig sem fræðimann og kennara til að fjalla um mannréttindi og stjórnarskrár í sögu og samtíð og svonefnd grunnildi samfélagsins í ljósi menningarlegrar fjölbreytni og alheimsvæðingarátt. Ég býð mig fram til stjórnlagabings af einlægum áhuga á að taka þátt í stórmerkilegri tilraun!

9035

Brynjólfur Sveinn Ívarsson

Fæðingarár: 1987 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Nemi
bsi1@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Fjölbautaskólanum í Garðabæ.
Nemur stjórnfræðingur við Háskóla Íslands.
Vinnuskólinn í Kópavogi.
Pósturinn.
Fjarðarkaup.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég myndi berjast fyrir ópólitískum drögum að stjórnarskrá. Það er að segja að innlegg mitt verði ekki stefnumótandi og að ég muni leggja gegn slíkum drögum. Stjórnarskrá er ekki vettvangur fyrir hugmyndafræði heldur markar hún grundvallarleikreglur fyrir hið opinbera og á að tryggja réttindi einstaklingsins. Þannig að ég myndi leita til klassískra kenninga um þrískiptingu ríkisvaldsins og náttúru réttar. Á grundvelli þessara kenninga myndi ég berjast fyrir fullum réttindum 18 ára, aukinni valddreifingu með því að auka vald forsetans til að skilja sundur löggjafar- og framkvæmdarvaldið, trúarhlutleysi og skilyrðislausum réttindum einstaklinga til lífs, frelsis og leitinni að hamingjunni.

7407

Daði Már Jónsson

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Verkstjóri
frambod@dadimar.com

Menntun/starfsreynsla:

Grunnnám í upplýsinga- og fjölmiðlafræði frá Fsu. Námskeið í verkstjórn og málsuðu. Ég starfa nú sem verkstjóri hjá ÍAV og hef unnið þar undanfarnir fimm ár. Einnig er ég formaður í 30 íbúða húsfélagi. Þar áður hef ég starfað á tölvuverkstæðum, í bakaríi, verslun, við sláttuþjónustu o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er óflokksbundinn einstaklingur með áhuga á þjóðmálum og umbótum þar sem þeirra er þörf. Þess vegna tel ég það skyldu mína sem virkur þjóðfélagsþegn að gefa kost á mér í að taka við niðurstöðum þjóðfundar ásamt öðrum upplýsingum og vinna úr þeim nýja, endurbætta stjórnarskrá. Það þarf að kjósa öflugt og áhugasamt fólk til að ná fram umbótum í þunglamalegu stjórnsýslakerfi. Ég er fæddur í Vogarmerkinu og er því vanur að veita og meta hlutina eins vel og mögulegt er áður en lokaákvörðun er tekin. Ég tel að ég sé vel hæfur til að starfa á stjórnlagabingi og vonast til að ég fái þinn stuðning til þess.

4459

Charlotta Oddsdóttir

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Dýralæknir
cod@mi.is

Menntun/starfsreynsla:

PhD í dýralækningum frá Edinborg 2008. Embættispróf í dýralækningum frá Kaupmannahöfn 2003. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Hafnarfirði en starfaði við almennar dýralækningar á Hellu nóv. 2007-jan. 2010.
Verkamannastörf, símavarsla og ritarastörf á sumrin á meðan á námi stóð.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er ung fjölskyldukona, dýralæknir að mennt og hef búið og starfað við almennar dýralækningar á Suðurlandi frá því ég lauk námi. Þar áður bjó ég í Danmörku og Skotlandi í alls 10 ár og hef því kynnst ólíkum samfélögum. Ég er óflokksbundin og ekki fulltrúi neinna hagsmunafélaga. Stjórnarskráin þarf að vera auðskiljanleg öllum þegnum landsins og tryggja jöfnuð. Hún þarf að halda gildi sínu um ókomin ár og bera ekki um of merki þeirra tíma sem hún er samin á. Til að tryggja þetta þarf að mæta þessu verkefni af víðsýni. Á stjórnlagabingi mun ég vinna af dugnaði, heiðarleika og umburðarlyndi gagnvart skoðunum annarra.

6285

Dagbjartur Ingvar Arilíusson

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 320 Borgarbyggð
Bíla- & vélasali, sveitarstjórnamaður
dia@geisli.com

Menntun/starfsreynsla:

Hef unnið við hin ýmsu störf, m.a. í fiskvinnslu, við plastframleiðslu og við vöruflutninga. Útskrifaðist sem stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 2000. Hef rekið bíla- og vélasölu í Borgarnesi frá þeim tíma og til dagsins í dag. Sveitarstjórnamaður frá því í vor.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil sjá stjórnarskrána í nútímalegra formi. Fólk í landinu vill sjá grundvallarbreytingar á stjórnarskránni. Ég held að við verðum að spyrja okkur margra spurninga þegar farið verður í þessa vinnu. Þau atriði sem ég einna helst tel að þurfi skoðun eru: að einfalda stjórnarskrána með það að leiðarljósi að allir geti lesið hana og skilið, fólk geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, skýrari reglur fyrir ráðamenn þjóðarinnar og refsingar, þegar það á við, verði almennar eins og við hin lútum. Einnig hef ég mikinn áhuga á persónukjöri. Við megum ekki vera feimin við að endurskoða stjórnarskrána reglulega. En fyrst og fremst skal stuðst við heilbrigða skynsemi þegar þessi vinna fer í gang.

9134

Davíð Blöndal

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Ráðgjafi, félagi í InDefence hópnun
davidblondal@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er með B.Sc. gráðu í eðlisfræði og tölvunarfræði og er að klára meistaraáráðu í hagfræði. Ég hef komið að stofnun nokkurra sprotafyrirtækja, starfað sem framkvæmdastjóri Atlantsskipa og nú síðast sem ráðgjafi fyrir erlenda aðila. Ég er í innsta kjarna InDefence hópsins.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nú er tími breytinga.

Stjórnarskráin er grunnsáttmáli þjóðarinnar og getur tryggt væntanlegar breytingar í sessi. Ég er áhugamaður um bætt þjóðfélag og hef unnið ótullega að framgangi hugsjóna minna m.a. í InDefence hópnun.

Á stjórnlagabingi mun ég berjast fyrir stjórnarskrá sem skilgreinir réttindi hvers einstaklings og síðan að ríkið eigi að verja þau. Núna er þessu öfugt farið. Ég vil sjá skýra þrískiptingu ríkisvaldsins, aukið vald þegnanna með þjóðaratkvæðagreiðslum og meiri ábyrgð þings og ráðherra.

Stjórnarskráin þarf að verja fólk fyrir misnotkun stafrænna upplýsinga, t.d. birtingu á Netinu og hún ætti að hindra hættulegt ójafnvægi í hagkerfinu eins og var fyrir hrún.

4547

Eggert Ólafsson

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 111 Reykjavík
Rekstrar- og gæðastjóri
eggert@rvk.is

Menntun/starfsreynsla:

Meistarapróf - (MPA) í opinberri stjórnsýslu - lokaritgerð 2007 um rafræna stjórnsýslu. BS próf í tæknifræði 1976. Rekstrar- og gæðastjóri Upplýsingatæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar og stundakennari við Háskólann í Reykjavík. Áður m.a. hjá Skýrr og Marel. Formaður Skýrslutæknifélagsins 2001-2004.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin er sá grunnur sem íslensk stjórnskipun byggist á og jafnframt mikilvæg trygging fyrir grundvallarréttindum landsmanna, óháð stjórnvöldum á hverjum tíma. Ég vil nýja stjórnarskrá sem verður skrifuð á skýru máli.

Áhersluatriði eru: mannréttindi, jafnrétti, verndun umhverfis og fjölskyldu, lýðræðisumbætur með beinni þátttöku kjósenda og jöfnu vægi atkvæða, skýr valdmörk forseta og annarra stjórnvalda, trúfrelsi, upplýsingaskylda og gegnsæi, faglegar ráðningar embættismanna. Ég hef menntun, reynslu og réttlætiskennnd sem nýtist til þess að skila góðu starfi á stjórnlagabingi. Ég er ekki fulltrúi hagsmunahópa eða stjórnmálaafila og legg áherslu á heiðarleika og vönduð vinnubrögð.

7572

Dögg Harðardóttir

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri
Deildarstjóri
dh@isl.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1985.
B.Sc. próf í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands 1992.
Uppeldis- og kennslufræði frá Háskólanum á Akureyri 2000.
Lýk diplomnámi í stjórnun innan heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri næsta vor.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Endurskoðun stjórnarskrárinnar er vinna sem þarf að inna af hendi af fagmennsku, skynsemi og yfirvegum með velferð þjóðarinnar að leiðarljósi. Um stjórnarskrána þarf að ríkja sátt. Ég vil standa vörð um lýðræði, tjáningarfrelsi og jafnrétti jafnframt því að standa vörð um kristin gildi og trúfrelsi. Þá vil ég tryggja að náttúruauðlindir séu eign þjóðarinnar en ekki fárra útvalinna. Sem Reykvíkingur, búsettur á landsbyggðinni, hef ég þekkingu á ólíkum sjónarhornum þéttbýlis og dreifbýlis auk reynslu af félagsmálum, kennslu og heilbrigðisþjónustu. Þau verkefni sem mér hafa verið falin í starfi og leik hef ég unnið af heilindum og heiðarleika. Þeir sem þekkja vinnubrögð mín treysta mér.

3821

Egill Örn Þórarinnsson

Fæðingarár: 1987 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Nemi í stjórnmálafræði
egillinn@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stjórnmálafræði í Háskóla Íslands 2008-
Stúdentspróf frá Ví 2008.
Skiptinemi í Bólívíu 2005. Verkefnastjóri hjá AFS, júní 2010-
Aðstoðarmaður prófessors við HÍ sumar 2009.
Handknattleiksdómari hjá HSÍ 2006-
Knattspyrnudómari hjá KSÍ 2008-
Ýmis trúnaðarstörf fyrir AFS.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Frá bankahruni hefur áhugi minn á réttindum almennings vaxið jafnt og þétt, enda að mörgu að huga á erfiðum tímum. Mér hafa fundist mannréttindi vera meira í orði en á borði og vil því ganga úr skugga um að þau séu tryggð með óyggjandi hætti í stjórnarskrá lýðveldisins.

Kosningakerfið í þeirri mynd sem við þekkjum í dag þarfnast mikilla úrbóta þar sem stórum stjórnmálaöflum er hlygt á kostnað smærri framboða. Núverandi stjórnarskrá er að mörgu leyti góð en þó er ýmislegt sem þarfnast lagfæringar og skerpa þarf á nokkrum atriðum. Ég er fylgismaður þess að stjórnarskráin sé samin án beinnar aðkomu stjórnmálaafila - þessu á fólkið í landinu að ráða.

5845

Eðvald Einar Stefánsson

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Sérfræðingur hjá umboðsmanni barna
edvald@barn.is

Menntun/starfsreynsla:

Uppeldis- og menntunarfræðingur og lýk senn meistaranámi í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Hef viðtæka starfsreynslu á sviði félags- og skólamála, m.a. sem forstöðumaður á sambýli fyrir ungt fólk með fötlun. Er nú starfandi sem sérfræðingur hjá umboðsmanni barna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég vil sjá einfalda og skýra stjórnarskrá sem byggir á reynslu núverandi kynslóðar en bindur ekki aðrar kynslóðir. Okkur ber að læra af reynslunni en um leið horfa til langs tíma. Það er margt gott í núverandi stjórnarskrá en það þarf að skerpa á ýmsu. Ég vil að réttur barna sé betur tryggður í komandi stjórnarskrá og ég vil sjá ítarlegri og skýrari mannréttindakafla. Stjórnarskrá er okkar mikilvægasta plagg sem sjálfstæð þjóð og við endurskoðun hennar bera að huga að mörgu. Ég tel því nauðsynlegt að á stjórnlagabing veljist fólk með sem fjölbreyttastan bakgrunn, reynslu og viðhorf og býð mig fram til að kjósendur fái það val.

6307

Einar Brandsson

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 300 Akranesi
Tæknifræðingur
einarbrands@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Er menntaður vélstjóri og rekstartæknifræðingur og hef unnið margvísleg störf frá því ég byrjaði sem blaðburðardrengur um 10 ára aldur. Starfa nú hjá Skaganum hf. á Akranesi sem sölustjóri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að mér er ekki sama um þá framtíð sem biður barna og barnabarna minna og annarra. Nú stendur til boða að hafa varanleg áhrif á framtíð okkar með því að bjóða fram krafta sína á stjórnlagabing. Það tækifæri vil ég ekki láta fram hjá mér fara. Mín skoðun eftir lestur stjórnarskrárinnar er að við höfum að grunninum til góða stjórnarskrá sem þarf að gera skýrari og aðlaga nútímanum og það sem mikilvægast er að fara eftir henni. Mig langar að fá að lifa í þannig samfélagi að virðingin fyrir manneskjunnri verði í fyrirrúmi og að allir einstaklingar hafi þá hugsun í fyrirrúmi: „Hvað get ég gert til góðs?“ í stað „Hvað ætlið þið að gera fyrir mig?“

3161

Einar Magnús Einarsson

Fæðingarár: 1983 **Sveitarfélag:** 640 Norðurþingi
Vaktmaður
magnus@stjornlagathing.org

Menntun/starfsreynsla:

Ólst upp í opnum grunnskóla á Kópaskeri. Útskrifaðist af náttúrufræðibraut frá FSH 2003 og tók skipstjórnarréttindi 2007. Síðan þá hef ég komið víða við í atvinnulífinu. Síðustu ár hef ég starfað sem tryggingaráðgjafi, kennari, skipstjóri og nú síðast sem vaktmaður í fiskeldi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil láta að mér kveða á stjórnlagabingi til að koma raunverulegum völdum aftur í hendur þjóðarinnar. Ísland á að vera eitt kjördæmi þar sem öll atkvæði eru jafngild og fólki er gefinn kostur á að kjósa fólk en ekki flokka. Þingmenn eiga eingöngu að sjá um löggjöf en þó getur ákveðið hlutfall kjósenda krafist þess með undirskriftasöfnun að frumvörp séu tekin fyrir á þingi og vísað lögum í þjóðaratkvæði. Ráðherra á að kjósa beint til að fara með framkvæmdarvald, þeir eiga ekki að sitja á Alþingi. Einnig vil ég að kosningaaldur verði lækkaður til að auka lýðræði, endurskilgreina embætti forseta og aðskilja ríki og trúfélög.

6703

Eiríkur Beck

Fæðingarár: 1951 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Sjálfstætt starfandi
eirikur.beck@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Var sjómaður og síðar lögregluþjónn í 27 ár. Starfaði á flestum sviðum löggæslu en lengst sem rannsóknarlögreglumaður. Kennari við Lögregluskóla ríkisins, ökukennari og kafari. Eftirlitsmaður Veiðimálastjóra. Menntaskólinn í Hamrahlíð. Nú sjálfstætt starfandi. Aldrei tengt stjórnmalaflokki.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vegna þess að ég tel að stjórnarskráin sé ekki nógu skýr og stjórnmalamenn hafa náð að sniðganga sjálfsgöð réttindi þegnanna. Kosningalöggjöfin tryggir ekki jöfn réttindi né aðhald fyrir Alþingi. Ég vil þjóðaratkvæðagreiðsu vegna stærri mála. Tryggja auðlindir í þjóðareign til frambúðar með nýtingarrétti til ákveðins tíma. Tryggingu fyrir þrískiptingu valdsins og málskotsréttarskyldu forseta til þjóðaratkvæðis.

3645

Einar Guðmundsson

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Geðlæknir

Menntun/starfsreynsla:

Geðlæknir með viðbótarnám, m.a. í heimspeki, sálgreiningu hópa og stjórnun. Hef starfað á sjúkrahúsum og heilsugæslu í öllum landshlutum og 3 löndum. Nú sjálfstætt starfandi geðlæknir og stjórnendaráðgjafi í Reykjavík. Stjórnarseta í félögum hér og erlendis. Skrifað greinar fyrir almenning, m.a. um lýðræði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Góð stjórnarskrá ætti að vera siðareglur hvers lands. Hún þarf að vera einföld og skýr svo hægt sé að kenna hana í grunnskólum landsins. Hún þarf að vera svo háleit og markmið svo göfug að ekki standi í neinum að sverja henni eið. Lýðræði er í dag vanþróað og flokksræði víða tekið við. Mikið er rætt um þrískiptingu valds í löggjafar-, framkvæmdar- og dómvald. Fjölmíðlar eru kallaðir fjórða valdið. En vald almennings, númer hvað er það? Viðhorfsbreytingu þarf með áherslu á að allt vald sé þjóðarinnar og þjóðin feli ákveðnum þjónum sínum að sinna löggjöf, dómsmálum og daglegum rekstri samfélagsins. Öll stærri mál verði sett í þjóðaratkvæði. Auðmýkt, gagnsæi og vald-dreifing eru lykilorð.

2193

Eiríkur Bergmann Einarsson

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Dósent í stjórnmalafraeði
eirikur@bifrost.is

Menntun/starfsreynsla:

Eiríkur Bergmann er doktor í stjórnmalafraeði, dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst. Höfundur fjölda bóka og fræðigreina um þjóðfélagsmál, einkum um tengsl Íslands við umheiminn. Kennt og tekið þátt í margvíslegu rannsóknastarfi við fjölda háskóla hérlendis og erlendis.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Eftir hrun er brýnt að leggja nýjan sáttagrunn undir íslenskt samfélag og endurskoða frá grunni hina danskættuðu stjórnarskrá. Rétt er að ganga til stjórnlagabings með opnum hug en eftirfarandi myndi ég vilja taka til umræðu: Í fyrsta lagi að brjóta upp stjórnmalakerfið með því að opna fyrir persónukjör í þingkosningum. Í öðru lagi að kjósa forsætisráðherra beinni kosningu. Í þriðja lagi að beita þjóðaratkvæðagreiðslu í auknum mæli. Í fjórða lagi að afnema kjördæmaskiptinguna. Í fimmta lagi að útbúa alhliða réttindaskrá fyrir borgarana til viðbótar við hefðbundin mannréttindaákvæði, svo sem um sanngjarna meðferð mála hjá hinu opinbera. Þá mætti hugsanlega lækka kosningaaldurinn í 16 ár.

9761

Einar Stefán Kristinsson

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Hópstjóri, gagnagrunnssérfræðingur
einar.kristinsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent MA 1984. Tölvunarfræðingur HÍ 1990. Framhaldsnám í tölvunarfræði, Osló, Noregi 1994-1997. Forritari hjá SKÝRR 1990-1994. Kerfisstjóri, háskólinn í Ósló, samhliða námi 1995-1997. Vefforritun hjá Skímu 1997-1998. Hugbúnaðargerð IE 1998-2006. Gagnagrunnssérfræðingur KB/Arion banka 2006-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil tryggja sjálfstæði Íslands. Ég vil búa í samfélagi þar sem réttlæti, heiðarleiki, sanngírni, mannvirðing og jafnrétti eru grunngildi, sett ofar fjárhagslegum hagsmunum einstakra aðila. Ég vil tryggja eignarrétt þjóðarinnar á auðlindum landsins og arði af nýtingu þeirra. Ég vil stuðla að opnu stjórnkerfi, þar sem upplýsingar um fjármál, samskipti og ákvarðanatök stjórnvalda eru aðgengilegar almenningi. Ég vil tryggja sjálfstæði og þrískiptingu valdsins. Ég vil stuðla að þátttöku borgaranna í samfélagslegum málum, þjóðaratkvæði um ákveðna málaflokka og að við borgarar getum kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem við teljum mikilvæg.

4415

Eiríkur G. Guðmundsson

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Sviðsstjóri í Þjóðskjalasafni Íslands
eirikurgudm@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

BA próf í íslensku og sagnfræði. Cand. mag. í sagnfræði. Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Kenndi í Fjölbrotaskóla Vesturlands 1978-1996. Aðstoðarskólameistari þar í 10 ár. Rektor í MS 1996-2001. Sviðsstjóri í Þjóðskjalasafni Íslands frá 2001. Er formaður Skátasambands Reykjavíkur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að mér finnst miklu varða hvernig stjórnskipan Íslenska lýðveldisins er. Það er mjög mikilvægt að almenningur fái að leggja sitt af mörkum við þetta verk. Grundvallaratriði er að hagsmunir heildarinnar verði hafðir að leiðarljósi og að hugað verði að rétti þjóðar og lands með skýrum hætti í nýrri stjórnskipan. Eitt það mikilvægasta er að tryggja aðgreiningu hins þrískipta ríkisvalds. Treysta þarf lýðræði og lýðréttindi, m.a. möguleika þjóðarinnar til þess að taka ákvarðanir í mikilvægum málum með þjóðaratkvæðagreiðslum. Þá er ekki síður mikilvægt að festa með öruggum hætti þjóðareign á náttúruauðlindum Íslendinga í nýrri stjórnarskrá.

3348

Eiríkur Þór Magnússon**Fæðingarár:** 1970 **Sveitarfélag:** 560 Sveitarfél. Skagafirði Málarameistari**Menntun/starfsreynsla:**

Iðnskólinn í Reykjavík: Sveinspróf í málaraíðn 1989 og meistaraþróf í málaraíðn 1991. Einkaflygþróf 2000. Starfað við eigin iðnfyrirtæki, EPM ehf., frá stofnun 1990.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Aukin aðkoma hins almenna kjósenda að stjórnmalum er nauðsynleg til að styrkja lýðræðið á Íslandi. Þannig er hægt að auka gegnsæi, sporna gegn spillingu og stuðla að betri ákvarðanatöku í málefnum sem varða okkur öll. Ég legg áherslu á góða umgengni um náttúru og auðlindir. Það er á þeim sem við lifum. Að auðlindirnar haldist í sameign okkar þegnanna sem vilja byggja þetta land er grundvöllur fyrir sátt og velferð þjóðarinnar.

Ég hef starfað sem atvinnurekandi og starfsmaður í eigin iðnfyrirtæki í tvo áratugi. Ég tel mikilvægt að á stjórnlagabing veljist fólk með fjölbreyttan bakgrunn og hef áhuga á þátttöku. Því býð ég mig fram.

3271

Elinborg Skúladóttir**Fæðingarár:** 1958 **Sveitarfélag:** 300 Akranesi Rekstrarstjóri elinborg8@msn.com**Menntun/starfsreynsla:**

Ferða og þjónustuiðnaður. Þjónsmenntun í Götaborg. Ég hef starfað og búið í Svíþjóð, Frakklandi, Hong Kong og Ástralíu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þar sem komið hefur í ljós að skilvirkni núverandi stjórnarskrár er ábótavant og fólk hefur upplifað algjöra vanmáttarkennd í því mikla hruni sem hér dundi yfir, vil ég leggja fram mína krafta og skilning á réttlæti til að börn mín og barnabörn þurfi ekki að finna til sams konar vanmáttar og tilgangslæysis í framtíðinni. Kominn er tími til að þjóðkjörnir menn og konur fái skýrari starfslýsingu á því mikilvæga og ábyrgðarmikla þjónustustarfi sem þau bjóða sig fram til að sinna. Að stjórnarskráin verði virðingarfult verkfæri fyrir þjóðina, sem þingmenn og ráðherrar verði að fylgja í þjónustu sinni fyrir fólkið á Íslandi.

5438

Eiríkur Hans Sigurðsson**Fæðingarár:** 1942 **Sveitarfélag:** 116 Reykjavík Ökukennari skrida@simnet.is**Menntun/starfsreynsla:**

Bankaútibússtjóri 1983-1994. Starfaði sem framkvæmdastjóri, löggiltur váttryggingamiðlari og fjármálastjóri hjá einkafyrirtækjum til 2005 er ég hóf störf hjá Umferðarstofu. Hætti þar í sept. sl. og starfa nú við ökukennslu á bíl og mótórhjól, sem ég hef haft að aukastarfi frá 1981.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Sú ákvörðun að gefa kost á mér til setu á stjórnlagabingi var fyrst og fremst byggð á minni þjargföstu skoðun að auðlindir íslenska ríkisins eigi skilyrðislaust að vera í eigu þjóðarinnar, hvernig svo sem nýtingu þeirra verður háttað. Til að tryggja það tel ég nauðsynlegt að festa það í stjórnarskrá svo ekki verði við hróflað í dægurmálum stjórnmalanna. Stjórnarskrá okkar er að grunni til frá 1874. Það er því löngu tímabært að taka hana til heildarendurskoðunar. Von mín er að frá þjóðfundinum, sem haldinn verður 6. nóvember nk., komi margar góðar tillögur sem nýtast munu stjórnlagabinginu. Það er þjóðin sem á að setja þessi grundvallarlög sem stjórnarskráin er.

9904

Elías Halldór Ágústsson**Fæðingarár:** 1963 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík Kerfisfræðingur eliashalldor@gmail.com**Menntun/starfsreynsla:**

Stúdent frá formálabraut MH. Nam latínu, grísku og löggæði við Háskóla Íslands. Kvikmyndagerð við London Film School 1988-1992. Skrifstofustörf við Sýslumannsembættið í Reykjavík 1993-1994. Unix-sérfræðingur og kerfisstjóri hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands frá 1996 til dagsins í dag.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil tryggja mannréttindi eins og þau gerast best í heiminum; það er að hinu opinbera verði settar mjög þröngar skorður um íhlutun þess í líf borgaranna. Ég vil að ekki megi setja lög sem hygla einum trúflokki fram yfir annan. Ég vil gera landið að einu kjördæmi og afnema listakjör til Alþingis. Félagafrelsi skal ekki skerðast en félögum eða stofnunum skulu þó ekki veitt nein réttindi utan þeirra sem einstakir meðlimir njóta sem einstaklingar. Ég vil auka þrískiptingu ríkisvaldsins og draga úr valdi framkvæmdarvaldsins. Löggjafarvald, dómvald og framkvæmdarvald skulu veita hvert öðru aðhald. Ráðherrar komi ekki úr röðum Alþingis heldur séu tilnefndir af forseta með neitunarvaldi þingsins.

2974

Eiríkur Mörk Valsson**Fæðingarár:** 1951 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi Framkvæmdastjóri eirikurmork@gmail.com**Menntun/starfsreynsla:**

Nám: Stúdent frá MR. Rekstrar- og viðskiptanám við EHI. Diplóma í fjármálum og stjórnun frá viðskiptafræðideildinni á Bifröst. Störf: Við tölvur (1971-1985) í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Síðan 1985 einkum við markaðssetningu og sölu á erlendum mörkuðum og svo alþjóðaviðskipti með skipaeldsneyti.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vil taka þátt í því áriðandi starfi að breyta stjórnarskránni. Í stjórnarskrá vil ég hafa ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og um skarpri skil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Setja þarf ákvæði sem í raun styrkja stöðu Alþingis. Skýr ákvæði um auðlindir þjóðarinnar og eignarhald hennar á þeim. Vil stjórnarskrá sem er skýr, aðgengileg og þannig úr garði gerð að hún geti staðið óbreytt í nokkurn tíma. Þegar þarf að breyta leggur stjórnlagabing tillögur fyrir þjóðina. Að stjórnarskránni á að vera inngangur þar sem andi stjórnarskrárinnar er settur fram á mannamáli. Til að rita innganginn skal fá hóp rithöfunda og skálda, fólk sem getur samið aðgengilegan, skýran og fallegan texta.

5383

Elías Gíslason**Fæðingarár:** 1948 **Sveitarfélag:** 103 Reykjavík Viðskiptafræðingur eg.heild@simnet.is**Menntun/starfsreynsla:**

Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Framhaldsnám við University of Wisconsin, Madison. Starfaði sem sérfræðingur hjá Fasteignamati ríkisins til 1985 en hef síðan verið sjálfstæður atvinnurekandi við inn- og útflutning. Undanfarin 10 ár hef ég enn fremur rekið bókhalds- og ráðgjafarþjónustu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel margt skynsamlegt og gott í núverandi stjórnarskrá. Með tilliti til þess sem gerst hefur í þjóðfélaginu tel ég þó að full ástæða sé til að skoða það með opnum huga hvort endurbóta sé þörf. Mínar helstu áherslur eru að ég aðhyllist skýrari mörk á milli framkvæmdarvalds og löggjafarþings. Ég vil að tryggt sé að auðlindir landsins haldist í eigu þjóðarinnar og tel nauðsynlegt að almenningur eigi rétt á að krefjast þjóðaratkvæðis um umdeild mál. Enn fremur hef ég þá einlægu trú að stjórnarskráin eigi að vera sáttmáli venjulegra Íslendinga úr öllum stéttum. Sjálfur hef ég aldrei tekið þátt í pólitísku starfi og er ekki tengdur inn í neinar valdaklíkur.

7759

Elías Blöndal Guðjónsson

Fæðingarár: 1983 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Lögfræðingur
eliasblondal@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Elías Blöndal Guðjónsson er með BA próf og meistaraþróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og stúdentsþróf frá Fjölbautaskólanum í Garðabæ þar sem hann gegndi stöðu formanns nemendafélagsins. Elías er lögfræðingur Bændasamtaka Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Elías Blöndal Guðjónsson hyggst berjast gegn umfangsmiklum breytingum á stjórnarskránni. Það er til marks um ágæti stjórnarskrárinnar að hún hefur staðist tímans tönn stóráfallalaust. Nauðsynlegt er að stjórnarskrárfesta ríki, ekki sist til að tryggja að meirihlutinn gangi ekki á mannréttindi minnihlutans. Einn mikilvægasti kafli stjórnarskrárinnar, sem fjallar um mannréttindi, var nýlega tekinn til gagngerrar endurskoðunar og því er ástæðulaust að breyta honum. Þá telur Elías að bankahrúnið gefi ekkert tilefni til að breyta stjórnarskránni. Orsakir þess er ekki að finna í henni. Þvert á móti er óráðlegt að ráðast í breytingar á stjórnarskránni á þessum umbrotatímum.

4393

Elías Theódórsson

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 801 Sveitarfél. Ölfusi
Framkvæmdastjóri
z@z.is

Menntun/starfsreynsla:

Viðskiptafræðingur MBA. Stundaði nám á Íslandi, Englandi, S-Afríku og Bandaríkjunum. Ég hef komið að rekstri nokkurra fyrirtækja.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin er gríðarlega mikilvægt skjal því á henni byggjast leikreglur og þar af leiðandi velferð samfélagsins. Mér eru sérstaklega ofarlega í huga almenn mannréttindi allra þegna þjóðfélagsins, þar er frelsið stór þáttur. Það er mjög mikilvægt að stjórnarskráin tryggi algjört frelsi einstaklingsins, þ.e. tjáningarfrelsi í öllum myndum þess, samviskufrelsi, trúfrelsi, félagafrelsi o.s.frv. Tryggja þarf að sameiginlegar auðlindir landsins séu í forsjá þjóðarinnar og jafnframt að eignarréttur einstaklingsins sé tryggður. Tryggja þarf velferð fjölskyldunnar, hornstein þjóðfélagsins. Standa þarf vörð um lýðræðið, auka vægi beins lýðræðis.

7286

Elías Oddsson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 400 Ísafjarðarbæ
Nemi, sjálfstætt starfandi í ferðaþjónustu o.fl.
fagraholt2@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Rafvirki frá lönskólanum á Ísafirði. lönfræðingur frá Tækniskóla Íslands 1984. Ólukið námi við Háskólann á Akureyri í rekstrarfræði á ferðaþjónustusviði. Hef unnið við rafvirkjun, sá um rekstur skíðasvæðis Ísafirðinga. Framkvæmdastjóri tölvufyrirtækis, rækjuvinnslu og ferðaþjónustufyrirtækis.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á stjórn landsins og tel mig hafa bæði þekkingu og reynslu sem er dýrmæt fyrir þann vettvang sem stjórnlagabing er. Ég gengi með opnum hug til stjórnlagabings en þó eru nokkur atriði sem ég myndi leggja áherslu á. Ég vil beita mér fyrir framgangi lýðræðis, mannréttinda og jafnréttis. Ég styð að ákvæði um þjóðareign á auðlindum, bæði til lands og sjávar, verði fest í stjórnarskrá. Þá tel ég að skerpa þurfi á greinum stjórnarskrárinnar um skiptingu valdsins. Þá þarf breytingu á skípan málskotsréttar til þjóðaratkvæðis og horfi ég þá til dönsku reglnanna í því. Umhverfismál og sjálfbær nýting náttúrunnar eru mér einnig ofarlega í huga.

2105

Elín Guðmundsdóttir

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 800 Sveitarfél. Árborg
Náttúrufræðingur, verslunareigandi
elin@hosilo.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég hef lokið stúdentsþrófi af listnámsbraut Borgarholtsskóla árið 2004 og B.Sc. prófi í náttúru- og umhverfisfræðum árið 2010. Ég á og rek verslun á Selfossi, sit í stjórn Samtaka verslunar- og þjónustu í Árborg og stunda nám í viðburðastjórnun í Háskólanum á Hólum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að það sé mikilvægt að hafa fjölbreyttan hóp fólks sem kosið verður á stjórnlagabing. Ég hef mikinn áhuga á þjóðmálum og gerð nýrrar stjórnarskrár sem myndi vonandi gegna stærra hlutverki í íslensku samfélagi í framtíðinni. Ég hef áhuga á að stjórnarskráin verði gerð út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem efnahagslegir, félagslegir og vistfræðilegir hagsmunir muni ráða för. Ég vil að lýðræði sé eftt í landinu, að mannréttindi séu höfð í fyrirrúmi og að staðinn sé vörður um náttúruauðlindir Íslands.

7726

Elías Pétursson

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Framkvæmdastjóri
eliaspetursson@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Gagnfræðingur frá Varmárskóla. Nám í Vélskólanum í Reykjavík. Ýmis vinnuvélaréttindi, sótt stjórnunar- og tölvunámskeið o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég ætla að bjóða mig fram til stjórnlagabingsins sem haldið verður á næsta ári. Ástæðan fyrir framboðinu er fyrst og fremst sú að ég tel mig geta gert gagn við það verkefni að semja grunnreglur þjóðfélagsins. Ég vil taka þátt í að semja einfaldan og skýran texta þar sem settar eru fram grundvallarleikreglur samfélags framtíðarinnar. Sjálfur mun ég beita mér fyrir því að þar verði öflug og afdráttarlaus ákvæði sem heimili aldrei að gengið verði á rétt fólk til jafnréttis, tjáningarfrelsis og mannsæmandi lífs. Ég vil efla lýðræði í landinu og auka möguleika fólks á að hafa eftirlit með stjórnarathöfnum.


9849

Elín Hilmarsdóttir

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Verkefnastjóri
elinhil@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lauk kennaranámi frá KHÍ 1993 og stundaði mastersnám í íslensku og kennslufræðum við HÍ 1994–1995. Kenndi í tvö ár á Ströndum og í Leirársveit en hef síðan unnið sem ritstjóri, verkefnastjóri, texta- og hugmyndasmiður hjá ýmsum fyrirtækjum, m.a. hjá GSP-almannatengslum, Mekkano og Hvíta húsinu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með efnahagshruninu hrundi trú fólks á stjórnvöld og öll helstu embætti stjórnsýslunnar. Til að byggja það traust upp að nýju verðum við að byrja á grunninum og búa til skýran og einfaldan ramma utan um grundvallaratriði eins og tjáningarfrelsi, mannréttindi og ævarandi réttindi okkar til auðlinda í þjóðareign. Ramma sem kemur í veg fyrir að pólitikusat og braskarar þeim tengdir geti misnotað stöðu sína og völd á kostnað almennings. Ég vil taka þátt í að smíða þann ramma.

4569

Elín Ólafsdóttir

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Framkvæmdastjóri
elin@aggva.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: Grunndeild málmíðnaðar. Tækniteiknun. Markaðs- og útflutningsfræði. Rekstrar- og viðskiptanam í Endurmenntun HÍ.

Atvinna: Tækniteiknari, skipulag innréttinga, ýmis skrifstofustörf, sölu- og markaðsstörf og sl. 5 ár rekstur á eigin innflutningsfyrirtæki á heilbrigðissviði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég gef kost á mér vegna þess að ég vil vera virkur þjóðfélagsþegn sem tekur þátt í að móta framtíð Íslands fyrir komandi kynslóðir. Standa vörð um auðlindir okkar og mannréttindi. Gera stjórnarskrá okkar gleggri og gagnsærri með því að eyða vafaatriðum og hártogunum í túlkun hennar.


9431

Erlingur Sigurðarson

Fæðingarár: 1948 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Fv. forstöðumaður Húss skáldsins og kennari við MA
erlingursig@torg.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MA. BA próf í íslensku og sagnfræði og kandidatspróf í þeirri grein frá HÍ auk prófs í kennslufræðum. Nám í Bandaríkjunum fyrir og í Þýskalandi síðar. Kennari við MA í tvo áratugi, síðan sex ár forstöðumaður Sigurhæða-Húss skáldsins. Nú lífeyrisþegi, fæst einkum við kveðskap og ritstörf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Orð eru til alls fyrst. Eg trúir því að setning nýrrar stjórnarskrár sé grundvallaratriði til að endurreisa megi íslenskt þjóðfélag og skapa því trúverðugleika. Eg vil gjarnan koma þar að sem þeim ráðum er ráðið og tel mig í krafti þekkingar og lífsreynslu hafa þar töluvert fram að færa. Best yrði að alger samstaða næðist um frumvarp að nýrri stjórnarskrá, sem Alþingi gæti þá ekki komist hjá að samþykkja. Ég mun því kosta kapps um að greiða skynseminni veg svo komast megi að farsælli niðurstöðu: Stjórnarskrá sem byggir á virðingu og rétti mannsins og skyldum hans við samfélag sitt - ákvæði hennar án málalenginga, skýrt orðuð á góðri íslensku. Munum: „Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir.“

6681

Elín Erna Steinarsdóttir

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Leikskólalastjóri
elin.erna.steinarsdottir@reykjavik.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MR 1976.

Leikskólakennari 1981.

Leikskólasérkennari 1995.

Diplóma í stjórnun menntastofnana 2008.

Leikskólinn hefur verið starfsvettvangur minn, fyrst sem fóstara (leikskólakennari), síðan aðstoðarleikskólalastjóri og að lokum leikskólalastjóri til dagsins í dag.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að vinna að eftirfarandi:

Stjórnarskráin sé skýr og auðskiljanleg.

Áhersla sé lögð á grundvallarmannréttindi og þau vel skilgreind, s.s. jafnrétti, frelsi einstaklinganna á viðum grunni, friðhelgi einkalífsins og almannahagsmuni.

Staðið vörð um vatns- og fæðuöryggi.

Náttúruauðlindir í þjóðareigu.

Skýrt sé tekið fram að valdið liggja hjá þjóðinni og valdhafar stjórnin í umboði hennar að undangengnum lýðræðislegum kosningum.

Þjóðin hafi tæki til að framkalla þjóðaratkvæði í veigamiklum málum.

Samþykking þurfi breytingar á stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Stjórnkerfið skilgreint með skýrum hætti.

Áhersla lögð á sjálfstæði löggjafarvalds, dómvalds, framkvæmdarvalds og fjölmiðla.

9046

Eva Huld Friðriksdóttir

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Arkitekt, kennari
evahuld@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf – Kvinnaskólinn í Reykjavík

1996. B.Sc. í arkitektúr – Technische Universiteit, Delft,

2003. Lokapróf í arkitektúr – London Metropolitan University

2007. Arkitektastofur í London og Reykjavík 2004-2008.

Diploma til kennslu í framhaldsskólum – LHÍ 2010. Kennari við FB 2009-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með stjórnarskrá skilgreinum við samfélag okkar. Með endurskoðun á stjórnarskránni endurskilgreinum við bæði samfélag okkar og hlutverk okkar sem þegna þessa samfélags. Endurmeta þarf innviði hennar með almannaheill og mannréttindi að leiðarljósi. Skoða þarf sérstaklega hverra er valdið, lýðræði innan þingsins, samband ríkis og trúar, embætti forseta og auðlindanýtingu. Til þessarar vinnu þarf að ganga með opnum huga og gæta þess að fastmótaðar skoðanir flækist ekki fyrir. Ég er reiðubúin til að leggja mig alla fram í þessari umræðu. Ég myndi ganga til hennar af heilindum og einurð og leggja þar með mitt af mörkum til að móta framtíð Íslands.

5262

Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 150 Reykjavík
Doktorsnemi við HÍ
ehh6@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stjórnsýsluendurskoðandi hjá Ríkisendurskoðun 2007-2008 og stundakennari við HÍ. Deildarstjóri á stjórnsýslusviði Varnarliðsins 2000-2006. Hef sinnt ýmsum rannsóknar- og ráðgjafarstörfum. Lauk BA frá HÍ 1996, MPA frá Dalhousie háskóla 1999 og diplóma í alþjóðasamskiptum frá HÍ 2006. Í doktorsnámi við HÍ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með þátttöku á stjórnlagabingi vonast ég til að verða hluti af ferli sem einkennist af heiðarleika og sanngirni þar sem meginþorri Íslendinga getur náð sátt um nýjan grundvallarsáttmála samfélagsins.

Ég býð mig fram án tengsla við stjórnmalaflokka, hagsmunaöfl eða valdaaðila og án fyrirfram mótaðra niðurstaðna. Ég er menntuð á sviði stjórnsýslu og stefnumótunar og bý yfir reynslu, röggsemi og krafti sem ég er tilbúin að nýta í því mikilvæga starfi sem framundan er.

Það er einlæg trú mín að ný stjórnarskrá geti stuðlað að nauðsynlegum breytingum til að koma á samfélagsskipan sem varða mun veginn til velfarnaðar fyrir Íslendinga og komandi kynslóðir.

2754

Eva Sigurbjörnsdóttir

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 524 Árneshreppi
Hótelstýra
evasig@snerpa.is

Menntun/starfsreynsla:

Lauk gagnfræðaprófi frá Flensborg í Hafnarfirði. Stundaði nám við Fósturskóla Íslands og lauk prófi 1974. Sótti námskeið um vistvæna og menningartengda ferðaþjónustu á vegum Iðntæknistofnunar 1997-1999. Starfaði sem leikskólakennari á Íslandi og í Noregi og sem hótelstýra frá 1985.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að sem jöfnust kynjahlutföll ættu að endurspeglar störf stjórnlagabingsins og vonast til að fá inn auknar áherslur um jafnrétti á sem flestum sviðum. Enn fremur finnst mér æskilegt að stjórnlagabingið eigi fulltrúa af landsbyggðinni. Ég býð mig einnig fram vegna þeirrar óskar minnar að stjórnlagabingið muni breyta einhverju í íslensku þjóðfélagi og vil taka þátt í því ferli sem mun eiga sér stað á þinginu. Ég tók þátt í fyrsta þjóðfundinum sem haldinn var eftir hrúnið og óska eftir því að gera aftur gagn með því að bjóða fram krafta mína.

Ég hef ávallt haft mikinn áhuga fyrir þjóðmálum og ákveðnar skoðanir á því hvernig reka beri lítið samfélag eins og Ísland.

3381

Eva Alice Lucienne Leplat Sigurðsson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Kennari
eva@bhs.is

Menntun/starfsreynsla:

Framhaldskólakennari.
1979: Magisterpróf í frönsku frá Sorbonne háskóla í París.
1978: Kennsluréttindi frá Sorbonne háskóla í París.
1999: Frönskukennari við Borgarholtsskóla í Reykjavík.
1985: Kennt við ýmsa málaskóla hér.
10 ára kennslureynsla sem móðurmálskennari við framhaldsskóla í Frakklandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er kona, ég er kennari, síðast en ekki síst kem ég frá Frakklandi, vöggu nútíma lýðræðis. Ég þekki vel þær hugmyndir sem liggja að baki grundvallarlögum lýðræðisríkja dagsins í dag. Ég býð mig fram vegna þess að ég vil leggja mitt af mörkum til að skapa nýjan samfélagsáttmála sem segir skýrum orðum að hið endanlega vald sé fólksins, sáttmála sem kveður skýrt á um skyldur og hlutverk þeirra sem veitt er umboð til að stjórna, sáttmála sem tryggir á öyggjandi hátt frelsi og jafnrétti allra manna, óháð kyni, aldri, uppruna og trú. Ég vil starfa í anda kjörora frönsku byltingarinnar: Liberté, égalité, fraternité!


3029

Eyþór Jóvinsson

Fæðingarár: 1985 **Sveitarfélag:** 425 Ísafjarðarbæ
Nemi í arkitektúr, sjómaður
jovinsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Grunnskólapróf frá Grunnskóla Öndarfjarðar 2001.
Stúdentspróf frá Fjölbautaskólanum við Ármúla 2005.
BA gráða í arkitektúr frá Listaháskóla Íslands 2010.
Ég hef stundað sjómennsku frá árinu 2006, hef einnig tekið að mér ljósmyndun og margvísleg hönnunar- og arkitektúr verkefni samhliða skóla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það er mikilvægt að á stjórnlagabingi sitji breiður hópur fólks með ólíkan bakgrunn, menntun og starfsreynslu, fólk á öllum aldri og búsett um allt land. Ég býð mig fram til að veita fólki tækifæri til þess að velja úr litríkari hópi manna og kvenna. Það er gríðarlega mikilvægt að sátt verði um stjórnarskrána og að hún verði hafin yfir dægur-þras stjórnmalaflokka og standist tímans tönn. Ég er hugmyndaríkur, ungur og ferskur piltur, fæddur og uppalinn á Flateyri. Ég er óflokksbundinn og hef aldrei starfað fyrir stjórnmalaflokk. Ég er tilbúinn að leggja mig allan fram um að sátt náist um stjórnarskrána og að sem flest sjónarmið komi fram í einfaldri og skýrri stjórnarskrá.

3854

Eygló Svala Arnarsdóttir

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Ritstjóri
eyglosvala@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent af málabraut frá Menntaskólanum á Akureyri 2000, BA í samskiptafræðum (communication studies) frá Háskólanum í Erfurt, Þýskalandi 2004, MA í fjölmiðlafræðum (journalism international) frá Háskólanum í Westminster, Englandi 2006. Ritstjóri icelandreview.com hjá Heimi frá október 2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Atburðir síðustu ára hafa sýnt að stjórnkerfi Íslands er úrelt. Framkvæmdar- og löggjafarvald þarf að skilja að, koma þarf í veg fyrir flokksræði, spillingu og eiginhagsmunapólitík. Ég vil endurskoða kosningalög, koma á utanþingsstjórn og persónukjöri á Alþingi. Skilgreina þarf hlutverk forsetaembættisins upp á nýtt. Annað mikilvægt atriði, sem ég mun tala fyrir, er aðskilnaður ríkis og kirkju. Stjórnlagabingio er það jákvæðasta sem hefur komið út úr kreppunni, nú gefst tækifæri til að gera róttækar breytingar á samfélaginu og ég vona að fólk frá öllum sviðum þjóðfélagsins nái kjöri svo við getum rætt þessi atriði í þaula frá mismunandi sjónarhornum.

6087

Finnbjörn Gíslason

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 370 Dalabyggð
Gjaldkeri á sýsluskrifstofu, heimavinnandi húsaðir
finnbjorn@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stærstur hluti starfsferils míns, eða um 37 ár, var í kringum tölvur. Síðustu fimm ár hef ég unnið ýmis skrifstofustörf, þar á meðal um hálf ár sem svæðisfulltrúi RKÍ á Vesturlandi. Seinni árin hef ég lært starfsmannastjórnun hjá EHÍ, hómópatíu (smáskammtalækningar) hjá ICPH og heilun hjá BBSH í Miami.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég ann mínu landi og þjóð og vil leggja mitt af mörkum til að skapa okkur öllum tryggari framtíð en orðið hefur síðustu tvö árin. Enn fremur er það orðið ljóst fyrir mörgum árum að það hefur verið Alþingi/stjórnvöldum um megn að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins til að aðlaga hana breyttum tímum. Núverandi stjórnarskrá, sem við erfðum frá Dönum og getum verið þakklát fyrir, er á annað hundrað ára gömul þó hún hafi ekki tekið gildi fyrr en 17. júní 1944. Í mínum huga er það stórkostlegur heiður að fá mögulega í gegnum væntanlegt stjórnlagabingio að taka þátt í því að setja saman skjal sem getur orðið grunnur að framtíðar sjálfstæði og velferð lýðveldisins Íslands.

8914

Eyjólfur Ármannsson

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Löggfræðingur, aðstoðarsaksóknari í efnahagsbrotadeild RLS
eyjolfur@yahoo.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er löggfræðingur frá Háskóla Íslands. Lauk meistaraprófi í löggfræði (LL.M.) frá University of Pennsylvania í Philadelphia í Bandaríkjunum. Er aðstoðarsaksóknari í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Hef reynslu úr stjórnsýslu, m.a. frá ráðuneyti, ríkisstofnun og sýslumanni og úr lögmennsku.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil auka lýðræði.
Áherslumál mín eru bein kosning framkvæmdarvaldshafa og aukid persónukjör þingmanna. Aukið lýðræði er að almenningur kjósi persónukjöri bæði handhafa framkvæmdarvalds (forseta) og fulltrúa löggjafarvalds (alþingismenn). Þannig á að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald. Sameina á embætti forsætisráðherra og forseta Íslands undir forseta Íslands sem yrði handhafi framkvæmdarvalds og skipaði ráðherra. Þetta drægi úr karpí stjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi og stóryki skilvirkni og eftirlitshlutverk þings með framkvæmdarvaldi og stjórnsýslu. Nú kjósa þingflokkar ríkisstjórnar foringja sína sem ráðherra. Menn hafa ekki eftirlit með foringjum sínum.
Lýðræði í stað flokksræðis.

6032

Finnbogi Vikar

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 810 Hveragerði
Nemi
finnbogig@bifrost.is

Menntun/starfsreynsla:

Laganemi

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Auka réttindi íbúa sjávarbyggða til að stunda fiskveiðar og auka réttindi einstaklinga til atvinnufrelsis án þess að skaðaðir séu hagsmuni annarra þegna landsins eða heildarhagsmunir þjóðarinnar.

2303

Freyja Haraldsdóttir

Fæðingarár: 1986 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Framkvæmdastjóri, nemi
frejja@forrettindi.is

Menntun/starfsreynsla:

BA próf í proskapjálfafræði. Stundar nú meistaranám í fötlunarfræði við HÍ. Hefur starfað talsvert með börnum í leik- og grunnskólum, rek fyrirtækið Forrettindi og er einnig varaformaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings því ég trúi að þjóðfélagsþegnarnir séu þeir hæfustu til að byggja upp niðurbrotið þjóðfélag. Ég tel það vera lykilatríði í þessu breytingaferli að horfa til framtíðar, taka það óþægilega en nauðsynlega skref að stokka upp í stöðnuðu kerfi og móta stefnu sem unnin er af fagmennsku, siðferði, þekkingu og innsæi. Ég er sannfærð um að með gegnsæri og auðskilinni stjórnarskrá, sem unnin er af fagmennsku og þekkingu, þar sem mannréttindaákvæði eru skýr, séu skapaðar forsendur fyrir samfélag þegnanna til að tjá sig og hafa áhrif. Stjórnlagabing er í mínum huga vettvangur til að koma rödd Íslendinga á framfæri, rödd sem vill heyra um breytingar og sjá verkin tala.

8375

Friðrik Ólafsson

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Ráðgjafi, verkfræðingur
fridrikolafs@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Margra ára reynsla í ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja til að rata um stíga laga og reglugerða.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Skerpa á skiptingu og samvinnu: forsetavalds - löggjafarvalds (33 þingmenn!) - framkvæmdarvalds (10 ráðherrar!) - dómsvalds. Gera landið að einu kjördæmi. Þing starfi allt árið. Valdhafar verði kosnir beinni kosningu til 4 ára, mest tvisvar. Enginn valdhafi má sitja samtímis á tveim valdsviðum. Kafli um siðfræði, hófsemi og skynsemi verði settur í stjórnarskrá svo og um þjóðaratkvæðagreiðslur (að beiðni 25% kjósenda). Ótvírátt orðalag verði sett um not auðlinda lands. Stjórnarskrá verði á lýsandi íslensku máli og myndræn. Spurning er, hvaða tillögur koma frá þjóðfundi?

9156

Friðrik Hansen Guðmundsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Framkvæmdastjóri, verkfræðingur
fhg@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi 1978. Lokapróf í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands 1982. M.Sc. í byggingaverkfræði frá Tækniháskóla Danmerkur í Kaupmannahöfn, DTU, 1984.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Í framhaldi af því að ég hef skrifað nokkra pistla um stjórnarskrána og stjórnskipun Íslands og ég lenti í þessu 1000 manna úrtaki sem mun sitja þjóðfundinn 6. nóvember næstkomandi þá ákvað ég að gefa kost á mér í framboð til stjórnlagabingsins. Það er sérstakt og í raun einstakt að fá tækifæri til að taka þátt í því að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá. Ég hefði gjarnan viljað taka þátt í því.

9706

Friðrik Sigurðsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Frumkvöðull
fridrik@live.com

Menntun/starfsreynsla:

Friðrik stofnaði TölvuMyndir/TM-Software 1986. Fyrirtækið óx upp í að verða eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki á Íslandi. Að auki hefur Friðrik verið um árabil einn ötulasti talsmaður íslensks hugbúnaðariðnaðar og barist fyrir hagsmunum hans jafnt innanlands sem erlendis, m.a. í staðlastarfi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nýtt þjóðfélag er að byggjast upp á Íslandi. Hvort það verður farsælt er ekki sjálfgefið. Vegna efnahagshrunsins og afleiðinga þess hriktir í öllum stoðum samfélagsins. Stjórnarskráin er ein slík stoð. Að vel takist til með endurskoðun hennar skiptir okkur öll máli. Með þá miklu reynslu sem ég hef af uppbygginu, nýsköpun og baráttu fyrir hagsmunum íslensks þjóðfélags get ég ekki setið heima. Því býð ég fram krafta mína.

7814

Friðrik Þór Guðmundsson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Blaðamaður, stjórnmálafræðingur
lillokristin@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

BA í stjórnmálafræði og MA í blaða- og fréttamennsku (HÍ). Blaðamaður og á stundum rit- eða fréttastjóri, frá 1982 eða í 28 ár. Þó með hléum og lausamennsku síðustu ár vegna háskólanáms og vegna stundakennslu við HÍ sl. 3 ár. Kenni m.a. verðandi blaða- og fréttamönnum stjórnskipun Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Sem stjórnlagabingmaður hef ég einkum tvennt að leiðarljósi: skýr skilaboð þjóðfunda 2009 og 2010 og eigin sannfæringu og áherslu. Ég tel að stjórnlagabingmönnum beri skylda til að hafa óskir þjóðfundanna í hávegum en þess utan legg ég mikla áherslu á breytingar sem færa þjóðinni virkara og beinna lýðræði (þjóðaratkvæðagreiðslur, persónukjör, jöfnun atkvæða, aukið eftirlit/aðhald), að tryggja þjóðareign auðlinda og skynsamlega nýtingu þeirra og að aðskilja ríki og kirkju. Þjóðfundur 2010 og stjórnlagabing þurfa að komast að skýrri niðurstöðu, sem verður annað og meira en bara „ráðgefandi“ plagg til Alþingis og vil ég berjast hart fyrir því að svo verði. Til þess hef ég metnað og þor.

5614

Frosti Sigurjónsson

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Rekstrarhagfræðingur
frosti.sigurjonsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Meistarapróf í rekstrarhagfræði frá London Business School. Framkvæmdastjóri Dohop 2004-2010. Starfaði í Frakklandi 2001-2006. Forstjóri Nýherja 1996-2000. Áður fjármálastjóri Marel. Er núna stjórnarformaður Dohop og Datamarket.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing felur í sér einstakt tækifæri til að koma á nútímalegu og lýðræðislegu stjórnarfarir á Íslandi og ég hef mikinn áhuga á að leggja mitt af mörkum í því verkefni. Stjórnlagabing þarf að lagfæra ýmsa galla á núverandi stjórnskipun. Ný stjórnarskrá þarf að kveða skýrt á um grundvallaratriði eins og þrískiptingu valds, hlutverk forseta, meðferð dómsvalds, gagnsæi og eftirlit og margt fleira sem hefur verið of óljóst eða vantað. Stjórnarskráin þarf líka að tryggja kjósendum meiri áhrif og ég tel að við getum nýtt reynslu Svisslendinga í því efni. Ég er opinn fyrir þekkingu og sjónarmiðum annarra og mun leggja mig allan fram um að stjórnlagabingin ná sátt um góða niðurstöðu.

4063

Garðar Ingvarsson

Fæðingarár: 1937 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Hagfræðingur, ráðgjafi
gardaringva@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Hagfræðingur, Kóln, Þýskalandi. 2004-2005: Framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun. 1988-2003: Framkvæmdastjóri MIL. 1967-1988: Seðlabanki Íslands, forstöðumaður lánadeildar. 1968-1982: Aðjúnkt í hagrænni landafræði í HÍ. Frá 1988: Í stjórn SOS-barnaþorpa. 1981-1990: Stjórn Ferðafélags Ísl. 1993-1997: Formaður Skátasambands Reykjavíkur. 1987-1989: Í stjórn SÁÁ. Frá 1978: Formaður Nýja tónlistarskólans.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja fram mínar hugmyndir um stjórnarskrá sem þorri Íslendinga getur verið sáttur við. Stjórnarskráin á að kveða á um þær grundvallarreglur og siði sem íslensk þjóð vill búa við í landi sínu. Í henni á að kveða á um aðgreiningu og skipulag löggjafar-, framkvæmdar- og dómvalds og hvaða ákvarðanir þjóðin vill taka sjálf milliliðalaust. Stjórnarskráin á að vera gegnsæ, skilvirk, einföld og skýr og rituð á mannamáli sem allir skilja. Leiðarljósið skal vera: Frelsi, jafnrétti og bræðralag.

3634

Gissur Pétursson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Forstjóri Vinnuálastofnunar
gp@vmst.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Samvinnuskólanum 1981.
BA próf í stjórn málafræði frá HÍ 1989.
Meistarapróf í opinberri stjórnsýslu MPA frá HÍ 2006.
Blaða- og fréttamaður 1980-1986. Sérfræðingur í fræðslumálum í sjávarútvegsráðuneytinu 1986-1996.
Forstöðumaður í félagsmálaráðuneyti 1996-1997.
Forstjóri Vinnuálastofnunar frá 1997.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Aðgreining valdþáttanna í stjórnskipun landsins þarf að vera skýr og auðskiljanleg, sérstaklega verkaskipting framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Styrkja þarf eftirlits- hlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Virðing fyrir rétti einstaklinga og stöðu þeirra gagnvart valdhöfunum verður að vera skýrari í stjórnarskránni t.d. með tilliti til skattheimtu, eignarréttar o.s.frv. Kveða þarf nánar á um hlutverk forseta Íslands í stjórnarskránni.

Ég býð fram þekkingu mína á innviðum stjórnsýslunnar, reynslu af störfum að vinnu- markaðsmálum, menntun mína í stjórnsýslufræðum og ríkan áhuga á að takast á við hið mikilvæga verkefni sem stjórnlagabingi er falið.

6912

Geir Matti Järvelä

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Heimspikinemi
gmj5@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Verkamaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur.
Sölumaður hjá mismunandi tölvuverslunum.
Rútbílstjóri hjá Kynniserðum ehf.
2 ár sem lagannemi við Háskóla Reykjavíkur.
Er á þriðja ári í heimspeki við Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Um mig:

Ég er heimspikinemi og hef einnig lagt stund á lögfræði. Hef unnið sem verkamaður, sölumaður, rútbílstjóri svo fátt eitt sé nefnt. Hef bæði stjórnað fólki og verið undir- maður. Trúi því að það sé alltaf til skynsöm lausn á vandamálum og að það sé rangt að festa sig við eina stefnu og neita að líta á aðra möguleika.

Stefnumál:

Meiri valdaskipting hjá ríkinu, aðskilnaður þings og ríkisstjórnar.

Auka ábyrgð þingmanna og binda enda á atvinnupólitík.

Auka gagnrýna umræðu á Alþingi og draga úr áhrifum flokkapólitíkur.

Koma á sjálfstæðu eftirliti með embættismönnum og ríkisstofnunum.

Að gera sölu eigna og náttúruauðlinda ákvörðun fólksins í landinu.

Algert hlutleysi í hernaðarmálum.

6978

Gísli Kristbjörn Björnsson

Fæðingarár: 1971 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Lögfræðingur
gisli@lagarok.is

Menntun/starfsreynsla:

Lögfræðingur ML úr Háskólanum í Reykjavík.
Múrverk og trésmíði, lönskólinn í Reykjavík og verknám hjá meisturum í hvorri iðngrein.
Almennt nám við Menntaskólann við Sund.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands inniheldur æðstu lög landsins. Ákveðin tilvik hafa sýnt að það þarf að skerpa á ákvæðum hennar. Stjórnarskrá á að innihalda fastheldið form sem ekki býður upp á þrætur um lögskýringar í erfiðum málum. Hún þarf að innihalda leiðbeiningar um hvernig eigi að leysa úr málunum með ótvíræðum hætti. Fyrirmæli um störf og ábyrgð ráðamanna, skýr fyrirmæli um hvernig skipting slíkrar ábyrgðar fellur. Síðast, en alls ekki síst, á stjórnarskrá að vera skjól mannréttinda en það var upphaf- legur tilgangur stjórnarskráa um víða veröld fyrir um 200 árum síðan. Þau mega aldrei gleymast. Þetta eru mínar áherslur í nýrri stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

2215

Gerða Björg Hafsteinsdóttir

Fæðingarár: 1974 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Atvinnufulltrúi
gerdab@ru.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og BA gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands. Ég starfa sem atvinnufulltrúi hjá Kópavogsbæ þar sem meginmarkmiðið er að veita atvinnuleitendum persónulega og einstaklingsmiðaða þjónustu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig langar að taka þátt í því breytingaferli sem endurskoðun stjórnarskrár Íslands er. Það breytingaferli tel ég vera nauðsynlegan þátt í því að byggja upp Ísland að nýju eftir hrunið 2008.

Þau málefni sem ég mun einbeita mér að eru persónukjör á Alþingi, aukið vægi lýðræðis í mikilvægum ákvarðanatökum, sterkari aðgreining þrískiptingar ríkisvaldsins og aðskilnað ríkis og kirkju.

Ég mun vinna af heilindum, metnaði og ábyrgð. Ég mæti tilbúin til leiks og hlakka til að takast á við þetta verkefni nái ég kjöri.

8958

Gísli Jökull Gíslason

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Lögreglumaður
g.jokull@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lögreglumaður, útskrift úr Lögregluskóla ríkisins 2001.
Stjórnarmaður í Landsambandi lögreglumanna. Ritstjóri Lögreglublaðsins 2007-2009. Einn af sjö lögreglumönnum sem fólkið varði með því að stilla sér upp frammi fyrir Stjórnarráðinu í janúarmótmælunum 2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil vera virkur þátttakandi á þessum umbrotatímum. Tel að það þurfi að skerpa á þrískiptingu ríkisvaldsins, framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómstóla til þess að þau geti veitt hvert öðru betra aðhald og mótvægi. Tel líka að atkvæði Íslendinga eigi að telja jafnt hvar sem þeir búa. Hef annars ekki róttækar eða fullmótaðar skoðanir og er opin fyrir annarri framvindu.

4327

Gísli Már Gíslason

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Prófessor í vatnalíffræði við HÍ
gmg@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Háskóli Íslands, raunvísindadeild 1970-73.
B.Sc. próf í líffræði. Framhaldsnám í sjávarlíffræði,
University of Newcastle upon Tyne, dýrafraeðideild,
1973-1977. Doktorspróf.
Kennari og prófessor við HÍ frá 1977.
Forseti raunvísindaeildar 1999-2001.
Náttúruverndarráð 1987-2000, gistiprófessor í 5 háskólum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Lýðræði og mannréttindi eru mikilvæg mál. Tryggja að 1) aðskilnaður verði milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds; 2) aðskilnaður verði milli framkvæmdarvalds og dómvalds; 3) jafnræði verði í vægi atkvæða til Alþingis; 4) trúfrelsi og engin fjármála- tengsl milli trúfélaga og ríkisins; 5) aðgengi allra að opinberri þjónustu verði óháð líkamlegu atgervi; 6) hæfastu umsækjendur verði valdir í opinber störf; 7) auðlindir landsins verði í almannaeign; 8) stjórnvaldsáskvarðanir verði gegnsæjar; 9) leynd yfir opinberum skjölum verður afnumin; 10) þjóðaratkvæðagreiðsla verði um mál biðji ákv. hlutfall þjóðar um það; 11) auðlindanýting verði sjálfbær með náttúruvernd að leiðarljósi.

6142

Gísli Þór Sigurbórsson

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Framhaldsskólakennari
gislis@msund.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntaskólinn við Hamrahlíð 1974. Háskólagráða frá Háskólanum í Osló 1982. Uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands 1984. Kennsla við grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík 1984 til 2010. Starfa nú við Menntaskólann við Sund.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Alla mína tíð hef ég verið jafnaðarsinni á vinstri væng stjórnmalanna. Fyrir fimm árum skráði ég mig í Samfylkinguna en hef ekki tekið að mér nein trúnaðarstörf önnur en að sitja eitt landsþing sem almennur fulltrúi fyrir Reykjavík. Ég er fylgjandi öllu starfi sem miðar að friði, réttlæti og betra mannlífi á jörðinni. Íslendingar ættu að leggja áherslu á þátttöku í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði, ekki sist starfi Sameinuðu þjóðanna að heilbrigðis-, mannréttinda- og menntamálum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið en náttúruauðlindir landsins verða ávallt að vera í eigu íslensku þjóðarinnar.

3612

Gísli Hjartarson

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 900 Vestmannaeyjum
Framkvæmdastjóri
gillihjartar@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Starfa sem framkvæmdastjóri hjá prentsmiðjunni Eyrúnu. Gef út Sjónvarpsvísi Vestmannaeyja. Hef komið víða við á starfsferlinum. Vann t.d. lengi við fiskvinnslu og tengd störf bæði innanlands og utan. Hef starfað fyrir ÍBV og foreldrafélag Grunnskóla Vestmannaeyja í sjálfboðastarfi síðustu ár. Stúdent frá FÍV.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það að hafa tækifæri til þess að bjóða sig fram til þátttöku við að móta nýja stjórnarskrá lýðveldisins er mikil áskorun. Ég ákvað að bjóða mig fram til þessa verkefnis og vonast til að ná kjöri. Nái ég kjöri mun ég mæta til leiks af opnum hug og vinna af heilindum og einset mér um leið að standa undir því trausti sem mér væri sýnt. Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að stjórnarskráin verði stjórnarskrá fólksins, stjórnarskrá þar sem einstaklingsfrelsi og mannréttindi séu tryggð. Sett séu skýrari mörk á vald og ábyrgð stjórnvalda. Ég vil jafnframt að hún feli í sér virkara og beinna lýðræði og tryggji að m.a. eignarhald auðlinda liggja hjá þjóðinni.

3249

Gísli Tryggvason

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
Talsmaður neytenda
gislit@ru.is

Menntun/starfsreynsla:

Talsmaður neytenda frá 2005, framkvæmdastjóri BHM 1998-2005, aðjúntk við HR frá 2008. Lögfræðingur HÍ 1997, hdl. 1998. MBA próf með áherslu á mannauðsstjórnun HR 2004, vottaður sáttamiðlari 2008, stúdent af mála- og íþróttabraut, Danmörku, 1989.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Jafna þarf völd svo að einn aðili ráði ekki lögum og lofum. Það má gera með auknu sjálfstæði sveitarfélaga. Sömuleiðis er rétt að styrkja stöðu ýmissa hópa gagnvart sterkari aðilum. Sama gildir um umhverfið en sjálfbær nýting sameiginlegra auðlinda á að vera stjórnarskrárvarin. Ég lagði fyrst til í nóvember 2008 að boðað yrði til sjálfstæðs stjórnlagabings og samdi frumvarp um málið. Það strandaði á málþófi vorið 2009. Því þarf fyrst að bera niðurstöðu stjórnlagabings undir þjóðina – áður en Alþingi fær það til afgreiðslu til þess að stuðla að því að loks verði af nauðsynlegri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem ég hef íhugað og fjallað um í um 20 ár.

7583

Gísli Kristjánsson

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
gisli@gisli.is

Menntun/starfsreynsla:

Sveinspróf, bílamálun, Borgarholtskóli 2002.
Diploma frumkvöðlafræði, HR 2010.
Bílamálari, Toyota Kópavogi 1997-2002.
Sölumaður, innkaup og markaðsetning, ELKO 2003-2006.
Rekstrarstjóri, framkvæmdastjóri, 48DVD, sprotafyrirtæki, 2006-2008. Framkvæmdastjóri GCo, ráðgjöf, 2009-.
Framkvæmdastjóri EXIM, innflutningur, 2009-.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil láta að mér kveða til þess að hafa áhrif á stjórnarskrá Íslands. Ég vil skerpa á þrískiptingu ríkisvaldsins. Ég tel að það þurfi að auka áhrif almennings til þess að geta krafist þjóðaratkvæðis í veigamiklum málum. Stjórnarskráin á að vera einföld og aðgengileg en jafnframt tryggja réttindi þegna landsins. Ég tel mig hafa mikið til málana að leggja þar sem ég hef tekið virkan þátt í atvinnulífinu og rekið heimili. Ég tel nauðsynlegt að yngri kynslóðin eigi fulltrúa á stjórnlagabingi til þess að sjónarmið okkar fái brautargengi.

9453

Gíslný Bára Þórðardóttir

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Proskapjálfi
bara@sgi.is

Menntun/starfsreynsla:

Proskapjálfskóli Íslands, útskrifast 1982. Fjölbrautaskóli Vesturlands, stúdentspróf 1990.
Ég hef unnið við málefni fatlaðra, lengst af á Akranesi og í Hafnarfirði. Vinn núna hjá Stoð, stoðtækjasmíði við þjónustu við fólk sem þarf stoð- eða hjálpartæki.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er á fimmtugsaldri, hef búið og starfað hér á landi og þekki því aðstæður landsmanna vel. Ég hef áhuga á velferð einstaklinganna og samfélagsins í heild. Undanfarin 24 á hefur ég iðkað búddisma, verið meðlimur í Soka Gakkai á Íslandi og verið fulltrúi þeirra á samráðsvettvangi trúfélaga. Þannig hef ég öðlast reynslu af andlegum málefnum og félagsstarfi. Ég hef ekki starfað á vettvangi stjórnmalasamtaka. Ég tel mikilvægt að stjórnarskrá tryggji að mannréttindi séu ávallt virt og félagsleg réttindi landsmanna einnig. Stjórnarskrá þarf í senn að veita stjórnvöldum umboð til athafna í samræmi við markmið hennar og takmarka völd þeirra til að vinna gegn þeim sömu markmiðum.

3018

Greta Ósk Óskarsdóttir

Fæðingarár: 1979 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Bókmenntafræðingur
gretaoskasteinn@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

BA próf í almennri bókmenntafræði og er við lok MA náms í sömu fræðigrein. Ritstjóri Torf-a, rits bókmenntafræðinema, 2004-2005. Ýmis þjónustustörf, oft móttökuritari. Umönnun fjölskyldumeðlima vegna hreyfihömlunar og alvarlegra veikinda.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég ber kærleika til þjóðarinnar. Verði ég kosin heiti ég því að þjóna henni og leitast við að gerast hæfur og ábyrgur farvegur fyrir vilja hennar. Ég hef trú á mér til starfsins og tel hæfni mína henta vel. Ég vona að stjórnlagabing verði samstillt og leggi áherslu á mannréttindi. Stjórnvöld eiga fyrst og fremst að þjóna fólkinu, ekki öfugt. Byggja má á styrk núgildandi stjórnarskrár og ítreka grunnildin en rúm er fyrir miklar endurbætur. Stjórnög þarf að laga að samtímanum og raunveruleika stjórnsýslu okkar og samfélags. Endurvekja þarf traust á stjórnvöldum og sátt um starfsemi þeirra. Minna á að völdum fylgir siðferðisleg ábyrgð. Bætt stjórnög geta orðið okkur vonarljós til framtíðar.

6043

Gróa Friðgeirsdóttir

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 111 Reykjavík
Hjúkrunarfræðingur, framhaldsskólakennari

Menntun/starfsreynsla:

Hjúkrunarfræðingur og framhaldsskólakennari. Ég hef víðtæka reynslu sem hjúkrunarfræðingur, m.a. starfað við gjörgæsluhjúkrun, hjúkrun aldra, orku- og endurhæfingu, barnahjúkrun, lasermeðhöndlun og starfa nú á skurðstofu við lýtalækningar og bæklunarlækningar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég læt mig málefni þjóðarinnar varða og nú þegar okkur býðst þetta mikilvæga tækifæri til að styrkja grunnstoð lýðveldisins vil ég ekki láta mitt eftir liggja og býð mig því fram á stjórnlagabing. Það er mín skoðun að stjórnarskrá hvers lands sé undirstaða þess, samningur fólksins um hagsmuni, mannréttindi og stjórnskipan. Stjórnarskráin á að tryggja frelsi, jafnrétti og bræðralag þegna landsins. Á þeirri samkomu sem stjórnlagabing er þarf að tryggja að rödd þjóðarinnar, hins almenna vinnandi manns, heyrist svo að sjónarmið hennar komi fram og að hagsmunir þjóðarinnar sem heild séu tryggðir. Ég tel mig búa yfir víðtækri reynslu, þekkingu og víðsýni til að geta lagt lóð á vogarskálarnar.

3832

Grétar Bjarnason

Fæðingarár: 1943 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Húsasmíðameistari
gretarbj@centrum.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er húsasmíðameistari og hef starfað við húsbýggingar, hafnar- og gatnagerð, virkjanafarmvæmdir og eftirlit. Nú starfa ég hjá skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar. Ég hef verið virkur í félagsstörfum í gegnum tíðina og gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég tel nauðsynlegt að rödd hins almenna borgara heyrist þar sem annars staðar í þjóðfélaginu. Stjórnarskráin á að vera stutt, hnitmiðuð og auðskilin öllum þeim er hana lesa. Þar sem vald forseta er skilgreint þannig að ekki verði deilur um. Áhersla lögð á sjálfstæði löggjafarvalds og dómstóla gagnvart framkvæmdarvaldi. Að auðlindir landsins verði ávallt í þjóðareign og almenn mannréttindi virt.

6857

Guðbrandur Ólafsson

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 371 Dalabyggð
Sauðfjárnabóndi
guðbrandur.olafsson@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Sauðfjárnabóndi. Hef starfað talsvert að félags- og sveitarstjórnarmálum í gegnum árin í Laxárdalshreppi og síðar Dalabyggð. Hef setið í stjórnnum margra félaga, bæði á vegum sauðfjárnabænda, kaupfélags, heilsugæslu, veiðifélaga o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil stuðla að því að vernda fullveldi Íslands og stjórnarskrá þess. Ég vil auðvelda kjósendum að hafa áhrif á lagasetningar með þjóðaratkvæði. Ég vil treysta þrískiptingu valdabáttar og sjálfstæði Alþingis. Ég vil tryggja eignarrétt almennings. Þess vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings.

7946

Grímur Sigurðarson

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Lögmaður
grimur@opus.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá MS 1998. Embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands 2003. Héraðsdómslögmaður 2004. Löggiltur verðbréfamiðlari 2008. Lögfræðingur hjá Fulltingi 2003-2006. Lögmaður með eigin rekstur hjá OPUS lögmönnum frá 1. desember 2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel brýnt að fólk á öllum aldri komi að verkefnum stjórnlagabings. Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég vil leggja mitt af mörkum í því mikilvæga verkefni sem þingið á fyrir höndum. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á stjórnskipunarmálum og ég tel að menntun mín og reynsla komi að góðum notum náí ég kjöri. Ég er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og hef starfað sem héraðsdómslögmaður í sex ár. Í störfum mínum reynir mikið á lögfræðilega skjalagerð og málflytning. Stjórnlagabing mun skila af sér verki sem hafa mun veruleg áhrif á grundvallarreglur í samfélagi okkar um ókomna tíð. Það er mér mikið kappsmál að vel takist til.

4701

Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Sálfræðingur, framkvæmdastjóri Sálfræðingafélags Íslands
hallath@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent - MA. BA í rússnesku - HÍ. Kandidatspróf í sálfræði - Árósháskóli. Nám í hugrænni atferlismeðferð. Diplóma í opinberri stjórnsýslu - HÍ. Framkvæmdastjóri Sálfræðingafélags Íslands frá 2007. Sálfræðingur á blóð- og krabbameinsdeildum LSH og í Danmörku 1998-2007 og á eigin stofu. Ýmis störf samhliða námi 1984-1998.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að mig langar til að leggja mitt af mörkum við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég ber mikla virðingu fyrir verkefninu sem snýst um að tryggja að stjórnarskráin endurspegli grundvallarviðmið og gildi þjóðarinnar og að lagasetning og meðferð valds sé í samræmi þar við. Ég ólst upp á Hvammstanga, stundaði nám á Akureyri en hef síðan búið í Reykjavík og í Danmörku. Ég hef alltaf verið öflokksbundin en tekið þátt í margs konar félagsstörfum. Ég fer ekki með fyrir fram ákvæðin baráttumál inn á þingið önnur en að umræðan á þinginu verði opin, heiðarleg og gagnrýnin. Ég trúi að það leiði til farsællar niðurstöðu fyrir land og þjóð.

7473

Guðjón Ólafur Sigurbjartsson

Fæðingarár: 1955 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Framkvæmdastjóri Tanna auglýsingavara ehf.
gudjon@tanni.is

Menntun/starfsreynsla:

Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1982.
Eigandi og framkvæmdastjóri Tanna auglýsingavara ehf. frá 1999.
Verkfræðistofan Vista, markaðs- og fjármálastjóri 1996-1998.
Rafmagnsveita Reykjavíkur, fjármálastjóri 1987-1996.
Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, yfirmaður fjármála- og rekstrardeildar 1983-1987.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Aðgreina þarf betur löggjafarvald og framkvæmdarvald. Kjósa þarf til framkvæmdarvaldsins beinni kosningu. Hafa þarf til hliðsjónar hvernig þessu er háttað í Bandaríkjunum, Frakklandi og víðar.

Stjórnarskrána þarf að öðru leyti að færa til nútímahorfs. Í henni þarf að fjalla með þroskuðum og yfirveguðum hætti um lýðræði, mannréttindi, auðlindir, eignarrétt, þjóðaratkvæðagreiðslur og fleira svo sem gert er í góðum stjórnarskrám. Hliðsjón þarf að hafa af bestu stjórnarskrám í heimi hér og nýta reynslu og þekkingu bestu sérfræðinga á þessu sviði.

6373

Guðlaug Kristjánsdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 221 Hafnarfirði
Sjúkraþjálfari, formaður BHM
gudlaug@bhm.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: BS í sjúkraþjálfun HÍ 1998. Leiðsöguskóli Íslands 1994. Spænskunám HÍ 1992-4 og 2010-. Starf: Formaður Bandalags háskólanna 2008-. Sjúkraþjálfari hjá Ásmegin, sjúkraþjálfun 2008-, áður hjá LSH og MS-heimili. Stundakennari HÍ 2006-8.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil taka þátt í endurskoðun grundvallarplaggs samfélagsins og stuðla að því að það verði í reynd skrifað af fólkinu, fyrir fólkið, á máli sem ég og þú skiljum. Ég vil að óskir almennings verði framvegis grundvöllur stjórnar landsins og þar með einnig okkar ábyrgð. Brýnt er að skýra hlutverk valdhafa og skjóta stoðum undir skilvirkt aðhald og eftirlit með þeim.

Þátttaka í endurskoðuninni þarf að vera eins breið og opin og kostur er. Skipan á stjórnlagabing á að vera fjölbreytt og með virkum hætti unnið úr tillögum þjóðfundar og innsendum erindum til þingsins.

9486

Guðjón Sigurðsson

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 221 Hafnarfirði
Formaður MND félagsins
gudjon@mnd.is

Menntun/starfsreynsla:

Atvinnu hef ég haft frá 12 ára aldri á sumrin en frá unglingsárum lá leiðin svona: Sjómaður, síðan pípuþingameistari og skrifstofumaður undanfarin ár. Stoltur af öllu en þó sérstaklega af réttindabaráttu fyrir þá sem minna mega sín sem ég hef unnið samhliða öðrum störfum undanfarin sex ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að tryggja að á stjórnlagabingi sé venjulegt fólk (óvenjulega venjulegt í mínu tilviki). Ég hef tamið mér að tala tæpitungulaust og held mig við kjarna þeirra mála sem ég fæst við.

Ég tel mig eiga fullt erindi á stjórnlagabing þar sem ég mun stoltur standa vörð um réttindi einstaklingsins og leggja mitt af mörkum til þess að skapa nýja stjórnarskrá sem björt framtíð Íslands mun byggja á.

Ég tel mig hafa af mikilvægri reynslu að státa. Ég hef verið formaður MND félags Íslands frá 2005 og formaður Alþjóðasamtaka MND félaga frá 2008. Hef setið í ýmsum nefndum og ráðum fyrir félagasamtök og ráðuneyti frá 2005.


7803

Guðlaugur Orri Gíslason

Fæðingarár: 1985 **Sveitarfélag:** 815 Sveitarfél. Ölfusi
Stjórnmálafræðingur
gulli_626@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf af viðskiptabraut Fjölbrotaskóla Suðurlands. BA próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands. Starfaði við fiskvinnslu fram að 18 ára aldri en hef síðan starfað á vinnuvélum í vegagerð samhliða skóla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ástæða þess að ég býð mig fram til setu á stjórnlagabingi er sú að ég vil hafa áhrif á gerð nýrrar stjórnarskrár. Ég tel að líta eigi til annarra landa þegar kemur að breytingum á stjórnarskránni og innleiða það sem þykir hafa reynst vel í öðrum löndum. Blanda af fulltrúalýðræði og beinu lýðræði tel ég vera heppilegasta. Aftur á móti vil ég ekki að beina lýðræðið gangi of langt því við kjósum alþingismenn sem eru í vinnu við að stjórna landinu og þeir eiga að bera ábyrgð enda hljóta þeir umboð frá þjóðinni í kosningum.

8386

Guðjón Ingui Stefánsson

Fæðingarár: 1939 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Verkfræðingur
gystef@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá ML 1959, byggingarverkfræðingur frá Tækniháskólanum í Kaupmannahöfn 1968, próf frá KHÍ 2002. Framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi 1973-2000. Kennari við Tækniskólann 2001-2010. Í stjórn Skáksambands Íslands og framkvæmdastjóri þess einvísíarið 1972.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stofnun Alþingis er einn merkasti atburður Íslandssögunnar. Stofnun Bandaríkjanna og franska byltingin sköpu nýtt upphaf. Saga mannkyns hefur sýnt og sannað að stjórnkerfi, lýðræði og mannréttindi hafa úrslitabýðingu fyrir gengi ríkja.

Á síðustu áratugum hafa víða verið umræður um nauðsyn breytinga á Íslandi, um frelsi og jöfnuð, um valddreifingu og ábyrgð og um skýrari aðgreiningar valds í stjórnkerfinu. Ég var virkur þátttakandi, m.a. í ræðum, um stjórnsýslukerfi dreifibýlis (Útvörður 1. tbl. 1987), um markmið nýrrar byggðastefnu (Mbl. nóv. 1987), um stjórnskipulag og stjórnsýslu (ráðstefna á Bifröst 1991) og um mikilvægi samgangna (ráðstefna á Þingvöllum 1993).

Ég býð fram reynslu mína og þekkingu.

2985

Guðmar Ragnar Stefánsson

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 700 Fljótisdalshéraði
Járnsmiður, smiður
raggibrusi@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er menntaður fiskvinnslumaður og vann sem slíkur, bæði á láði sem legi. Ég er uppalinn í sveit, nánar tiltekið Brú á Jökuldal. Hef ég að langmestu leyti starfað sem járnsmiður og einnig trésmiður síðustu 15 árin. Bjó og starfaði í Danmörku sem járnsmiður um 7 ára skeið og lærði rafsuðuna þar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mér finnst halla svolítið á nokkra málstaði og eru það þessir: Eignarrétturinn, ferðafrelsisrétturinn, heilbrigðisþjónusturéttur okkar landsbyggðarmanna til jafns við höfuðborgar- og borgarbúa og samgönguréttur allra landsmanna. Hyggst ég vinna í anda þeirra og standa vörð um þá nái ég kjöri. Einnig sé ég fyrir mér niðurfærslu á lífeyri verði ráðamenn dæmdir sekir um afglöp í starfi. Ég hef sjálfstæðar skoðanir á málum sem ég hef á annað borð skoðanir á og læt mig varða. Framboð þetta er vel ígrundað og ætla ég að biðla til þín, sem lest þetta hér, að velja mig viljir þú að þessir fjórir málstaðir fái brautargengi. Með fyrirfram þökk, Guðmar Ragnar Stefánsson.

9629

Guðmundur Ágústsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Lögmaður
ga@islaw.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1978. Lauk embættisprófi í lögfræði frá HÍ 1983 og hef starfað sem lögmaður. Varð héraðsdómslögmaður 1985 og hæstaréttarlögmaður 2009. Alþingismaður 1987-1991. Hef m.a. verið formaður Umferðarráðs, sóknarnefndar og forseti Bridgesambands Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef trú á því að menntun mín, auk áratuga reynslu í lögmenntu, félagsstörfum og störfum mínum sem alþingismaður, gefi mér þá vísýni að geta lagt á það skynsamlegt mat á hvern hátt sé rétt að breyta stjórnarskránni. Ég tel að skerpa þurfi á þriggri greiningu valdsins, gera þingið sjálfstæðara í störfum sínum m.a. með því að auka ábyrgð stjórnarandstöðu, draga úr völdum framkvæmdarvaldsins og efla sjálfstæði dómstólanna. Efla þarf lýðræðið á kostnað flokksræðisins með því m.a. að setja inn í stjórnarskrána ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilsverð málafni, svo sem um framsal valds og öryggismál og mæla fyrir um það að náttúruauðlindir landsins séu sameign þjóðarinnar.

7792

Guðmundur Gíslason

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Verkefnastjóri
gudm.gislason@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Grunnskólapróf, námskeið í ýmsu sem viðkemur prentiðnaði og útskotum á tölvum. Hef unnið við sjómennsku, trésmiðar og rafið en frá 1967 við prentun og stafræna prentun.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin er auðvitað það sem gerir okkur Íslendinga að þjóð ásamt tungumálinu. Þess vegna verður hún að endurspeglar vilja allra Íslendinga. Hún á að vera einföld og auðskilin, en alveg skýr hvað varðar réttindi og skyldur. Í gegnum árin hef ég unnið með og kynnst fólki úr öllum stigum þjóðfélagsins. Að auki hef ég ætíð kappkostað að setja mig inn í allar hliðar mála. Vegna þessa, ásamt brennandi áhuga á málinu, býð ég mig fram í þetta verkefni. Er ekki í neinum vafa um að mínar skoðanir fara saman við skoðanir margra annarra. Ef ég verð valinn í þetta verk, mun ég vinna það af drengskap og virðingu í þágu þjóðarinnar.

4734

Guðmundur Árnason

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Hótelrekstrarfræðingur
gua6@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Í ferðapjónustu sem leiðsögumaður, hótél- og gistihúsa-eigandi og íbúðaleigusali. Fréttamennska og dagskrárgerð á RÚV, Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins, uppeldisstörf og sjómennska. Stúdent frá MH. Hótelrekstrarfræðingur frá HOSTA/Glion í Sviss. Stjórn málafræði sem aukagrein frá HÍ. Er í meistaranámi í HÍ í alþjóðasamskiptum og vinnur að lokaritgerð. Er menntaður leiðsögumaður og landvörður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil Íslandi allt hið besta og get tekið undir með Tómasi Sæmundssyni Fjölismanni þegar hann segir að hver sá sem kynnir sér náttúru og sögu landsins hljóti að fyllast af ást til ættjarðarinnar. Ég er líka sammála honum í því að ef Íslendingum farnast illa í landi sínu er það þeim sjálfum, en ekki landinu að kenna. Íslendingar hafa allt það til að bera sem þarf til að land þeirra risi til vegs og virðingar í samfélagi þjóðanna. Stjórn málin verða að kveðja þrætubókarlistina og stjórn málamennirnir að skilja að þeir „eiga ekkert“, eru aðeins þjónar fólksins í landinu. Ný stjórnarskrá á að varða leiðina til bættra stjórnarháttar og betra Íslands.

8892

Guðmundur Guðlaugsson

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 550 Sveitarfél. Skagafirði
Fv. sveitarstjóri
gg4@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

2006-2010: sveitarstjóri, Sveitarfélagið Skagafjörður.
2004-2006: bæjarstjóri, Vesturbyggð.
1997-2004: bæjarstjóri, Siglufjörður.
1990-1997: framkvæmdastjóri, Brúnás hf., Egilsstöðum, áður fjármálastjóri þar í tvö ár.
Menntun: B.Ed. próf frá Kennaraháskóla Íslands 1985.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það sem ræður fyrst og fremst því að ég ákvað að bjóða mig fram til stjórnlagabings er mikill áhugi minn á þjóðmálum og einlægur vilji til að taka þátt í því mikla verkefni með samferðamönnum mínum að móta „nýtt Ísland“ eftir það efnahagshrun sem við sem þjóð höfum mátt upplifa. Ég hef mikinn áhuga á því að fá tækifæri til að hafa áhrif á þetta mikilvæga ferli og setja, ef kostur er, mark mitt á þá nýju þjóðfélagsmynd. Tel ég að reynsla mín og þekking muni koma að verulegu gagni við þessa vinnu og jafnframt að lífsviðhorf mín almennt geti þar einnig skipt miklu máli en ég hef alla tíð reynt að haga lífi og starfi með jákvæðni og samkennd að leiðarljósi.

6065

Guðmundur B. Friðriksson

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Skrifstofustjóri
gudmundur.b.fridriksson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lauk B.Sc. í efnaræði frá HÍ og M.Sc. í umhverfisverkfræði frá DTU í Danmörku. Hef starfað sem heilbrigðisfulltrúi og sem ráðgjafi á verkfræðistofu. Starfa sem skrifstofustjóri á umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar. Hef setið í ýmsum stjórnunum og ráðum félagsamtaka.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er hornsteinn íslenskrar stjórnskipunar og tekur á grundvallarréttindum okkar. Endurskoðun hennar hefur áhrif á líf okkar og komandi kynslóða, barnanna okkar. Mikilvægt er að endurskoðun hennar stjórnist ekki af reiði sem skapast hefur vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Vinna þarf yfirvegað að endurskoðuninni, með opnum huga og án fordóma. Vanda þarf vinnubrögðin. Ég ber mikla virðingu fyrir stjórnarskránni og vil leggja mitt af mörkum til að endurskoðun hennar takist vel. Frelsi einstaklingsins, mannvirðing, eignarréttur og tjáningarfrelsi eru mikilvæg.

8045

Guðmundur Rúnar Guðlaugsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Rekstrarfræðingur
gvendur58@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Kjötiðnaðarmaður frá lðnskólanum í Reykjavík 1982. lðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands 1992. Hef unnið við ýmis stjórnunarstörf í matvælaíðnaði 1982-2010, þar með talinn eigin rekstur matvælavinnslu 1994-2004.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég óttast að stjórnlagabingið verði undirlagt fulltrúum hagsmunahópa sem vilja verja óbreytt ástand fremur en leiða raunverulegar breytingar til lykta. Mín sannfæring er sú að ný stjórnarskrá eigi að vera samin af fólkinu fyrir fólkið. Allar stéttir og góð aldersdreifing er nauðsynleg. Stjórnarskráin á að vera ófrávikjanleg lög til að setja valdstjórninni skýr mörk. Stjórnarskráin á að leggja grunn að auknu lýðræði með skýrari aðskilnaði löggjafar-, framkvæmdar- og dómvalds. Með því að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu að bandarískri eða franskrí fyrirmynd verða skörp skil á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds. Ég tel mig hafa margt fram að færa og býð fram krafta mína við þessa vinnu.

7825

Guðmundur Gunnarsson

Fæðingarár: 1945 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands
gudmund@rafis.is

Menntun/starfsreynsla:

Sveinspróf í rafvirkjun. Framhaldsnám í Tækniskóla Íslands og dönskum tækniskólum. Kennarapróf frá Kennaraháskólanum. Stjórnunar- og rekstraráfangar í Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík. Rafvirki hjá Ísal en hjá Rafiðnaðarskólanum frá 1975. Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands frá 1993.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Við höfum byggt upp samfélagskerfi af svo miklum hraða og krafti að hér stendur ekki steinn yfir steini og þurfum að byrja með hreint borð. Ný stjórnarskrá á að skýra stjórnkerfi landsins. Taka þarf skipulag samfélagsins til rækkilegrar endurskoðunar og setja reglur með því að yfirvega lífshætti okkar og breyta þeim svo að börnum okkar finnst eftirsóknarvert að lifa í þessu landi. Leggja traustan grunn að mannsæmandi lífi og koma í veg fyrir hinar endalaus deilur. Valdið sé hjá fólkinu og það geti leitt mál sín til lykta eftir leiðum sem það sjálft virðir. Tryggja þarf rétt fólksins til þess að vísa málum til þjóðaratkvæðis. Setja ítarleg ákvæði um eignarrétt þjóðarinnar á auðlindum.

5229

Guðmundur R Lúðvíksson

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 260 Reykjaneshæð
Myndlistarmaður
5775750@isl.is

Menntun/starfsreynsla:

Hótel og veitingaskóli Íslands, 4 ár.
Myndlista- og handiðaskóli Íslands, 4 ár.
Willem de Kooning Academie Rotterdam, Hollandi, 3 ár.
Staatliche Hochschule für Bildende Künste, Frankfurt, Þýskalandi, 1 ár.
Siglingaskólinn Reykjavík – pungapróf.
Tónlistarskólinn Hafnarfirði – 2 stig.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel rétt að stjórnlagabing spegli samsetningu þjóðarinnar og tel að þinginu farnist best ef sem breiðust manngildisflóra nái að sitja stjórnlagabing. Helstu áhugamál mín sem varða stjórnarskrá lýðveldisins snúa helst að fjölskyldu- og menningarmálum, náttúruvernd, atvinnumálum, mannréttindum og almennri stjórnsýrslu. Ég hef kynnt mér rækkilega stjórnarskrá Íslands eins og hún er í dag og tel að þar megi skerpa á og laga marga hluti í takt við tímann og óskir samfélagsins.

6439

Guðmundur S. Johnsen

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Framkvæmdastjóri
gsj@habilis.is

Menntun/starfsreynsla:

Er BA í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands 1994. Hef stundað eigin rekstur síðan námi lauk, bæði hér heima og erlendis. Stjórnarformaður og einn eigenda að hugbúnaðarfyrtækinu Habilis ehf. Formaður Félags lesblindra frá 2003 og sit í stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Í gegnum tíðina hef ég verið áhugamaður um stjórnskipan landsins og gert mér far um að kynna mér það mjög vel, meðal annars með tilliti til þess hvernig stjórnarskráin er rituð. Bæði var það hluti af námi mínu auk þess sem ég hef þurft að hafa samskipti við stjórnsýslu víða um heim. Fyrir vikið tel ég mig hafa töluvert fram að færa varðandi þessi mál og hef birt greinar um þetta efni þar sem ég hef sérstaklega velt fyrir mér hvernig skerpa má og bæta þriggreiningu valdsins eins og það birtist í stjórnarskránni. Ég er áhugamaður um bættu stjórnskipan og tel mikilvægt að vel takist til nú þegar ætlunin er að endurskoða þetta grundvallarrit íslenskrar stjórnskipunar með sérstöku stjórnlagabingi.

7913

Guðmundur Vignir Óskarsson

Fæðingarár: 1951 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Verkefnastjóri framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar
gudmundurvignir@gudmundurvignir.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: Iðnmeistari, framhaldsnám í sjúkraflutningum, stjórnendanám slökkviliða, nám í starfsmannastjórnun frá EHÍ.
Starfsreynsla: Pípulagningar, slökkviliðsmaður, formaður og framkvæmdastjóri LSS, framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Próttar og Laugabóls, mótsstjóri ReyCup.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nú er kominn tími venjulegs fólks með viðurkennda þekkingu og reynslu að hafa forystu um að móta framtíð þjóðarinnar! Vinna að gerð stjórnarskrár er krefjandi verkefni sem felur í sér einstakt tækifæri til að endurskapa leikreglur samfélagsins í þágu almanna-hagsmuna. Fjölbreytt þekking mín og farsæl reynsla úr atvinnulífinu og sem brautryðjandi og forsvarsmáður í félagsstörfum á að geta nýst þar til góðra verka. Auk áherslna þjóðfundarins þarf ný stjórnarskrá m.a. að tryggja full mannréttindi, jafnrétti, virkt lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslur, sjálfstæði löggjafarvalds frá framkvæmdarvaldinu, skýra ráðherraábyrgð, bættar reglur við skipun dómara Hæstaréttar og að auðlindir séu í þjóðareign.

4778

Guðmundur Jónsson

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 271 Mosfellsbæ
Bóndi
gudmundur.jonsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent MR 1972. Búfræðingur Hvanneyri 1974. B.Sc. Hvanneyri 1977. M.Phil. Háskólinn í Edinborg 1981. Ráðunautur Búnaðarfélag Íslands í alifuglarækt 1980-1983. Bóndi á Reykjum í Mosfellsbæ frá 1980. Framkvæmdastjóri Reykjábúsins hf. 1983-2005. Ýmis trúnaðar- og félagsmálastörf fyrir bændur og hestamenn.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að leggja mitt af mörkum við það að semja nýja stjórnarskrá sem er hnitmiðuð og auðskilin fyrir borgara Íslands og getur leitt til markvissari og betri stjórnsýslu og stjórnarfars en nú er. Skal hún jafnframt tryggja réttindi og skyldur borgaranna í frjálsu lýðræðisþjóðfélagi.

2391

Guðmundur Pálsson

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Heimilislæknir
gudmundur.palsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Heimilislækningar

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ótengdur stjórn málum áður. Hef ekki fastmótaðar skoðanir á viðfangsefninu fyrir fram. Það sem ég hef að leiðarljósi eru eftirfarandi gildi sem þurfa að endurspeglast í stjórnarskrá:
Lýðræði, frelsi, samvinna, umburðarlyndi, hófsemi, heiðarleiki, fjölskyldugildi og jafnir möguleikar fyrir alla.
Ég legg áherslu á stutta og skýra stjórnarskrá, hófsama og heilbrigða sem lætur alla Íslendinga blómstra! Ég mun vinna gegn hvers kyns öfgum.
Við tillögugerð og vinnu mun ég leita ráðs sem flestra óháð stjórn málaaskoðunum.
Ég mun hafa til leiðsagnar stjórnarskrár annarra lýðræðisríkja, til að mynda Finnlands, Svíþjóðar, Noregs, Þýskalands og Bandaríkjanna.

3326

Guðmundur Örn Ragnarsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Kerfisfræðingur
GORagnarsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Barna- og gagnfræðaskóli Keflavíkur. Verslunarpróf frá Verzlunarskóla Íslands. Nám í kerfisfræði. Starfað undanfarna áratugi við upplýsingatækni sem kerfisfræðingur, verkefnastjóri, framkvæmdastjóri og deildarstjóri. Jafnframt sótt ýmis námskeið og ráðstefnur á því sviði innanlands og utan.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna mikils áhuga á því að lýðveldið Ísland eignist nýja stjórnarskrá. Þá fagna ég sérstaklega þessu fyrirkomulagi að kjósa frambjóðendur úr röðum almennings.

Mínar áherslur eru þessar:

- Stjórnarskráin á í fyrsta lagi að skilgreina grundvallarrétt borgarans.
- Stjórnarskráin á í öðru lagi að skilgreina skyldur ríkisins.
- Stjórnarskráin á að fjalla um sameign þjóðarinnar.
- Stjórnarskráin á að skilgreina helstu valdastofnanir samfélagsins, þ.e. Alþingi, framkvæmdarvald, dómvald og forseta.
- Stjórnarskráin á að vera sáttmáli milli ríkisins og þjóðarinnar.
- Stjórnarskráin á að vera þannig fram sett að til hennar geti allir leitað með rétt sinn og skyldur.


2721

Guðrún Helgadóttir

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 551 Sveitarfél. Skagafirði
Háskólakennari
gudrunhelgadóttir10@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Var grunnskólakennari, skólastjóri Myndlista- og handíðaskóla Íslands og menningarráðgjafi Byggðastofnunar. Prófessor við ferðamálaeild Háskólans á Hólum. Sumarstöfin voru m.a. í frystihúsi, eldhúsi og rannsóknastofu. Virk í kvenfélagi, leikfélagi, stjórnmalaflokki og stunda hestamennsku.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá er ekki stundarfyrirbæri, hún er sáttmáli um leikreglur þjóðfélagsins með einkunnarorðum frönsku byltingarinnar: Frelsi, jafnrétti, bræðralag. Fjölbreytt reynsla og þekking á atvinnu- og menningarlífi í landinu er grunnur sem ég byggji framboð mitt á. Ég býð mig fram sem fulltrúa þess góða fólks sem ég hef fengið að kynna, vinna með og læra af. Ég býð mig fram í minningu foreldra minna sem vissu að stjórnmal eru mikilvæg, kenndu mér að meta náttúruna og hvöttu mig til að rækta menninguna. Ég býð mig fram í þágu afkomendanna sem eiga að hafa sömu tækifæri og við sem nú lifum. Ég heiti því að vanda til verka og óska eftir stuðningi til starfa á stjórnlagabingi.

7396

Guðni Karl Harðarson

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Öryggisvörður í Mjódd
gudni@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Er með 4. bekkjarpróf úr gagnfræðaskóla, hálfá viðskiptabraut í öldungadeild og próf í bókhaldi. Hef unnið við ýmis störf um allt land, verkamannavinnu og lagerstörf í fiskvinnslu í Ólafsvík, Flateyri, Raufarhöfn og Höfn í Hornafirði. Síðastliðin 17 ár við öryggisgæslu og húsvörslu. Get unnið hvað sem er! Hef aflað mér mikillar þekkingar á viðskiptum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef viðað að mér mikilli þekkingu um stjórnarskrármál og hef mikinn áhuga á þeim. Ég er að vinna við að búa mér til eigin stjórnarskrá. Í hana eru sett sérstök atriði sem eru gerð til þess að tryggja að almenningur geti haft miklu meiri áhrif á lög og frumvörp með að lögin verði tekin skipulega fyrir og endurupptekin árlega. Þannig geti hópar undirbúið sig vegna þess að lögin eru sérstaklega tímasett á lögbók. Ég vil tryggja aðkomu almennings að réttindum sínum með sérstöku þingi til þess. Ég vil að hópar eins og t.d. öryrkjar, aldraðir og fleiri komi að gerð fjárlaga með beinni þátttöku.

6219

Guðrún Högnadóttir

Fæðingarár: 1966 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Framkvæmdastjóri Opna háskólans í HR
gudrunhogna@ru.is

Menntun/starfsreynsla:

Guðrún er með BSPH og MHA háskólagráður, lauk AMP námi og ACC réttindum sem markþjálfari. Hún hefur kennt stefnumörkun, leiðtogafræði og breytingarstjórnun sl. 10 ár við HR. Guðrún starfaði áður við stjórnunarráðgjöf og leiddi gæðastarf Landspítalans. Hún er virk í starfi fagfélaga, nefnda og stjórna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef brennandi trú á nútíð og framtíð Íslands og ber ómælda virðingu fyrir þeirri mikilvægu umgjörð sem stjórnarskráin skapar til góðra verka, skilvirkar valdreifingar, réttlætis og farsældar þjóðarinnar. Reynsla mín við að leiða saman fólk um framtíðarsýn og árangur, þekking mín á sviði stefnumörkunar og leiðtogafræða og hæfni við að leysa úr læðingi frammistöðu mun nýtast við mótun betri stjórnlaga. Ég mun þjóna þinginu af heilindum, krafti, ábyrgð, fagmennsku og gleði. Ég geng til verks hlutlaus, með langtímahagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Ég mun starfa í anda víðsýni og virðingar fyrir skoðunum, sögu okkar og staðreyndum. Stjórnarskrá Íslands: Um okkur, fyrir okkur, af okkur.

8837

Guðrún Guðlaugsdóttir

Fæðingarár: 1944 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Blaðamaður, rithöfundur
gudrunsg@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og leiklistarpróf frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins. Hef í árunna rás sótt fjölmörg námskeið sem snerta sögu Íslands og starf mitt við fjölmiðlun, bæði prent- og ljósvakamiðla. Eftir mig hafa komið út 2 ljóðabækur, 2 skáldsögur og 3 æviminningabækur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég álit að endurskoða þurfi stjórnarskrá Íslands, sem að stofni til er dönsk og afhent Íslendingum 1874, endurskoðuð 1920 og aftur 1944 en óverulega í bæði skiptin. Nú þarf að gera nýja og nútímalegri útgáfu af stjórnarskrá fyrir Íslendinga þar sem skýrt er kveðið á um mannréttindi, aðskilnað framkvæmdar- og löggjafarvalds og embætti forseta Íslands er markaður skýrari og nútímalegri rammi. Að þessu starfi vil ég gjarnan koma og tel að reynsla mín og þekking á íslensku samfélagi, eftir áratuga starf sem blaða- og fréttamaður, komi þar að gagni. Sem og gæti nýst sýn mín á rétt hins almenna borgara á Íslandi eftir að hafa hræst í hringiðu atburða í starfi og einkalífi sem uppalandi margra barna.

2138

Guðrún Lilja Magnúsdóttir

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Meistaraneini
gudrunmagg@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Eftir stúdentspróf vann ég um árabíl í leikhúsum og í kvikmyndaiðnaði jafnt innan lands sem utan, auk annarra starfa. Útskrifaðist frá Háskólanum á Bifröst í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði vor 2010 en stunda nú meistaránám í menningarstjórnun og Evrópufræðum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Undanfarin ár hef ég lagt stund á nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði og stunda núna meistaránám í menningarstjórnun og Evrópufræðum. Í kjölfarið hefur áhugi minn á stjórnmálum vaxið gríðarlega. Ég tók þá ákvörðun að bjóða mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég tel að menntun mín og reynsla muni koma til góða. Það er nauðsynlegt fyrir samfélagið okkar að fá inn nýja og ferska hugsun, sem getur stuðlað að betra samfélagi fyrir alla Íslendinga. Löngu er tímabært að endurskoða stjórnarskrána og betrubæta íslenska stjórnskipan.

5878

Gunnar Grímsson

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Viðmótshönnuður
gunnar@skuggathing.is

Menntun/starfsreynsla:

Á yngri árum vann ég m.a. við verslunarstörf, verkamannavinnu og járnsmíði en frá 1994 hef ég unnið við vefsmíði, ráðgjöf og verkefnastjórnun. Síðustu tvö ár hef ég einbeitt mér að þróun og smíði samráðsvefjanna Betri Reykjavík og Skuggabing sem vísa veginn að alvöru þátttökulýðræði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ísland þarf nýja stjórnarskrá sem vísar okkur veginn að betra þjóðfélagi þar sem grunnstoðirnar eru heiðarleiki, réttlæti og sanngirni.

- Bætt stjórnun skilar betra þjóðfélagi. Lélegt stjórnkerfi er grunnorsök kreppunnar og það þarf að laga.
- Alvöru lýðræði þar sem lágt hlutfall þjóðarinnar getur farið fram á ódýrar, rafrænar þjóðaratkvæðagreiðslur.
- Setja þarf reglur um lagasetningu og aukið gagnsæi. Gölluð lög leiða af sér gallað samfélag, gagnsæi dregur úr spillingu.

Framtíð barna minna er ekki síst ástæða framboðs míns.

Nái ég kjöri mun ég leggja allt í sölnurnar til að stjórnlagabing skili af sér góðri stjórnarskrá sem sátta næst um.

3458

Gunnar Jón Ólafsson

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 260 Reykjanesbæ
Slökkviliðs- og sjúkraflutningsmaður
gunnarbondi@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Er löggiltur slökkviliðs- og sjúkraflutningsmaður hjá Brunavörnum Suðurnesja síðan 2003. Útskrifaður nemi sem flugumferðarstjóri frá Keili.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég trúi því að ég eigi eftir að láta til mín taka á stjórnlagabingi okkar Íslendinga. Því stjórnarskráin okkar þarfnast þess að hún verði skýrari ásamt því að hún verði færð yfir í nútímann. Því þetta plagg verður að vinna með virðingu, metnað og réttlæti að leiðarljósi. Og ég treysti mér fyllilega í þetta verkefni og hlakka til að byrja. Áfram Ísland.

9882

Gunnar Þór Gunnarsson

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Atvinnurekandi
gunnar.gunnarsson@freska.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég hef unnið við veiðar, vinnslu eða sölu fiskafurða í 35 ár. Ég hef tekið þátt í sveitarstjórnarmálum og er formaður körfuknattleiksdeildar ÍR.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá Íslands er sá hornsteinn sem samfélag okkar byggist á. Ég hef ákveðnar skoðanir á því hvernig þarf að breyta stjórnarskránni svo hún gegni því hlutverki betur. Mikilvægt er að

- 1) öllum landsmönnum séu tryggð sömu réttindi.
- 2) allir landsmenn skilji og séu meðvitaðir um efni stjórnarskrárinnar. Hún þarf að vera svo skýr og gagnrök að hún verði ekki mistúlkuð. Efni hennar ætti að vera kennt í grunnskólum landsins.
- 3) allar auðlindir við og á Íslandi séu sameign þjóðarinnar allrar. Það verði ekki hægt að veðsetja þær eða selja. Þá verði öllum Íslendingum tryggður réttur til að bjóða í nýtingarrétt þeirra.
- 4) tryggja beinna og virkara lýðræði.

6527

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Rithöfundur
gunnar.hersveinn@reykjavik.is

Menntun/starfsreynsla:

Háskólamenntun í hug- og félagsvísindum. Fræðasvið: siðfræði, fjölmiðlun og kynjafræði. Störf: kennsla, blaðamennska og upplýsingamiðlun. Bækur: Þjóðgildin (sem fjallar um gildin sem þjóðfundurinn 2009 valdi), Gæfuspor - gildin í lífinu og Orðspor - gildin í samfélaginu. Fjórar ljóðabækur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin þarf að mynda skiljanlegan ramma um samfélagið sem fólkið er sammála um. Hún þarf að lýsa hugsjónum okkar og þeim mörkum sem aldrei má fara yfir. Hún þarf að kveða á um jafnvægi milli valds löggjafar, dóms og framkvæmdar – og ábyrgðar handhafa. Sjónarhornið á að vera borgarans: valdið liggur hjá almenningi. Viðtæk réttindi til þjóðaratkvæðagreiðslu styrkir almenning. Auðlindir, náttúra og tungumál þurfa að njóta verndar í stjórnarskránni því líklegt er að sótt verði að þeim á næstu áratugum. Stjórnarskráin leggur grunn að samfélagi án kúgunar og mismununar. Hún kveður á um samfélag jafnræðis, samábyrgðar, frelsis, virðingar og heiðarleika. Hlutverk okkar er móta samfélagið.

5207

Gunnar Ólafsson

Fæðingarár: 1946 **Sveitarfélag:** 230 Reykjanesbæ
Löggiltur fasteignasali
go@fgo.is

Menntun/starfsreynsla:

Gagnfræðingur 1962. Lögregluskóli ríkisins 1974. Löggiltur fasteignasali 1994. Löggiltur leigumiðlari 2009. Matsfræði I EHI 2009. Er við nám hjá EHI, Matsfræði II.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Fyrst vil ég taka fram að ég aðhyllist engan stjórnálflokk, er alfarið óflokksbundinn. Nái ég kjöri til stjórnlagabings, sem ég vona að verði, þá mun ég sitja þar alfarið óháður og rækja störf mín af kostgæfni og alúð. Að eiga möguleika á að bjóða sig fram til þess verkefnis að breyta stjórnarskrá lýðveldisins er mikil áskorun. Ég mun leggja mig fram við að ná fram skýrara valdsviði ráðherra gagnvart þingi og þjóð, einnig við að fá fram skýrari mörk á ábyrgð ráðherra. Ég tel að treysta þurfi undirstöðu Alþingis, gera þinginu auðveldara að virka rétt og á lýðræðislegan hátt. Stjórnarskrá lýðveldisins á að tryggja okkur lýðræði, jafnrétti og um leið íslenskt eignarhald á auðlindum þjóðarinnar.

7781

Gunnar Örn Stefánsson

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Forritari
gunnar.stjornlagathing@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lauk stúdentsprófi frá MH 1993. Nam eðlis- og stærðfræði við HÍ án þess að ljúka prófi. Starfaði sem forritari 1999-2002 og 2006-2010 og starfa nú hjá Skýrr. Starfaði sem stuðningsfulltrúi á skammtímavistun fyrir geðfatlaða 2002-2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil taka þátt í að skapa lýðræðislega stjórnarskrá sem verður lesin og hampað af almenningi. Ég vil tryggja í sessi þá jafnréttishugmynd sem lýðræði grundvallast á og skapa ramma sem hvetur til skilvirkar og gagnsærrar ríkisstjórnar. Ég vil einstaklingskosningar, eitt kjördæmi, raunverulega þjóðareign á mikilvægustu náttúruauðlindum og fullt trúfrelsi. Ég lít svo á að samhliða þeim réttindum sem við höfum í lýðræðisríki þá höfum við skyldum að gegna. Núna er það okkar skylda að velja gott fólk, óháð ríkjandi öflum og hagsmunahópum, til að skapa nýjan grunn sem við og komandi kynslóðir getum byggt réttlátt samfélag á.

3656

Gunnar Þórðarson

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 400 Ísafjarðarbæ
Ráðgjafi
silfurtorg@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri.
M.Sc. í alþjóðaviðskiptum frá Bifröst.
Hefur að mestu starfað við sjávarútveg, frá sjómennsku til framkvæmdastjóra.
Hefur unnið á sviði sjávarútvegs og við ráðgjöf í sjávarútvegi á Íslandi, Rússlandi, Kanada, Mexíkó, Sri Lanka og Úganda.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnmál eru mitt helsta áhugamál og hef ég unnið að félagsmálum tengdum stjórnmálum frá unga aldri. Ég tel að endurskoðun stjórnarskrár Íslands sé eitt mikilvægasta málefni líðandi stundar fyrir þjóðina. Ég tel að með þátttöku í stjórnlagabingi geti ég látið gott af mér leiða fyrir íslenskt samfélag og haft jákvæð áhrif á framtíð þjóðarinnar. Ég mun verja borgaraleg gildi með frelsi einstaklinga og atvinnulífs að leiðarljósi.

6626

Gylfi Garðarsson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Skrifstofumaður
gylfig@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Landspróf. Verslunarpróf. Stúdentspróf. Tónfræði (BA).
Flest störf innan sjávarútvegs á 25 ára tímabili (verkamannastörf, sjósókn, skrifstofustörf, verkstjórn).
Um 10 ár við stjórn og umbrotsvinnu í nótnabókaútgáfu.
11 ár við söluráðgjöf með tölvubúnað IBM o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hef þann bakgrunn sem óskað er eftir til þingsetu, er við fulla heilsu og hef tíma til þingsins.
Vil leggja mitt af mörkum til að sjónarmið míns stóra nærsamfélags heyrir og hafi áhrif á nýja stjórnarskrá Íslands.
Mun standa vörð um þær breytingar sem þjóðfundur óskar.
Legg sérstaka áherslu á skýrari ákvæði um samfélagseignir og réttarmörk Alþingis og framkvæmdarvalds um ráðstöfun samfélagseigna.

5306

Gunnlaugur Ólafsson Johnson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Arkitekt
goj@centrum.is

Menntun/starfsreynsla:

Sjálfstætt starfandi arkitekt, menntaður í AA School of Architecture, London, og Lunds Tekniska Högskola, Lundi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Tiltrú Íslendinga á Alþingi og stjórnvöldum landsins er horfin og embætti forseta þjóðarinnar er rúið trausti. Dómskerfið er mannað með pólitískum bitlingum og lögbundin þrískipting valdsins er í uppnámi vegna hirðuleysis og frekju stjórnmálamanna. Misvægi atkvæða vegna búsetu er lögvarið. Auðlindum þjóðarinnar er ráðstafað til vandalausra að henni fornspurðri og eignir hennar hafa verið seldar á útsöluverði. Þjóðkirkjan er varin af stjórnarskránni á meðan náttúra landsins er óvarin fyrir ágangi skammsýnna manna. Stjórnarskrá landsins er úr sér gengin og nýtist einungis sem bitbein þrætubókarmanna. Hana þarf að endurskoða frá grunni og endurríta á mannamáli. Til þess verks er ég reiðubúinn.

4305

Halla Björg Evans

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Lögfræðingur
HallaBjorgEvans@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er með B.Sc. gráðu í viðskiptalögfræði (2006) og ML gráðu í lögfræði (2008) frá Háskólanum á Bifröst. Ég vann með námi hjá Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála á Bifröst auk þess að vera aðstoðarkennari. Ég hef unnið frá janúar 2008 á skattasviði KPMG við fjölbreytt verkefni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings þar sem ég hef mikinn áhuga á að hafa áhrif á nýja stjórnarskrá okkar Íslendinga. Þar vil ég m.a. skilgreina betur þriggri greiningu ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, skilgreina hlutverk og stöðu forseta, setja ákvæði um lýðræðislega þátttöku almennings og standa vörð um framsal ríkisvaldsins.
Þetta þing er ein af leiðunum við uppbyggingu á samfélaginu okkar. Því með nýrri og skýrari stjórnarskrá byggjum við betri framtíð fyrir okkur og börnin okkar. Ég tel mig hafa margt fram að færa sem lögfræðingur, móðir og kona. Ég óska eftir stuðningi því ég hlakka mikið til að takast á við þetta krefjandi og áhugaverða verkefni.

2677

Guttormur Þorsteinsson

Fæðingarár: 1988 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Nemi
guttormurinn@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Útskrifaðist úr Menntaskólanum við Hamrahlíð 2007. Stunda MA og BA nám í sagnfræði við Háskóla Íslands. Hef unnið sem bókaforður á Kringlubókasafni í hluta- og sumarstarfi frá 2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabingið er merkileg tilraun og ég tel nauðsynlegt að kjósendur hafi úr viðum hópi fólks að velja. Ég hef lengi haft mikinn áhuga á stjórnmálum og mannréttindamálum og vildi því leggja mitt af mörkum. Verkefnið er flókið og þarfnast yfirvegaðra og vandaðra vinnubrögða. Ég vil því ekki endilega leggja í kosningabaráttu með ófrávikjanleg stefnumál sem ekki er unnt að uppfylla. Sátt þarf að ríkja um stjórnarskrána og hvernig hún getur stuðlað að betri vinnubrögðum í stjórnkerfinu, minni spillingu og auknum réttindum borgaranna. Þær hugmyndir sem ég legg upp með eru hins vegar minni takmarkanir á tjáningarfrelsi og skýrari aðgreining framkvæmdarvalds frá dóms- og löggjafarvaldi.


5163

Halla Margrét Jóhannesdóttir

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Leikari
hallamargret@islandia.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er menntuð sem leikari og íþróttakennari og er að ljúka námi í ritlist frá Háskóla Íslands.
Ég hef unnið við leiklist, leikið, leikstýrt og skrifað. Einnig hef ég kennt leiklist og leikfimi. Ég hef líka unnið við uppvask og ræstingar og starfað í sjoppu, banka og fiski.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til vinnu á stjórnlagabingi vegna þess að ég vil með virkum hætti taka þátt í að gera tillögu að nýrri stjórnarskrá. Ég hef unnið margs konar vinnu þar sem reynt hefur á ígrundun, samvinnu, hlustun, frumkvæði og úrlausnir en þessir þættir eru mikilvægir í þeirri einstöku vinnu sem framundan er við að endurskoða íslensku stjórnarskrána.
Lýðræði, frelsi og samkennd eru leiðarljós sem vísa veginn ásamt virðingu fyrir fólki og náttúru.
Megi stjórnlagabingur verða þjóðinni til heilla.

4294

Haldór Porkell Guðjónsson

Fæðingarár: 1939 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Eftirlaunabegi
halldgud@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Er úr Reykjavík, skólar þar, stúdent MR 1959. Nam stærðfræði í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Doktorspróf í Minnesota 1968. Sveit og á togara á sumrum. Störf við HÍ 1969-2009. Kennslustjóri HÍ í 15 ár. Kenndi stærðfræði, rökfræði og málfræði. Les stjórnspeki og sögu, geng og syndi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vil stuðla að röksamhengi, einföldu sniði og skýrri framsetningu stjórnarskrár sem geymi anda til að byggja land með lögum. Haganlegum stjórnvöldum, sem með skránni þiggja vald sitt frá þjóðinni, skal skylt að gæta öryggis lands og hagsældar landsmanna en vika ella fyrir valdi þjóðarinnar. Stjórnarskráin móti samfélaginu réttlátar og sanngjarnar grunnstofnanir og virði í þeim frelsi landsmanna, móti jafnrétti og stuðli að bræðralagi. Stjórnarskráin geymi ákvæði um almenn mannréttindi og sérstök þegnréttindi. Meðal þessa rétt til menntunar og heilbrigðisþjónustu og til skipulegra upplýsinga um landshagi. Efnisáherslur: auðlindir, stöðugur efnahagur, jöfnuður og lýðræði, skyldur stjórnvalda.

7539

Haldór Nikulás Lárusson

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Verkefnisstjóri
hnl@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Starfa sem verkefnisstjóri á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur. Hef í gegnum tíðina starfað við kennslu í grunnskólum, fræðslu, almenn prestsstörf og markþjálfun, hér á landi og erlendis. Nam guðfræði við UOFN í Sviss, markþjálfun hjá Evolvía og stjórnun í HR.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Höldum því sem gott er í núverandi stjórnarskrá.

1. Ég vil að stjórnarskráin standi vörð um mannlega virðingu og tryggi jafnan rétt, frelsi og vegferð öllum til handa. Stjórnarskráin endurspeglar sameiginleg gildi okkar sem þjóðar.
2. Ég vil að tillögur þjóðfundar, sem þverskurðar þjóðarinnar, séu leiðandi í endurskoðun stjórnarskrárinnar.
3. Ég vil eina þjóð í landinu, óháð uppruna eða efnahag einstaklinga.
4. Ég vil skýra þrískiptingu valds í löggjafar- framkvæmdar- og dómvald.
5. Ég vil ákvæði sem tryggja gagnsæi í stjórnmalum og fjármálum.
6. Ég vil auðlindir til sjávar og sveita alfarið í eigu og á ábyrgð þjóðarinnar, þar með veiðikvótann.
7. Ég vil trúfrelsi og aðskilnað ríkis og kirkju.

6318

Haldór Grétar Gunnarsson

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Íslendingur

Menntun/starfsreynsla:

Hef starfað sem sjómaður, stýrimaður, matsveinni, við hafnarmannvirkjagerð, sem málari, járnbindingarmaður, verkstjóri hjá byggingarverktaka og í smíðavinnu. Frumkvöðull við álaveiðar, leiðsögumaður við skot- og stangveiðar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel mig hafa mikið fram að færa til nýrra tíma þessa þjóðfélags. Hef mikla réttlætiskennnd sem hefur vantað hér í landi eiginhagsmuna og samplotts auðvalds og stjórnmalaflokka. Ég tel að allar auðlindir landsins séu eign þjóðarinnar og það eigi að koma skýrt fram í stjórnarskránni. Landinu á ekki að vera stjórnað af auðvaldi og hagsmunahópum sem er samofið spilltri pólitík. Ráðherrar skulu ekki vera þingmenn. Fólk í stjórnsýslunni og í ábyrgðarstöðum skal eigi sitja lengur en tólf ár. Það á að koma skýrt fram í stjórnarskrá að menn í ábyrgðarstöðum skuli sæta refsingu verði þeir uppvisir að afgangur í starfi. Það á að koma á persónukjöri og atkvæðisvægi að vera það sama fyrir hvern þegn landsins.

7429

Haldóra Aðalsteinsdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 230 Reykjanesbæ
Lögfræðingur
halldora.adal@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

1988-1992: Menntaskólinn í Reykjavík.
2007: B.Sc. í viðskiptalögfræði, Háskólinn á Bifröst.
2010: ML í lögfræði, Háskólinn á Bifröst.
1998-2001: Skrifstofustjóri hjá Sjávargulli ehf.
2002-2003: Skólaritari Grunnskólans í Sandgerði.
2009-2010: Starfsmaður Landsbankans.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings þar sem ég hef menntun sem styrkir mig til þess verkefnis sem vinna þarf á stjórnlagabingi, auk mikils áhuga á viðfangsefninu. Ég er með ríka réttlætiskennnd og er ekki tengd neinum hagsmunasamtökum. Ég legg mikla áherslu á að vandað verði til verka við þær tillögur sem gerðar verða um breytingar á stjórnarskránni. Þær verða að standa tímans tönn, þar sem stjórnarskráin inniheldur grundvallarlög eða æðstu réttarreglur ríkisins. Ákvæði stjórnarskrárinnar verða að vera almennt orðuð til þess að hún geti þróast í samræmi við þjóðfélagsaðstæður hverju sinni og verði lifandi afl í samfélaginu.

5097

Haldór Jónsson

Fæðingarár: 1937 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Verkfræðingur
halldorj@vortex.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MR 1957. Dipl-Ing frá TH Stuttgart 1962. Hjá Bárði Daníelssyni og Almannavörnum 1962-1964, Steypustöðin ehf. 1964-2002. Almenn hönnunarstörf frá 1962. Atvinnuflugréttindi frá 1978. Lengi í Steinsteypunefnd, í stjórn RB, í stjórnnum félaga, í útgáfu Voga í Kópavogi, í greinaskrifum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef gagnrýnt stjórnskipun lýðveldisins Íslands. Mér finnst mér skylt að leggja hönd á plóginn til endurbóta sé eftir því óskað. Ég hallast að því að núverandi skipulag með framkvæmdarvald og löggjafarvald í einni málstofu megi bæta. Ég tel að ójafn atkvæðisréttur auki vanda Alþingis. Til greina kemur að Alþingi velji forsætisráðherra úr sínum röðum, sem skipi utanþingsráðherra með samþykki Alþingis. En Alþingi fari með fjárveitingar-, löggjafar- og skipunarvald embætta ríkisins. Þjóðkjör forsætisráðherra í tveimur umferðum kemur líka til greina í mínum huga.

3942

Haldóra Guðrún Hinriksdóttir

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Forstöðumaður
halldorahinriksdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er forstöðumaður Stjórn- og fagmenntar hjá Opna háskólanum í HR. Ég var verkefnastjóri hjá Glitni 2007-2008 og ráðgjafi og þjálfari hjá Capacent 2001-2007. Ég er með MBA próf frá Edinborgarháskóla með áherslu á stefnumótun og fjármál og B.Ed. gráðu í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings með það að markmiði að styrkja undirstöðu íslensks samfélags. Ég vil sjá breytingar á stjórnarskránni er m.a. við koma auknu beinu lýðræði, að grundvallargildi samfélagsins verði fest í sessi, aðgreining löggjafar- og framkvæmdarvalds verði skýrari, að sett verði þak á lengd þingsetu þingmanna og ráðherra, að ákvæði um mannréttindi verði í samræmi við alþjóðasáttmála og að tryggt verði að náttúruauðlindir verði nýttar á sjálfbærán hátt. Ég tel mikilvægt að fólk með ólíkan bakgrunn og reynslu komi að endurskoðun stjórnarskrárinnar til að tryggja að breytingar séu skoðaðar frá mörgum ólíkum sjónarhornum og að þær endurspeglí langtímahagsmunum heildarinnar.

9673

Haldóra Kristín Thoroddsen

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Kennari, rithöfundur
hkthoroddsen@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Haldóra hefur sinnt kennslu, umönnun, útlitsteikun blaða, dagskrárgerð og verkefnisstjórnun við endurskoðun aðalnámskrár. Eftir hana hafa komið út þrjár ljóðabækur og tvö smásagnasöfn. Hún hefur fjallað um samfélags- og menningarmál í útvarpi og blöðum og um bókmenntir í sjónvarpi og tímaritum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá lýðveldisins er grundvallarsamkomulag þjóðarinnar um réttlæti, velferð, siðferði, frelsi og fullveldi, óháð stjórnvöldum. Við Íslendingar höfum tamið okkur vonda stjórnsíði og það er löngu tímabært að laga stjórnarskrá okkar að aukinni lýðræðiskröfu og nýjum aðstæðum. Rita þarf nýja skrá á aðgengilegu og nákvæmu máli. Það þarf að styrkja dóms- og löggjafarvald gagnvart framkvæmdarvaldi. Skilgreina og endurskoða valdmörk forseta og málskotsrétt. Breytinga er þörf á ákvæðum um atkvæðavægi og kjördæmaskipan. Ég tel brýnt að fjalla um gagnsæi og aðgang að opinberum gögnum í stjórnarskrá, um þjóðaratkvæði og einnig umhverfismál og sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar.

8683

Hans Benjamínsson

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 221 Hafnarfirði
Almannatengill

Menntun/starfsreynsla:

Áhugi minn á orkumálum kviknaði snemma, þó einkum á nýtingu jarðvarma svo leiðin lá beinast í jarðfræðideild HÍ. En eftir þó nokkurt grúsk fann ég að hugurinn reikaði í átt að tæknilega hluta fagsins svo ég skipti yfir í verkfræði við sama skóla og stúdera þar nú samhliða vinnu hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nú, auðvitað til að bjarga málunum. Gamlir gráðugir tréhestar komu okkur út af sporinu svo það verður að leita allra leiða til að koma okkur aftur í réttan farveg. Stjórnarskráin sem slík er fín. En hana þarf nauðsynlega að uppfæra, leiðrétta tímaskekkjur og nútímavæða. Allt þetta er auðvelt og ætti að geta gerst á mjög skömmum tíma ef rétt er haldið á málunum og engir afdankaðir pólitikusan komast inn. Þessi 700 slög sem mér er úthlutað hérna eru engan veginn nógu mörg svo að, lesandi góður, flettu mér upp á Facebook.

9541

Hallur Magnússon

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Sjálfstæður ráðgjafi
hallur@spesia.is

Menntun/starfsreynsla:

BA sagnfræði og þjóðfræði. Rekstrarfræðingur frá Samvinnuháskólanum á Bifröst. Meistaránám í stjórnun og stefnumótun við HÍ og CBS. Rekur ráðgjafarfirmu. Áður sviðsstjóri í Íbúðalánasíði og sveitarfélaginu Hornafjörður, kennari á Vopnafirði og Borgarfirði eystra, blaðamaður og þáttagerðarmaður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá Íslands á að byggjast á frjálshynda og umburðarlynda, tryggja þegnum landsins örugg mannréttindi og beint lýðræði, skilvirka og lýðræðislega stjórnskipun, réttlátt og óháð dómskerfi og að landsmenn njóti allir ávaxtanna af nýtingu náttúru-auðlinda landsins.

Í stjórnarskrá vil ég tryggja:

Persónukjör og rétt til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Raunverulegan aðskilnað löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds.

Að dregið verði úr miðstýringu ríkisstjórnarvaldsins.

Nýjar grunnstjórnsýslueiningar í formi öflugra, sjálfstæðra og lýðræðislegra héraðsstjórna sem taki yfir sem stærstan hluta fjárveitingarvalds, framkvæmdarvalds og samfélagslegra verkefni ríkis og sveitarfélaga.

6835

Hans Gústafsson


Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Kerfisstjóri
hansg@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Er að ljúka BA í ensku og dönsku, áætluð útskrift haust 2011.

Menntun í kerfisstjórn 2003.

Stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði 1981.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings því ég vil vinna að framgangi þessara breytinga á stjórnarskránni: Mannréttindamál verði hornsteinn stjórnarskrárinnar, m.a. að réttindi barna verði tryggð og ákvæði sem styrkir réttarstöðu fórnarlamba mansals. Stjórnarskráin undirstriki að náttúruauðlindir séu þjóðareign. Þingmönnum fækkað og landið gert að einu kjördæmi. Þingmenn kosnir persónukjöri. Ákvæði um að minnihluti þings geti skotið málum til þjóðaratkvæðis. Framkvæmdarvaldið aðgreint frá þinginu og ráðherrar sitji ekki á þingi. Seta á þingi og ráðherrastóli takmörkuð við 8 ár samfellt og 12 ár samtals. Kosið reglulega til stjórnlagabings. Tillögur stjórnlagabings fari beint í þjóðaratkvæði.

9508

Hannes Páll Pálsson

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Hönnuður og framleiðandi hjá Sagafilm

Menntun/starfsreynsla:

BA og MA frá lista og hönnunarháskólanum Central Saint Martins í London. Hef unnið fjöldann allan af störfum frá unga aldri en síðustu ár hef ég aðallega unnið að skipulagningu og uppsetningu viðburða ýmiss konar. Auk þessa sinni ég sjálfboðinni vinnu og félagsstörfum fyrir Íþróttafélagið Styrmi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vonast til að afrakstur þingsins verði framsýn og réttlát stjórnarskrá sem við getum öll verið hreykin af. Ég tilheyrir engum stjórnmálaflokki og einu hagsmunatengsl mín líkleg til að hafa áhrif á vinnu mína eru þau að ég er samkynhneigður og mun ganga úr skugga um að réttindi sam- og tvíkynhneigðra og transgender fólks verði viðurkennd og virt í öllu ferlinu. Ég vonast til að ný stjórnarskrá kveði á um virkara lýðræði, þjóðareign auðlinda og verndun þeirra og sjálfbæra nýtingu. Önnur mál þarf ég að kynna mér betur og læra almennilega um og ætla ekki að þykjast vita allt á þessu stigi og lofa bara að vinna af heilindum komist ég að.

5625

Hans Guttormur Pormar

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
hans@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Sameindalíffræðingur frá Háskóla Íslands. Rannsóknir og kennsla á því sviði.

Einn af stofnendum og núverandi framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins Lifeindar ehf.

Hlutdeild í þremur alþjóðlegum einkaleyfum.

Reynsla af umsjón og daglegum rekstri rannsóknar- og samstarfsverkefna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef undanfarin ár sökk mér niður í greinar stjórnarskrárinnar og reynt að öðlast betri skilning á þeim, áhrifum þeirra og hvernig þeim er framfylgt. Ég tel að ákveðnum greinum stjórnarskrárinnar þurfi ekki endilega að breyta heldur skerpa á þeim svo þeim sé framfylgt á réttan hátt. Aðrar greinar stjórnarskrárinnar þurfa hins vegar mun meiri yfirlegu og hugsanlega viðbætur, t.d. mannréttindaákvæði, þrískipting valds og auðlindir. Ég tel að reynsla mín af störfum víðs vegar í þjóðfélaginu, hæfileiki minn til að greina orsök og afleiðingu og taka saman rök og mótrök komi til með að nýtast mjög vel við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég geng með opnum huga til stjórnlagabings.

4228

Harald Sigurbjörn Holsvik

Fæðingarár: 1944 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Vakt- og varðstjóri hjá Landhelgisgæslu Íslands
harald.holsvik@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Sveitastörf frá 5 ára aldri, verkam. við malbik og vegagerð, sjósókn frá 19 ára aldri í um 11-12 ár, loftsketa- og tæknimaður á varð- og Hafróskipum. Störf- og nám: rafvirkjun, skipaskm. heilbrigðisráðun., tæknilegar mengunar- og umhverfismælingar. Framkvæmdastjóri FFSÍ og Öldunnar. Við fjarsk. hjá LÍ, 112 og LHG.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

ÍSLANDSVÍSUR, eftir Guðmund Magnússon (Jón Trausta), lýsa vel mínum áhuga á að lagfæra leikreglur og bæta hið tvístraða og mjög svo vafasama síðferði sem við höfum svo átakanlega orðið vör við á liðnum árum. Þessar einföldu söngvísur mættu svo vel meitlast inn í hugi okkar og endurspeglast sem vilji í nýrri stjórnarskrá vors dýrmæta lands og hjálpa okkur við að undirbúa framtíðina. Mín ósk til þín er þessi, lestu öll erindin til að öðlast þá von og trú að styrkja megi Alþingi vort og samfélagið allt.

Ég vil elska mitt land, ég vil auðga mitt land, ég vil efla þess dáð, ég vil styrkja þess hag.

Ég vil leita' að þess þörf, ég vil létta þess störf, ég vil láta það sjá margan hamingjudag.

5548

Harpa Hrönn Frankelsdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Stjórnmálafræðingur
harpa.frankels@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

BA í stjórnmálafræði og að ljúka MPA námi í opinberri stjórnsýslu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Eins og flestum Íslendingum er mér umhugað um að lýðræðislegar endurbætur verði á samfélagsumgjörð okkar. Því er ánægjulegt að á næstu vikum og mánuðum muni landsmenn leiða hugann að þeim grunnildum, hugsjónum og viðmiðum sem við viljum að íslenskt þjóðfélag byggist á.

Tryggja þarf stjórnvöldum aukið aðhald og vernda réttindi borgaranna. Færa má aukin völd beint til fólksins, tryggja eignarhald á sameiginlegum auðlindum okkar og endurskoða samband ríkis og kirkju.

Ef þú veitir mér atkvæði þitt mun ég vinna að heilindum að undirbúningi tillagna að nýrri stjórnarskrá okkar allra.

9662

Haraldur Árnason

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Öryrki
halliarna@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Starfsferill er þannig að ég var fyrsta áratuginn á sjó, aðallega togurum. Eftir sjómennsku hef ég unnið við alls kyns meiraprófsakstur, húsaveiðgerðir, bílaviðgerðir og eigin rekstur í bílasprautun og réttingum sem ég rak í um áratug eða rúmlega það er ég varð öryrki eftir slysi fyrir nokkrum árum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna hvatningar og áskorana frá fólki. Í mörg ár hef ég haft áhuga á leikreglum samfélagsins sem mér hefur aldrei fundist vera í lagi og hef ég verið mjög gagnrýninn á þær. Ef Ísland er lýðræðisríki þá ættu hagsmunir heildarinnar að ganga fyrir sérhagsmunum. Þess vegna hljóta áherslurnar að liggja í mannréttindum og aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku (þjóðaratkvæðagreiðsla). Ein þjóð, eitt kjördæmi, öll atkvæði jöfn. Á umliðnum árum hafa hagsmunir valdsins verið túlkaðir ofar mannréttindum en mannréttindi ættu alltaf að vera fyrst á blaði til þess að hægt sé að hemja valdið. Þrískiptingu valdsins þarf að skerpa og kjósa þarf hæstaréttardómara í almennum kosningum.

6824

Harpa Hauksdóttir

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
harpa@townhouse.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég lauk prófi í einkabjálfun frá FIA 2002 og Ráðgjafaskóla Íslands 2007.

Ýmis námskeið frá EHI varðandi fíkn og meðvirkni.

Starfaði við meðferðartengda þjónustu. Hótel- og veitingastörf ásamt eigin rekstri.

Stofnaði líkamsræktarstöðina Grand Spa 2007 ásamt því að reka litla heimagistingu í Reykjavík.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til þess að hafa áhrif á gerð nýrrar stjórnarskrár. Ég hef að leiðarljósi skýr markmið um jafnrétti og skilvirk vinnubrögð. Ég tel að helstu mál sem skoða þarf við gerð nýrrar stjórnarskrár séu kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag. Ég er þeirrar skoðunar að skerpa þurfi skil milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og tryggja sjálfstæði dómsvalds. Ég legg áherslu á að breyta ekki okkar ágætu stjórnarskrá breytinganna vegna, en að breytingar verði til þess að styrkja jafnrétti og mannréttindi á Íslandi sem og vinnubrögð.

3997

Haraldur Ingvarsson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Arkitekt
hi@plusark.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá MT, prófgráða í arkitektúr frá háskólanum í Syracuse, New York, í Bandaríkjunum. Starfandi arkitekt eftir nám, síðast sem meðeigandi hjá +arkitektum ehf. Verkefnastjóri síðustu tvö ár hjá BIM Ísland um innleiðingu notkunar á upplýsingalíkönunum í mannvirkjagerð.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með framboði mínu vil ég leitast við að vera talsmaður fólksins en ekki ákveðinna flokka eða hagsmunaaðila. Ég hef að sjálfsgöðu ákveðnar skoðanir sem ég vil viðra, meðal annars að fækka þingmönnum, gera þrískiptingu ríkisvaldsins skýrari, opna á aukna notkun þjóðaratkvæðagreiðslu, festa ákvæði um eignarhald auðlinda í stjórnarskrá, hafa skýran mannréttindakafla og skoða persónukjör eða jöfnun atkvæðavægis. Ég vil beita mér fyrir umræðu og samtali við fólkið í landinu og er með Facebook síðu undir mínu nafni þar sem mögulegt er að vera í beinu sambandi við mig. Einnig er hægt að senda mér tölvupóst en ég mun leitast við að svara öllum erindum sem mér berast.

4503

Haukur Arnþórsson

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Stjórnsýslufræðingur
haukur.arnthorsson@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Starfa nú við ráðgjöf, rannsóknir og kennslu. Á árunum 1989-2004 var ég forstöðumaður upplýsinga- og tæknisviðs skrifstofu Alþingis og 1981-1989 starfaði ég við Reiknistofnun Háskólans. Menntun: doktor í stjórnsýslufræði, MPA í opinberri stjórnsýslu og B.Ed. í uppeldisfræði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með framboði til stjórnlagabings vil ég stuðla að gerð skiljanlegrar og einfaldrar stjórnarskrár fyrir Íslendinga. Það tel ég mögulegt án afgerandi kerfisbreytinga og í málefnum stjórnarskrárinnar trúi ég á þróun. Aðaláherslu legg ég á að gerður verði nýr kafli í stjórnarskránni sem tilgreinir hvaðan stjórnvöld hafa vald sitt, sem er frá almenn- ingi, og tilgreint hvernig þau eiga að standa honum reikningsskil gerða sinna. Þannig tengist ábyrgð í opinberu lífi umboði almennings sterkar en áður. Krafa verði gerð um vandaðar stjórnvaldsframkvæmdir; um fagmennsku stjórnvalda, um gagnsæi í verkum þeirra og um aukna samvinnu aðila. Þetta og margt fleira þarf stjórnarskráin að endurspegla.

4085

Haukur Halldórsson

Fæðingarár: 1945 **Sveitarfélag:** 601 Svalbarðsstrandarhr. Bóndi
halldorsson@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Haukur Halldórsson er bóndi. Hann hefur um árabíl tekið virkan þátt í ýmsum félögum og stjórnnum. Þannig var hann formaður Stéttarsambands bænda og átti mikinn þátt í gerð þjóðarsáttarinnar árið 1990. Haukur var beðinn um að sitja í stjórn Landsbankans eftir hrun en hefur nú látið af því starfi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabingið mun hafa mikil áhrif á framtíð íslensks samfélags. Þess vegna verður það að endurspeglar vilja allrar þjóðarinnar. Heiðarleiki og opinská umræða verður að einkenna stjórnlagabingið. Í stjórnarskrána skortir t.d. skýrari ákvæði um umhverfismál, eignarhald og nýtingarrétt náttúruauðlinda. Fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslna verður að vera ljóst og sama gildir um hlutverk forseta Íslands. Ég trúir því að reynsla mín sem fjölskylduföður, bónda og félagsmálamanns í áratugi komi sér vel á stjórnlagabingi. Ég legg áherslu á mikilvægi samvinnu fólks hvar sem það býr á landinu. Fólk vill sanngjarn, ófgalaust þjóðfélag. Á þessi atriði mun ég leggja áherslu ef ég næ kjöri.

6879

Helga Baldvinsd. Bjargardóttir

Fæðingarár: 1981 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
 Proskapjálfi, lögfræðingur, MA nemi
helgabaldvins@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

2008-(2010): MA nám í fötlunarfræðum við HÍ. Ritgerð (í vinnslu): Þvingun og valdbeiting í starfi með fötluðu fólki.
 2005-2009: BA í lögfræði við HÍ. Ritgerð: Réttur seinfærra foreldra til að halda forsjá barna sinna. 2003-2006: BA í proskapjálfun við KHÍ. Ritgerð: Réttindagæsla fatlaðra.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vegna þess að mér þykja ákvæði Stjórnarskrárinnar um margt gömul og úr sér gengin og ekki til þess fallin að vera sá máttarstólpi fólksins í landinu sem henni er ætlað að vera. Ég hef sérmenntað mig í mannréttindum fatlaðs fólks og finnst með öllu ólíðandi að mannréttindavernd fatlaðra einstaklinga sé undir framsæknum lögskýringum Hæstaréttar komin. Í stjórnarskrá á ekki að orða mannréttindi með óljósum hætti til að forðast lögsóknir minnihlutahópa sem á er brotið. Stjórnarskráin á að kveða skýrt á um grundvallarréttindi borgaranna til mannsæmandi lífskjara og vera verndartæki almennings gegn valdniðslu og skammsýni stjórnvalda sem ekki telja sér skylt að byggja upp eitt samfélag fyrir alla.

7902

Haukur Már Haraldsson

Fæðingarár: 1943 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
 Framhaldsskólakennari
hmh@tskoli.is

Menntun/starfsreynsla:

Sveinspróf í prentsetningu. Kennsluréttindi frá KHÍ. Útlitshönnuður, blaðamaður, ljósmyndari, fréttastjóri og blaðafulltrúi ASÍ. Kennari í fjölmiðlafræði við IR, síðar Tækniskólann. Í stjórn Félags framhaldsskólakennara og KÍ. Í stjórn ÞSSÍ; í þróunarsamvinnunefnd og -ráði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ísland stendur á tímamótum. Þess vegna er krafan um opið og heiðarlegt samfélag hávær. Liðir í þróuninni til slíks samfélags eru komandi þjóðfundur og síðan stjórnlagabingið sem vinna á meðal annars úr þeim hugmyndum sem frá þjóðfundinum koma. Óskinn er að úr þessari vinnu komi ný stjórnarskrá fyrir íslenska lýðveldið. Stjórnarskrá sem geti myndað ramma um betra og heilbrigðara mannlíf, nýtt Ísland. Þetta er spennandi og krefjandi verkefni sem ég hef mikinn áhuga á að taka þátt í. Ég tel að reynsla mín og þekking geri mig hæfan til að leggja þar sitt hvað gagnlegt af mörkum.

7198

Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir

Fæðingarár: 1955 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
 Öryrki, tónlistarkennari
songholl@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Einsöngvari – Tónmennta-, Suzukisöngréttinda- og tónmenntakennari – Kórstjóri – Forskólakennari – Tónfræði- og tónheyrnarkennari – Frumkvöðlastarfræðingur í einsöngskennslu fyrir ung börn (Suzuki voice). – Tónlistarkennsla með fötluðu og þroskaheftu fólki auk sérkennslu!

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

1. Ráðherravald verði aðskilið frá Alþingi til að koma í veg fyrir hagsmuna- og kross-tengsl. Öll tvímæli verði tekin af um að ráðherrar eigi og hafi eftirlitsskyldu með undirstofnunum samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð '63.
2. Lögmaður og talsmaður félagslegs óréttlætis verði settur á laggirnar til verndar einstaklingum en EKKI stjórnvöldum!
3. Gjafsóknarheimildir verði miðaðar við almenn framfærsluviðmið eins og á Norðurlöndunum.
4. Sannleiksnefnd verði sett á laggirnar í vafamálum í eineltis- og kynferðisbrotamálum.
5. Fagteymi fyrir þolendur eineltis- og kynferðislegs áreitiss með lögmanni.
6. Endurupptökuákvæði fyrir dómstólum séu ljós og skýr almenningi!
7. Lágmarksframfærsla verði lögfest.

8518

Haukur Nikulásson

Fæðingarár: 1955 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
 Ráðgjafi

Menntun/starfsreynsla:

Verslunarpróf 1973.
 Frumkvöðlafræði PDE (Professional Diploma in Entrepreneurship frá háskólanum Keili 2010).
 Haukur hefur lengst af starfað í tölvugreininni eða frá 1981 við stjórnun, sölu, innkaup, forritun, þjónustu og fleira.
 Starfar nú sem ráðgjafi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vegna stjórnsmála- og efnahagslegrar eyðileggingar þarf Ísland fullkomna endurreisn. Byggja þarf upp nýtt og réttlátara samfélag, hreinsa út spillingaröfl, gera upp fortíðina og leggja drög að nýju stjórnkerfi.
 Áhersluatriði mín eru:
 Endurskoðun forsetaembættis.
 Ný og einfaldari kosningalög þar sem prófkjör, flokkakjör og persónukjör eru sameinuð í eina rafræna kosningu.
 Fjárframlög ríkis og fyrirtækja til stjórnsmálaflokka verði bönnuð.
 Trygging sjálfstæðis og fullveldis í stjórnarskrá.
 Aukinn meirihluta (3/4) þurfi til breytinga á stjórnarskrá.
 Auðlindir þjóðarinnar verði þjóðareign og jafnræði tryggt til aðgangs þeirra.
 Aðskilnaður ríkis og kirkju.
 Dómsvald verði óháðara framkvæmdarvaldi.

8496

Helga Sigurjónsdóttir

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
 Tölvunarfræðingur
helga.sigurjonsdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Tölvunarfræðingur og hef starfað við upplýsingatækni frá 1982 sem sérfræðingur, stjórnandi og kennari. Hef mikla reynslu af verkefnastjórnun og samvinnu sem kemur hvarvetna að gagni.
 Hef stundað endurmenntun alla starfsævina í upplýsingatækni, stjórnun, kennslufræðum og leiðsögn ferðamanna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Við þurfum nýja stjórnarskrá sem endurspeglar þau megingildi sem þjóðin vill að verði leiðarljós fyrir endurnýjaðan samfélagssáttmála. Ný stjórnarskrá þarf að vera öllum auðskilin. Hún á umfram allt að vernda mannréttindi og lýðræði. Setja þarf valdhöfum skýr mörk og tryggja jafnvægi milli löggjafar-, framkvæmdar- og dómvalds. Tryggja farveg fyrir beint lýðræði og jafna atkvæðavægi óháð búsetu. Stjórnlagabingið þarf að taka afstöðu til margra álitafna. Mikilvægt er að það sé gert af skynsemi, yfirvegum og með hagsmunum allrar þjóðarinnar í huga. Verði ég kjörin á stjórnlagabing mun ég vinna af heilindum að því að breið samstaða náist um nýja stjórnarskrá sem endurómar vilja þjóðarinnar.

2281

Helgi Helgason

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Stjórnmálafræðingur
helgihelgason@isl.is

Menntun/starfsreynsla:

Stjórnmálafræðingur BA, danska sem aukafag.
Kennsluréttindi fyrir grunn- og framhaldsskóla. Hef víðtæka reynslu úr atvinnulífinu sem verkamaður, skrifstofumaður og sjálfstæður atvinnurekandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að stjórnlagabing sé nauðsynlegt svo að raunverulegar breytingar náist fram á stjórnsýslunni á Íslandi. Stjórnlagabing er einn þáttur í uppgjöri sem þjóðin þarf að gera vegna hrunsins. Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að hafa núverandi stjórnarskrá til hlíðsjónar í vinnu stjórnlagabings. Helstu umbætur á stjórnarskrá, sem ég legg áherslu á að verði ræddar á stjórnlagabingi, eru til dæmis hvort kjósa skuli forsætisráðherra beinni kosningu, að landið sé eitt kjördæmi, að settur verði á laggirnar stjórnlagadómstóll, að kjósendur geti krafist þjóðaratkvæðis um ákveðin mál og að skýrt ákvæði sé í stjórnarskrá um að auðlindir séu í eigu þjóðarinnar.

3238

Hildigunnur Sverrisdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Arkitekt, stundakennari við LHÍ, HR og Prisma
hildigunnur.sverrisdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Sjálfstætt starfandi arkitekt, stundakennari við LHÍ, HR og Prisma og fræðilegur ráðgjafi. Stundaði nám í París og Kaupmannahöfn. Menntaður leiðsögumaður. Hef unnið á flestum stigum arkitektúrs og hef ásamt samstarfsfólki unnið til verðlauna í samkeppnum. Trúnaðarstörf á vegum LHÍ og AÍ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hvernig tryggjum við að stjórnarskráin virki sem traustur grundvöllur undir síkvikt nútímasamfélag?
Við lifum á tímum róttækra breytinga. Ör tækniþróun og fjölbætt net samskipta hafa gert okkur ljóst að við þurfum að endurmeta afstöðu okkar til umhverfis og samfélags. Því liggur ómetanlegt tækifæri á að endurskoða heildrænt lýsingu stjórnarskrárinnar á samhenginu milli þegna, ríkis og umhverfis.
Mín köllun til stjórnlagabings snýst um það aðkallandi verkefni að greina hvers þessir nýju tímar krefjast af undirstöðum lýðræðisins, hvernig tryggja má að grundvallarsáttmáli þess styrki jafnrétti, sjálfs gagnrýni, samfélagsvitund og sjálfræði þjóðar um auðlindir sínar, andlegar sem veraldlegar.

5284

Herbert Snorrason

Fæðingarár: 1985 **Sveitarfélag:** 400 Ísafjarðarbæ
Stúdent

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði, BA próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands, stunda nám á meistarastigi í alþjóðasamskiptum við sama skóla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel nauðsynlegt að stjórnarskrá Íslands verði tekin til gagngerrar endurskoðunar og að hér verði sett heildstæð stjórnskipunarlög sem ná jafnt til allra þrepa stjórnsýslunnar. Ég tel að hag lýðs og lands verði ekki borgið án róttækra breytinga á öllum stjórnarháttum og vil mæla fyrir slíkum breytingum á stjórnlagabingi. Ég vil svæðisbundnari stjórn, virkara lýðræði og einfaldari reglur.

7693

Hildur Björg Gunnarsdóttir

Fæðingarár: 1988 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Nemi
hbg18@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stunda nám í læknisfræði við HÍ. Stúdent frá MR 2008. Fyrri störf: Styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna 2010. Rannsóknarstofur LSH 2008, 2009. Leiðbeinandi á leikskólanum Dvergasteini 2007. Störf tengd æskulýðsvettvangi landsins. Ýmis störf tengd ungmennalýðræði Seltjarnarness.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel það mikilvægt að huga að ungu fólki á stjórnlagabingi og að gætt sé jafnréttis, bæði með tilliti til aldurs og kynja. Framtíð landsins er í höndum unga fólksins og það þarf að hafa það með í ráðum. Ég lit framtíðina björtum augum og hef mikinn vilja til góðra verka.

6384

Herdís Dröfn Baldvinsdóttir

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** Lancashire, Bretlandi
Verkefnastjóri
herdis@icelanders.eclipse.co.uk

Menntun/starfsreynsla:

BA í sálarfræði frá HÍ. MA og PhD í stofnanalegu atferli og atvinnulífsfræðum frá Lancaster University, Bretlandi. Ég hef víðtæka starfsreynslu, starfaði t.d. sem rannsóknarstjóri neytendamála á Norðurlöndum (Norræna ráðherranefndin) og hef unnið við og stýrt margs konar rannsóknarverkefnum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er óflokksbundin og ekki tengd hagsmunasamtökum. Ég hef mikið rannsakað tengslanet fjárhagslegra aflu á Íslandi (verkalýðsfélög, lífeyrissjóði og atvinnurekendur). Sú vinna hefur sýnt mér mikilvægi þess að sett verði í stjórnarskrána ákvæði sem dregur úr valdi stjórnmalaflokka og hagsmunasamtaka. Ég vil aukið gagnsæi og skýra ábyrgð í stjórnkerfinu. Mannréttindi tryggð óháð efnahag. Náttúruauðlindir í þjóðareign. Alvöru lýðræði. Landið eitt kjördæmi. Að þessu og fleiri málum vil ég vinna ef ég næ kjöri.

9783

Hildur Ýr Ísberg

Fæðingarár: 1979 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Íslenskunemi við Háskóla Íslands
hyi1@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Verslunarpróf frá Verzlunarskóla Íslands 1996. Stúdentspróf frá Fjölbautaskólanum í Garðabæ 1999. Legg stund á nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands sem lýkur haustið 2011.

Ég starfaði sem leiðbeinandi í grunnskóla í 8 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig langar til að taka þátt í því að gera breytingar á stjórnarskránni. Ég býð fram mína starfskrafta til að gera lýðræðið einfaldara, auka aðgengi hins almenna borgara að því og minnka líkurnar á spilltum atvinnupólitíkum.
Ég tel mig hafa ýmislegt fram að færa þar sem ég hef búið bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi og unnið ýmiss konar félagsstörf meðfram námi og vinnu.
Ég tel mikilvægt að fá venjulegt fólk inn á stjórnlagabingið sem þekkir aðstæðurnar í þjóðfélaginu í dag. Ég hef mikla trú á Íslandi og Íslendingum. Við erum frábært fólk og eigum skilið að komast aftur á réttan kjöl. Ég hef ríka réttlætiskennd og vil vinna að heilbrigðu þjóðfélagi fyrir komandi kynslóðir.

6593

Hjalti Hrafn Hafþórsson

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Nemi
hjalti82@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf.
BA próf í heimspeki frá Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að á Íslandi sé þörf fyrir raunverulegt lýðræði á sem flestum sviðum samfélagsins. Stjórnarskrá lýðræðisríkis er sá grundvallarsáttmáli þar sem fallist er á leikreglur slíks lýðræðis, form og uppsetningu þeirra stofnana og embætta sem að vald fólksins er falið í. Hlutverk stjórnarskrár er ekki endilega að takmarka vald þessara stofnana heldur að búa til aðstæður þar sem vald embætta og stofnana getur raunverulega hvílt á samtakamætti fólksins frekar en að vera boðandi yfirvald sem drottinnar yfir þeim. Góð stjórnarskrá þarf að tryggja að form og framkvæmd lýðræðisins leiði til stjórnskipunar sem raunverulega er stjórn fólksins, af fólkinu, fyrir fólkið.

3304

Hjörtur Hjartarson

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Kynningarstjóri Staðlaráðs Íslands
hjahirti@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Próf í sagnfræði 2007, sveinspróf í rafeindavirkjun 1988, stúdent 1982. Dvaldi á Ítalíu 1983. Stundaði sjómennsku á námsárunum. Vann við tölvuviðgerðir 1987-1989. Verkefnastjóri hjá löntæknistofnun og forstöðumaður Verkstjórnarfræðslunnar 1990-1999. Kynningarstjóri Staðlaráðs Íslands frá 1999.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram af því ég hef sannfæringu: Heilbriggt samfélag á Íslandi verður aðeins byggt upp með hreint borð og á nýjum grunni. Í því felst tvennt. Afdráttarlaust uppgjör við hrúnið og að Íslendingar semji eigin stjórnarskrá. Stjórnlagabingið er tækifæri sem við verðum að færa okkur í nyt. Ég ætla að leggja mitt af mörkum. Raunveruleg þrískipting ríkisvalds, lýðræði og jafnrétti eru lykillinn að því að losa um skaðleg tök sérhagsmunaafila á íslensku samfélagi. Skýra þarf mörk framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og auka áhrif kjósenda. Þjóðin þarf sjálf að geta gripið inn í mál á hverjum tíma og varið mikilvægustu hagsmuni sína. Nóg er komið af ofríki peninga. Ég treysti fólkinu í landinu.

7132

Hjalti Hugason

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Prófessor
hhugason@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MA 1972. Guðfræðingur frá HÍ 1977. Doktor í kirkjusögu frá Uppsalaháskóla 1983. Hefur þjónað sem prestur í Reykholti í Borgarfirði og í Svíþjóð. Lektor, aðstoðarrektur og starfandi rektor við Kennaraháskóla Íslands, síðan kennari í kirkjusögu við HÍ. Hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna þess að nú gefst einstakt tækifæri til að taka þátt í að marka samfélaginu nýja stefnu. Stjórnarskrá þarf að byggja á grunnildum lýðræðis, jafnréttis, mannréttinda og andlegrar, efnalegrar og félagslegrar velferðar. Stjórnarskrá þarf að taka mið af reynslu þjóðarinnar en horfa jafnframt til framtíðar. Í ljósi reynslu síðustu missera verður m.a. að huga að beinni aðkomu þjóðarinnar að mikilvægum ákvörðunum og styrkja þar með lýðræði. Það þarf að efla þingræði og setja ramma um störf stjórnmalaflokka. Það þarf að ganga betur frá því hvernig stjórnmalamenn og eftirlitsaðilar verða kallaðir til ábyrgðar. Það þarf að treysta eignar- og nýtingarrétt þjóðarinnar á auðlindum.

6604

Hjörtur Pálsson

Fæðingarár: 1941 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Rithöfundur
hjorturp@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Próf í íslenskum fræðum frá HÍ 1972 og guðfræði 2007, einnig finnskunám. Bláða- og útvarpsmaður rúm 20 ár. Forstjóri Norðurlandahússins í Færeyjum. Skáld og þýðandi. Prestur og starfsmaður Þjóðkirkjunnar í tímabundnum störfum. Þátttakandi í norrænu bókmenntalífi, félags- og menningarsamstarfi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnög eru í senn grundvöllur stjórnskipunar og mannréttindaskrá. Stjórnarskrá okkar er ættuð úr konungsríki og byggð á gömlum grunni. Oft hefur verið rætt um að hana þyrfti að endurskoða en aðeins afmörkuðum þáttum hennar verið breytt. Ýmsir alvarlegir atburðir síðustu ára hafa leitt í ljós glöppur og veikleika stjórnkerfis og stjórnarfarars sem hugsanlega má að nokkru rekja til ágalla stjórnarskrár. Mig fýsir að fræðast um þá kosti sem bjóðast til endurnýjunar og gagnlegra breytinga á þeim ramma réttinda og skyldna og þeim leikreglum lýðræðis sem þjóðin vill nú setja sér og þeim sem hún felur vald sitt og stuðla að þeim. Til þess býð ég fram krafta mína, reynslu og góðan vilja.

9376

Hjálmtýr V. Heiðdal

Fæðingarár: 1945 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Kvikmyndagerðarmaður
hheiddal@seylan.is

Menntun/starfsreynsla:

Auglýsingateikun og almennt listnám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Nám í auglýsingagerð, ljósmyndun og kvikmyndagerð í Konstindustriskolan Gautaborg. Framkvæmdastjóri kvikmyndagerðarinnar Sýn og Seylunnar. Stundakennsla í MHÍ og Kvikmyndaskóla Íslands. Framleitt og stjórnað heimildamyndum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að ný stjórnarskrá sé liður í því að sameina þjóðina á ný eftir sundrunguna sem fylgdi hrúninu 2008. Ég vil að tillaga stjórnlagabingsins að nýrri stjórnarskrá fari ekki eingöngu til Alþingis til framhaldsumræðu og ákvörðunar. Hún skal einnig send til umræðu meðal allra Íslendinga, á hvern vinnustað, hvert heimili og í allar skólastofur, svo að hún verði að lokum þjóðareign sem upplýsir þjóðina um sínar skyldur og sín réttindi. Leiðarjós mitt er virkt lýðræði og betra þjóðfélag á tveggja alda ártíð Jóns Sigurðssonar. Í því felst að stjórnarskráin innihaldi m.a. ný ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, jafnt vægi atkvæða og þjóðareign mikilvægra auðlinda.

9618

Hjörtur Smáráson

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 221 Hafnarfirði
Ráðgjafi
hjortur.smarason@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

BA í mannfræði frá Háskóla Íslands. MA í stjórnmálafræði frá Lund University í Svíþjóð. Cand.merc.int.minor í Business and Economic Development frá CBS, Danmörku. Hef unnið við markaðssetningu frá 1997 og starfa við ráðgjöf, kennslu og fyrirlæstrahald á því sviði hér heima og erlendis.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil sjá stjórnarskrá sem byggist á skynsemi og hófsemi. Stjórnarskráin á að standa vörð um hagsmuni almennings í landinu og tryggja mannréttindi, jafnræði og skýra valddreifingu. Ég er frjálss og óháður flokkum og fyrirtækjum. Ég tel mig eiga auðvelt með að sjá hið stóra samhengi hlutanna og geta komið flóknum hlutum frá mér á mannamáli.

3502

Hjörvar Pétursson

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** Tübingen, Þýskalandi
Líffræðingur
hjorvar.petursson@googlemail.com

Menntun/starfsreynsla:

Líffræðingur (B.Sc.) frá Háskóla Íslands 1996. Starfaði við tölfraeðideild Íslenskrar erfðagreiningar frá 1998, og við læknisfræðilega erfðafræðideild Háskólasjúkrahússins í Tübingen í Þýskalandi frá vorinu 2009. Vinn jafnframt að mastersverkefni um erfðir handskjálfta við læknadeild Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing verður að leita leiða til að styrkja löggjafar- og dómsvald gegn framkvæmdarvaldi. Allt þrennt þarf að tryggja gegn áhrifum flokkakerfisins og vernda stjórn málaumhverfið sem frekast er unnt fyrir áhrifum valdablokka og viðskiptalífs. Það þarf að skýrgreina hlutverk, ábyrgð og réttindi forsetaembættis og valdmörk þess við framkvæmdarvald. Ákvæði um náttúruauðlindir sem þjóðareign þarf að hafa raunverulegt inntak og merkingu ef vel á að vera. Vel þarf að huga að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, m.a. að því er varðar rétt fólks til eigin tungu og eigin menningar. Ég er hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju og því að komið verði á kosningakerfi með jöfnu vægi atkvæða.

4173

Hrafn Sveinbjarnarson

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Skjalavörður

Menntun/starfsreynsla:

1993 stúdent MH.
1997 BA sagnfræði HÍ.
2001 Cand. mag. sagnfræði Kaupmannahafnarháskóli.
2001-2005 skjalavörður við Þjóðskjalasafn Íslands.
2006- héraðsskjalavörður Kópavogs.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til þess að stuðla að því að tryggja óskorað fullveldi lýðveldisins Íslands og að yfirráð og ráðstöfun auðlinda þess séu tryggð í almannaæign. Þrískipting ríkisvaldsins verður að vera raunveruleg. Stjórnarskráin á að vera til almannaheilla og á ekki að mótast af klíkuskap og sérhagsmunum. Fulltrúar á stjórnlagabingi verða að virða það, leita til kunnáttumanna og sérfræðinga við störf sín og miða við erlend stjórnlog og reynslu af þeim.

6109

Hlín Agnarsdóttir

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Rithöfundur, leikstjóri
b50@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

MA próf í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands 2010. Framhaldsnám í leikstjórn frá Drama Studio London 1988. Fil. kand. í leiklistarfræðum frá Stokkhólmsháskóla 1979.
Hef starfað sem leikstjóri og dramaturg við helstu leikhús landsins, skrifað leikrit og skáldsögur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Íslenskt þjóðfélag er í upplausn eftir bankahrun og efnahagskreppu. Tiltrú almennings á stjórn málaum og stjórn málamönnum er í lágmarki. Það hrikir í stoðum samfélagsins. Þess vegna þarf að endurskoða stjórnarskrá Íslands, þau grundvallarlög sem íslenska lýðveldið byggist á. Ég vil bjóða mig fram til stjórnlagabings til að leggja mitt af mörkum og hafa áhrif á uppbyggingu samfélagsins. Ég legg áherslu á að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar verði fremstur á blaði, að landið verði eitt kjördæmi, að hér verði fjölskipað stjórnvald á borði en ekki bara í orði. Að öðru leyti geng ég með opnum huga að verkefnum þingsins og tel mikilvægt að íslenskur almenningur öðlist aftur trú á lýðræðinu.

4074

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 311 Borgarbyggð
Framkvæmdastjóri
hrefna@ssv.is

Menntun/starfsreynsla:

Rekstrarfræðingur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst 1991. Bankastörf 1991-1994. Frá 1996 ráðgjafi við Atvinnuráðgjöf Vesturlands og frá árinu 2000 framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Sorpurðunar Vesturlands en tvö hin síðarnefndu eru félög í eigu sveitarfélaga á Vesturlandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þátttaka á stjórnlagabingi er einstakt tækifæri til að móta framtíð samfélagsins. Mikilvægt er að fulltrúar á þinginu hafi fjölbreyttan bakgrunn og endurspegli viðhorf þjóðarinnar allrar. Ég tel mig hafa úr góðum reynslubanka að miðla eftir 15 ára störf að málefnum sveitarfélaga, sem bóndi, landsbyggðarkona og eftir að hafa sinnt fjölþættum verkefnum við rekstur og félagsmál.

9937

Hrafn Gunnlaugsson

Fæðingarár: 1948 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Kvikmyndaleikstjóri
hrafng@isholf.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MR 1968.
Fil. kand. - University of Stockholm 1973, - bókmenntir, leikhús, kvikmyndir. Dramatiska Institutet í Stokkhólmi 1974.
- kvikmyndagerð. Listahátíð í Reykjavík 1976 framkvæmdastjóri, síðar formaður.
Ríkisútvarpið Sjónvarp - dagskrárstjóri 1984, síðar framkvæmdastjóri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að tryggja rétt hins almenna borgara gegn ofríki stjórnvalda.
Til að tryggja að opinberar stofnanir, eins og skattstofan, verði aldrei ríki í ríkinu. Að auðlindir sem kunna að finnast á landgrunninu, t.d. olía í jörðu, verði eign allra landsmanna og aldrei gefnar fáum í „kvótakerfi“.
Að þeir erlendir ríkisborgarar sem sækja um ríkisborgararétt á Íslandi verði upplýstir um mannréttindi stjórnarskrárinnar og að þeim verði skylt að vinna eiðstaf að stjórnarskránni til að öðlast íslenskan ríkisborgararétt.
Ekki má limlesta eða örkumla fólk í nafni trúarbragða eða þvinga það til að hylja andlit sitt á almannaþæri. Trúartákn og trúarlegan klæðnað skal ekki leyfa í skólum.

2886

Hreinn Pálsson

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 150 Reykjavík
Aðalræðismaður Íslands í Sjanghæ, Kína
hreinn@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

2009 - aðalræðismaður Íslands í Sjanghæ. 2008 - framkvæmdastjóri þátttöku Íslands á Heimssýningunni í Sjanghæ. 2005-2008 sendiráðsritari, utanríkisráðuneytið. 1999-2001 leiðbeinandi í Engjaskóla. BA í stjórnmálafræði frá Fylkisháskólanum í Louisiana og MA í alþjóðfræðum frá Háskólanum í Birmingham.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá Íslands er grundvöllur að stjórnskipan lýðveldisins og leikreglur lýðræðisins. Þessar reglur þurfa öðrum fremur að vera einfaldar, skýrar og endurspeglar grunnildir íslensks samfélags.
Ég tel að menntun mín á sviði stjórnmála og stjórnsýslu, auk starfa minna á vettvangi stjórnarráðsins undanfarin ár, hafi gefið mér bæði þekkingu og reynslu. Ég tel þá reynslu og þekkingu vera gott framlag til þess mikilvæga verkefnis sem stjórnlagabinginu hefur verið falið, að endurskoða stjórnarskrá Íslands.
Þátttaka okkar borgaranna er að mínu mati ein mikilvægasta forsenda þess að lýðræðið njóti sín til fulls. Því hef ég ákveðið að gefa kost á mér til setu á stjórnlagabinginu.

2479

Hrönn Kristinsdóttir

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Kvikmyndaframleiðandi
hronn@ljosband.is

Menntun/starfsreynsla:

2006-núna: Eigandi Kvikmyndafélagsins Ljósbands.
1996-núna, Kvikmyndaframleiðandi.
1994-1995 HÍ: Diplóma í hagnýtri fjömiðlun.
1989-1991: Columbia/LA, BA Cinema gráða.
1985-1988: FU Berlin, málvísindi og leikhúsfærði.
Í stjórn Samtala íslenskra kvikmyndaframleiðenda frá 2006.
Fv. stjórnarmaður í WIFT á Íslandi (Women in Film & TV).

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég tel mikilvægt að sá hópur sem verður að stjórnlagabingi sé fjölbreyttur, samsettur af fólki úr öllum stéttum. Það er einnig afar mikilvægt að sjónarmiðum kvenna sé haldið á lofti. Kvenlæg viðhorf og nálgun geta að mínu mati fært okkur í átt að umburðarlyndara og sanngjarnara samfélagi. Mannréttindin og náttúruauðindirnar skipta miklu auk þess sem ég tel að atkvæði allra þegna ættu að telja jafnmikið óháð búsetu.

5669

Ian Watson

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Lektor
ian@bifrost.is

Menntun/starfsreynsla:

Doktor í félagsfræði frá Rutgers University. BA í málvísindum frá Harvard University.
Lektor, aðjúnkt, alþjóðafulltrúi við Háskólann á Bifröst síðan 2005. Í stjórn Neytendasamtakanna. Víðtæk reynsla af ferðamállum, m.a. höfundur ferðahandbóka til margra ára.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef búið á Íslandi í níu ár og mér finnst það forréttindi að vera ríkisborgari í norrænu velferðarsamfélagi. Áður en ég flutti hingað bjó ég víða og kynntist ólíkum menningarheimum, meðal annars í Norður-Ameríku, Asíu og í Austur-Evrópu þegar stjórnarskrár þeirra voru í endurskoðun. Sem málvísindamaður tala ég mörg tungumál og hef getað kynnt mér lög og stjórnarskrár ólíkra landa. Kennsla mín á háskólastigi bæði á Bifröst og erlendis hefur snúist um grunnskipulag samfélaga. Ég hef um árabíl unnið ótullega að neytendamálum á alþjóðavísu. Ég er vandvirkur og samviskusamur og mun leggja mig allan fram við að móta réttláta, framsækna og vel ígrundaða stjórnarskrár fyrir Ísland.

8452

Hulda Ösp Atladóttir

Fæðingarár: 1987 **Sveitarfélag:** 221 Hafnarfirði
Í fæðingarorlofi
huldaa07@ru.is

Menntun/starfsreynsla:

2005 Verkmenntaskólinn á Akureyri, stúdent frá náttúrufræðibraut.
2010 Háskólinn í Reykjavík, BA í lögfræði.
2006 Bautinn, þjónustustörf.
2006-2007 Sundlaugin á Akureyri, sundlaugarvörður.
2007 Hótel Bjarkalundur, þjónustustörf.
2008-2010 Sporthúsið, afgreiðslustörf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég kæri mig ekki um að á stjórnlagabingi sitji hópur af miðaldra körlum sem eru fæddir áður en Ísland varð sjálfstætt ríki. Ég vil heldur ekki að þar sitji afdankaðir stjórnálmenn, fjármagnseigendur eða hagsmunapotarar. Ég vil að á stjórnlagabingi sitji fjölbreyttur hópur fólks af yngri kynslóðum; fólk af báðum kynjum, fólk frá öllum landshornum og síðast en ekki síst fólk með fjölbreyttan bakgrunn. Ég vil ekki umblyta stjórnarskránni heldur skerpa á þeim atriðum sem ekki er farið eftir. Þar er þrískipting valdsins algjört lykilatriði. Ég er frá litlu þorpi á Vestfjörðum og fæddist ekki með silfurskeið í munni. Ég er lögfræðingur, skuldari, launþegi og móðir með ríka réttlætiskennd.

9794

Iðunn Guðjónsdóttir

Fæðingarár: 1981 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Nemi, ríkisstarfsmaður
idg3@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stunda nám við lagadeild Háskóla Íslands.
Lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum við Ármúla 2007.
Lauk raungreinadeildarprófi frá Tækniháskóla Íslands 2003.
Hef unnið hjá Vegagerðinni síðan 2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna áhuga míns á stjórnlögum og stjórnskipunarrétti. Nái ég kjöri vil ég leggja áherslu á að það sé á allra færi að lesa og skilja stjórnarskrána. Jafnframt vil ég stuðla að því að það náist sátt í samfélaginu um stjórnarskrána enda hefur hún verið umdeild. Ég vil beita mér fyrir því að afmarka betur hina þrjá meginþætti ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómvaldið. Í því sambandi hef ég sérstaklega í huga valdmörk þeirra og starfssvið. Ég vil að farið verði ofan í kjölinn á embætti og starfssviði forseta Íslands og að lokum vil ég að skoðað verði hvernig meðferð utanríkismála Íslands verði háttáð.

5713

Húni Heiðar Hallsson

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri
Lögfræðingur
hunih@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er útskrifaður sem stúdent frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og sem lögfræðingur og LLM í heimskautarétti frá Háskólanum á Akureyri. Ég hef unnið ýmis störf til sjávar, lands og sveita. Einnig hef ég talsverða reynslu í trúnaðar- og stjórnunarstörfum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna mikils áhuga á stjórnlögum og stjórnskipun ríkisins. Ég tel mig hafa þá eiginleika sem nauðsynlegir eru til að taka yfirvegaðar og ábyrgar ákvarðanir en auk þess hef ég öðlast djúpan skilning á stjórnlögum. Að mínu mati er mikilvægt að á meðal stjórnlagabingmanna séu aðilar sem hafi dýpri skilning á stjórnlögum en almennt má gera kröfur um, ekki síst til þess að styrkja sjálfstæði þingsins. Þá skiptir miklu máli að stjórnlagabing verði trúverðugur vettvangur breytinga og sáttá í íslensku samfélagi og að þar verði lagður grunnur að þjartri framtíð þjóðarinnar.

Enn fremur skal þess getið að hefðbundin viðmið eru ekki heilög í mínum huga.

9948

Illugi Jökulsson

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Blaðamaður
illugi.jokulsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Hef unnið við blaðamennsku og margvísleg ritstörf, dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi og þess háttar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig langar að taka þátt í að skapa samfélaginu heiðarlega umgjörð svo það verði ekki framar leiksoppur spillingarafli í stjórnálmum og viðskiptalífi. Hjálpumst að við að semja heiðarlegar leikreglur sem efla lýðræði í landinu og hjálpa almenningi að hafa eftirlit með stjórnvöldum. Sú leyndarhyggja sem of lengi hefur ráðið ferðinni átti ríkan þátt í hruninu og hún verður að hverfa. Ný stjórnarskrá getur orðið öflugt vopn gegn þeim klíkuskap og duttlungaræði, sem urðu okkur svo dýr. Aldrei má ganga á rétt fólks til jafnréttis, tjáningarfrelsis eða mannsæmandi lífs. Við þurfum innblásinn texta sem verður þjóðinni leiðarljós til framtíðar. Mig langar að taka þátt í að semja þann texta.

3964

Indro Indriði Candi

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Arkitekt
indrocandi@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Lokagráða í arkitektúr frá AU í Michigan, 1990.
Meistaragráða í stjórnun frá sama skóla 1990.
Hef starfað sem arkitekt og stjórnandi frá 1991.
Framkvæmdastjóri Stak ehf. frá 1997, VA Arkitekta ehf.
2001-2006 og Designa Arkitekta ehf. frá 2006.
Félagi í Arkitektafélagi Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það er sannfæring mín að stjórnarskráin eigi að staðfesta réttindi borgaranna og setja valdi stjórnvalda skorður. Hún á umfram allt að tryggja að jafnrétti og samviskufrelsi séu hafin yfir allan vafa. Stjórnarskráin á að tryggja að allir njóti jafna réttinda, þ.m.t. jafnt vægi atkvæða í kosningum. Ég tel að stjórnarskráin eigi að staðfesta þau grunngildi kristinnar trúar sem íslenskt samfélag byggist á: umburðarlyndi, miskunnsemi og náungakærleika. Ég tel að stjórnarskráin eigi að staðfesta að íslenskt samfélag sé reist á grunni kristinnar trúar án þess að ein kirkjudeild, trúfélag eða heimspeki sé annari æðri. Stjórnarskráin á að vera skorinorð og auðlæsileg öllum.

9651

Inga Kristín Kjartansdóttir

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Sérfræðingur
ingakristin@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég hef lokið BS prófi í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst.
Í dag starfa ég hjá Landsbankanum og hef gert það síðan ég útskrifaðist árið 2007. Ég var á lögfræðisviði en starfa nú á sviði endurskipulagningar eigna. Í dag er ég í verðbréfamíðlaranámi í Opna Háskólanum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef mikinn áhuga á þeim fyrirhuguðu breytingum sem íslenska stjórnarskráin stendur frammi fyrir. Á stjórnarskránni hafa ekki verið boðaðar jafn miklar breytingar, hvorki fyrr né síðar. Stjórnarskrá Íslands á að tryggja grundvallarréttindi okkar borgaranna og til þess að hún geti gert það að öllu leyti þarf hún að vera í takt við samfélagið, vernda okkar hagsmuni og mannréttindi. Hins vegar á stjórnarskráin að standast tímans tönn og hún á að vera gamalt og tiltölulega einfalt plagg en hún mun aldrei taka á öllum atriðum. Tilgangur fyrirhugaðs stjórnlagabings á að vera að bæta núgildandi stjórnarskrá og skýra en umbylta henni ekki.

8573

Inga Rós Baldursdóttir

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 230 Reykjanesbæ
Viðskiptafræðingur B.Sc.
ingarosb@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Fjölbrautaskóli Suðurnesja, hagfræðibraut 1992-2007.
Háskólinn á Akureyri, viðskiptafræði B.Sc., 2010.
Ég hef unnið verkamannavinnu alla mína ævi, meðal annars við fiskvinnslu, ræstingar, blaðaútbúð, skrifstofustörf og fleira.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég heiti Inga Rós og ég er ósköp venjulegur Íslendingur. Ég er ekki tengd neinum hagsmunasamtökum né stjórnmalaflokkum. Ég vil að stjórnarskrá Íslands verði yfirfarin með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Ég hef mikla réttlætiskenn og við endurskoðun stjórnarskrárinnar tel ég mjög mikilvægt að jafna vald og stöðu þegnanna í landinu. Ég vil tryggja að vilji þjóðarinnar sé skýr í stjórnarskrá Íslands, auk þess eftirlit með handhöfum valds, auk þess lýðræði og bætt opinber stjórnslá. Stjórnarskrá Íslands á að vera skýr og auðskiljanleg öllum þegnum landsins. Ég tel að reynsla mín og menntun nýtist vel til þess að takast á við þau verkefni sem takast þarf á við á stjórnlagabingi.

3106

Inga Jóna Þórisdóttir

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Heimavinnandi
inga_jona@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

2009: M.Sc. í Management of Training and Development (stjórnun starfspróunar) frá Edinborgarháskóla.
2005: Kennsluréttindi frá Háskólanum á Akureyri.
2003: BS í ferðamálafræðum frá Háskóla Íslands.
2002: BS í landafræði frá Háskóla Íslands.
1996: Stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram því ég vil taka þátt í því krefjandi verkefni að byggja upp nýtt Ísland. Ég er óflokksbundin og vil taka þátt í gagnrýnum uppbyggilegum umræðum sem miða að því að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu hverju sinni. Á þann hátt vil ég stuðla að skýrri og sterkri stjórnarskrá sem þjóðin getur sameinast um. Ég tel mikilvægt að þingfulltrúar komi ekki til þings með of sterkar skoðanir á einstökum þáttum stjórnarskrárinnar heldur mæti vel lesnir og séu reiðubúnir að hlusta á rök og skoðanir annarra. Ég tel mig hæfa til að takast á við þetta krefjandi verkefni og bið því um þinn stuðning.

8749

Inga Lind Karlsdóttir

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Fjölmiðlamaður, háskólanemi
ingalind@me.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og svo námi í hagnýtri íslensku í Háskóla Íslands. Um þessar mundir stunda ég nám í listfræði við Háskóla Íslands. Að loknu stúdentsprófi starfaði ég sem blaðamaður og hef starfað við fjölmiðla allar götur síðan eða í tæp 15 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til setu á stjórnlagabingi 2011 af því að ég er bjartsni á að þessi lýðræðislega tilraun eigi eftir að verða okkur til gagns og heilla. Það er von mín að fólk muni sameinast í góðum og skynsamlegum samræðum um stjórnarskrána og mæti til leiks með það að markmiði að bæta hana og laga en umbylta henni ekki. Sameining um stjórnarskrána styrkir vonina um að íslenska þjóðin nái því jafnvægi sem hún leitar að núna. Það er til mikils að vinna svo þjóðin megi sammælast um grunngildi sín og undirstöður. Markmiðið á að vera að ná heildstæðri sýn á hvernig við viljum hafa stjórnarskrána okkar. Ég er tilbúin að leggja mitt af mörkum fáí ég til þess umboð.

9981

Ingi Bæringsson

Fæðingarár: 1955 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
Sölumaður
stjornlagathing@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég starfaði í álveri, var til sjós, bjó í sveit og hélt skepnur. Nam við Bændaskólann á Hvanneyri. Frá 1990 til 2006 starfaði ég við meðferð ungmenna og fjölskyldna þeirra. Frá júní 2006 til júlí 2010 vann ég í Tækniskólanum. Missti starfið í sumar, fékk vinnu fljótlega og starfa nú sem sölumaður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég treysti stjórnmalamönnum ekki lengur né fræðingunum sem þeir fela sig á bak við. Þeir hafa misnotað öll okkar lög og reglur. Nú er tími breytinga. Ég vil að þeir sem móta framtíðarsýn í nýrri stjórnarskrá komi úr röðum venjulegs fólks. Ég er venjulegur maður. Ég vil að náttúra Íslands verði skilgreind sem auðlind. Að auðlindir okkar verði óumdeil-anlega þjóðareign. Að ekki megi framkvæma neitt í náttúru eða öðrum auðlindum landsins sem ekki er afturkræft. Ég vil aðskilnað ríkis og kirkju. Að við getum krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál og losað okkur við óhæfa embættismenn með undirskriftasöfnun. Ég vil skoða breytingar á kjördæmaskipan. Það er svo margt sem þeir vil að breytast.

3392

Ingi Hans Jónsson

Fæðingarár: 1955 **Sveitarfélag:** 350 Grundarfjarðarbæ
Forstöðumaður
ingihans@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Forstöðumaður Sögumiðstöðvar Grundarfirði.
Gagnfræðingur með mikla reynslu af félagsstörfum, einkum á sviði æskulýðs- og björgunarmála. Nám í leiðtogaþjálfun og neyðarstjórnun. Í stjórn Slysavarnafélagsins í 9 ár, í framlínu uppbyggingar björgunarskóla á Gufuskálum og sameiningar björgunarfélaganna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég gef kost á mér til setu á stjórnlagabingi því ég trúi því að þekking mín og reynsla komi að gagni þegar farið verður að vinna úr þeim fjölda álitamála sem fyrir þinginu munu liggja. Það þarf umburðarlyndi, skilning og sáttavilja ef þjóðin á að komast út úr þeirri stöðu sem hún nú er í. Bryn þörf er fyrir uppstokkun í stjórnkerfinu. Nauðsynlegt er að efla lýðræðið og færa valdið nær fólkinu. Ég finn að þessi krafa er mjög almenn í samfélaginu.

Þátttakendur á stjórnlagabingi eiga ekki að takast á um eigin skoðanir, heldur vinna úr skilaboðum þjóðfundar og annarra og leita að samhljómi sem endurspeglar vilja þjóðarinnar. Það er á þessum forsendum sem ég býð fram krafta mína.

8859

Íris Arnlaugsdóttir

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Stjórn málafræðingur
irisa@itn.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er menntaður stjórn málafræðingur. Ég vinn á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Á sl. árum hef ég unnið á lögfræðiskrifstofu, auglýsingastofu, ég hef unnið töluvert með fötluðum og auk þess hef ég verið að stofna til fjölskyldu og verið heimavinnandi húsmóðir.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég elska landið mitt Ísland og er svekkt, reið og gáttuð yfir ástandinu sem hefur skapast hér á sl. árum. Ég er reiðubúin til að skoða og rökræða kosti og galla stjórnarskrár Íslands með góðu fólki og skoða hverju þurfi að breyta og bæta til að gera stjórnarskrá Íslands að lögum sem við almenningur Íslands getum sætt okkur við. Ég vil grundvallarmannréttindi landsmanna, óháð búsetu og efnahag. Ég vil að lýðræðisþátttaka sé meiri og að völd og íslenska stjórnarskráin á að vera samin af þjóðinni, fyrir þjóðina og á máli sem þjóðin skilur. Ég treysti mér til að vinna af heiðarleika, einlægni og einurð. Ég vil hafa áhrif á mótun nýrrar stjórnarskrár.

7253

Ingibjörg Daníelsdóttir

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 400 Ísafjarðarbæ
Þjónustufulltrúi hjá Vegagerðinni
ingadan@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MÍ 1974 og hef tekið háskólaeiningar til gamans. Hef unnið fjölda ólíkra starfa, t.d. við fiskvinnslu, hótél, fjölmiðla og skóla, m.a. við alþjóðlegan skóla í Tékklandi. Meðal stofnenda Róta, félags áhugafólks um menningarfjölbreytni, og meðlimur Andlegs þjóðarráðs bahá'ía um árabíl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef dregist á að gefa kost á mér af því að mér finnst mikilvægt að þingið verði setið fólki með sem víðtækastan bakgrunn. Þar sem lýðræði byggist á vali á ég erfitt með að hafna því að gefa kost á mér ef vilji er til þess að ég þjóni samfélaginu með þessum hætti. Ég hef mikinn áhuga á þjóðfélagsmálum í víðum skilningi og mér finnst áhugavert að taka þátt í hvers konar stefnumótun en ég hef ekki getað hugsað mér að taka þátt í flokkapólitík af neinu tagi. Ég hef óbilandi trú á samráði frekar en valdabaráttu sem stjórntæki og treysti að stjórnlagabingið vinni í þeim anda. Mikilvægt er að ná fram sameiginlegri sýn á stjórnarfar sem tryggi öllum þegnum landsins réttlæti og velferð.


4360

Íris Egilsdóttir

Fæðingarár: 1983 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Meistaraneimi í lögfræði
irisegils@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er stúdent af náttúrufræðibraut Verkenntaskólans á Akureyri.
Ég lauk BA námi í lögfræði við Háskólann á Akureyri 2008 og fjallaði lokaritgerð mín um Parísarreglur Sameinuðu þjóðanna um þjóðfestar mannréttindastofnanir. Ég er í meistaranámi í lögfræði og stefni á útskrift vorið 2011.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrár eru grundvöllur nútíma lýðræðisríkja og eru í raun sáttmáli milli þjóðarinnar og valdhafanna. Stjórnarskráin er grundvöllur og rammi allrar annarrar löggjafar, hún verður því að lýsa yfir grundvallarréttindum manna og setja valdhöfum skýrar skorður og torvelda þannig misbeitingu valdsins. Breyting á stjórnarskránni er vandasamt verk og mikilvægt er að einstaklingarnir, sem að því koma, gefi nægilega skýra mynd af samfélaginu. Mikils er um vert að fólk hvaðanæva af landinu komi að því verki, konur, karlar, ungir sem aldnir. Ég gef kost á mér vegna þess að ég vil nýta þekkingu mína og reynslu til að stuðla að endurbótum á stjórnarskránni með fyrrgreind sjónarmið að leiðarljósi.

8034

Ingibjörg Snorraddóttir Hagalín

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 400 Ísafjarðarbæ
Húsmóðir
isn@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Grunnskólapróf frá GÍ 1978, stúdent af raungreinadeild MÍ 1982. Mikil reynsla af félagsstarfi og almenn lífsreynsla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þjóðmál heilla mig, ekki síst í því ástandi sem við búum við í dag. Ég vil auka ráðherra-ábyrgð, bæta ákvæði um mannréttindi, tel að stjórnarskráin eigi að mæla fyrir um jafnrétti óháð kynhneigð, tel að koma eigi fram að íslenska og íslenskt tákmal, séu tungumál þjóðarinnar. Ég vil skýra hlutverk forseta, hafa endaskipti á stjórnarskránni og hefja hana á mannréttindum. Ég tel margt vanta í stjórnarskrána, ekki er minnst á umhverfisvernd og auðlindir, lítið er sagt um sveitarfélög og skritin staðreynd að hvergi koma fram orðin lýðræði, þingræði, ríkisstjórn eða hæstiréttur! Þetta er hluti af því sem ég vildi geta breytt og mun beita mínum kröftum eftir bestu getu náí ég kjóri til þess.

7968

Íris Erlingsdóttir

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Fjölmiðlafræðingur
iris.erlingsdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent VÍ. BA í fjölmiðlafræði. Nam lögfræði við HÍ. MA í nálarstungu- og jurtalækningum. Dagskrárbulur RÚV sjónvarpi; flugfreyja hjá Flugleiðum; ritstjóri Gestgjafans; fréttamaður á Bylgjunni og Stöð 2, blaðamaður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Menntun mín og störf í íslenskum og bandarískum fjölmiðlum hafa veitt mér hagnýta reynslu til að takast á við störf stjórnlagabingsins. Ég tel ein veigamestu verkefni þess þau að setja skýrar reglur um þjóðareign náttúruauðlinda, sjálfstæði Alþingis og skilvirk eftirlitsúræði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu, sem og að setja ótvíærðar reglur um ábyrgð valdhafanna. Störf þingsins verða vonandi liður í að endurreisa traust almennings á stofnunum lýðveldisins og að skapa þjóðfélag þar sem saman fara völd og ábyrgð. Því er mikilvægt að fulltrúar stjórnlagabings tengist hvorki því pólitíska né peningalega hagsmunapotum sem grafið hefur undan trausti þjóðarinnar.

5108

Íris Lind Sæmundsdóttir

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Lögfræðingur
irislind@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er lögfræðingur frá HÍ. Til meistaraþrófs rannsakaði ég stjórnarskrárbreytingar og hef birt fræðiskrif þess efnis. Hef starfað hjá Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneyti og nú utanríkisráðuneyti auk Mannréttindastofnunar. Starfaði um árabíl sem flugfreyja og er í grunnþjálfun í björgunarsveit.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna einskærs áhuga á íslenski stjórnskipun og vilja til að bæta samfélagið. Stjórnarskráin á að færast nær fólkinu og tryggja því réttindi og vernd sem það á tilkall til. Í henni á að kveða á um athafnaskyldu stjórnvalda til að afnema misrétti og tryggja raunverulegt kynjajafnrétti. Tryggja þarf jafnt atkvæðavægi á öllu landinu og rétt komandi kynslóða til íslenskra auðlinda. Ég vil að þrískipting ríkisvalds verði tryggð í raun og ráðherrum gert að láta af þingsetu. Enginn á að hafa of mikið vald og því vil ég að Íslendingar geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um álitamál.

7319

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Stjórnsýslufræðingur
pjetur@vortex.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég ólst upp í sjávarþorpi og byrjaði í fiski þrettán ára með skóla en vann síðar önnur störf. Lauk námi til cand. mag. gráðu í stjórnsýslufræði við Háskólann í Gautaborg. Þá tóku við sérfræði- og stjórnunarstörf. Ég lauk M.Sc. gráðu í stjórnun 2003 og hef lokið við doktorsritgerð í menntunarfræðum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Uppspretta valds skal vera hjá þjóðinni og vilji hennar endurspeglast í aðgerðum ríkisvaldsins. Verjum einstaklinga og þjóð gegn yfirgangi stjórnvalda- og peningavalds í nýrri stjórnarskrá. Undirstaða: Mannréttindi, framfarir og réttlæti. Tryggjum yfirráð þjóðarinnar yfir náttúruauðlindum. Lýðræðismenntun á öllum skólustig. Tryggjum aðhald við ríkisvald: Persónukjör. Setjum mörk á þaulsætni einstaklinga í stjórnámálum. Landið eitt kjördæmi. Skýr mörk valds og ábyrgðar. Aðgreining valda- stofnana. Gagnsæi í skipulagi og ákvörðunum stjórnvalds. Málskotsréttur. Faglegar mannaáðningar í stjórnsýslu. Hindra sjálfþökur valdhafa. Þjóðaratkvæðagreiðslur. Aðkoma almennings að þróun stjórnarskrár.

7231

Íris Þórarinsdóttir

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 260 Reykjanesbæ
Grunnskólakennari
iris@veraldarvinir.is

Menntun/starfsreynsla:

2002: Stúdentspróf frá MS, félagsfræðibraut.
2007: Kennaraháskóli Íslands, B.Ed. gráða.
1998-2007: Hlutastörf á leikskóla, frístundaheimili, hjúkrunarheimili og veitingastað.
2007-2009: Grunnskólakennsla.
2009-2010: Framkvæmdastjóri Veraldarvina.
Starfa nú sem umsjónarkennari við Njarðvíkurskóla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mér finnst nauðsynlegt að í nefndinni sitji fólk úr öllum stéttum samfélagsins, fólk með heilbrigða, almenna skynsemi. Þetta er einstakt tækifæri fyrir hinn almenna borgara að leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins og koma skoðunum sínum á framfæri. Nú er tími til að ýta sérhagsmunum til hliðar og setja fram skýra og einfalda stjórnarskrá sem þjóðin öll getur lesið, skilið og sæst á.

4525

Jakobína Edda Sigurðardóttir

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Framkvæmdastjóri, sjúkrapjálfafræðingur
jakobina@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

M.Sc. í alþjóðaviðskiptum HA 2009. B.Sc. í sjúkrapjálfun HÍ 1980. Hef starfað sem framkvæmdastjóri, frá 1995-2004 í Mónu ehf. og síðar í minni fyrirtækjum. Starfaði við sjúkrapjálfun á heilbrigðisstofnunum og sem lektor í Háskóla Íslands á árunum 1980-1995.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að víðtæk þekking mín og reynsla, góð yfirsýn, greiningar- og skipulagshæfileikar muni koma að góðum notum við endurskoðun á stjórnarskránni. Ég er óháð, tengist hvorki pólitískum né peningalegum öflum en tel það mikilvægt í ljósi þess að pólitískt og peningalegt hagsmunapot hefur grafið undan trausti fólksins í garð stjórnvalda. Ég hef hug á að taka þátt í því starfi sem er svo mikilvægt til þess að skapa ramma um nýtt Ísland þar sem borgararnir eru í fyrsta sæti, búa til betri framtíð með meiri skilvirkni, sterkara siðferði og minni spillingu.

8331

Ísleifur Friðriksson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Púsundþjalasmiður, rekstrarfulltrúi hjá ITR
isfinsen@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Sveinsbréf og meistaraþréttindi í ketil- og plötusmiði.
30 tónna skipstjórnarréttindi (pungapróf).
Meirapróf aksturs, full réttindi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ástæða þess að ég býð mig fram til stjórnlagabings eru að leggja mitt af mörkum til að tryggja eðlilega fjölbreytni í röðum frambjóðenda, tryggja eign og full yfirráð á öllum náttúruauðlindum á landi, í lofti og sjó við Ísland og að aldrei verði neitt framsal á þeim til annara, tryggja algera jöfnun atkvæða landsmanna og gera landið að einu kjördæmi þar sem hver þegn getur boðið sig fram til opinbera starfa og embættis í eigin nafni, tryggja aðskilnað ríkis og kirkju að fullu og sjá svo um að aldrei verði hagsmunir trúfélaga hluti af rekstri ríkisins, leggja niður forsetaembættið, tryggja að aðfluttir Íslendingar njóti fullra mannréttinda og réttlátrar meðferðar þó að breytingar verði á þeirra höfum.


7165

Jan Eric Jessen

Fæðingarár: 1988 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri
Námsmaður
jej4@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég útskrifaðist með stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri sumarið 2008 og stunda nú BS nám í líffræði við Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég tel að stjórnarskrá Íslands eigi að leggja grunn að réttlátu samfélagi. Ég legg mikla áherslu á að fólk sé ekki mismunað eftir kyni, kynhneigð, uppruna, lítarhætti, búsetu, trúarbrögðum eða öðrum félagslegum þáttum. Samfélagið skal sjá öllum fyrir góðri heilbrigðisþjónustu og menntun óháð efnahag fólks. Eins skal stjórnarskráin gera öllum trúarbrögðum og lífsskoðunum jafn hátt undir höfði en ekki kveða á um að ríkið reki eitt tiltekið trúfélag. Ég tel að stórauka þurfi vægi beins lýðræðis í stjórn landsins og að tiltekið hlutfall þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá eiga auðlindir Íslands að vera skilgreindar sem þjóðareign.

5889

Jóhann Rúnar Björgvinsson

Fæðingarár: 1951 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Hagfræðingur
johann.runar.bjorgvinsson@hagstofa.is

Menntun/starfsreynsla:

Hagfræðingur frá HÍ og Uppsalaháskóla og sérfræðingur í fjármálum hins opinbera. Hef starfað fyrir Þjóðhagsstofnun, fjármálaráðuneyti, Hagstofu Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þ.á m. sem ráðgjafi víða um heim. Hef verið virkur í hagfræðilegri og samfélagslegri umræðu í ríflega tvo áratugi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Að mínu mati eru lýðræðislegir starfshættir forsendur góðra lífskjara. Það hefur lengi verið mín skoðun að sjálfstæðisbaráttan hafi verið stórt skref í átt til betra og réttlátara samfélags, en að lýðræðisbaráttan sé næsta stóra skref í átt að sama marki. Hafandi búið í Svíþjóð um áratug og í Bandaríkjunum ríflega hálfan áratug ásamt því að starfa víða sem ráðgjafi, tel ég mig búa yfir reynslu sem gæti komið að gagni við endurskoðun á stjórnarskránni. Í greinasafni mínu Þjóðarsátt, lýðræði, stóriðja og hagstjórn frá árinu 2009 kemur viðhorf mitt til lýðræðis hér á landi skýrt fram, m.a. í greinunum Lýðræðisleg vakning og Ný vinnubrögð frá 1988-89 og í Lýðræði í örsamfélagi frá 1997.


9728

Jóhann Jóhannsson

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
johann@areyjar.is

Menntun/starfsreynsla:

Lauk prófi 1991 frá Hótel- og veitingaskóla Íslands sem framreiðslumaður. Á ólokið nám í verðbréfamiðlun við Háskóla Íslands. Ég hef starfað sem rekstrarstjóri ýmissa veitingahúsa, unnið að þróun nýbyggingaverkefna hjá eigin fyrirtæki og framleiðandi á íþróttatengdu barnaefni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil sjá breytingar í stjórnsýslunni, aðlaga hana 21. öldinni. Ég vil skýrari aðgreiningu á framkvæmdar- og löggjafavaldi, skýrt hlutverk forseta lýðveldisins og auka þátttöku almennings í þjóðhagslegum málefnum. Góð stjórnarskrá á að vernda fólkið í landinu fyrir valdhöfum og tryggja mannréttindi einstaklinga. Landsmenn eiga að hafa gott aðhald á þeim sem stjórna landinu í umboði þeirra. Mér er mikið í mun að stjórnarskrá lýðveldisins sé vel unnin og auðskilin.

8562

Jóhann Gunnarsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Fv. skipstjóri
joegun@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

2 stig skipstjórnarprófs. Skipstjóri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Landsbyggðarmaður sem hefur starfað í undirstöðuáttvinnugrein landsins ásamt því að vinna við þróunarsamvinnu erlendis.

8265

Jóhann Ólafsson

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Kerfisfræðingur
johann@la.is

Menntun/starfsreynsla:

Gagnfræðapróf frá Reykholti.
Verzlunarpróf frá Verslunarskóla Íslands.
Kerfisfræðipróf frá TietgenSkolen, Odense, Danmörku.
Ég hef reynslu af ýmsu, meðal annars sjómennsku, fiskvinnslu, múrverki, virkjanaf framkvæmdum, vélaverkstæði, upplýsingatækni og félagsstörfum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef skoðanir á því á hvaða grunni íslenskt þjóðfélag byggist. Ég vill leggja mitt af mörkum við að skapa hér réttlátt þjóðfélag sem við getum verið stolt af. Þjóðfélag sem hefur hagsmuni fjöldans að leiðarljósi. Þjóðfélag þar sem allir þegar landsins sitja við sama borð. Stjórnlagabingindi á að mínu mati að leggja grunn að þessari þjóðfélagssýn. Þingið getur orðið upphaf endurreisnar íslensks þjóðlífs. Ef það á að takast þurfa fulltrúar á þinginu að endurspeglja fjölbreytileika mannlífsins á Íslandi. Ég tel mig eiga erindi á þetta þing, hvað telur þú?

5801

Jóhann Halldórsson

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Hæstaréttarlögmaður
jh@s8.is

Menntun/starfsreynsla:

2004 MBA frá HÍ.
1994 embættispróf í lögfræði frá lagadeild HÍ.
1989 stúdentspróf frá MH.
2005- framkvæmdastjóri S8 ehf.
2003-2005 framkvæmdastjóri Festingar ehf.
Frá 1994 rekstur eigin lögmannsstofu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ná ég kjöri til stjórnlagabings mun ég leggja áherslu á eftirfarandi atriði við samningu frumvarps til nýrra stjórnskipunarlaganna:

- Að landið verði eitt kjördæmi þannig að atkvæðisréttur landsmanna jafnist.
- Persónukjör til Alþingis.
- Þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg málefni.
- Endurskoða stöðu forseta Íslands.
- Skerpa skil löggjafar- og framkvæmdarvalds, skipan utanþingsráðherra.
- Fækkun alþingismanna.
- Auka ábyrgð þingmanna og ráðherra á stjórnarathöfnum.
- Auka sjálfstæði dómstóla.
- Að jafna stöðu trúfélaga.

Ég hef aldrei tekið þátt í starfi stjórnmalaflokka og hef ávallt verið óflokksbundinn.

2149

Jóhann Hjalti Þorsteinsson

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 701 Fljótisdalshreppi
Sagnfræðingur
johann_hjalti@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

BA í sagnfræði frá HÍ 2006.
Stúdent frá ME 1996.
Ýmis stjórnunar-, verslunar-, þjónustu-, framleiðslu- og félagsstörf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að leggja áherslu á:

- Að mannréttindavernd verði skilgreind sem fyrsta og mikilvægasta hlutverk ríkisins.
- Að vald ríkisins sé ávallt sprottið af vilja fólksins.
- Að sjálfstæði mismunandi þátta ríkisvaldsins verði tryggt.
- Að landið verði eitt kjördæmi.
- Margvíslega styrkingu Alþingis m.a. með endurreisn efri deildar.
- Beina kosningu framkvæmdarvalds og sameiningu embætta forseta og forsætisráðherra.
- Að sett verði ákvæði um að ráðherrar/forseti geti einungis þjónað í 8 ár.
- Rétt kjósenda til að krefjast þjóðaratkvæðis.
- Aðskilnað ríkis og kirkju.
- Að við tókum mið af reynslu annarra þjóða af þeirra stjórnarskrám.
- Að tekið verði fram að Ísland verði ávallt herlaus þjóð.

Kjörseðillinn og útfylling hans

Kjörseðillinn í kosningum til stjórnlagabings er framandi í augum þeirra kjósenda sem vanist hafa því að merkja við listabókstafi í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna eða skrifa nöfn í óhlutbundnum kosningum í fámennum sveitarfélögum.

Sjálft kosningakerfið kallaði á breyttan kjörseðil og gera varð ráð fyrir því að frambjóðendur yrðu margir, eins og kom á daginn. Það hefði reyndar verið illframsæmanlegt að hafa yfir 500 nöfn á kjörseðli, sama hvaða kosningakerfi hefði verið valið.

Síðast en ekki síst verður notaður tölvubúnaður við talningu atkvæða og tilheyrandi útreikninga á úrslitum kosninga til stjórnlagabings. Tæknin flýttir þar mjög fyrir og tryggir jafnframt örugga úrvinnslu kjörgagna. Kjósendur skrá auðkennistölu en ekki nöfn á kjörseðlana vegna þess að tölvurnar eru læsar á tölur.

Svona lítur hinn eiginlegi kjörseðill út sem kjósendur fá afhentan á kjörstað.

Upplýsingar um frambjóðendur og auðkennistölu þeirra er að finna á sérblaði í kjörklefanum.

- Hver frambjóðandi hefur auðkennistölu sem er fjórir tölustafir.
- Skrifaðu einn tölustaf í hvern reit í línu, skýrt og greinilega.
- Settu auðkennistölu þess frambjóðanda sem er þitt fyrsta val í 1. vallínu o.s.frv.
- Velja skal minnst 1 og mest 25 frambjóðendur.
- Ef lína er auð eða ekki rétt útfyllt, t.d. tvítekin auðkennistala, teljast línur fyrir ofan hana gildar en allar fyrir neðan ógildar.

1. val
2. val
3. val
4. val
5. val
6. val
7. val
8. val
9. val
10. val
11. val
12. val
13. val
14. val
15. val
16. val
17. val
18. val
19. val
20. val
21. val
22. val
23. val
24. val
25. val

Spurt & svarað

Er ég á kjörskrá?

Kjósendur ættu að ganga úr skugga um það í tæka tíð að þeir séu á kjörskrá. Það má gera á tvennan hátt. Önnur leiðin er sú að fara á þann stað sem sveitarstjórn auglýsir að kjörskrá liggja frammi og fletta upp nafninu sínu. Hin leiðin er sú að fara inn á kosning.is, kosningavef dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, eða vef Þjóðskrár Íslands, skra.is, og slá inn kennitöluna sína á þar til gerðri síðu. Þá kemur strax í ljós hvort viðkomandi er á kjörskrá eða ekki. Finni kjósendi ekki nafn sitt á kjörskrá er nauðsynlegt að hafa samband við sveitarstjórn.



Hvar kys ég?

Kjósendi greiðir atkvæði í sínu kjördæmi, eins og venjulega, nema því aðeins að hann geri það utan kjörfundar. Upphaflega var ætlunin sú að stofna til rafrænnar kjörskrár og þá hefðu kjósendur getað greitt atkvæði þar sem þeir hefðu verið staddir á kjördag, þess vegna í öðrum landshlutum. Þessu var hins vegar ekki hægt að koma við með svo skömmum fyrirvara og kjörskráin er því unnin eins og áður. Sveitarstjórnir munu auglýsa hvar kjörstaðir verða og í hvaða kjördeildir kjósendur eiga að mæta.

Sums staðar verða kjördeildirnar stærri en áður hefur tíðkast til að fleiri geti greitt atkvæði í einu. Þannig er stuðlað að greiðri framkvæmd kosninganna og komið í veg fyrir að biðraðir myndist. Slíkar ráðstafanir eru nauðsynlegar því fyrir liggur að kjósendur verða mun lengur en áður að fylla út kjörseðlana sína.

Kynnum okkur tímanlega í hvaða kjördeild við eigum að mæta.

Hve lengi eru kjörstaðir opnir?

Kjörstaðir verða opnaðir á bilinu frá kl. 9.00 til 12.00 og víðast hvar verður þeim lokað kl. 22.00. Sveitarfélög auglýsa, eins og við aðrar kosningar, hvenær kjörstaðir verða opnir. **Kynnum okkur tímanlega hve lengi kjörstaðirnir okkar eru opnir á kjördag.**




Hvaða skilríki hef ég með mér?

Kjósendur framvísa skilríkjum með mynd af sér á kjörstað, t.d. vegabréfi, ökuskipteini, nafnskipteini eða öðrum þeim skilríkjum sem teljast fullnægjandi að mati kjörstjórnar.

Fæ ég aðstoð á kjörstað?

Já. Skýri kjósendi kjörstjórn frá því að hann sé ekki fær um að kjósa vegna

skertrar sjónar, fötlunar eða af öðrum ástæðum, skal sá úr kjörstjórn sem kjósendi bendir á, veita aðstoð við að fylla út kjörseðlinn. Starfsmenn kjörstjórnar verða vakandi yfir því að veita aðstoð, enda eru þessar kosningar óvenjulegar og kalla á meiri vinnu í kjörklefanum en menn eru vanir í fyrri kosningum. Starfsmenn fylgjast með gangi mála, leiðbeina, vísa kjósendum til kjörborða, sjá til þess að blýantar séu vel yddaðir, afhenda nýja kjörseðla í stað þeirra sem kunna að ónýtast, aðstoða kjósendur við að skila kjörseðlum í kassa o.s.frv. Að þessu sinni verður ekki unnt að útvega svokölluð blindraspjöld á kjörstað. Því verða blindir að óska eftir aðstoð líkt og aðrir, sem geta af einhverjum ástæðum ekki skrifað sjálfir auðkennistölu á kjörseðlana.



Rétt útfylling

1. val	2	6	1	1
2. val	3	7	5	5
3. val	5	9	7	7
4. val	1	9	5	8
5. val	2	7	1	0

Mynd 1

Fyrstu tvær vallínur gildar, aðrar ógildar

1. val	2	6	1	1
2. val	3	7	5	5
3. val				
4. val	1	9	5	8
5. val	2	7	1	0

Mynd 2

Allt ógilt ef fyrsta vallína er auð

1. val				
2. val	3	7	5	5
3. val	5	9	7	7
4. val	1	9	5	8
5. val	2	7	1	0

Mynd 3

Kjörseðill við kosningar til stjórnlagabæings

Kjósandi færir inn auðkennistölu frambjóðenda sem hann vill að nái kjöri og velur minnst einn frambjóðanda en mest tuttugu og fimm.

Dæmi um útfyllingu reita á kjörseðli:

- Kjósandi hefur ákveðið að frambjóðandinn Jóna Jónsdóttir sé fyrsta val hans á kjörseðlinum en frambjóðandinn Jón Jónsson sé annað val. Auðkennistala Jónu er 2611, auðkennistala Jóns er 3755 (mynd 1).
- Fylla skal út alla fjóra reiti hvarrar línu í númeraröðinni. Skili kjósandi kjörseðli með auðri línu á milli útfylltra lína er aðeins gilt kjör þeirra sem valdir eru ofan auðu línunnar en ógilt kjör þeirra sem valdir eru neðan hennar (mynd 2).
- Allt er ógilt ef fyrsta lína seðils er ekki fyllt út (mynd 3).
- Aðeins skal skrifa einn tölustaf í hvern reit.
- Skrifið skýrt og greinilega.

Hvers vegna auðkennistala?

Pegar Alþingi samþykkti upphaflega lög um stjórnlagabæing í júní 2010 var gert ráð fyrir því að nöfn allra frambjóðenda yrðu á kjörseðlinum og aðeins þyrfti að setja tölustafi framan við þau. Þannig myndi kjósandi setja töluna 1 framan við nafn þess sem væri 1. val hans, töluna 2 við 2. val og svo framvegis. Þegar betur var að gáð varð ljóst að framkvæmd kosninganna yrði erfið, einkum vegna þess hve mikið verk og seinlegt yrði að telja atkvæðin.

Kjörseðli skyldu vera 25 vallínur fyrir kjósendur til að skrá auðkennistölu frambjóðenda. Kveðið er á um að landskjörstjórn úthluti frambjóðendum auðkennistölu af handahófi. Í kjölfar lagabreytingarinnar var ákveðið að nota töluskanna til að frumtelja alla kjörseðla og gert er ráð fyrir að talningin taki tvo daga.

Allsherjarnefnd Alþingis fjallaði um málið á nýjan leik og lögnum var síðan breytt á þann veg að á

Brýnt er að kjósendur vandi sig við að skrifa auðkennistölu á kjörseðlana sína, skýrt og greinilega. Mikilvægt er til dæmis að blýantar séu vel yddaðir því skönnun getur misfarist ef tölurnar eru feitletraðar.

Verður að velja 25 frambjóðendur á kjörseðilinn?

Nei. Kjörseðillinn er gildur þrátt fyrir að einungis einn sé valinn en þá verður að gæta þess að skrifa auðkennistölu hans í efstu línuna á kjörseðlinum. Hins vegar nýtir kjósandi ekki atkvæði sitt á þann hátt sem hann á kost á.

Það skiptir máli hvernig kjósandi nýtir atkvæði sitt

Kjósandi nýtir ekki til fulls möguleika sína til áhrifa nema 25 frambjóðendur séu valdir á kjörseðilinn. Ef svo fer, til dæmis að 24 fyrstu frambjóðendur á kjörseðli kjósanda ná ekki kjöri, getur atkvæði hans mögulega nýst þeim sem er í 25. vali, enda nái hann kjöri.

STJÓRNLAGABÆING KOSNINGAR 2010
27. nóvember 2010

Frambjóðendur í kjöri til stjórnlagabæings

1794	1795	1796	1797	1798	1799	1800	1801	1802	1803	1804	1805	1806	1807	1808	1809	1810	1811	1812	1813	1814	1815	1816	1817	1818	1819	1820	1821	1822	1823	1824	1825	1826	1827	1828	1829	1830	1831	1832	1833	1834	1835	1836	1837	1838	1839	1840	1841	1842	1843	1844	1845	1846	1847	1848	1849	1850	1851	1852	1853	1854	1855	1856	1857	1858	1859	1860	1861	1862	1863	1864	1865	1866	1867	1868	1869	1870	1871	1872	1873	1874	1875	1876	1877	1878	1879	1880	1881	1882	1883	1884	1885	1886	1887	1888	1889	1890	1891	1892	1893	1894	1895	1896	1897	1898	1899	1900
------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------

Kjósendur er hvattir til að mæta vel undirbúnir á kjörstað með útfylltan hjálparkjörseðil í farteskinu. Allir kjósendur í landinu fá sent sýnishorn af kjörseðli í þessum tilgangi og einnig er hægt að raða frambjóðendum á rafrænan hjálparkjörseðil á vefnum kosning.is og prenta út. Í kjörklefanum er svo að finna lista með nöfnum og auðkennistölu allra frambjóðenda, þurfi kjósendur að glöggva sig frekar.

5317

Jóhanna Guðmundsdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 230 Reykjanesbæ
Löggiltur fasteignasali
johanna@fasteignahollin.is

Menntun/starfsreynsla:

Verslunar- og stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands. Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari og með réttindi til að gera eignaskiptasamninga. Iðnrekstrarfræðingur og nam viðskiptafræði við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Framkvæmdastjóri Fasteignahallarinnar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til að koma að mótun nýrrar íslenskrar stjórnarskrár. Með sterka réttlætis- og siðferðiskennd að vopni og þrá um betra Ísland mun ég vinna af heilindum til að tryggja að stjórnlagabingið nái saman um betri stjórnarskrá til handa íslensku þjóðinni. Undanfarin ár hafa verið okkur erfið og nú sem aldrei fyrr er þörf á samvinnu. Stjórnarskrá lýðveldisins er grundvallarsamkomulag þjóðarinnar um réttlæti, mannréttindi, velferð, siðferði, og frelsi og því er nauðsynlegt að vanda vinnuna fyrir komandi kynslóðir. Ég býð fram krafta mína og vonast eftir þínum stuðningi til setu á stjórnlagabingi.

8419

Jóhannes Þór Skúlason

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Grunnskólakennari
johannesthor@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er með BA gráðu í sagnfræði og hef verið grunnskólakennari við Seljaskóla í Reykjavík frá árinu 2000. Hef starfað í InDefence hópnun frá því í október 2008 og verið talsmaður hópsins innanlands og utan við að vekja athygli á málstað Íslendinga og berjast gegn ósanngjörnum Icesave samningum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég trú á lýðræðið, rétt fólksins í landinu til að taka sjálft ákvarðanir um líf sitt og vil að það sé grunnildi nýrrar stjórnarskrár. Stjórnlagabing gefur okkur gullið tækifæri til að sameinast um nýjan samfélagssáttmála sem mun móta líf okkar og samfélag til framtíðar. Ég vil berjast fyrir stóruáttu beinu lýðræði, persónukjöri, jöfnu vægi atkvæða á landsvísi og að málskotsréttur forseta verði færður í hendur þjóðarinnar sjálfar. Ég vil tryggja skýra þrískiptingu ríkisvaldsins, að ráðherrar verði ekki þingmenn, að þjóðin öll njóti auðlinda sinna, að ríki og kirkja verði aðskilin og að samfélagið byggji á manngildi og algeru jafnrétti allra þegna þess.

3425

Jóhanna Heiðdal Sigurðardóttir

Fæðingarár: 1979 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
B.Sc. viðskiptalögfræði
johanna.heiddal@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Átti í fyrstu erfitt með að velja mér nám, dreif mig síðan í háskólann að Bifröst og lauk námi í viðskiptalögfræði 2009, rétt eftir kerfishrunið. Háskólinn á Bifröst 2005-2009, BS próf í viðskiptalögfræði 2009, frumgreinadeild 2005-2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ástæða þess að ég býð mig fram er sú að ég vil láta gott af mér leiða til þjóðfélagsins, hafa áhrif til að bæta það sem þarf að bæta, og fylgjast með því að fyllsta jafnræðis sé gætt. Það er mikið að gerast í okkar litla landi eins og er, og það er áhugavert að fá að taka þátt í breytingum og uppbyggingu, þar sem þörf þykir á.

7385

Jón Gunnar Benjamínsson

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 601 Eyjafjarðarsveit
Frumkvöðull
premiumiceland@hive.is

Menntun/starfsreynsla:

Undirritaður er með diplóma í ferðamálafræði og hefur unnið sem ráðgjafi og leiðsögumaður ferðamanna auk annarra margvíslegra starfa.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það sem skiptir mig mestu máli er að mannréttindi allra Íslendinga verði virt í hvívetna og að ný og breytt stjórnarskrá tryggi að komið verði fram við alla af virðingu og réttlæti. Ég vil nútímavæða stjórnarskrána og að hún verði í samræmi við þann raunveruleika sem Íslendingar búa við í dag. Ég vil efla beint lýðræði með þjóðar- atkvæðagreiðslum um einstök mál, leggja ríka áherslu á þjóðareign náttúruauðlinda, takmarka þann tíma sem menn geta setið á Alþingi og tryggja að hæfi skipti meira máli heldur en pólitísk tengsl þegar ráðið er í störf hjá ríkinu. Mér finnst einnig mikilvægt að þeir sem fatlaðir eru eigi sér öflugan málsvara með sterka réttlætiskennd á stjórnlagabingi.

7605

Jóhannes Jónsson

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Nemi

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef litla menntun, þó einhverja þekkingu sem gefur mér tækifæri til að afla mér upplýsinga um stjórnlög. Ég hef unnið ýmis störf til lands og sjávar, hef ég því ýmsa fjöruna sopið. Ég er venjulegur Íslendingur og tel mig því eiga fullt erindi á þing um ný stjórnlög fyrir landið. Að hæla sjálfum mér hugnast mér illa og því ætla ég að láta það vera annað en þetta. Ef menn telja mig hæfan til að gæta hagsmuna sinna á stjórnlagabingi munu þeir veita mér brautargengi.

5394

Jón Bjarni Bjarnason

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 221 Hafnarfirði
Kennari, markþjálfari
jonbjarnib@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Í sjö ár sem kennari við Myndlistask. á Akureyri. Hönnuður, kennari og umbrot í tuttugu ár. Diploma í viðskiptafræði frá HR 2004. NLP-practitioner. Kenni námskeið, BTM fyrir atvinnuleitendur, þar sem þeir uppgötva möguleika sína og öðlast nýja syn á líf sitt. Formaður Félags markþjálfunar á Íslandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þær breytingar sem ég vil einkum beita mér fyrir á stjórnarskránni eru þessar:
– Stjórnarskráin er frá þjóðinni, fyrir þjóðina.
– Valdið er hjá fólkinu, þingmenn og ráðherrar fá það tímabundið að láni.
– Ganga skal frá þrískiptingu ríkisvaldsins þannig að gerist þingmaður ráðherra skal hann segja þingsæti sínu lausu og varamaður hans sest þá á Alþingi sem aðalmaður.
– Ráðherrar mega ekki sitja á Alþingi sem þingmenn.
– Sameiginlegar auðlindir landsins skulu vera ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Þær má ekki framselja, afhenda eða gefa. Heimilt sé þó að leigja nýtingarrétt á þeim tímabundið og skal greiða leigu fyrir nýtingarréttinn og skal leigan renna í ríkissjóð til hagsbóta fyrir þjóðina.

5042

Jón Jósef Bjarnason

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Ráðgjafi
jonb@it-cons.com

Menntun/starfsreynsla:

Ráðgjafi á sviði gervigreindar hjá IT ráðgjöf ehf.
Bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.
Fulltrúi Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin sé auðskilin almenningi, kviðdómur dæmi í stjórnarskrár- og landsdómsbrotum, einnig mikilvægum málum þar sem hugsanlegur þrýstingur hagsmunaaðila geti haft áhrif á niðurstöðu.

Rafrænar kosningar.

Bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur, engar skorður á tegund máls.

5% kosningabærra geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og/eða 2/5 hlutar þingmanna.

Forsetaembættið aflagt.

Prískipting valds, löggjafar-, framkvæmdarvald og hæstaréttardómarar kosnir beinni kosningu.

Persónukjör, landið eitt kjördæmi, hámarksseta í embætti 2 kjörtímabil.

Þjóðareign skilgreind með þeim hætti að hún geti fallið undir eignarréttarákvæði.

Komið í veg fyrir að hagsmunasamtök geti yfirtekið lýðréttindi.

6538

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Lektor
jthh@unak.is

Menntun/starfsreynsla:

M.Sc. próf í hagfræði frá HÍ 2004. Íþróttakennarapróf frá ÍKÍ 1997. BS próf í eðlisfræði frá HÍ 1994. Stúdentspróf frá MA 1989. Ýmis störf og reynsla gegnum tíðina: Verkamannastörf, kennari, þjálfari og fleira. Sjálfboðaliðastörf fyrir íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það er óvenjulegt tækifæri að geta tekið þátt í að smíða rammann sem yfirvöld og þjóð starfa innan. Ég tel mikilvægt að inn á stjórnlagabing veljist skapandi fólk sem er tilbúið að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni á öfgalausán hátt en komi ekki þangað sem fulltrúar hagsmunaafla eða þrýstihópa til að berjast fyrir einu máli. Til stjórnlagabings legg ég fram mína skynsemi og hugsjónir um heilbriggt samfélag sem og reynslu af þjóðfélagsumræðu. Það sem ég tel mikilvægasta verkefnið á stjórnlagabingi, auk þess að uppfæra stjórnarskrána til nútímahorfs, er að breyta valdajafnvægi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds þar sem ég tel að framkvæmdarvaldið hafi haft of mikil völd yfir þinginu.

8243

Jón Benedikt Björnsson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Sálfræðingur, rithöfundur
jbenedikt@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent MA 1966. Sálfræðingur frá Háskólanum í Freiburg/Þýskalandi 1974. Félagsmálastjóri Akureyrarbæjar 1976-1995. Framkvæmdastjóri menningar-, uppeldis- og félagsmála hjá Reykjavíkurborg 1995-2001. Síðan sálfræðingsstörf, fyrirlestrahald, bókaskrif, útvarpsþættir og námskeið.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil láta gott af mér leiða og hef þekkingu, reynslu og hæfileika sem munu nýtast á stjórnlagabinginu. Þar mun ég hvorki ganga erinda annarra né eigin sérhagsmuna, heldur leitast við að láta hug, framsýni, skynsemi, réttisýni og sáttavilja ráða verkum mínum.

8804

Jón Valur Jensson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Guðfræðingur, prófarkalesari
jvjensson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent MR 1971. Cand. theol. HÍ 1979. Framhaldsnám í trúarheimspeki og kristilegri siðfræði og doktorsnám við Cambridge-háskóla 1979-1983. Vann ungur til lands og sjávar. Rak Ættfræðipjónustuna frá 1986. Unnið mest við prófarkalestar á seinni árum. Ljóðskáld (2 ljóðabækur o.fl.). Fjöldi blaðgreina og mikil skrif á vefsíður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Varðstaða um sjálfstæði; fullvalda vegnaði okkur bezt. Röskum ekki því bezta í núverandi stjórnarskrá. Ákvæðum um að allt æðsta löggjafarvald skuli vera íslenskt, eins og Jón forseti barðist fyrir, skal viðhaldið. Stjórnskipunin verði skýrari og lýðræðislegri. Hindrum geðþóttavald ráðherra. Bönnum fjáraustur ríkis í flokkana, styrkjum samvirkufrelsi þingmanna, aukum vald almennings með þjóðaratkvæðagreiðslu um málefni að kröfu 12-15% kjósenda. Málskotsvald forseta, sem bjargaði okkur frá vanhugsuðum Icesave-ólögum, haldist. Fullveldisframsal eigi sér ekki stað án lágmarks 75% samstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Almenn, bein þjóðarkosning verði um hverja breytingu á stjórnarskrá sérstaklega.

2182

Jón Einar Haraldsson

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri
Kennari, námsráðgjafi
lambi@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Kennaraháskóla Íslands. Kennarapróf frá Skárup Statsseminarium í Danmörku. Hef unnið alla venjulega verkamannavinnu, verið sjómaður til fjölda ára, á línu, ísfisk- og frystitögurum. Hef rekið verktakafyrirtæki í málningu og viðhaldi húsa meðfram annarri vinnu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef um langt skeið haft mikinn áhuga á að Ísland fái nútímalegri stjórnarskrá en þá sem í gildi er. Hún var ágæt á sínum tíma en ég tel Íslendinga þurfa nýja stjórnarskrá þar sem lýðræðið er virkt með þremur stjórnsýslustigum. Markmið mitt með framboði til stjórnlagabings er að berjast fyrir því að í nýrri stjórnarskrá verði eftirfarandi tryggt: Jafnrétti allra byggða landsins, pólitísk og rekstrarleg ábyrgð, valddreifing verði tryggð með stofnun landshlutasamtaka sem hafi rekstrarlega og stjórnmálalega ábyrgð og viðtæka sjálfstjórn og tekjuöflun.

2094

Jón Bjarni Jónsson

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Framkvæmdastjóri
bjb@spong.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: Húsasmiður frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Húsasmiðameistari frá Iðnskólanum í Reykjavík. Starfsreynsla: Sjálfstætt starfandi húsasmiður 1981-1990. Söluumaður og síðar verslunarstjóri hjá BYKO 1999-2005. Verkstjóri og síðar framkvæmdastjóri hjá Spöng ehf. frá 2005.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ástæða framboðs míns byggist á áhuga mínum á að móta betra samfélag fyrir okkur sem nú lifum og afkomendur okkar. Með tilkomu stjórnlagabings tel ég hafa opnast möguleika fyrir mig til að geta komið að slíku starfi, án þess að vera bundinn stjórnsmálaflokkum eða hagsmunasamtökum. Markmið mitt yrði að stuðla að réttlátara þjóðfélagi, meiri heiðarleika og fullri sanngirni í öllum þáttum stjórnsýslunnar, án tillits til þess hver við erum, hvað við störfum, hvort við erum heilbrigð eða eigum við fötlun að stríða. Virðum hvert annað.

5416

Jón Þóroddur Jónsson

Fæðingarár: 1945 **Sveitarfélag:** 113 Reykjavík
Fjarskiptaverkfræðingur
jonth@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá MR 1965. Fjarskiptaverkfræðingur frá Tækniháskólanum í Lundi í Svíþjóð 1971. Verkfræðingur, yfirverkfræðingur, framkvæmdastjóri hjá Pósti og síma 1971-1999. Hef starfað við uppbyggingu og ráðgjöf TETRA öryggisfjarskiptakerfis Íslands frá 1999 til dagsins í dag.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til þess að hún Anna dótturdóttir mín geti alist upp í betra og manneskjulegra samfélagi en við höfum búið við undanfarin ár.

Til að tryggja frelsi einstaklinga, félaga og samfélaga til athafna svo lengi sem þær athafnir skemma ekki fyrir öðrum.

Til að tryggja samfélagslegan eignarrétt á landi, sjó og auðlindum og að íslenska þjóðin verði sem mest sjálfbær.

Til að geta kosið einstaklinga til Alþingis og stjórnar landsins.

Til að geta haft áhrif á ákvarðanir þings og stjórnar án þess að verða að grípa til þess að grýta þinghús og stjórnarliða og til þess að takmarka endurkjör þingmanna.

7671

Jón Ólafsson

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Prófessor
jonolafs@bifrost.is

Menntun/starfsreynsla:

Háskóli Íslands, BA í heimspeki 1989. Columbia University, PhD í heimspeki 2000. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, forstöðumaður 1999-2003. ReykjavíkAkademían, formaður 2004-2006. Háskólinn á Bifröst, prófessor frá 2005. Forseti Félagsvísindadeildar frá 2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabingið er tækifæri fyrir fólk sem ekki hefur áhuga á hefðbundinni flokkapólitík til að taka þátt í stjórnámálum. Ég hef áhuga á að taka þátt í að búa til nýja stjórnarskrá sem sameinar frjálslynd og róttæk viðhorf til persónufrelsis, tryggir opið, réttlátt og skilvirkt stjórnkerfi og vel útfærð félagsleg og efnahagsleg réttindi. Stjórnarskráin á að styðja viðleitni til að útrýma kúgun hvernig sem hún birtist. Ég vil líka taka þátt í stjórnlagabinginu vegna þess að það er merkilegasta tilraun sem gerð hefur verið hér á landi til að breyta því hvernig stjórnámál eru stunduð. Á því munu ólík sjónarmið takast á, án þess að þátttakendur séu læstir í hagsmunabandalög flokkanna.

6296

Jón Hermann Karlsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 113 Reykjavík
Viðskiptafræðingur
jonhk@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Viðskiptafræði frá HÍ 1975. Framkvæmdastjóri Teppalands og Teppabúðarinnar/Litavers 1975-2005. Framkvæmdastjóri Flügger ehf. 2006-2008. Varð atvinnulaus 2008. Sumarvinna 2 sumur við golfteiritil á Grafarholtsvelli. Aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra og síðar félagsmálaráðherra 1993-1995.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

1. Vil bættu velferð íslenskrar þjóðar og framtíðarskipan samfélags okkar með réttlæti, jöfnuð og tækifæri einstaklinganna til sjálfstæðis að leiðarljósi.

2. Vil bæta almennt siðferðislegt uppeldi þegna þjóðfélagsins og koma að nýjum og bættum gildum.

3. Vil auka áherslu á bættu menntun í jákvæðu andlegu viðhorfi, siðferði og fjármálum komandi kynslóðum til farsældar.

4. Vil gera landið að einu kjördæmi með jafnan atkvæðisrétt.

5. Vil koma á persónukjöri til Alþingis. Fækka þingmönnum í 35.

6. Vil skilgreina betur hlutverk forseta Íslands og valdsvið.

7. Vil koma á nýrri skipan húsnæðismála á vegum ríkisins.

8. Vil skýra stefnu um eignarhald og afnot auðlinda okkar.

2446

Jón Pálmar Ragnarsson

Fæðingarár: 1987 **Sveitarfélag:** 500 Bæjarhreppi
Stjórnmalafraeðingur
jonpalmar@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stunda nú mastersnám í opinberri stjórnsýslu með sérhæfingu á sviði alþjóðasamskipta við Háskóla Íslands. Útskrifaðist með BA gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 2010. Stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni vorið 2007. Sumarvinna hefur aðallega verið í ferðaþjónustugeiranum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil hafa áhrif við mótun nýrrar stjórnarskrár fyrir Ísland. Ég er ungur maður úr sveit og hef mikinn metnað. Áhugi minn á endurskoðun stjórnarskrárinnar er mikill og hljótí ég kosningu mun ég leggja mig allan fram við hana. Ég er gagnrýnn, réttisýnn og heiðarlegur og vil taka þátt í að móta stjórnarskrána samkvæmt lýðræðislegum gildum fyrir alla Íslendinga. Ég mun beita mér fyrir því að hún verði þannig mótuð að lýðræði, réttlæti, mannréttindi og sanngirni verði þau gildi sem lögð verður áhersla á. Stjórnlagabing gerir okkur Íslendingum kleift að gera þær breytingar sem við viljum sjá á grunnreglum og -gildum samfélagsins. Það tækifæri verður að nýta og ég vil taka þátt í því.

6791

Jón Pétur Líndal

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 311 Skorradalshreppi
Verktaki
lindal@austurvollur.is

Menntun/starfsreynsla:

Samvinnuskólapróf 1982. Sveitastörf frá barnæsku til fullorðinsára. Skrifstofustörf 1982-1986. Sveitarstjóri 1986-1995. Aðili að stofnun Öryggismiðstöðvar Íslands 1995. Starfaði við alifuglarækt til 2003. Verktaki í dag.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil vinna að lýðræðisumbótum.

Ég vil efla eignarréttinn.

Ég vil nútímavæða stjórnarfarir.

Ég vil leyfa landsmönnum að taka beinan þátt í stjórnun landsins þegar þeir æskja þess.

Ég vil að allar meiri háttar ákvarðanir um hagsmuni þjóðarinnar séu bornar undir kjósendur.

Ég vil hemja óheftar ríkisábyrgðir á einkarekstri og fjármálastarfsemi.

Ég vil stjórnarskrá sem ver landsmenn fyrir braski með auðlindir landsins og almannafé.

Ég vil stjórnarskrá sem leiðir okkur til betri framtíðar.

Ég vil ná sambandi við almenning með hugmyndabanka vegna stjórnarskrár á heimasíðu minni og fara með ykkar hugmyndir inn á stjórnlagabing.

Þess vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings.

3216

Jón Þorsteinn Sigurðsson

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Proskapjálfafermi
jts@centrum.is

Menntun/starfsreynsla:

Stunda nám við Háskóla Íslands á proskapjálfafermi og er á lokaári. Hef starfað að málefnum fatlaðra frá 2002, aðallega í Skagafirði. Hef setið í stjórn Rauða kross Íslands frá 2008 og undirdeild frá 2003 auk verkefnastjórna. Hef setið fjölda námskeiða á vegum hreyfingarinnar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hef mikinn áhuga á stjórnskipan og framkvæmd hennar og vil geta haft áhrif á hvernig hún verði til framtíðar litið. Vil að horft verði til þess að breytingar á núverandi stjórnarskrá verði ekki byggðar á tímabundnum stjórnskipunarlegum göllum samfélagsins heldur að endurskoðun hennar verði gerð með gagnrýnum augum og án fljótfærnislegra ákvarðana. Vil standa vörð um mörg þau gildi sem íslenskt þjóðfélag byggir á og sem almennur borgari vinna verkefni stjórnlagabings af hófsemi, virðingu og á faglegum nótum. Ástæða þess að ég býð mig fram er sú að ég tel mig geta unnið að verkefniinu á þessum nótum, þ.e. með gagnrýnni hugsun og án þess að umbylta stjórnskipaninni breytinganna einna vegna.

9959

Jón Axel Svavarsson

Fæðingarár: 1991 **Sveitarfélag:** 300 Akranesi
Nemi
jonaxels@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er sem stendur á síðasta ári í framhaldsskóla.
Starfa sem sundþjálfari hjá Sundfélagi Akraness.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram á stjórnlagabing til að koma sjónarmiðum minnar kynslóðar á framfæri, til að standa vörð um sjónarmið unga fólksins. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á stjórnmálum og hef tekið virkan þátt í stjórnmálastarfi síðustu árin. Ef ég verð kosinn mun ég leggja allan minn metnað í það starf sem framundan er. Ég yrði stoltur af því að fá að taka þátt í þessu mikilvæga starfi.

4217

Jóna Sólveig Elínardóttir

Fæðingarár: 1985 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Meistaraneimi í alþjóðasamskiptum
jonasolveig@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Yfirstandandi MA nám í alþjóðasamskiptum.
BA próf í frönsku.
Stúdentspróf af bókmenntabraut við franska menntaskólann Lycée Émile Duclaux.
Starfsnemi í utanríkisráðuneytinu febrúar 2010-júlí 2010.
Stuðningsfulltrúi á geðsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss 2006-2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að sem borgari og kona finn ég til mikillar ábyrgðartilfinningar gagnvart því að þessi æðstu lög íslenska lýðveldisins verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að byggja íslenska réttarrikið upp á bættum grunni. Jafnframt tel ég nauðsynlegt að taka eftirfarandi þætti til gagnerrar endurskoðunar:

- Stjórnarskrána í heild sinni þar sem allir þættir hennar væru hugsaðir með kynjasjónarmið að leiðarljósi.
- Ákvæði um hlutverk forseta Íslands.
- Reglur og ákvæði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur.
- Tengsl ríkis og kirkju.
- Lengd þess tíma sem forseti, alþingismenn/-konur og sveitarstjórnarmenn/-konur hafa til embættissetu.
- Ákvæði um landsdóm.

2314

Jón Steindór Valdimarsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Lögfræðingur
jonsteindor@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lögfræðingur að mennt. Alla tíð unnið í þágu íslensks atvinnulífs, m.a. sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Tækniskólans. Átti sæti í ráðgjafanefnd EFTA, er í stjórn Alþjóðamálastofnunar HÍ og formaður samtakanna Sterkara Ísland – þjóð meðal þjóða.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það er ekki skynsamlegt að láta skeika að sköpuðu. Ég vil taka þátt í því að móta framtíðina. Þess vegna hef ég ákveðið að gefa kost á mér til stjórnlagabings. Stjórnarskrá á að vera skýr og skorinorður rammi um grundvallaratriði og fela í sér sáttmála um grunngerð og leikreglur samfélagsins. Hún verður að tryggja jafnræði borgaranna. Sá kjarni má ekki týnast í marklausu orðagjálfrí. Verði ég svo heppinn að ná kjöri mun ég ganga til verks með opnum huga og leggja eyrun við því sem þjóðfundurinn segir og hvað stjórnlaganefndin hefur fram að færa. Stjórnarskráin á að endurspeglar bestu manna yfirsýn eftir yfirvegum og rökræður. Til þess verks þarf að koma með opnum huga.

7154

Jónas Pétur Hreinsson

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Iðnrekstrarfræðingur
jonasp@hive.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntaður iðnrekstrarfræðingur frá TÍ. Stundaði nám við Göteborgs Universitet í informationsteknik (fjölmíðlafræði/almannatengsl) og japanskri menningarsögu. Ég hef starfað við ýmislegt í gegnum tíðina en meirihlutann af starfsævi minni hef ég unnið við markaðs- og auglýsingaráðgjöf/hönnun.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja mitt að mörkum til að gera stjórnarskrá okkar sem mannlegasta. Ég vil að stjórnarskráin sé byggð í kringum mannlega reisn sem allir eiga rétt á og er friðhelg. Stjórnarskráin er fyrir okkur þegnana í landinu og þá sem munu erfa það. Með því að byggja stjórnarskrána á þessum grunni munum við fá stjórnarskrá sem við getum verið stolt af og orðið þjóðinni til heilla. Áherslumál mín varðandi stjórnarskrána eru auk mannlegrar reisnar: ítarlegri málskotsréttur þjóðarinnar, persónukjör til Alþingis, aðskilnaður ríkis og kirkju, sem og að auðlindir Íslands verði eign þjóðarinnar sem ekki má framselja.

9475

Jón Þór Þorgeirsson

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Viðskiptafræðingur, verkfræðingur
jonthor@jonthor.is

Menntun/starfsreynsla:

Meistaragráður á sviði bæði viðskipta- og verkfræði. Hef unnið margvísleg störf, bæði hjá ríkinu og einkafyrirtækjum. Þátttakandi í þróun nýsköpunarfyrirtækis. Hef unnið við rannsóknir, kennslu, sérfræðivinnu, rekstur og önnur störf á almennum vinnumarkaði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að bæði menntun mín og reynsla geri mig að verðugum fulltrúa á stjórnlagabing. Ég er vel menntaður og hef auk þess viðtæka reynslu úr atvinnulífinu. Ég tel mikilvægt að þrískipting valds sé skýr. Ég vil að sá sem stýrir framkvæmdarvaldinu sé kosinn beinni kosningu og sá aðili velji til liðs við sig ráðherra sem þurfa ekki að vera þingmenn. Ég vil auka almennt lýðræði og þátttöku almennings í ákvarðanatöku, m.a. með þjóðaratkvæðagreiðslum. Enn fremur vil ég tryggja yfirráð þjóðarinnar yfir auðlindum Íslands. Ég tel að kominn sé tími fyrir breyttar forsendur og ég vil leggja mitt af mörkum til þess að semja nýja stjórnarskrá.

9915

Jónas Kristjánsson

Fæðingarár: 1940 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Ritstjóri
jonas@hestur.is

Menntun/starfsreynsla:

Sagnfræðingur. Höfundur 9 bóka um heimsborgir, 14 bóka um hesta og starfsögu: Frjáls og óháður. Háskólakennari: 216 fyrirlestrar um blaðamennsku á heimasíðu. Líka er þar gagnabanki 900 reiðleiða. Ritstjóri Vísis, Dagblaðsins, DV og Fréttablaðsins. Bloggari: 14.295 greinar á heimasíðu minni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Lofa að eyða ekki krónu í framboð mitt. Hef skammað alla og er ekki í neinni valdaklíku. Er hvorki umboðsmaður neins flokks né neinna hagsmuna. Ætti því að hæfa stjórnlagabingi. Styð framkomin gögn frá þjóðfundinum. Hef mestan áhuga á auknu gegnsæi og afnámi bankaleyndar. Vil að umdeild mál fari sameiginlega í eina þjóðaratkvæðagreiðslu. Til dæmis persónukjör, fjárhagslegur aðskilnaður ríkis og kirkju og skilgreining á þjóðareign auðlinda. Tel verulegra breytinga þörf á stjórnarskránni. Farið á heimasíðu mína, sláið inn Stjórnlagabing og þið sjáið 57 greinar eftir mig um stjórnlagabing. Þar er meira sagt frá margvíslegum sjónarmiðum mínum um stjórnlagabing.

4129

Jónas Tryggvason

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
jonas@hugmot.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MH. M.Sc. frá Íþróttaháskólanum í Moskvu. Nam alþjóðaviðskipti við University of Washington. MA í alþjóðasamskiptum frá University of Kent. Starfaði við sjávarútveg, íþróttajálfun, flugstjórn og markaðsstörf. Framkvæmdastjóri hjá Actavis en síðustu tvö ár sinnt ráðgjöf á alþjóðavettvangi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með stjórnlagabingi gefst Íslendingum stórkostlegt tækifæri til að endurskoða uppbyggingu þjóðfélagsins frá grunni. Mörg mál brenna á þjóðinni; aðskilnaður valds, eignarréttur, skipan kosningamála, virkt lýðræði og trúfrelsi. Ég tel að lýðræði, jafnrétti og mannréttindi eigi að vera lykilhugsun í stjórnarskránni.

Ég hef á fjölbreyttri lífsleið aflað mér víðtækrar þekkingar og reynslu. Íþrótt- og æskulýðsmál eru mér ávallt ofarlega í huga en ekki síður nýsköpun, auðlindamál, menntamál og alþjóðahyggja.

Nauðsynlegt er að koma með opnum huga inn á stjórnlagabing og hafa öll atriði uppi á borðinu sem snerta líf þjóðar okkar til framtíðar. Því býð ég fram krafta mína til þessa mikilvæga verkefnis.

3205

Jórunn Edda Helgadóttir

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Meistaraneini í alþjóða- og samanburðarlögfræði
jeh1@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf á náttúrufræðibraut frá Menntaskólanum í Kópavogi.
BA próf í heimspeki frá Háskóla Íslands.
Starfsmaður í Fríðuhúsi, dagvist fyrir Alzheimers sjúklinga á vegum FAAS.
Ýmis hluta- og sumarstörf við afgreiðslu og/eða þjónustu og á Hrafnistu svo eitthvað sé nefnt.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Í ljósi þess að mannréttindi eru okkar mikilvægasta sameiginlega hagsmunamál og ættu sem slík að liggja til grundvallar stjórnarskránni vil ég beita mér fyrir því að stjórnarskráin verði skrifuð út frá tryggingu mannréttinda allra. Svo því markmiði megi ná er skráning einstakra mannréttindaákvæða ekki einungis mikilvæg heldur eru dreifing valds og eftirlit með valdi einnig nauðsynlegir þættir í slíkrari tryggingu mannréttinda og öll stjórnskipun þarf að byggjast á þeim grundvelli. Aukið og bætt lýðræði væri ein birtingarmynd slíkrar stjórnskipunar.

Trygging sameignar auðlindanna er annað hagsmunamál sem ég legg áherslu á, auk þess sem ég mun ávallt hafa opinn huga gagnvart góðum hugmyndum.

8287

Jónína Bjartmarz

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Lögfræðingur, athafnakona
jonina@joninabjart.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf 1974, embættispróf í lögum frá HÍ 1981. Dómarafulltrúi m.m. 1981-1984, lögmansstjóri og í forsvari fyrir frjáls félagasamtök á sviði menntunar og atvinnurekstrar kvenna 1985-2000, alþingismaður 2000-2007, ráðherra umhverfismála 2006-2007 og störf við ferðaþjónustu í Kína frá 2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að leggja mitt af mörkum til nauðsynlegra breytinga á stjórnarskránni. Ég legg aðaláherslu á breytingar á stjórnkerfinu, þjóðareign á náttúruauðlindum og á lýðræðisumbætur; breytta kjördæmaskipan, jöfnun atkvæða, persónukjör og þjóðaratkvæðagreiðslur - að þjóðinni sé í auknum mæli falið vald til að ákveða hvernig mikilvægum málum er hagað. Þá þarf stjórnarskráin að vera á „mannamáli“, skýr og lýsandi um leikreglur lýðræðisins og skiptingu ábyrgðar og valds. Ég styð ekki hugmyndir um umbýltingu stjórnarskrárinnar. Lögbundin umgjörð og tími sem þinginu er markaður veitir ekki svigrúm til þess og samstaða mun skipta sköpum um hvort ráðgefandi breytingar nái fram að ganga.

6637

Júlíana Guðmundsdóttir

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Verkefnisstjóri
julianagudmundsdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent af málabraut Menntaskólans við Sund 1990. Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands 2005. Austur-Asíufræði við Háskóla Íslands 2009 (enn í því námi). Morgunblaðið 1991-2001. Fíton, auglýsingastofa 2001-2002. Orkuveita Reykjavíkur 2002-.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að mér finnst tími kominn til þess að gagnger endurskoðun fari fram á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Ég vil vera hluti af þeim þegnum landsins sem koma að þessari endurskoðun, ekki endilega til þess að gjörbylta eða breyta heldur til þess að aðlaga hana breyttum tímum. Ég vil því ræða það við aðra, sem kosnir verða, hvort stjórnarskráin eigi ekki að snúast að mestu um manneskjuna fremur en embættin. Ég vil endurskoðun á stjórnarskránni til þess að komandi kynslóðir geti sagt að við höfum ekki brugðist því hlutverki okkar að vernda íslenskt þjóðfélag, manneskjuna sem það byggir og að hún sé byggð á jafnrétti og bræðralagi allra Íslendinga.

4624

Jónína Ólafsdóttir

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 113 Reykjavík
Landfræðingur
jonina.olafsdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

B.Sc. í landfræði frá Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil tryggja að þrískipting ríkisvaldsins sé raunveruleg. Ég vil sjá breytingar á embætti forseta Íslands. Ég vil tryggja að náttúra Íslands verði áfram náttúra Íslendinga. Ég vil að mín rödd heyrist, rödd tveggja barna húsmóður í úthverfi.

8782

Júlíus Sólnes

Fæðingarár: 1937 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Verkfræðingur
solnes@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Meistarapróf í byggingarverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU) 1961. Doktorspróf frá Danmarks Tekniske Universitet 1966. Ráðgjafarverkfræðingur 1961-nú. Lektor við DTU 1970-1972. Prófessor við verkfræðideild HÍ 1972-2007. Alþingismaður 1987-1991. Ráðherra og umhverfisráðherra 1989-1991.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Tímabært að breyta stjórnarskrá með hliðsjón af nýrri hugmyndafræði og upplýsingaöld. Hér hefur þróast stjórnmalakerfi sem er ekki í samræmi við stjórnarskrána. Það hefur ekki getað leyst úr vandamálum þjóðfélagsins. Hefur það bezt komið í ljós í síðustu kreppu. Einfalda þarf stjórnkerfi landsins og taka betur mið af smæð þjóðarinnar. Kjósa skal framkvæmdarvald beinni persónubundinni kosningu. Á Alþingi sitji aðeins 31 þingmaður kosinn listakosningu og landið allt eitt kjördæmi. Auka skal áhrif kjósenda með rafrænum þjóðaratkvæðagreiðslum. Ákveðinn fjöldi kjósenda geti lagt fram lagafrumvarp til afgreiðslu á þingi. Tryggja ber sjálfbæra þróun og almenningseign auðlinda í stjórnarskrá.

2578

Jökull Arngeir Guðmundsson

Fæðingarár: 1938 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri
Eldri borgari, málmíðnaðarmaður
jgx@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Lauk námi í Gagnfræðaskóla Ísafjarðar og iðnnámi í vélvirkjun við Iðnskólann á Ísafirði. Verklegu iðnnámi hjá Vélsmiðjunni Þór hf. á Ísafirði og Slippstöðinni hf. á Akureyri. Tók sveinspróf frá Slippstöðinni og hef meistaraáttindi í greininni. Vann lengst af við viðhald og uppsetningu vélbúnaðar skipa.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Tel mig búa yfir þekkingu og reynslu sem nýst gæti til verksins. Valist til trúnaðarstarfa, t.d. í stéttarfélögum. Unnið verkefni fyrir félög, t.d. formennsku laganevndar stéttarféлага þegar gjörbreyta þurfti félagslögum vegna sameiningar féлага og er horfið var frá svæðaskiptingu og tekin upp starfsgreinaskipting. Í stofnnefndum nýrra féлага til að setja þeim lög og starfsreglur. Lesið mér til um mótun samfélaga frá „náttúrulögum“ til þróaðs lýðræðis.

Hef ríkan áhuga á velferðar-, mannréttinda-, og jafnréttismálum, ásamt fyllra lýðræði og nýrri bættari stjórnskipan. Lesið stjórnarskrána oft og unnið með kjörstjórnnum til tryggingar jafnræðis með framboðum og tjáningarrétti kjósenda.

2523

Karl Lárus Hjaltsted

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Hafnarvörður
karllh@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntaskólinn í Reykjavík 1984. B.Sc. í ferðamálum frá J&W University, USA. Tækniskólinn – skipstjórn/vélstjórn. Unnið við landbúnað í um 10 ár, fiskvinnslu og til sjós í 10 ár, sjálfstætt starfandi við veitingarekstur í 13 ár. Starfa nú við hafnarþjónustu hjá Faxaflóahöfnum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Sem fjöldskeylduafaðir, og með tilliti til reynslu minnar á breiðum grunni hins almenna atvinnulífs, sem mest hefur að gera með afkomu okkar þjóðar, þ.e. landbúnaðar, sjávarútvegs og sjálfstæðs atvinnurekstrar, tel ég að með nýrri stjórnarskrá sé hægt að bæta hana en ekki umbylta. Sameining um nýja stjórnarskrá mun gefa íslenski alþýðu von um að ná því jafnvægi sem hún þarf á að halda núna og mun ég beita mér fyrir því að þjóðin fái að kjósa um nýja stjórnarskrá áður en Alþingi Íslendinga fær hana til umfjöllunar og þar af leiðandi tryggja það að flokkar og stjórnmálamenn geti ekki haft áhrif á vilja þjóðarinnar með þeirri kosningu.

Vilji til breytinga er allt sem þarf.


3414

Jörmundur Ingi Hansen

Fæðingarár: 1940 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Reykjavíkurgóði

Menntun/starfsreynsla:

Lauk landsprófi og iðnskólanámi hér heima og lagði síðan stund á tæknifræði í Danmörku. Vann við húsateikningar og hönnun, fyrst hjá öðrum og síðar í eigin fyrirtæki. Stundaði nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík og við Háskóla Íslands. Vann um tveggja ára skeið í Lithaugalandi við útflutning íslenskra hesta. Allsherjargoði í um einn áratug.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ráðherrar eigi ekki jafnframt sæti á Alþingi, jafnframt því að fjöldi ráðherra verði takmarkaður; auðvelda þjóðaratkvæðagreiðslu bæði með og án atbeina Alþingis og forseta lýðveldisins; endurskoða fjölda þingmanna; gera ákvæðið um valdsvið forseta lýðveldisins ljósari en nú er; takmarka heimild stjórnvalda og opinberra fyrirtækja til lántöku, t.d. með auknum meirihluta á Alþingi og jafnvel takmarka árlega hækkun fjárlaga; framsal hvers konar þjóðarréttinda til erlendra ríkja eða stofnana verði ætíð háð þjóðaratkvæðagreiðslu.

Auðlindir landsins, bæði á láði og legi, verði þjóðareign.


7715

Katrín Fjeldsted

Fæðingarár: 1946 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Læknir
katrinf@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent MR 1966. Lauk læknaprófi 1973. Framhaldsnám í Bretlandi 1974-1979. Heimilislæknir í Reykjavík frá 1980. Borgarfulltrúi í Reykjavík 1982-1994. Þingmaður Reykvíkinga 1999-2003, varapringmaður. 1995-1999 og 2003-2007. Formaður Félags íslenskra heimilislækna 1995-1999. Í stjórn Evrópusamtaka lækna frá 2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til setu á stjórnlagabingi af því að ég vil taka þátt í því að endurskoða þann ramma sem Íslandi sem lýðræðisríki er settur. Traust almennings á Alþingi og stjórnmálamönnum hefur farið minnkandi á undanföllum árum og mörgum finnst að stjórnarskráin eigi að verja hag almennings og setja valdamönnum nauðsynlegar skorður. Með endurskoðun á stjórnarskránni verður leitast við að semja leikreglur fyrir þjóðfélag framtíðarinnar. Grundvöllur þess þarf að vera traustur og eiga stuðning þjóðarinnar. Mig langar að leggja mitt af mörkum í því skyni.

6615

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Fæðingarár: 1974 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Varabæjarfulltrúi í Kópavogi

Menntun/starfsreynsla:

Meistaragráða frá Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands í mannauðsstjórnun, BA gráða við sálfræðiskor Háskóla Íslands. Sit í Félagsmálaráði Kópavogs frá 2010 og er varamaður í bæjarstjórn Kópavogs frá 2010. Bókhald og launaumsýsla fyrir Ísparta-vélavít. Skrifstofustjóri á ESD Landspítala.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þegar Geir Haarde bað guð að blessa Ísland tók ég meðvitaða ákvörðun um að verða hluti af þeim breytingum sem ég taldi óumflýjanlegt að samfélagið myndi ganga í gegnum á næstu árum. Ég hef því tekið virkan þátt í þjóðfélagslegri umræðu og tók þátt í sveitarstjórnarkosningunum síðastliðið vor. Það gerði ég til þess að leggja mitt af mörkum í þeirri samfélagslegu samábyrgð sem við öll berum á því að gera umhverfið okkar betra. Ég tel að Ísland eigi mikla möguleika á að vera leiðandi af lýðræðislegum breytingum. Fámennið er okkar styrkur. Þátttaka í stjórnlagabingi er tækifæri til þess að veita samfélaginu skýran ramma, með mannréttindi að leiðarljósi. Lausnarmiðuð hugsun er lykilatriði.

8463

Katrín Oddsdóttir

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Lögfræðingur
katrin@rettur.is

Menntun/starfsreynsla:

MA próf í mannréttindum, University of London. BA í lögfræði, Háskólinn í Reykjavík. BA í blaðamennsku, Dublin City University.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil að við eigumst stjórnarskrá sem gerir okkur fær um að lifa í samfélagi þar sem réttlæti er ávallt að leiðarljósi í öllum athöfnum þess opinbera. Ég vil að fólk sé stjórnað sé ekki með það mikið vald að það spillist. Ég vil að venjulegt fólk geti haft áhrif og að rödd þess heyrist. Ég vil að tryggt sé að aldrei verði brotið á þeim sem minnst mega sín. Ég vil að íslenskar auðlindir verði ekki erlendum stórfyrirtækjum að bráð. Ég vil gera fólk kleift að taka virkari þátt í lýðræðinu en nú tíðkast. Ég vil að mennska og samkennd gangi framar gróða og skriffinnsku. Ég vil taka þátt í því að búa íslensku samfélagi þann sáttmála sem við getum byggt okkar lög og reglur á til framtíðar.

5691

Katrín Sigurðardóttir**Fæðingarár:** 1960 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Geislafræðingur, formaður Félags geislafræðinga**Menntun/starfsreynsla:**

Útlærður geislafræðingur og táknaáskilur, viðskiptafræðimenntun í Háskóla Reykjavíkur og ýmis námskeið á meistarastigi í Háskóla Íslands til að dýpka þekkingu á viðfangsefnum mínum á hverjum tíma. Starfa sem geislafræðingur á Landspítala háskólasjúkrahúsi og er formaður Félags geislafræðinga.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Ég býð mig fram til stjórnlagabings þar sem ég tel mikilvægt að sem flest sjónarmið komi að þegar tillaga að nýrri stjórnarskrá verður gerð. Í lífi mínu og starfi hef ég kynnt mörgu sem mér finnst mikilvægt að tekið sé tillit til. Einna mikilvægast tel ég vera að stjórnarskrá verndi hagsmunum allra sem byggja landið og sé auðskilin öllum sem hún gildir fyrir. Lög þurfa að vera skýr þannig að þau haldi ef á reynir í þágu allra sem þau eiga að vernda. Skýra aðgreiningu þarf milli framkvæmdar-, löggjafar- og dómvalds. Tryggja á almenningi aðkomu að ákvörðunum með beinum hætti í afdrifaríkum málum. Mannréttindi, lýðræði og frelsi einstaklinga verði haft að leiðarljósi í nýrri stjórnarskrá.

9387

Kjartan Jónsson**Fæðingarár:** 1960 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Þýðandi, framkvæmdastjóri Múltikúlti
kjartan@islandia.is**Menntun/starfsreynsla:**

MA í þýðingafraeði frá HÍ. BA í íslensku frá HÍ. Stúdentspróf frá Flensborgarskóla.
Hefur undanfarin ár starfað sem sjálfstætt starfandi þýðandi og íslenskukennari fyrir útlendinga.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Sú kreppa sem íslenska þjóðin gengur í gegnum er um leið tækifæri til að endurmeta íslenskt samfélag og skapa nýjan sáttmála. Kallið eftir nýrri stjórnarskrá sækir kraft sinn í kröfu um aukid lýðræði, kröfu sem er knúin áfram af anda búsáhaldaþyngingarinnar og kemur nú fram í samfélagi þar sem fólk upplifir að stjórnmalamenn og stjórnmalakerfið hafi brugðist.

Ég vil leggja mitt af mörkum til sköpunar nýrrar stjórnarskrár þar sem áherslan verður á beint lýðræði, aðskilnað löggjafar- og framkvæmdarvalds, raunverulegt trúfrelsi, að auðlindir verði í almannaeigu og að réttindi fólks gagnvart lögreglu og dómvaldi verði tryggð.

9145

Kári Allansson**Fæðingarár:** 1982 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Tónlistarmaður, nemi**Menntun/starfsreynsla:**

Hef unnið ýmis störf um ævina, aðallega sem organisti og kórstjóri. Lagði stund á stjórnálafræði við HÍ, stundaði tónsmíðanám við LHÍ en lauk BA prófi þaðan í kirkjutónlist 2010. Lauk kantorsprófi frá Tónskóla þjóðkirkjunnar sama ár. Hóf MA nám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst 2010.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Á Íslandi hefur átt sér stað óhófleg samþjöppun valds. Stjórnmalaflokkarnir hafa verið of valdamiklir. Leið fólks til áhrifa í stjórnmalum hefur alfarið legið í gegnum starf stjórnmalaflokkanna og með fylgispekt við flokksforystuna. Alþingi hefur því ekki veitt framkvæmdarvaldinu nægilegt aðhald þar sem flokksforystan hefur skipað sjálfa sig í ráðherrastólana. Auk persónukjörs verður að greina á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins með því að þingmenn komi ekki til greina sem ráðherra en þingræðisreglan sé þó áfram við lýði. Atvinnustjórnmalamenn eiga ekkert inni hjá íslenskri þjóð. Þeir verða aðeins stöðvaðir með stjórnarskrárbreytingum. Valdið er okkar, ekki þeirra.

3667

Kjartan Ragnarsson**Fæðingarár:** 1945 **Sveitarfélag:** 310 Borgarbyggð
Forstöðumaður
kjartan@landnam.is**Menntun/starfsreynsla:**

Ég lauk leiklistarprófi 1966. Á árunum 1970-2003 var ég fastráðinn hjá Leikfélagi Reykjavíkur, Leiklistarskólanum í Malmö, Þjóðleikhúsinu sem leikari og síðan sem leikstjóri. Á þessum árum hef ég samið u.þ.b. 30 leikrit. Í dag er ég forstöðumaður Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Ég álit mig hafa mikið fram að færa sem fulltrúi á stjórnlagabingi. Ég hef mjög sérstaka starfsreynslu sem stjórnandi í leikhúsinu og síðan í menningartengdri ferðabjónustu. Ég er vanur að vinna með mörgum einstaklingum með sterkar skoðanir og ólíkan vilja og náð að lenda þeim verkefnum farsælega sem ég hef stjórnað. Ég hef alla tíð fylgst með stjórnmalum en ekki verið flokkspólitískur. Ég vil taka þátt í þessari grundvallarendurskoðun á stjórnkerfi Íslands. Ég vil skýrari afmörkun þrískiptingar valdsins. Ég vil ekki að ráðherra sitji á þingi. Ég vil gjörbreytt fyrirkomulag á eðli embætti forseta Íslands, e.t.v. að bandarískri fyrirmynd. Ég vil endurskoða kjördæmaskipunina.

4272


Kjartan Hjörvar**Fæðingarár:** 1979 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Fjarskiptaverkfræðingur
kjartan@hjoervar.is**Menntun/starfsreynsla:**

Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 1998. BS í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands 2003. MS í fjarskiptaverkfræði frá Universitát Karlsruhe 2008. Hef starfað við rannsóknir og þróun framtíðarfjarskiptakerfa ásamt nýsköpunarverkefnum í hugbúnaðargeiranum.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Til að svara kalli um beinni lýðræðislega þátttöku við breytingar á stjórnarskránni en hafa tíðkast og tryggja að rödd sem flestra heyrir. Ég tel mikilvægt að vanda vel til verks og taka mark á því sem þjóðfundur um stjórnarskrána leggur til, þar sem vilji þjóðarinnar á að sjást. Í ljósi þess að stjórnarskráin myndar grunnleikreglur fyrir samfélag okkar er mikilvægt að hún sé skýr og eins óumdeild og mögulegt er. Helstu mál sem ég mun einbeita mér að eru aukid sjálfstæði Alþingis frá ríkisstjórn, að stjórnvöldum sé skylt að upplýsa borgarana um allar athafnir sínar og aukningu á beinu lýðræði með skýrum reglum um þjóðaratkvæðagreiðslur og þátttöku borgarana í störfum Alþingis.

6802

Kjartan Þór Ragnarsson**Fæðingarár:** 1980 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Framhaldsskólakennari
kjartan.thor.ragnarsson@gmail.com**Menntun/starfsreynsla:**

Menntaður sagnfræðingur BA og lögfræðingur BA frá Háskóla Íslands auk náms í kennslufræði til kennsluréttinda. Starfað sem sögukenari við framhaldsskóla frá árinu 2003 og kennt m.a. við Menntaskólann við Sund og Háskólabrú Keilis. Stunda nú meistaranám í auðlinda- og umhverfisrétti við HÍ.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Ég er ungur fjölskylduafaðir sem vil að börnin mín alist upp í réttlátu samfélagi þar sem fólk hefur áhrif og lögin og stjórnkerfið þjóna almenningi. Stjórnarskráin er undirstaða allra laga og henni þarf að breyta. Mígar áherslur varða beint lýðræði og réttinn til að bera frumvörp upp til þjóðaratkvæðis án atbeina Alþingis fyrir tilstilli 5% kjósenda. Sjálfstæði þings gagnvart framkvæmdarvaldi þar sem ráðherra sitji ekki á þingi, fækkun þingmanna og ráðherra en efling byggðarlaga með yfirfærslu valds, verkefna og tekjustofna frá ríkinu. Persónukjör ráðherra og tímatakmörk á setu þeirra og þingmanna í embætti. Félagsleg- og borgaraleg réttindi verði tryggð með skýrum hætti í stjórnarskrá.

4998

Kjartan Sigurgeirsson

Fæðingarár: 1948 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Kerfisfræðingur
kjartans@itn.is

Menntun/starfsreynsla:

Starfsmaður Reiknistofu bankanna frá 1977. Lögreglumaður í Kópavogi frá 1970-1977. Lögregluskóli ríkisins 1973. Verzlunarskóli Íslands 1969. Ýmis námskeið tengd störfum. Formaður starfsmannafélags Reiknistofu bankanna sl. 8 ár. Í stjórn SSF í 3 ár. Hef verið í stjórn ýmissa annarra félaga.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin er hornsteinn þjóðfélagsins, sem allt okkar lýðræði byggist á. Við breytingar á henni er full ástæða að vanda til verka, fá sem flest sjónarmið og vinna af varfærni úr tillögum. Stjórnarskráin þarf að mynda ramma um það samfélag sem við viljum búa í og stjórnvöld eiga að vinna eftir. Stjórnarskráin þarf að uppfylla bæði kröfur þjóðfélagsins eins og það er í dag, en jafnframt að hún geti gilt í framtíðinni. Jafnrétti, réttysni og virðingu þarf að hafa að leiðarljósi við endurskoðun stjórnarskránnar. Ég vil leggja mitt af mörkum til að breytingar á stjórnarskránni verði til bóta.

2204

Kolbrún Anna Björnsdóttir

Fæðingarár: 1974 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Leikari, kennari, höfundur
kat.kolbrun@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lauk BA-hons í leiklist frá Royal Welsh College of Music and Drama 1998, kennsluréttindum á grunn- og framhaldsskólastigi frá Kennaraháskóla Íslands 2006. Hef starfað sem leikari, kennari, þýðandi, höfundur og flugfreyja frá árinu 1998.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að stjórnlagabingið sé þarfur vettvangur til að ákvarða grunnildi þess samfélags sem við viljum skapa. Ég tel að reynsla mín sem kennari á öllum skólastigum, vinna við skapandi störf og þjónustustörf, komi til með að nýtast vel við vinnu á stjórnlagabingi. Stjórnarskráin þarf að vera einfaldur og skýr samningur sem þjóðin getur sameinast um. Það þarf að tryggja mannréttindi og jafnrétti allra þegna, t.d. jafnan atkvæðisrétt. Auðlindirnar eiga að vera ótvíræð sameign allrar þjóðarinnar. Aðgreina þarf dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald með skýrum hætti og ber að aðskilja ríki og kirkju til að tryggja trúfrelsi.

7143

Kolbeinn Aðalsteinsson

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 580 Fjallabyggð
Líftækniþjálfari, gæðastjóri
kolli.adall@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

2009-: Gæðastjóri (Primex ehf., kítin- og kítosanframleiðsla).
2007-2008: Rannsóknarmaður (HA og styrkt af NSN).
2008: B.Sc. í líftækni frá HA.
2004: Stúdentspróf frá VMA.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Betra stjórnkerfi STRAX. Ég hef samvisku og samfæringu fram að færa til stjórnlagabingsins og vilja að standa og falla með mínum ákvörðunum og álitum. Vilji þjóðarinnar hefur verið einbeittur og samheldinn EN hunsaður of lengi. Nú skal setja almenning í fyrsta sæti með skilvirkni stjórnkerfisins að leiðarljósi. Stjórnvöld skulu stefna að gera betur, fá aðhald og ekki streitast á móti þegar þau eru í röngu. Tryggja skal að náttúruauðlindir séu í þjóðareigu og nýting þess sé sjálfbær fyrir komandi kynslóðir.

4756

Kolbrún Karlsdóttir

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 800 Sveitarfél. Árborg
Heimavinnandi
kolkar@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Nam antrópósófísku uppeldisfræði í Hamborg í Þýskalandi 1987-1993.
Bóndi á Fagurhólmsmýri í Örfum 1994-2004 og vann samhlöða ýmis störf 2004-2006. Útskrifuð garðyrkjufræðingur frá LBHÍ. Fasteignasölunám við HR 2007-2008.
Ýmis námskeið í þjónustu og samningatækni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er kona með skoðanir og hef mikla réttlætiskennd. Þar sem ég hef komið víða við og kynnst samfélaginu frá mörgum hliðum og fengið að sjá það utan frá, trúi ég að ég hafi ýmislegt fram að færa. Ég er ópólitísk og ótengd í þann heim. Ég get séð alveg nýja og óhefðbundna vinkla sem vikka umræðugrundvöllinn og mig langar að leggja mitt af mörkum til að gera heiminn réttlátari. Mig langar að beita mér fyrir lögbindingu einstaklingsframboðs í stjórnarskrá, betra utanumhaldi um náttúruauðlindir okkar og bættum mannréttindum. Eins vil ég sjá markvissari viðurlög við brotum á stjórnarskránni. Ég hef kynnt mér stjórnarskrána, er lausnamiðuð og ber hag heildarinnar og framtíðarinnar fyrir brjósti.

4712

Kolbrún Baldursdóttir

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Sálfræðingur
kolbrunbald@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

BA frá HÍ 1986. MA próf í námssálarfræði og ráðgjöf 1998 og MA próf í félags- og persónuleikasálfræði í Rhode Island fylki í USA 1991. Próf í uppeldis- og kennslufræðum frá HÍ 1994. Störf: Sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, Stuðlum - meðferðarstofnun fyrir unglinga, Félagsþjónustu Kópavogs, Áslandsskóla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef mikla löngun til að taka þátt í að endurreisa þjóðfélagið og gera það enn betra. Eftir áratuga reynslu með að vinna með fólki sem sálfræðingur finnst mér ég hafa skilning á þörfum þess og væntingum til framtíðar. Megináherslan er hvernig samfélag við viljum búa börnum okkar. Nú gefst tækifæri til að endurskoða ýmis málefni út frá ólíkum sjónarhornum. Ein aðalforsenda framfara og vellíðunar í samfélaginu er að eiga vandaða stjórnarská. Til að eignast nýtilega stjórnarskrá þarf hún að vera auðskilin. Beint lýðræði, stuttar boðleiðir og gegnsæi þurfa að vera ríkjandi þar sem mannréttindi og samfélagsleg ábyrgð eru veigamikil þættir. Mikilvægt er að sameign þjóðarinnar á auðlindum landsins sé jafnframt viðurkennd.

6582

Kristbjörg Þórisdóttir

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Kandídatnemi í sálfræði
kristbjorgthoris@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég lauk stúdentsprófi frá MR 1998, BA gráðu í sálfræði frá HÍ 2002 og diplómagráðu í fötlunarfræðum 2006. Ég er að ljúka kandídatnámi í sálfræði við Árósháskóla. Ég hef m.a. starfað að málefnum fatlaðs fólks og aldraðra, unnið á sambyli í 8 ár og þar af veitt því forstöðu í 3 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Á Íslandi eiga allir að geta haft það gott. Í þeim erfiðleikum sem við mætum núna skapast sögulegt tækifæri til þess að endurskoða, læra og breyta samfélaginu til bjartrar framtíðar. Vönduð stjórnarskrá leggur grunninn að framúrskarandi samfélagi með öflugar grunnstöðir. Ég mun starfa með opnum huga, jákvæðni, krafti og metnaði sem fulltrúi þjóðarinnar á stjórnlagabingi. Áhersluatriði mín eru m.a. mannréttindi, lýðræði, sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar og þjóðareign á auðlindum. Einnig legg ég áherslu á þrískiptingu ríkisvaldsins, eflingu Alþingis og helstu stofnana þess. Ég hef það að leiðarljósi að gæðum lands, þjóðar og samfélags verði skilað vel til komandi kynslóða.

4536

Kristbjörn Helgi Björnsson

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Sagnfræðingur
khb@storsaga.is

Menntun/starfsreynsla:

BA gráða í sagnfræði 2006. Unglingasmiðjan Tröð 2002-.
Sagnfræðistofnun HÍ 2004-2007.
Ritstjóri Stúdentablaðsins 2007.
Umsjón með þjóðveldisbænum í Þjórsárdal 2007.
Forfallakennari í Hólabrekkuskóla 2007-2009.
Gagnaöflun fyrir bókina Hrúnið 2009.
Myndaritstjórn fyrir ævisögu Gunnars Thoroddsens 2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef áhuga á að breyta nokkrum atriðum í stjórnarskrá lýðveldisins: Koma þarf í veg fyrir yfirgang framkvæmdarvalds gagnvart löggjafar- og dómvaldi. Einstaklingsframboð verði í boði þegar kosið er til Alþingis og sveitarstjórna. Kjördæmaskipan þarf að endurskoða. Tryggja þarf að Ísland sé friðsælt og hlutlaust ríki sem ekki fer í stríð við aðrar þjóðir. Náttúruauðlindir þjóðarinnar skulu ávallt vera eign hennar. Setja þarf stjórnarskrárbundið ákvæði um hámarkshlutfall skulda ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnlagabing skal kallað saman reglulegu til að endurskoða stjórnarskrána. Skoða þarf aðskilnað ríkis og kirkju. Ríkissjóði verði óheimilt að ganga í ábyrgðir fyrir einkahlutafélag.

5856

Kristinn Björn Valdimarsson

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 710 Seyðisfirði
Félagliði
kiddivalda@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er fyrverandi sjómaður en er öryrki eftir að bakið gaf sig 1990. Síðan þá hef ég reynt að mennta mig eftir því sem færi hafa gefist; er t.d. skrifstofutækni frá Tölvuskóla Reykjavíkur og svo félagliðanám frá Menntaskólanum á Egilsstöðum. Ég hef undanfarin ár starfað sem liðveitandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Eftir að hafa lesið stjórnarskrána og skoðað stöðu almennings með tilliti til hennar tel ég mig hafa ýmislegt til breytinga hennar að leggja, og finnst mér skylda hvers manns, sem vill hafa áhrif á líf og störf í landi sínu, að leggja sitt af mörkum til bæta og laga það sem betur mætti fara. Og mun ég, ef ég næ kjöri, leggja mig allan fram um starfa af heilindum svo stjórnarskrá íslenska ríkisins verði landi og þjóð til sóma, og verði nær nútímanum.

7847

Kristinn Dagur Gissurarson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Milli starfa
xkristinndagur@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntaður í viðskiptafræðum frá Háskólanum í Reykjavík af bæði markaðs- og vörustjórnunarviði. Eftir að skila lokaritgerð: Ísland, hvað ber framtíðin í skauti sínu? Unnið ýmis störf til sjós og lands en síðustu árin hafa störf mín tengst byggingariðnaðinum í samræmi við menntun mína.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það er mjög mikilvægt að sátt náist um nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Til þess að það megi takast þurfa allir þeir sem áhuga hafa á málinu að leggja hönd á plóg. Ekki bara atvinnuspjallarar og „besserwisserar“ sem tröllríða nánast allri umræðu nú um stundir. Af nógu er að taka, nú þegar leggjast á yfir stjórnarskrána. Má þar nefna vægi atkvæða, aukinn meirihluta á þingi og í þjóðaratkvæðagreiðslum í mikilvægum málum, hlutverk forsetaembættisins, auðlindir þjóðarinnar til lands og sjávar o.s.frv. Velta þarf upp öllum sjónarmiðum, rökræða og meitla síðan í stein fyrir framtíðina. Ég hef getu, nennu og vilja til þess að vinna ötullega að nýrri stjórnarskrá fyrir land mitt og þjóð.

4789

Kristín Erna Arnardóttir

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Verkefnastjóri
kristinerna@islandia.is

Menntun/starfsreynsla:

Er í námi í stjórn málafræði við HÍ. Var verkefna- og framkvæmdastjóri þjóðfundar 14.11.2009. Sjálfstæður verktaki við kvikmyndir/sjónvarp og fleira frá 1992 til 2010, s.s. framkvæmda- og framleiðslustjórn, fjármálastjórn, upptökustjórn, aðstoðarleiðstjórn, kosningastjórn, kennslu og rekstur ferðaþjónustu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef brennandi áhuga fyrir heiðarlegri og réttlátari samfélagi þar sem grunngildi þjóðarinnar eru höfð í heiðri til heilla fyrir alla landsmenn. Að í stjórnarskrá Íslands verði sá andi ríkjandi sem fram kom á þjóðfundi 2009. Vil leggja mitt af mörkum við að byggja upp nýtt Ísland, byggt á langtímasjónarmiðum og almannahagsmunum. Færa stjórn og vald nær borgurum og nær nútíma lýðræði. Skilgreindari verksvið og ábyrgð forseta, ráðherra og ríkisstjórna. Auðlindir Íslands í almannaeigu. Umhverfisvernd og sjálfbærni. Hef búið í sveit og borg og tel mig hafa skilning á þörfum og vilja fólks sem býr í sveit og smærri og stærri þéttbýliskjörnum við misjafnar aðstæður.

5493

Kristinn Hannesson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 116 Reykjavík
Rafvirki

Menntun/starfsreynsla:

Rafvirki frá lðnskólanum í Reykjavík 1977.
Fjöldi námskeiða hjá Rafiðnaðarskólanum.
Námskeið í viðhaldi plastframleiðsluvéla í Danmörku og Þýskalandi.
Rafvirkjastörf og viðhald plastframleiðsluvéla 1994-2010.
Mörg trúnaðar- og stjórnunarembætti fyrir Lionshreyfinguna.
Leiðbeinandi á stjórnunarskóla Lions.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Án þess að hafa sérstakan áhuga á pólitík þá hef ég lengi haft áhuga á stjórnarskránni og finnst þar ýmislegt sem mætti breyta til batnaðar. Mig langar til að leggja mitt af mörkum til að stjórnarskráin þjóni betur sínum tilgangi. Nokkur þeirra atriða sem ég myndi leggja áherslu á eru:

1. Skýrari mörk milli framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómvalds.
2. Skýrari línur um eignarrétt.
3. Breytt kjördæmaskipan.
4. Persónukjör í alþingiskosningum.
5. Fækkun alþingismanna.
6. Aðskilnaður ríkis og trúfélaga.

6934

Kristín Elfa Guðnadóttir

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Útgáfustjóri
gudnadottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég hef verið ...
blaðasali, handlangari, afgreiðslukona í ýmsum búðum, unnið á veitingastöðum, ræstítækni, leikskólakennari, leikskólustjóri, útgefandi, ritstjóri, einstaklingur með vsk-númer, blaðamaður og nú síðast útgáfustjóri. Ég er menntuð leikskólakennari, landvörður og mannfræðingur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vegna þess að ég hef þá róttæku skoðun að allir hafi rétt til að blómstra á sínum forsendum og vil að stjórnarskráin endurspegli það. Hún á að staðfesta vald almennings, verja lítilmagnann og treysta aðgengi okkar allra að náttúrulegum, vitsmunalegum og andlegum auðlindum í samtíma og framtíð. Þetta þýðir t.d. náttúruauðlindir í almannaeign, skothelda afstöðu með mannréttindum, jafnræði hárra sem lágra, góð og friðsamleg tengsl við umheiminn, samræðu stjórnvalda við almenning, stuðning við búsetu um allt land, aðskilnað ríkis og kirkju, landið eitt kjördæmi, beinna lýðræði og markvisst eftirlit með að það sé í hávegum haft, áherslu á sjálfbærni og raunverulega þrískiptingu ríkisvalds.

9013

Kristín Jónsdóttir

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Skrifstofustjóri
kristin.jons47@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

MA í sagnfræði, BEd, BA í íslensku og sjúkraliði. Skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, áður íslensku- og tölvukennari í FB. Seta í nefndum um þróun upplýsingatækni, réttindi samkynhneigðra og innflytjenda. Virk í réttindabaráttu og félagsstörfum; stofnandi Kvinnalista, í stjórn HÍK, UNIFEM og DKG.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Virðing, velferð og jöfnuður, jafnræði og jafnrétti, lýðræði og réttlæti, mannréttindi, mannöryggi og frelsi eru þau grunnildi sem ég vil sjá endurspeglast í stjórnarskránni. Ný stjórnarskrá þarf m.a. að kveða skýrt á um verndun og sjálfbæra nýtingu á náttúru- auðlindum og eignarhald þjóðarinnar á þeim, jöfnun atkvæðisréttar, aðskilnað þings og ríkisstjórnar, sjálfstæði dómstóla, þjóðaratkvæðagreiðslur svo og hlutverk forseta. Markmið mitt með að bjóða fram krafta mína í þetta mikla lýðræðisverkefni er að stuðla að nýrri framtíð lands og þjóðar.

9684

Kristján Vigfússon

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Kennari við Háskólann í Reykjavík
kristjanv@ru.is

Menntun/starfsreynsla:

- BA próf í stjórnmálafræði frá HÍ 1992
- MA próf í stjórnmálhagfræði frá HÍ 1998
- MBA próf frá HR 2006

Deildarstjóri í samgönguráðuneytinu 1992-1998. Sendiráðið í Brussel 1998-2002. Aðstoðarforstjóri Siglingastofnunar Íslands 2002-2006. Kennari og forstöðumaður við HR 2006-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef alltaf haft gífurlegan áhuga á þjóðmálum og þjóðfélagsskipan auk þess að hafa fjallað um þessi málefni í störfum mínum í Stjórnarráðinu og síðan í háskólasamfélaginu þar sem ég starfa nú. Stjórnarskráin er sá grunnur sem lýðveldið byggist á og er því mikilvæg í daglegum störfum allra Íslendinga. Stjórnarskráin á að mínum dómi að taka mið af gildum og hefðum íslensks samfélags. Ég mun beita mér fyrir því að færa aukin völd til þjóðarinnar í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslur, skýra betur völd forseta lýðveldisins, tryggja almenningi eignarhald á auðlindum landsins og endurskoða kjördæmaskipunina með aukni jafnræði í huga. Á grundvelli þessa býð ég mig fram til stjórnlagabings.

8507

Kristín Vala Ragnarsdóttir

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Sviðsforseti í HÍ
kristinvala6@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Jarðfræðingur HÍ. PhD (1984) jarðefnafræði Northwestern University, Chicago. Umhverfisrannsóknir Chicago, París. Kennsla/rannsóknir við Bristolháskóla Englandi 1989-2008; varð prófessor í umhverfissjálfbærni. Vísindanefnd ESB 2006-2008. Stjórn Schumacher UK 2006-2008. Í Balatonhópnum frá 2008.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

1) Standa vörð um að sjálfbærni í víðum skilningi (náttúru-/umhverfisvernd, efnahagur/ siðferðisleg auðlindanýting, samfélag/jafnræði, vellíðan/heilsa) verði meginstólpi stjórnarskránnar. 2) Náttúruauðlindir (vatn, jarðhiti, fiskur) verði eign þjóðarinnar. 3) Alþingi stofni embætti Umboðsmanns komandi kynslóða (líkt og Ungverjar). 4) Stjórnarskrá hafi ákvæði um fjármál (líkt og Finnar). 5) Ábyrgð ríkisstjórnar verði skilgreind. 6) Alþingismenn fái þjálfun í siðfræði, rökræðu og lýðræðislegum vinnubrögðum. 7) Þingmenn starfi með virðingu fyrir hvor öðrum með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. 8) Komið verði í veg fyrir hagsmunaaðrekstra. 9) Lög verði skrifuð með ótvíræðu orðalagi.

2941

Kristófer Már Kristinsson

Fæðingarár: 1948 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Kennari
kristofer.kristins@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

BA próf í íslensku, MA nám í umhverfis- og auðlindafræði. Kennari við Héraðsskólann í Reykholti, formaður landsnefndar Bandalags jafnaðarmanna (BJ), varaþingmaður, sat í stjórnarskrárnefnd, blaðamaður á Morgunblaðinu staðsettur í Brussel, starfsmaður Samtaka atvinnulífsins. Kennari við Ferðamálastofnu Íslands og leiðsögumaður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þá var hlegið, nú er alvara. Sem þingmaður Bandalags jafnaðarmanna árið 1983 fékk ég tækifæri til að flytja á Alþingi tillögur um stjórnlagabing, að landið væri eitt kjördæmi og fleiri breytingar á stjórnarskránni. Þá var hlegið á Alþingi. Þá var árið 1983. Tæpum þrjátíu árum síðar á að halda stjórnlagabing þar sem landið verður eitt kjördæmi. Hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna eiga erindi, ég vil halda þeim á lofti. Árið 2010 hljúsum við ekki að skoðunum annarra, við tölum saman og náum samkomulagi um viðunandi lausnir. Stjórnlagabingdið leggur upp með niðurstöður þjóðfundar í nesti. Á þeim forsendum vil ég vinna. Ný stjórnarskrá verður að endurspeglar vilja þjóðarinnar.

3095

Kristján Ingvarsson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Verkfræðingur
Kristjan@Ocalalstruments.com

Menntun/starfsreynsla:

Nam rafmagnsverkfræði við HÍ, eðlisverkfræði í Stokkhólmi og lífeðlisfræði í Chicago. Starfaði við Borgarspítalann sem lífeðlisfræðingur í 10 ár, stofnaði Tölvufræðsluna, Vaskhuga og Íslenska tækni. Fæst nú við þróun á rafeindabúnaði. Búið í Brasilíu, Svíþjóð og Bandaríkjunum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Baráttumál mitt á stjórnlagabingi verður að skilja að framkvæmdarvald og löggjafarvald þannig að ráðherrar sitji ekki á þingi og drotni yfir löggjafanum. Ögöngur okkar Íslendinga undanfarna áratugi má að miklu leyti rekja til þess að framkvæmdarvaldið sjálf hefur samið lögin sem það svo starfar eftir. Ég tel að þekking mín og reynsla af verkfræði, lífeðlisfræði og fyrirtækjastjórnun komi að góðum notum við þetta og önnur mikilvæg mál á stjórnlagabinginu. Það er von mín að allir þeir sem kosnir verða til þingsins láti sérhagsmuni til hliðar og einbeiti sér að endurskoðun stjórnarskrárinnar með hag allra Íslendinga að leiðarljósi.

6406

Lára Óskarsdóttir

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Dale Carnegie þjálfari
lara@dale.is

Menntun/starfsreynsla:

B.Ed. gráða í grunnskólakennarafræði við HÍ. Diplómanám í mannauðsstjórnun, Endurmenntun HÍ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég tel almenning þurfa að koma að þjóðmálum í meira mæli. Rödd hins almenna borgara þarf að heyrast, ekki hvað síst þegar lagður er grunnur að æðstu lögum landsins. Ég vil að stjórnarskrá Íslands innifeli skýrar og gagnsæjar reglur sem tryggja þjóðinni:

- Að Ísland sé öðrum þjóðum til fyrirmyndar hvað mannréttindi varðar.
- Lýðræðislega stjórnsýslu.
- Að lífsgæði þjóðarinnar séu öðrum þjóðum til fyrirmyndar.
- Bjarta framtíð sem siðmenntaðs samfélags.

Ég er gift fjögurra barna móðir og á þrjú barnabörn. Er menntaður íslenskukennari en starfa sem Dale Carnegie þjálfari. Hljóti ég kosningu heiti ég því að vinna af heilindum með því fólki sem velst á þingið.

3447

Lárus Elíasson

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
laruseli@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

MBA frá Bandaríkjunum, Dipl.Ing. Mach (master í orkuverkfræði) frá Þýskalandi. Vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands. 1. stigs vélstjóri frá Vélskóla Íslands. Starfað sem stjórnandi, greinandi, hönnuður og samningsaðili.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Öllum breytingum fylgja tækifæri. Við höfum einstakt tækifæri núna, eftir hrun, til að endurskoða og bæta allt okkar samfélag. Grunnur okkar samfélags er stjórnarskráin sem bæði er undirstaða löggjafar og stjórnskipulags. Ég tel mig bæði hafa þekkingu, yfirsýn og reynslu sem nýtist í þetta verkefni. Ég hef búið erlendis og starfað lengi hjá fyrirtækjum í alþjóðasamskiptum. Er að meðaltali 3. hvern vinnudag erlendis. Þar hefur reynt á samningatækni og að sætta ólík sjónarmið með heildarhagsmunum að leiðarljósi. Ég vil að við tökum það besta frá öðrum þjóðum og nýtum reynslu þeirra við gerð nýrrar stjórnarskrár. Þannig má gera Ísland bæði samkeppnishæft og mannvænt land fyrir íbúana að búa í.

3227

Leó E. Löve

Fæðingarár: 1948 **Sveitarfélag:** 103 Reykjavík
Hæstaréttarlögmaður
leo.eirikur.love@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Að loknu stúdentsprófi frá MR 1968 settist ég í lagadeild HÍ og lauk þaðan embættisprófi 1973. 1973-1982 var ég fulltrúi bfg. í Kópavogi og sinnti þar m.a. dómst. Frá 1982-1994 var ég starfandi stjórnarformaður Ísafoldarprentsmiðju hf. Kynnti mér störf umb. danska þjóðþingsins 1977-1978. Síðan hef ég sinnt lögmennsku. Hrl. 1998.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ávallt hef ég mikið hugsað um mannréttindi og þ.á m. réttindi þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Það er því rökrétt að af lífs- og starfsferli leiði áhugi á að nota reynsluna til hagsbóta fyrir íslenskt þjóðfélag.

8672

Lárus Jón Guðmundsson

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Sjúkraþjálfari og verkefnisstjóri
larusjg@hugall.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Flensburg 1981. B.Sc. í sjúkraþjálfun frá HÍ 1989. Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari 1989-2000. Yfirsjúkraþjálfari Eirar 1994-2000, verkefnisstjóri berklavarna hjá Heilsug. Reykjavíkur frá 1996, framkvæmdastjóri Hugals ehf. frá 1998. Verkefnisstjóri í heilbrigðishópi Íslenskrar erfðagreiningar frá 2000.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Við stöndum á krossgötum. Að baki er gjá milli þjóðar og þingvalds, til hægri auðn og til vinstri blindgata. Kyrrstaða er stöðnun og eina færa leiðin er sú erfiðasta, fram á við. Það er létt að sitja og gagnrýna þá sem vinna verkin fyrir mann. Stjórnlagabing fólksins var krafan í janúar 2009 og nú er kallað eftir vinnufúsum höndum okkar sem flest höfum setið til hlés hingað til. Ég hef ekki verið flokksbundinn, réttlætiskennnd mín er rík og ég hef verið farsæll í fjölbreyttum störfum mínum. Ég býð mig heils hugar fram til að vinna þetta verk því ég vil taka þátt í að brúa trúnaðargjána, sem opnaðist fyrir réttum tveimur árum, með nýjum og traustari undirstöðum að stjórnskipun Íslands.

6274

Loftur Már Sigurðsson

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Viðskiptastjóri
loftur@bt.net.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti. B.Sc. gráða í vörustjórnun frá Tækniskóla Íslands. Viðskiptastjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Fjölbreytt önnur störf eins og í byggingariðnaði, verslunarstörf, verksmiðjustörf, í fiski og ýmis önnur störf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Loftur Már Sigurðsson óskar eftir stuðningi ykkar í það mikilvæga verkefni að skrifa nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á lýðræði, stjórnskipun og þeim reglum sem setja grunn að þeirri þjóðfélagskipan sem við búum við.

- Aðskilnaður milli löggjafavalds og framkvæmdarvalds.
- Jafnt atkvæðavægi.
- Mannréttindi o.fl.

Niðurstöður þjóðfundar koma með meginsjónarmið og áherslur þjóðarinnar um stjórnarskrána og breytingar á henni. Þess vegna er mikilvægt að ganga til stjórnlagabings með opinn huga og tilbúinn að hlusta og beita skynsemi og dómgreind í því verkefni að búa til stjórnarskrá sem kemur til með að leggja grunninn að nýju, sanngjörnu og betra Íslandi.

6395

Lárus Ýmir Óskarsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Leikstjóri
larusymir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Háskólanám í kvikmyndagerð, heimspeki og sálfræði. Hef unnið m.a. við kvikmyndir, sjónvarp, leikhús og útvarp. Kennsla, ráðgjöf og fyrirlestrahald. Var einn af níu maurum sem gerðu þjóðfundinn 2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Samfélagslegur áhugi minn fékk sinn farveg í vinnu við að gera þjóðfundinn 2009. Hann er einn af vaxtarbroddum nýs þroska, sem á sér nú stað og mun færa samfélag okkar til síðara horfs en verið hefur. Við höfum þurft að horfa hér upp á frumstæða hegðun og úrelt viðhorf á hverjum degi, ekki síst í söllum Alþingis. Við Íslendingar þurfum að eignast stjórnarskrá sem hvetur samfélagsþróun áfram með framsýni sinni. Stjórnarskráin þarf að hafa síngar hugsjónir eins og jöfnuð, réttlæti, lýðræði og gagnsæi að leiðarljósi.

Mér væri gleði og heiður að því að takast á við þetta mikilvæga verkefni með þeim hæfileikaríku einstaklingum öðrum sem bjóða sig fram til starfans.


7308

Lovisa Arnardóttir

Fæðingarár: 1985 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Ráðgjafi hjá UNICEF Ísland
lovisa.arnar@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá MR 2005. BA í stjórnmálafræði frá HÍ 2008. MA í mannréttindafræðum frá UCL í Lundúnum, september 2009. Síðan ég lauk námi hef ég starfað sem verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands sumarið 2010 og nú starfa ég tímabundið hjá UNICEF á Íslandi við rannsóknir.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings því ég tel þetta einstakt tækifæri til að leggja grundvöll að því samfélagi sem við viljum búa í og skapa fyrir komandi kynslóðir. Ég vil búa til samfélag sem einkennist af jöfnuði, mannréttindavitund og virðingu. Ég vil leggja áherslu á réttindi kvenna og barna. Ég vil að skipting valdsins fari fram á skynsamlegan hátt og að allir hafa jafnan rétt og tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Ég vil að stjórnarskráin sé skýr, læsileg og öllum aðgengileg.

8628

Lóa Steinunn Kristjánsdóttir

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Framhaldsskólakennari
loak@msund.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MR 1982. BA-próf í sagnfræði og stjórn málafræði frá Háskóla Íslands 1990 auk kennsluréttinda. Viðbótarnám bæði hérlandis og erlendis á sviði skólamála, kennslu og sagnfræði. Kennari við Menntaskólann við Sund frá 1989. Hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa á sínum starfsvettvangi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nú fer í hönd sögulegt tækifæri til endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Áhugi minn á stjórnarskránni vaknaði snemma; ég hef kynnt mér hana og þekki þróun hennar. Ég hef eindreginn vilja og tel mig hafa getu til að vinna að breytingum á stjórnarskránni. Býð ég nú fram krafta mína til þessa verks. Í stjórnarskránni felast leikreglur lýðræðisins og þær þurfa að vera skýrar. Brýnt er að stjórnlagabing fari vel yfir niðurstöður þjóðfundar sem boðað hefur verið til. Á stjórnlagabingi mun ég beita mér fyrir breytingum. Einkum tel ég mikilvægt að jafna vægi atkvæða til að styrkja lýðræði á Íslandi. Hingað til hafa slíkar breytingar einkennst af hagsmunatogstreitu frekar en lýðræðislegum sjónarmiðum.

5823

Lúðvík Emil Kaaber

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
Lögfræðingur
lkaaber@centrum.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967. Cand. jur. frá lagadeild Háskóla Íslands 1974. Héraðsdómslögmaður frá 1978. Framhaldsnám í Bandaríkjunum 1980-1981. Löggiltur skjalapýðandi í ensku frá 1984.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Góð stjórnskipunarlög, sem virt eru í raun, eru kjölfesta sem ekkert land má án vera og traust ábyrgs fólks á heiðarlegu ríkisvaldi er forsenda fyrir hamingjusömu samfélagi. Engin stjórnarskrá, hvað þá stjórnarskrá sem ekki er borin virðing fyrir, getur ein skapað slíkt traust. En ný stjórnarskrá getur, ef með fylgir ásetningur til uppbyggingar á öðrum sviðum, verið ómissandi þáttur í að endurheimta virðingu okkar í eigin augum og annarra, verndað hinn valdalaus og leitt til þeirrar farsældar sem land okkar er fært að veita ef við kunnum okkur forráð. Ég veit að ég get lagt skerf af mörkum í því starfi sem vinna verður og er skilyrði þess að þannig fari. Því býð ég mig fram.

5603

Ludvig Árni Guðmundsson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Læknir
ludvig@reykjalundur.is

Menntun/starfsreynsla:

Læknapróf frá Háskóla Íslands 1974. Sérfræðingur í heimilislækningum og endurhæfingu. Störf að loknu læknánámi og sérnámi: Heilsugæslulæknir á Kirkjubæjarklaustri 1980-1984, á Seltjarnarnesi 1984-1993, síðan endurhæfingarlæknir á Reykjalundi. Auk þessa, meðal annars, störf að íþróttamálum fatlaðra.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að stjórnarskráin eigi að vera hornsteinn samfélagsins þar sem fram kemur tilgangur, markmið og stefna lýðveldisins. Hún á að fjalla um hvers konar gildi við viljum halda í heiðri og hvernig samfélag við viljum byggja upp. Einnig á hún að marka leiðir að þessu marki. Núgildandi stjórnarskrá uppfyllir ekki þetta markmið og þarf að endurskoðast. Mikilvægt er að á stjórnlagabingi fái sem flest sjónarmið fulltrúa en þó þannig að menn séu tilbúnir til að leita sameiginlegra lausna. Því er æskilegt að þeir sem þangað veljast séu tilbúnir í slíkt. Ég er tilbúinn í það og tel mig hafa margt til mála að leggja; reynslu, félagslegan áhuga og geng ekki erinda stjórn málaflökka eða hagsmunaaðila.

3876

Lýður Árnason

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Læknir, kvikmyndagerðarmaður
lydur@islandia.is

Menntun/starfsreynsla:

Læknir, sérmenntun í heimilislækningum. Starfað lengst af á landsbyggðinni. Handrits- og kvikmyndagerð, á nokkrar myndir að baki, heimildamyndir og leiknar. Greinaskrif og pistlar um árabíl, mestmegnis um þjóðfélagsmál.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing er hjálparkall stjórnmálanna til almennings á viðsjárverðum tímum og þar sem ég hef áhuga auk þess að eiga heimangengt býð ég mig fram til starfars. Tel brýnt að uppfæra stjórnarskrána og festa hana í sessi sem þjóðargrundvöll. Veikleikar hennar eru óvirk lýðræði og áhöld um eignarrétt auðlinda. Þessi ákvæði þarf að virkja þjóðinni í hag og þangað mun ég spjótum mínum beina.

7451

Lúðvíg Lárusson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Sálfræðingur
ll@isl.is

Menntun/starfsreynsla:

MBA, Global e-Magnagement 2005 frá HR. Cand. psych. í sálarfræði frá Hafnarháskóla 1985. Fjölskyldumeðferðarnám á Kempler Institute of Scandinavia 1991. Sálfræðingur við skóla á Íslandi frá 1995, síðast á Þjónustumiðstöð Breiðholts, frá 1997 á félagsmálastofnun í Kaupmannahöfn og víðar 1986-1995.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Býð fram reynslu og þekkingu mína um grunnstöðir samfélagsins, fjölskylduna, sem þarf að endurspeglast í stjórnskrá lýðveldisins þar sem ábyrgð og umhyggja tryggir velferð allra. Stjórnarskráin þarf að bera sambærileg lög mál og finnast í smæstu sjálfbærni einingu samfélagsins, og gegnir hlutverkinu að bera menninguna órofn. Stjórnarskráin þarf að geta tryggt sem beinastan þátttökurétt hópa samfélagsins þar sem hæfni framfar fjármagni ræður ferðinni. Allir hafa tilgang og styðja tilvist hvers annars með beinu jafnvægi. Beita ber rafrænni tækni meira til að virkja almenning til lýðræðisþróunarinnar. Helmingaskiptareglur flokka verði liðin tíð. Stjórnarskrálegum völdum fylgir ávallt ábyrgð.

7682

Magnea Jóhanna Matthíasdóttir

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Þýðandi
magneaj@gmail.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1970. Stundar nú diplómanám í þýðingarfræðum við Háskóla Íslands. Hefur unnið við þýðingar frá 1971 en einnig sem prófarkalesari (1978-1986), vefhönnuður (1996-2008) og fleira. Magnea hefur sent frá sér þrjár skáldsögur og ljóðabók auk annarra ritstarfa.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Íslendingar sjálfir eru færastir um að ákveða hvernig stjórnarskráin okkar á að vera. Þess vegna á gott þversnið af þjóðinni, fólk á öllum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn, reynslu og menntun, að skipa stjórnlagabing. Ég held að ég hafi margt fram að færa sem nýttist á slíku þingi og býð mig því fram. Ég hef fengist við ýmislegt um ævina, lesið prófarkir, kennt í grunnskóla, afgreitt í mjólkurbúð, búið til blöð og margt fleira en síðustu árin aðallega þýtt skáldsögur. Ég á tvö uppkomin börn og fimm barnabörn. Einkum þeirra vegna vil ég leggja mitt af mörkum til að tryggja jafnrétti, mannréttindi og lýðræði.

7935

Magni Hjálmarsson

Fæðingarár: 1945 **Sveitarfélag:** 225 Sveitarfél. Álfanesi
Útgefandi
magni.hjalmarsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Sveinspróf í bifvélavirkjun 1965. Kennarpróf frá KÍ 1970. Sérkennarpróf KHÍ 1993. Próf í uppeldisfræði (exam pæd) við Danmarks Lærerhøjskole 1996. Starf við kennslu, sérkennslu, kennsluráðgjöf og námsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum 36 ár. Hefur þýtt efni um uppeldi til ábyrgðar og sjálfsaga.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig langar að leggja lóð á þá vogarskál að semja nýjan sáttmála og setja í stjórnarskrá. Mest vegna þess að undanfarin 10 ár hef ég unnið að því að kenna börnum, kennurum og foreldrum sjálfstjórnarkenningu og uppbyggingu sjálfsaga (uppeldi til ábyrgðar) og sé að sömu aðferðir má nota í stóru samhengi. Við stjórnun eigin hegðun og getum ákveðið hvernig samfélag við viljum, hvaða lífsgildi séu okkur mikilvægust og hvernig við getum fullnægt þörfum okkar af ábyrgð gagnvart sjálfum okkur og náunganum. Til að standa vörð um lífsgildin komum við okkur saman um skýr mörk, hvaða valdmörk stofnanir samfélagsins hafa, þannig að valdsmenn verði að víkja úr embætti, ef þeir fara út fyrir mörkin.


3887

Magnús Óskarsson

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 300 Akranesi
Bílasali
magosk@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Trésmiður sem hefur rekið bílasölu í 27 ár á Akranesi. Hefur tekið ýmis réttindanámskeið, t.d. bílasala, skrifstofunám og knattspyrnuþjálfun. Hefur unnið mikið að félagsmálum og verið m.a. í stjórnun innan ÍA og verið veitt gullmerki knattspyrnufélagsins.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings með það að leiðarljósi að geta haft áhrif á að allir þegar landsins geti lifað við jafnrétti og án stéttaskiptingar. Einnig til að hafa áhrif á að allar auðlindir landsins bæði til lands og sjávar séu raunveruleg eign þjóðarinnar.

4239

Magnús Víkingur Grímsson

Fæðingarár: 1951 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Forstjóri
magnus@email.com

Menntun/starfsreynsla:

Á og rek Laufskála ehf. og stunda viðskipti með fasteignir fyrir eigin reikning hér á landi og erlendis frá 2005. Átti og rak Glugga og Garðhús ehf. sem framleiddi sólstofur, glugga og hurðir. Gagnfræðingur, flugmaður, matstæknir. Sjómannsstörf, landbúnaður, verslunarrekstur, tré- og járnsmíðar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef starfað í 43 ár, þar af sem sjálfstæður atvinnurekandi í 30 ár og tekist á við hin fjölbreyttustu verkefni. Það sem ég hefi tekið mér fyrir hendur hefur mér farist vel úr hendi að annarra mati, treysti mér því enn til að takast á við margvísleg og krefjandi verkefni.

Ég á gott með að umgangast fólk og mér lætur vel að vinna með einstaklingum af öllum stigum þjóðfélagsins. Ég hef ferðast mikið um landið, bæði akandi og fljúgandi, og tel mig því þekkja land og þjóð nokkuð ítarlega. Ég vil að þjóðin njóti viðtækrar reynslu minnar til sjós og lands, þó svo ég hingað til hafi ekki blandað mér í hin pólitísku mál hennar. Loks tel ég mig hafa tíma og kringumstæður til þessa hlutverks.

3359

Magnús Ingi Óskarsson

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Framkvæmdastjóri, frumkvöðull
magnus.ingi.oskarsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stofnandi og framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrtækisins Calidris ehf. Forstöðumaður hjá Sabre Iceland eftir sölu Calidris til Sabre Inc. Framkvæmdastjóri OZ hf. Yfirmaður stefnumótunar og tekjustýringar hjá Icelandair. Tölvunarfræðingur: BS frá HÍ og MS frá IIT í Chicago, USA. MBA frá IMD í Lausanne, Sviss.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing er einstakt tækifæri til að móta nýjan ramma utan um stjórnskipan samfélagsins, ramma sem lýsir því hvernig samfélagi við viljum búa í, öfluglu lýðræðis-samfélagi þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín án þess að ganga á rétt annarra. Ég hef unnið að frumkvöðlastarfi í 14 ár og byggt með góðum hópi upp þekkingarfyrtæki sem er leiðandi á sínu sviði í heiminum, einn ánægjulegasta vinnustað á landinu. Ég hef aldrei tekið þátt í stjórnámum og er óháður öllum flokkum og hagsmunasamtökum.

Gerð nýrrar stjórnarskrár er stórt og vandamt verkefni sem falið er fámennum hópi á stuttum tíma. Ég býð fram reynslu mína, þekkingu, menntun og kraft til þessa verks, Íslandi til heilla.

7209

Magnús Magnússon

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Öryrki, kvikmyndagerðamaður
emmson@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Húsasmíðameistari að mennt. Hef starfað við rekstur húsgagnaverksmiðju, sjómennsku, landbúnað og við Háskóla Íslands. Hef starfað lengst af við gerð náttúrufræðiskvikmynda og m.a. unnið fyrir BBC og eldgosamyndatökur fyrir V.O.K. Film. Myndir mínar hafa verið sýndar á RÚV og verið notaðar í kennslu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil hafa áhrif á að ný stjórnarskrá tryggji að mannréttindi allra þegna landsins verði jöfn. Auðlindir landsins verði þjóðareign og óheimilt verði að framselja þær. Koma þarf í veg fyrir að græðgi einstaklinga, flokka og fjölskyldna geti yfirtekið eigur þjóðarinnar. Borgarar þessa lands geti búið við fjárhagslegt öryggi og stjórnvöld geti ekki gert fjölskyldur eignalaugar. Stjórnmalamenn megi aðeins sitja tvö kjörtímabil í senn. Síðan líði að minnsta kosti eitt kjörtímabil og þá leyfist þeim að bjóða sig fram aftur og sitja eitt kjörtímabil og síðan ekki meir. Leggja verði höfuðáherslu á menntun, festa þarf í lög kennslu í síðfræði og menntun sem stuðlar að fjármálalæsi þjóðarinnar.

5405

Magnús Thoroddsen

Fæðingarár: 1934 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Fv. hæstaréttarlögmaður
m.thor@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MR 1954. Lögfræðingur frá HÍ 1959. Framhaldsnám í réttarfari við Hafnarháskóla 1959-1960. Fulltrúi hjá borgardómara 1960-1967. Borgardómari 1967-1979. Lögfræðingur hjá Mannréttindanefnd Evrópu 1979-1982. Hæstaréttardómari frá 1982-1989. Lögfræðingur hjá EFTA 1990-1991. Hæstaréttarlögmaður 1991-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil beita mér fyrir algerrri jöfnun atkvæða, breytingu kjördæma, fækun alþingis-manna og persónulegu vali kjósenda á þeim. Ákvæði um rétt kjósenda og þingmanna til að krefjast þjóðaratkvæðis. Tryggari þrískiptingur ríkisvalds og aukid vægi Alþingis. Náttúruauðlindir verði í þjóðareign. Nýr kafli um verndun umhverfis, náttúru og menningararfs. Skýra þarf ákvæðin um forsetaembættið og bæta við að enginn maður megi gegna því lengur en tvö kjörtímabil í senn og fái enginn frambjóðenda hreinan meirihluta, skuli kjósa á ný milli tveggja efstu. Á að viðhalda þingræði? Eiga þingmenn að segja af sér þingmennsku verði þeir ráðherrar? Eiga ríkisstjórnir að verða fjölskipað stjórnvald?

2534

Margrét Cela

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Doktorsnemi í alþjóðasamskiptum við háskólann í Lapplandi
margacela@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Doktorsnemi í alþjóðasamskiptum frá 2009 við Háskólann í Lapplandi. Rannsóknarefni er öryggishagsmunir Íslands á norðurslóðum. MA í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands vorið 2009, með áherslu á Evrópumál. BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 2007. Lokaritgerðin var um stöðu kvenna á Alþingi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Brennandi áhugi á þjóðfélagsmálum fær mig til að gefa kost á mér til stjórnlagabings. Ég er ekki flokksbundin og hef aldrei tekið þátt í stjórnmálum en gegni í dag formennsku í NEXUS sem er þverfaglegur og þverpólitískur rannsóknarvettvangur um öryggis- og varnarmál. Ég tel ekki þörf á að semja nýja stjórnarskrá en vil gera á henni endurbætur. Þau atriði sem ég mun leggja áherslu á eru að skerpa á þrískiptingu valdsins, styrkja Alþingi og jafna atkvæðavægi milli landshluta. Þá á að takmarka embættistíma forseta við tvö kjörtímabil og ráðherra og þingmanna við þrjú tímabil í senn. Auka gagnsæi, stjórnarskrárbinda þingræðið og tryggja að auðlindir verði í þjóðareigu.

4635

María Ágústsdóttir

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Prestur
maria@hallgrimskirkja.is

Menntun/starfsreynsla:

Próf úr Varmahlíðarskóla í Skagafirði, dönskum menntaskóla, guðfræðideild HÍ og uppeldis- og kennslufræði HÍ. Hef starfað sem prestur í Reykjavík í 18 ár, m.a. í Dómkirkjunni og á Landspítalanum, héraðsprestur frá 2000. Ritara- og formannsstörf, m.a. í samstarfsnefnd kristinna trúfélaga í 8 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Sem móðir og þegn í þessu landi ber ég framtíð þess fyrir brjósti. Þar sem ég finn ekki fulla samleið með neinum stjórnmálaflokki finnst mér persónukjör góð leið til að leggja mitt af mörkum fyrir land og þjóð. Brýnt er að vel takist til í fyrsta skipti sem þetta fyrirkomulag er reynt. Tryggja þarf aukna þátttöku almennings í sameiginlegum ákvörðunum, skýra valdsvið forseta Íslands, ríkisstjórnar og Alþingis og aðgreina betur löggjafar- og framkvæmdarvald. Í þessari vinnu þarf að gæta að hag allra Íslendinga, óháð búsetu og kjörum. Ég tek undir með þeim sem minna á mikilvægi sögu okkar og siðferðis sem byggist á boðorðunum tíu og tvöfalda kærleiksboðorðinu og vel frjálst og fullvalda Ísland.

4426

Margrét Dóra Ragnarsdóttir

Fæðingarár: 1974 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Tölvunarfræðingur
maggadora@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

BA sálfræði 1998 og M.Sc. tölvunarfræði frá HÍ 2003. Unnið í upplýsingatækni frá 1998, þar á meðal fyrir OZ, Calidris, Tölvuheim og Símann. Er sérfræðingur á vefdeild Símans þar sem ég vinn við greiningu og hönnun á notendaviðmóti fyrir starfsmenn sem gagnast við afgangi viðskiptavina.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá færir völd frá þjóð í hendur stjórnvalda. Á Íslandi hefur traust þjóðar til stjórnvalda brostið og þetta umboð þarf að endurnýja með nýrri stjórnarskrá. Slíkt umboð fæst ekki nema þjóðin fylki sér á bak við það. Ný stjórnarskrá ætti að setja stjórnvöldum nýjan ramma. Ég vil skilgreina hvernig mikilvægar ákvarðanir eru teknar og gera kröfu til stjórnvalda um að þau séu opin, starf þeirra gagnsætt og leyfi aðkomu þjóðarinnar. Sömu kröfu vil ég gera til stjórnlagabings. Stjórnarskrá lýsir einnig gildum sem þjóð vill aldrei gera málamíðlun um. Hlutverk mitt á stjórnlagabingi er að gæta þess að stjórnarskráin endurspeglir þessi grunngildi og lýsi þjóðfélaginu sem þjóðin vill búa í.

3953

Marianna Bergsteinsdóttir

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 801 Bláskógabyggð
Dýralæknir
mariannab1977@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Útskrifaðist sem dýralæknir frá Det Biovidenskabelige Fakultet í Danmörku 2007. Starfaði sem dýralæknir við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Starfaði sem smádýralæknir hjá Dýralækninum í Mosfellsbæ. Vinn nú að sjálfstæðum verkefnum, m.a. við útgáfu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Loksins fáum við Íslendingar tækifæri til að vinna að breyttu og bættu Íslandi. Ég vil vera með að leggja nýjan hornstein að sanngjörnu samfélagi. Íslandi þar sem fjölskyldur búa við öryggi, án hættu á öðru hruni, sanngjörnu samfélagi þar sem ég hef eitthvað að segja í kosningum. En ekki eins og nú er þar sem ég get einungis kosið flokk en ekki fólk. Beint lýðræði og persónukjör. Stjórnarskráin á að tryggja mannréttindi borgaranna og þrískiptingu valds. Koma í veg fyrir misnotkun valdhafa. Tryggja að auðlindirnar verði í eigu okkar, fólksins í landinu. Nú er komið að okkur. Vinnum öll saman og sýnum að við viljum eitthvað nýtt, sanngjarnt og gott.

3315

Margrét Jensína Porvaldsdóttir

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Aðjunkt við Háskólann á Akureyri, leikskólakennari
magga@unak.is

Menntun/starfsreynsla:

Landspróf frá Héraðsskólanum að Núpi, stúdent frá MA, leikskólakennari frá F.Í., B.Ed. í leikskólakennarafræði frá HA, stunda nú nám til MA gráðu. Sveitastörf, fiskvinnsla, umönnun fatlaðra, kennsla á þremur skólastigum; leikskólastjórn og brautarstjórn leikskólabrautar HA, aðjunkt við HA frá 2001.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að menntun mín, lífsreynsla og fjölbreytt atvinnuþátttaka, auk fjölmargra trúnaðarstarfa, geri mér kleift að starfa af ábyrgð og taka virkan þátt í því afar umfangsmikla verkefni sem endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins er. Ég mun leitast við að koma fram og starfa af heiðarleika, einurð og trausti til hins almenna borgara og fjalla af virðingu og opnum hug um þær tillögur sem berast inn á borð stjórnlagabings frá þjóðfundi; standa vörð um mannréttindi, jafnræði og ábyrgðarskyldur borgaranna; jaðar- og minnihlutahópa auk dýrmætrar náttúru landsins. Ég hef engin tengsl við stjórnmálaflokka né hef haft afskipti af stjórnmálum á nokkurn hátt og hef ekki tengsl við fjármagn né þrúthópa.


3931

Marín Rós Tumadóttir

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Stjórnmálafræðingur
marinros@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Háskólapróf (BA, MA) og nám á sviðum stjórnmálafræða, alþjóðastjórnmála, alþjóðaviðskipta, hagþróunar, sögu, menningar og bókmenntafræða við HÍ og Lund. Sjálboðaliði fyrir Rauða kross Íslands, Amnesty International o.fl. Störf tengd menningu og sögu Íslands á Hólum í Hjaltadal og í Árbæjarsafni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef alltaf haft trú á því að þátttaka mín í samfélaginu skipti máli og tel það lýðræðishefð Íslands að þakka. Mér finnst mikilvægt að þessi trú glattist ekki og að hún miðlist áfram til komandi kynslóða. Stjórnlagabingið er kjörinn vettvangur fyrir almenna borgara til að taka þátt í þeim lýðræðislegu hefðum og gildum sem Ísland byggist á. Á erfiðum tímum sem þessum er mikilvægt að endurvekja trú fólks á gildi lýðræðis og þátttöku. Þegar horft er fram á veginn við endurreisnina er mikilvægt að það ríki sátt um grundvallaratriði réttarríkisins og grunnlög samfélagsins séu skýr. Við getum þá verið samstiga til framtíðar og tekist á við erfið mál með rökhusun og reisn að vopni.

5834

Máni Arnarson

Fæðingarár: 1985 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Verkfræðingur
mani.arnarson1@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er 25 ára með meistaraáráðu í kerfaverkfræði frá Cornell háskóla í Bandaríkjunum. Áður lærði ég við Háskóla Íslands og Miami háskóla. Ég hef kennt eðlisfræði í menntaskóla, unnið verkfræðistörf, starfað sem matsmaður og nú síðast við rannsóknir á íslenska efnahagshruninu við Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ný stjórnarskrá þarfnast einstaklinga með blöndu hugsjóna og greiningarhæfni. Ég er vanur því að fást við flókin kerfi, greina þau og bæta. Ég vil stjórnarskrá sem bæði virkar frábærlega sem tæknileg undirstaða okkar flókna þjóðfélags og jafnframt sameinar grunnildi þjóðarinnar.

Ég vil jafna atkvæðisrétt landsmanna og stuðla að notkun ríkisfjármála sem hags-tjórnartækis. Stríðsrekstur í nafni þjóðarinnar á ekki að vera einhliða ákvörðun sitjandi ríkisstjórnar. Fjöldi þingmanna, aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og hámark á setutíma þingmanna eru hugmyndir sem ég vil skoða og greina með yfirvegun og skynsemi.

3194

Mikael Marlies Karlsson

Fæðingarár: 1943 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Prófessor
mike@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Johns Hopkins háskóli: BA í heimspeki 1965.
Brandeis háskóli: MA í heimspeki 1970. PhD í heimspeki 1973.
Kennari við Háskóla Íslands: Lektor (1975-1986), dósent (1986-1995), prófessor (frá 1995).
Forseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri 2003-2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þjóðin hefur misst traust á íslenskum stjórn málaflökkum og er orðin þreytt á þeirri spillingu sem þeim fylgir. Landsmenn vilja aukið lýðræði og slíkt þarf að tryggja í nýrri stjórnarskrá. Verði ég kosinn mun ég beita mér fyrir slíkum umbótum. Dæmi um hugsanlegar breytingar í átt til aukins lýðræðis eru: Ákvarðanir sem tengjast fullveldi Íslands þurfi samþykki aukins meirihluta kjósenda; girt verði fyrir sérhagsmunagæslu með skýrum og ströngum reglum; lýðræðisbrot, svo sem mútur, verði skilgreind í hegningarlögum; stjórnarskráin kveði skýrt á um sjálfstæði, hæfi og getu dómstóla, eftirlitsaðila og annarra stofnana sem nauðsynlegar eru til að viðhalda lýðræði.

4041

Már Wolfgang Mixa

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Fjármálafræðingur
marmixa@yahoo.com

Menntun/starfsreynsla:

M.Sc. fjármál fyrirtækja, Háskóli Íslands 2009.
BSBA fjármálafræði, University of Arizona 1994.
BA heimspeki, University of Arizona 1994.
Löggilding sem verðbréfamíðlari í Bandaríkjunum og Íslandi.
Hef unnið við fjármál í 15 ár. Stunda PhD nám í fjármálafræði við Háskólann í Reykjavík.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nýleg reynsla sýnir að grunnatriði varðandi uppsetningu stjórnkerfis Íslands er ábótavant. Það á sérstaklega við fjármálakerfi landsins og tengsl þess við félagslega þætti. Mitt framlag á stjórnlagabingi væri að tryggja að heildstæð stefna tengd fjármálum væri við lýði. Sú stefna á að tryggja rétt þegna til aðhalds í fjármálum þjóðarinnar en einnig að stuðla að því að stoðum velferðarkerfis þjóðarinnar sé ekki teft í tvisýnu.

8474

Nils Erik Gíslason

Fæðingarár: 1943 **Sveitarfélag:** 235 Reykjanesbæ
Tæknimaður
nilserik@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Vélstjóranámskeið fyrir smærri skipavélar. Flugvirkjanám í Northrop Institute of Technology í Bandaríkjunum. Vann hjá Flugfélagi Norðurlands í 8 ár sem flugvirki. Tækniskóli Íslands raftæknánám. Kenni í lönnskóla Akureyrar. Stofnaði DNG, vann við þróun, hönnun og framleiðslu á sjálfvirkum færavindum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég stend á hátindi reynslu, þekkingar og færni. Ég hef alla starfsævi fengist við viðfangsefni sem hafa verið krefjandi hvað varðar lausnir, nýjar útfærslur, samhengi hluta og þá þætti sem hafa áhrif á endanlegar lausnir. Þau verkefni sem ég hef fengist við varða alls konar rafbúnað og rafeindatæknilegar lausnir þar sem öll virkni byggist á lögmálum og samhengi hluta ásamt praktískum þáttum. Ég hef reynt að halda fermingarheit mitt og verið virkur í kristilegu starfi. Ég hef látið kristinn boðskap og kenningu móta líf mitt, hugsanir, framkomu og skoðanir. Með þessa reynslu hef ég löngun til að koma með nýjar tillögur, meta lausnir og taka ákvarðanir sem fulltrúi þjóðarinnar.

3898

Michele Rebora

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Stjórnunarráðgjafi
rebora@hive.is

Menntun/starfsreynsla:

Stjórn málafræðingur frá Háskólanum í Genova, Ítalíu.
Stundaði meistaranám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands samhliða því að vinna sem verkamaður til að sjá fyrir mér og ná góðum tókum á íslenskunni. Starfa nú sem ráðgjafi hjá litlu fyrirtæki, 7.is ehf., aðallega í gæðastjórnun.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Glögg er gests augað, segir máltækið. Sem nýr Íslendingur get ég miðlað af reynslu minni úr öðru samfélagi og horft á hlutina frá ólíku sjónarhorni án þess að persónu-tengsl og kunningskapur villi mér sýn. Sama sjónarmið gildir í starfi mínu þar sem ég aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að átta sig á því til hvers er ætlast af þeim, að setja sér skýrar, raunhæfar og skynsamir reglur og fara eftir þeim. En ég er ekki bara gestur hér á landi. Á Íslandi er heimilið mitt. Þetta er land barna minna. Landið sem ég er reiðubúinn til að leggja mitt af mörkum fyrir. Ég vil aðstoða við að leggja þann góða grunn sem við þurfum til að reisa það Ísland sem við viljum búa á.

9409

Nína Björg Sæmundsdóttir

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Viðskiptafræðingur
nbs@visir.is

Menntun/starfsreynsla:

Rekstrar- og viðskiptafræðingur frá Bifröst. Nemi í viðskiptalögfræði á Bifröst og í mastersnámi í stjórnun og stefnumótun við HÍ.
Fæðingarorlof. Sérfræðingur á hagdeild SPRON þar til deildinni var lokað haustið 2008. Ég hef fengist við margt, t.d. iðnaðarstörf, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna þess að ég tel mig hafa það sem til þarf. Ég hef sterka réttlætiskennd og vil stuðla að bættu samfélagi. Stjórnarskráin er grunnstoð sem fara verður varlega með. Ég tel rangt að breyta einungis breytinganna vegna. Jafnræði, sjálfsvirðing og mannréttindi er nokkuð sem ég vil að lögd sé áhersla á. Ég vil búa börnum mínum bjarta og réttláta framtíð.

2952

Njáll Ragnarsson

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 900 Vestmannaeyjum
Stjórnmafræðingur
njall@norvik.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum. BA próf í stjórnmafræði frá Háskóla Íslands. Stunda í dag meistaranám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Þjónustufulltrúi hjá Sparisjóði Vestmannaeyja frá 2006-2008. Hef starfað sem bókarí hjá fjármálasviði Norvikur frá 2008.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég hef mikinn áhuga á íslenska stjórnkerfinu og íslenski stjórnskipan. Að mínu viti er ýmislegt í íslensku stjórnskránni sem mætti breyta til hins betra, t.a.m. varðandi þrískiptingu ríkisvaldsins sem oft er óljós í núverandi stjórnskipan. Ég tel að stjórnskrá þurfi að vera einföld, skýr og aðgengileg. Það er stórt skref að búa til nýja stjórnskrá og því þarf að vanda til verks. Ég tel mig hafa þá grundvallarþekkingu á viðfangsefninu sem þarf til og hef trú á því að ég geti tekið virkan þátt í stjórnlagabinginu. Ég tel það enn fremur skyldu mína sem íbúa þessa lands að taka þátt í því að leggja nýjan grunn að stjórnskipan landsins.

5273

Ólafur Árni Halldórsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 260 Reykjanesbæ
Grafískur hönnuður, BFA
oah@sapan.is

Menntun/starfsreynsla:

Grafískur hönnuður, BFA. Hef verið sl. ár að koma af stað eigin rekstri í sápuverð og námskeiðahaldi. Undanfarin ár starfað mikið við kennslu í hönnun, smíði og myndmennt á grunnskólastigi. Fyrr á árum mest unnið við útgerð og fiskvinnslu auk húsasmíði. Hef mjög lengi lagt stund á ýmis félagsstörf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Í auðmýkt býð ég aðstoð mína, góðan hug og hugmyndaauðgi til vandasamra verka við endurskoðun stjórnskrár okkar og smíði tillögu að nýrri sem staðist getur í nútíð með tilliti til framtíðar.

Eins og allir Íslendingar á ég mikilla hagsmuna að gæta í því að stjórnskrá lýðveldisins sé svo úr garði gerð að við getum sem þegnar lifað í samfélagi okkar við frelsi og réttlæti, kærleika og frið, víðtækt jafnrétti, samhyggð og umhyggju.

Ég vil leggja lið gerð tillögu að stjórnskrá sem verður traustur grunnur sem samfélag okkar byggist á. Legg þunga áherslu á að við eignumst stjórnskrá sem verður „sómi Íslands, sverð þess og skjöldur“ um langa ókomna tíð. Vinnum nú verkefnið saman til enda.

6472

Oddur Magnús Sigurðsson

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Meistaraneimi í lögfræði
oddursi@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum að Laugarvatni 2002. BA próf í lögfræði frá Háskóla Íslands 2008. Vinn að meistararitgerð í lögfræði við Háskóla Íslands. Áætluð námslok 2010. Hef unnið ýmis störf með námi, þ. á m. ýmis verkmanastörf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing felur í sér einstakt tækifæri fyrir ópólitíska þegna landsins til að hafa veruleg áhrif á framþróun og velferð komandi kynslóða. Verandi faðir og velunnari íslensks þjóðfélags er það mér mikið hjartans mál að vel takist til við að skapa betra samfélag með skýrar og afdráttarlausar grundvallarreglur sem mynda ramma utan um þau gildi sem við viljum að séu í heiðri höfð. Nú er tækifæri til þess að móta framtíð komandi kynslóða, framtíð sem ég vil gera mitt besta í að gera sem bjartasta. Tel ég að menntun mín og sannfæring gefi mér þann kraft, vilja og þá áráðni sem þörf er á til að skapa bjartari og réttlátari framtíð í þágu allra Íslendinga.

2259

Ólafur Hannibalsson

Fæðingarár: 1935 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Blaðamaður
olafurhannibalsson@isl.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá ML, nam hagfræði í Bandaríkjunum og Tékkóslóvakíu. Hefur unnið almenna vinnu til sjós og lands. Var starfsmaður Loftleiða í New York og skrifstofustjóri ASÍ um árabíl. Bóndi í Selárdal um 10 ára skeið en lengst af blaðamaður og ritstjóri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Meðal atriða sem mér finnst að þurfi að koma fram í nýrri stjórnskrá eru: Ísland fari ekki með ófriði á hendur öðrum þjóðum. Náttúruauðlindir verði í eigu þjóðarinnar og nýttar henni til hagsbóta. Efla þarf styrk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, endurskoða þarf setu ráðherra á Alþingi. Styrkja þarf stöðu stjórnarandstöðunnar á þingi svo hún geti veitt nauðsynlegt aðhald. Auka þarf gegnsæi, hagsmunatengsl þingmanna, ráðherra og dómara verða ævinlega að liggja ljós fyrir. Tryggja verður að bæði lög og reglugerðir standist stjórnskrá og rekist ekki á önnur lög. Ráðherrar eiga ekki að ráða aðra menn til starfa en eigin aðstoðarmenn, sem vikja síðan um leið og þeir sjálfir.

6659

Ottó Hörður Guðmundsson

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 113 Reykjavík
Vaktstjóri
ottohg@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

1985-1988 Stýrimannaskólinn Dalvík, 1. og 2. stig. 1991-1992 FS, netagerð. 2005-2007 FB, húsasmíði. 2007-2009 VMA, meistaranám í húsasmíði. 1981-1994 ÚA, háseti og stýrimaður. 1994-1999 Fjarverandi vegna vinnuslyss á sjó. 2000-2002 Þaktækni ehf. 2003-Íþróttamiðstöð Grafarvogs, vaktstjóri. 2006- Fulltrúaráð 6. deildar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til að geta haft áhrif á framtíð íslenskrar þjóðar. Stjórnskráin er mjög góð eins og hún er, þó þarf að skerpa á ýmsum málafnum. Mín skoðun:

- Auðlindir okkar eigi að vera í eigu okkar um ókomna framtíð.
- Ég er andmæltur aðskilnaði ríkis og kirkju.
- Standa vörð um forsetaembættið.
- Standa vörð um lýðræði íslensku þjóðarinnar.
- Skerpa á stjórnsýsluábyrgð.
- Auka vægi þjóðaratkvæðagreiðslna og auka aðkomu þjóðarinnar að ákvarðanatöku um málefni þjóðarinnar.

7924

Ólafur Örn Haraldsson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Þjóðgarðsvörður Þingvöllum
olafurhar@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Landfræðingur MA University of Sussex, England. B.Sc. Háskóli Íslands, landafræði, jarðfræði. BA Háskóli Íslands, sagnfræði. Ráðgjafi og framkvæmdastjóri Hagvangs. Framkvæmdastjóri innanlandsdeildar Útsýnar. Stofnandi og framkvæmdastjóri Gallup á Íslandi. Alþingismaður. Forstjóri Ratsjárstofnunar. Þjóðgarðsvörður Þingvöllum. Forseti Ferðafélags Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vil verða landi og þjóð að gagni. Vil bjóða fram reynslu, hófsemi og frjálslyndi. Vil treysta lýðræði og mannréttindi, jafnframt skapa festu í stjórnskipan ríkisins með skýrum valdmörkum.

4558

Ólafur Jakobsson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Tæknifræðingur
oljak@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er tæknifræðingur og viðskiptafræðingur með viðbótarnám í verkfræði og viðskiptum. Starfsferill að námi loknu: Ég var bæjartæknifræðingur í 10 ár og síðan háskólakennari í 13 ár en hef nú unnið hjá byggingarfulltrúa í 4 ár. Einnig hef ég sinnt ráðgjöf í gæðastjórnun frá 1993.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef einlægan áhuga á að skapa hér réttlátt samfélag. Ég vil taka þátt í því að styrkja vald þjóðarinnar og yfirráðarétt hennar yfir landinu og auðlindum þess. Fátækt í réttlátu samfélagi er betri en velmegun í ranglátu samfélagi. Stjórnarskráin er sá grundvöllur sem mikilvægustu málefni þjóðarinnar hvíla á, s.s. stjórnskipun og mannréttindi. Nú verður að gera djargar breytingar á stjórnarskránni þannig að vilji þjóðarinnar sé framkvæmdur á skilvirkan hátt. Frelsi og rétt einstaklingsins verður að tryggja án þess að hagur heildarinnar sé fyrir borð borinn.

8848

Ólafur Sigurðsson

Fæðingarár: 1936 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Fv. varafréttastjóri
olsi@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Lét af störfum sem varafréttastjóri á fréttastofu Sjónvarpsins fyrir 4 árum. Hafði starfað þar í 25 ár, í innlendum og erlendum fréttum. Einnig gert fjölda umræðu- og fréttatengdra þátta, auk Pingsjár og kosningaþátta. Var þingfréttamaður fyrir fréttastofur Útvarps og Sjónvarps, ár fyrir hvora.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nú er tækifæri til að breyta stjórnarskránni þannig að hún hjálpi einstaklingum til að hafa bein áhrif á hvernig ákvarðanir verða teknar í þjóðfélaginu. Skilgreina að nýju hlutverk og tengsl forseta, Alþingis, ríkisstjórnar og dómstóla. Allir landsmenn hafi jafnan kosningarétt. Kosningum hagað þannig að fólk viti hvern það er að kjósa. Taka af tvímæli um að þjóðin eigi auðlindir lands og sjávar og ekki megi selja þær úr landi. Efla framtak í atvinnulífi og hafa hemil á fjármálalífi og fært verði að sækja fjárglæfsmenn til saka. Opna stjórnsýsluna svo að við getum sótt bankaráðs- og ríkisstjórnarfundum. Allir fá að vita hverjir eigi öll fyrirtæki í landinu, ekki sist banka og fjölmiðla.

6769

Ólafur Jónsson

Fæðingarár: 1946 **Sveitarfélag:** 113 Reykjavík
Viðskiptafræðingur
olafurjonsson46@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Hef alið mestan minn aldur á Íslandi en hleypti þó heimdraganum bæði til Evrópu og Vesturheims. Gekki í Austurbæjar- og Laugarnesskóla og MR. Er viðskiptafræðingur frá HÍ. Hef lengst af unnið við rekstrarráðgjöf en áður ýmis störf til sjávar og sveita við síldarsöltun, hvalskurð, gatnagerð og mælingar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

RÉTTINDI. Ég vil búa í samfélagi þar sem fólk á sama rétt. Réttur hvers og eins nær þangað sem réttur annarra byrjar.
VALD. Reglur samfélagsins skulu helgast af því að valdið kemur frá fólkinu og fólkið eitt getur sett reglur um vald og breytt þeim. Framsali valds skal ávallt fylgja skilyrðislaus réttur til afturköllunar.
SAMFÉLAG. Ég vil taka þátt í að byggja réttlátt, sanngjarnt og heiðarlegt samfélag sem tryggir velferð án forræðishyggju. Samfélag sem gerir öllum kleift að búa við góð kjör á Íslandi. Þar vil ég eiga heima og ég held að svo sé um flesta Íslendinga.
TÖKUM TIL OKKAR RÁÐA! Leiðbeiningar er að finna í bók sonar míns, Jóns Þórs, „The Game of Politics“.

3128

Ólafur Gunnar Sigurðsson

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Kultursociolog
olisigurdsson@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stundaði nám við Copenhagen Business School og síðan við Institut for Kultursociologi við Kaupmannahafnarháskóla. Hef starfað mest við sjávarútveg, útgerð og útflutning. Einnig talsvert við umönnun fatlaðra, bæði í Danmörku og hér heima.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef haft lífandi áhuga á þjóðfélagsmálum í 50 ár. Í námi mínu lagði ég stund á samanburð mismunandi þjóðfélaga, sérstaklega með tilliti til þróunar í iðnríkjunum annars vegar og fyrrverandi nýlendum þeirra í Afríku og Asíu hins vegar. Ég tel mjög mikilvægt fyrir okkar samfélag að vel takist til með væntanlegt stjórnlagabing og trú mín er að menntun mín og margvísleg starfsreynsla komi að góðum notum við samningu nýrrar stjórnarskrár fyrir okkur. Ég hef aldrei gerst félagi í neinum stjórnmalaflokki og er óháður hverskyns hagsmunasamtökum. Markmið mitt er að stuðla að einfaldri og vel skiljanlegri stjórnarskrá með frelsi, jafnrétti og bræðralag að leiðarljósi.

6351

Ólafur Jóhann Proppé

Fæðingarár: 1942 **Sveitarfélag:** 225 Sveitarfél. Álftanesi
Fv. rektor Kennaraháskóla Íslands
proppe@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Kennarapróf frá KÍ 1964. Doktorspróf frá University of Illinois 1983. Kennsla á öllum skólastigum. Sérfræðistörf fyrir ráðuneyti og alþjóðastofnanir. Prófessor við KHÍ, aðstoðarrektor 1991-1999, rektor 2000-2008. Störf að félagsmálum, m.a. skátahreyfingunni. Forysta á sviði björgunarmála í áratugi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að vegna menntunar minnar, starfsreynslu og vinnu að félagsmálum geti ég lagt lið við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ný stjórnarskrá þarf að efla lýðræði og koma í veg fyrir að litlir hópar geti ráðskast með samfélagið og hag almennings. Þrátt fyrir smæð er íslenskt samfélag orðið flókið og ógagnsætt. Því þarf að tryggja sjálfstæði og gagnkvæmt eftirlit valdastofnana sem við getum treyst til að koma í veg fyrir mistök og spillingu, verja mannréttindi allra og umburðarlyndi gagnvart einstaklingum og hópum. Tryggja þarf sjálfstæði þjóðarinnar en líka forsendur hennar til að vera ábyrg þjóð meðal þjóða. Í stjórnarskrá skal kveðið á um sameiginlega eign þjóðarinnar á auðlindum.


4745

Ólafur Már Vilhjálmsson

Fæðingarár: 1985 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Verslunarmaður
l4v1ster@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Útskrifaður af eðlisfræðibraut Menntaskólans á Akureyri, hef lokið nokkrum einingum í tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri. Flokksforingi í bæjarvinnunni á Dalvík, verkamaður að Melum í Svarfaðardal, verkamaður í slátrun hjá Norðlenska, verslunarmaður hjá Samkaup/Strax Byggðavegi 98 (núverandi).

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mér hefur ætíð fundist stjórnarskráin bera þess merki að hafa verið samin og ætlað að þjóna sínu hlutverki í tíðaranda þeim er ríkti við stofnun lýðveldisins. Jafnvel finnst mér sem hún hafi ekki verið sniðin að hagsmunum okkar heldur frekar virkað sem plástur til að halda saman samfélagi okkar á umbrotatímum. Ég hef þegar hugmyndir um breytingar sem miða að því að bæta skrána þannig að hún taki mið af breytingum, fyrirsjáanlegum sem og ófyrirsjáanlegum, sem geta orðið í framtíð lands okkar sem og framtíð mannkynsins. Auk þess tel ég að bakgrunnur minn úr fátækari hluta þjóðarinnar gefi mér yfirsýn til að geta bætt kjör okkar allra.

6186

Ólafur Torfi Yngvason

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** Kongens Lyngby, Danmörku Nemandi
olafurtorfi@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Er að ljúka meistaraáráðu í hugbúnaðarverkfræði við DTU í Kaupmannahöfn. Lauk B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 2008.
 Hef starfað við fjölbreytt störf á ýmsum sviðum með skóla í gegnum árin.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef áhuga á stjórnárum og hef fengið að fylgjast með áhrifum kreppunnar af hliðarlínunni í gegnum nám mitt í Danmörku. Ég lýk námi í kringum kosningar. Verði ég kjörinn get ég og mun leggja mig fram af fullum krafti á stjórnlagabinginu.
 Ég tel, eins og margir aðrir, að breytinga á stjórnarskránni sé þörf. Ég vil þó halda breytingum í hófi. Aðalatriði stjórnarskrárinnar er og á aðeins að vera uppbygging og leikreglur íslensks stjórnkerfis ásamt almennum mannréttindum. Því vil ég leggja megináherslu á aðskilnað löggjafar- og framkvæmdarvalds, að Alþingi og ríkisstjórn verði kjörin sitt í hvoru lagi og beint í þau hlutverk sem þau munu sinna.

9574

Ólína Freysteinsdóttir

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri Verkefnastjóri RHA
olinaf@mi.is

Menntun/starfsreynsla:

Lauk snyrtifræðinámi frá FB, vann sem snyrtifræðingur og heimavinnandi til ársins 2000. BA próf í nútímafræði frá Háskólanum á Akureyri 2005. Verkefnastjóri hjá RHA við Vaxtasamning Eyjafjarðar og nú hjá stjórnslu rannsóknar hjá RHA.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram því mér þykir vænt um þjóð mína. Nú þegar á að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þurfum við einstaklinga sem tryggja að stjórnarskráin verði okkar. Það er sá sáttmáli sem mótar líf okkar og framtíð. Það verður að tryggja að stjórnarskráin setji nægjanlega skýrar leikreglur og skýri ábyrgð æðstu ráðamanna. Þrískipting ríkisvaldsins verður að vera raunveruleg og aukið eftirlit þarf með valda- stofnunum þess. Það verður að taka slaginn í baráttunni - gegn því sem er rangt, okkur og börnunum okkar til heilla. Til þeirra verka býð ég mig fram óháð allri flokkspólítík.

3491

Óli Már Aronsson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 850 Rangárbírgi ytra Vélfræðingur
olimar@rang.is

Menntun/starfsreynsla:

Vélfræðingur, 4. stig.
 Störf til sjós og lands með námi.
 Rekstur eigin fyrirtækja í 22 ár.
 Sláturhússtjóri í Þykkvabæ og á Hellu.
 Ferðamálafulltrúi, skrifstofustjóri í ferðaþjónustu.
 Oddviti sveitarstjórnar 3 kjörtímabil frá 1990–2002.
 Seta í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélaga o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings með þá von í brjósti að þingið geti komist að sameiginlegri niðurstöðu um nýja stjórnarskrá fyrir íslenska þjóð til framtíðar. Ég er ekki haldinn neinum fordómum gagnvart núverandi stjórnarskrá lýðveldisins en tel að margt megi betur fara og vil vinna að þeim breytingum með öðru góðu fólki. Skoða skal þær hefðir og venjur sem nýst hafa vel hingað til gagnvart stjórnskipun okkar, nýta þær áfram en aðlaga það sem miður hefur farið til betri vegar. Vonandi ber stjórnlagabingið gæfu til þess að taka öllum nýjum hugmyndum vel, rökræða þær og brjóta til mergjar, hvort sem ég verð kosinn þar til setu eða ekki.
 En ég er reiðubúinn til þessa starfs.

9365

Ómar Þorfinnur Ragnarsson

Fæðingarár: 1940 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík Fjölmíðlamaður
hugmyndaflug@hugmyndaflug.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf MR 1960. Nám í lagadeild HÍ 1960–1964.
 Atvinnuflugmannspróf 1967. Leikur í leikhúsum frá 1953 og starfandi skemmtikraftur. Fréttamaður og dagskrárgerðarmaður í sjónvarpi frá 1969. Sjálfstæð kvikmyndagerð frá 2001. Höfundur ljóða og laga og níu bóka.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að beita mér fyrir auknu beinu lýðræði og jafnræði valdsviða stjórnskipunarinnar svo sem með því að auka sjálfstæði dómsvalds og löggjafarþings og auka vægi þingnefnda. Ráðherrar í embætti gegni ekki þingmennsku. Leyft verði persónukjör, stóruakinn hlutur þjóðaratkvæðagreiðslna og jafnað vægi atkvæða en þó tryggður réttur einstakra landshluta. Hugað að því að kjósa beint í helstu embætti. Eflid mannréttindi og sett í stjórnarskrá ákvæði um jafnrétti kynslóðanna, til dæmis í umhverfismálum. Þau tryggi að vandað sé sérstaklega til verka varðandi framkvæmdir svo að forðast verði að ganga á rétt afkomenda okkar. Kannað verði hvort sameina eigi embætti forseta Íslands og forsætisráðherra.

4283

Óli Gneisti Sóleyjarsen

Fæðingarár: 1979 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík Þjóðfræðingur
oligneisti@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

MA í þjóðfræði. BA í bókasafns- og upplýsingafræði.
 Bókavörður hjá Borgarbókasafni og Landsbókasafni.
 Umsjónarmaður bókasafns lagadeildar HÍ. Filmusafnsvörður hjá 365. Stundakennari í þjóðfræði við HÍ. Uppvaskari.
 Byggingaverkamaður. Fyrirv. formaður Félags þjóðfræðinga á Íslandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram í von um að kjósendur sjái í mér þá rökfestu, skynsemi og réttlætis-kennnd sem ég tel að í mér búi og telji að aðkoma mín að endurskoðun stjórnarskrárinnar verði til góðs. Ég vil leggja áherslu á mannréttinda- og jafnréttismál. Ég legg sérstaka áherslu á afnám sérréttinda þjóðkirkjunnar. Það mál hefur dregist um of vegna þess að íslenska stjórnmalakerfið er vanbúið að taka á málum sem falla ekki beint að flokkslinum. Mikilvægast tel ég þó að þeir sem valdir verða á stjórnlagabing fari þangað með opnum hug og séu tilbúnir að taka góðum hugmyndum, hvaðan sem þær koma.

2402

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík Deildarstjóri matvælaeftirlits Reykjavíkurborgar
oskar.isfeld@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stjórna matvælaeftirliti hjá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar. Landsráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands, ráðgjafi í gæðamálum, framkvæmdastjóri. Sjávarlíffræðingur frá Oslóarháskóla. Víðtæk reynsla af félags- og sjálfbærniástarfi. Formaður SAMFOKS og fulltrúi foreldra í fræðsluráði Reykjavíkur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja mitt af mörkum til að þjóðin fái betri og nútímalegri stjórnarskrá. Endurskoðun og gerð nýrrar stjórnarskrár þarf að byggja á virðingu fyrir fólkinu í landinu, virðingu fyrir umhverfinu og virðingu fyrir arfleidi okkar. Mikilvægt er að ný stjórnarskrá sé skýr og nýtist komandi kynslóðum sem lifandi grundvallarrit sem taki á mikilvægum atriðum þjóðlífsins. Stjórnarskráin skal m.a. tryggja rétt allra til umhverfis þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið, að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeign séu þjóðareign og nýting þeirra byggist á sjálfbærri þróun, þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

8947

Patricia Anna Pormar

Fæðingarár: 1987 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Laganemi
patsyho@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er nemi á 2. ári við lagadeild Háskólans í Reykjavík og sit auk þess í ritstjórn Háskólablaðsins. Ég er stúdent frá MR 2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram á stjórnlagabing til að vernda stjórnarskrána fyrir róttækum breytingum. Stjórnarskráin er sá grundvöllur sem allt réttarkerfið okkar hvílir á og allar breytingar á henni þurfa að vera vel ígrundaðar. Ég tel að ekki eigi að ráðast í breytingar á henni nema þær séu nauðsynlegar og raunhæft sé að fylgja þeim eftir í framkvæmd. Betra væri fyrir Íslendinga að reyna að fara eftir stjórnarskránni heldur en að umturna henni.

8232

Páll Rafnar Þorsteinsson

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** Kaupmannahöfn, Danmörku
Doktorsnemi
prt26@cam.ac.uk

Menntun/starfsreynsla:

BA í heimspeki frá HÍ. M.Sc. í stjórnmálaheimspeki frá London School of Economics.
M.Phil. í heimspeki frá Cambridge háskóla.
Hefur nýlokið við doktorsritgerð á sviði réttarheimspeki við Cambridge háskóla.
Hefur unnið að þýðingum, m.a. á verkum Aristótelesar, Stjórnskipan Aþenu og Stjórnspekin.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Núgildandi stjórnarskrá, með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina, endurspeglar ólíkar hugmyndir um stjórnarform sem að sumu leyti eru úreltar. Því er mikilvægt að færa hana til nútímahorfs og samræma hugmyndir um uppruna valdsins og greiningu þess. Verkefni stjórnlagabings verður því að skilgreina grunnréttindi borgaranna, kveða á um skipulag æðstu stjórnar ríkisins og takmörk ríkisvaldsins. Ég tel mikilvægt að stjórnarskrá þjóni sem grundvallarlög en bindi ekki um of lýðræðislega kjörið löggjafarvald á hverjum tíma til þess að móta og þróa þjóðfélagið út frá sibreytilegum aðstæðum og viðhorfum. Stjórnarskrá skyldi byggja á langtíma hugsun og varanleika.

9563

Pawel Bartoszek

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Stærðfræðingur
pawelbartoszek@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég lauk meistaraþrófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands árið 2005. Hef unnið sem kennari við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2006. Ég hef ritað reglulega pistla í Fréttablaðið frá árinu 2009 og unnið sem ráðgjafi m.a. fyrir Alþingi vegna endurskoðunar kosningalaga.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin á að setja leikreglur: Hvernig leysum við úr okkar ágreiningsefnum? Hvernig veljum við fólk til valda? Einn af þeim þáttum sem stjórnlagabing á að taka sérstaklega til athugunar eru ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan. Ég hef víðtæka þekkingu á ólíkum kosningakerfum, hef starfað sem ráðgjafi Alþingis við endurskoðun kosningalaga og ritað fjölda greina um þau mál. Ég tel að íslenskir kjósendur ráði of litlu þegar kemur að því að ákveða hver situr á þingi fyrir þeirra hönd og hver stjórnar landinu að kosningum loknum. Þessu þarf að breyta. Nái ég kjöri, býð ég mig fram til formennsku í nefnd um kosningamál og þjóðar-atkvæðagreiðslur.

8738

Pálmar Þorsteinsson

Fæðingarár: 1983 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Nemi
palmar.thorsteinsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Verzlunarskóli Íslands: Stúdentþróf 2003.
Háskólinn á Bifröst: BA hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði 2009.
Háskóli Íslands: MS hagfræði, áætluð útskrift 2011.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að stjórnarskráin þurfi á endurskoðun að halda, sérstaklega hvað varðar form og framkvæmd lýðræðisins. Þar tel ég meðal annars mikilvægt að ræða takmörk á fjölda kjörtímabla hjá þingmönnum en einnig myndi ég vilja að hugmyndir um persónukjör og styrkingu tengsla kjósenda við kjörna fulltrúa fái hljómgrunn. Ég vil skýra mörkin milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og tryggja að vald og hlutverk forsetans sé skýrt, til að mynda sem mótvægi við vald þingsins og öfugt. Ég tel að menntun mín, reynsla og hugmyndir gætu nýst og hjálpað mér að eiga málefnalegar umræður við aðra fulltrúa. Ég er ekki tengdur hagsmunasamtökum eða stjórnmálaöflum og vil gjarnan fá að taka þátt á þeim forsendum.

4371

Páll I. Blöndal Sigurbjörnsson

Fæðingarár: 1955 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Verkefnastjóri hugbúnaðarlausna
pallisig@vortex.is

Menntun/starfsreynsla:

B.Sc. í tölvunarfræði frá HR 2003. Rafeindavirkjameistari 1980.
Starfa sem verkefnastjóri við hugbúnaðargerð, ásamt forritun.
Tæknimaður og útsendingarstjóri hjá Sjóvarpinu til 1999.
Samdi tónlist fyrir Sjóvarpið.
Ýmis rafeindavirkjastörf. Trúnaðarstörf fyrir RSÍ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð fram krafta mína til að endurskoða og bæta núgildandi stjórnarskrá með heiðarleika og samvinnu að leiðarljósi. Hrúnið er okkur dýrmæt reynsla sem við verðum að taka alvarlega og læra af mistökum þess. Við verðum þó að hugsa allar breytingar til lengri tíma og gæta þess að festast ekki í þeim tímabundnu áhrifum sem hrúnið hefur haft á okkur öll. Við skulum halda því sem vel virkar í núverandi stjórnarskrá en breyta því sem þarfnast breytinga. Verum því kjörkuð, hugmyndaþrik en umfram allt heiðarleg. Framboð mitt er án styrkja og kostar 0 krónur.

5812

Pétur Guðjónsson

Fæðingarár: 1946 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Stjórnunarráðgjafi
petur@islandia.is

Menntun/starfsreynsla:

Harvard BA í félagsvísindum og MA stjórnmálafr. Post-grad hagfr. og fél. sálfr.
Störf: Háskólakennari í sálfræði og aðferðafræði í BNA, SP, NY. Eigið alþjóðlegt ráðgjafar fyrirtæki síðan 1977.
Þróunarverkefni sl. áratugi, m.a. á Haítí. Höfundur 7 bóka, m.a. Bókin um hamingjuna og Það sem máli skiptir.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Bróðurpart ævinnar hef ég reynt að gera mitt til að stuðla að mennskari heimi, hér á landi sem og annars staðar. Ég tel að góð stjórnarskrá sé spor í rétta átt. Hún þarf að tryggja að þörfum okkar sé sinnt, bæði líkamlegum og huglægum. Stjórnarskráin þarf að hafa það markmið að öllum líði vel og vera hugsuð út frá framtíðinni, ekki líðandi stundu eða fortíðinni. Stjórnarskráin á að þjóna hagsmunum heildarinnar og reist á grunnni opinna umræðu og ákvörðunum fjöldans. Hún þarf að hefja til vegs það besta sem býr með okkur, byggja á trausti og trú á getu okkar sem einstaklinga og sem heildar, ekki vantrausti. Að lokum, að hún fjalli um aðalatriðin, ekki aukaatriðin.

7616

Pétur Georg Guðmundsson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 210 Garðabæ
Framkvæmdastjóri
petur@glv.is

Menntun/starfsreynsla:

Gagnfræðapróf frá Réttarholtsskóla 1974.
Starfsferill: Rafmagnsveitur ríkissins á Egilsstöðum 1972 - 1976 (sumarvinna). Verslunin Sportval 1976-1979.
Landsbanki Íslands 1979-1981. Verslunin Litaver 1981-.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef mjög mikinn áhuga á þjóðmálum og tel mig hafa ýmislegt fram að færa sem getur komið að góðum notum á stjórnlagabinginu. Ég hef rekið lítið fyrirtæki í mörg ár og tel að full þörf sé á rödd sem kemur úr þeim geira. Mig langar að fá tækifæri til að hafa áhrif á að skapa nýtt Ísland.

6714

Pétur Kristjánsson

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 710 Seyðisfirði
Þjóðfræðingur
tower@eldhorn.is

Menntun/starfsreynsla:

Búfræðingur Hólum 1970.
BA þjóðfræði Háskólanum í Lundi 1985
Sjómaður, vélstjóri, kokkur, myndlistarmaður, leiðbeinandi, félagsmálafulltrúi, framkvæmdastjóri Félagsheimilisins Herðubreiðar á Seyðisfirði, fjölbreytt félagsstarf og forstöðumaður Tæknimínjasafns Austurlands í fullu starfi frá 2002.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Valdhafar nota nú ríkisvald, stjórnarskrá og landslög til að viðhalda völdum. Ný grunnlög eiga að útiloka þetta. Allt opinbert vald kemur frá fólkinu. Staðfesta þarf rétt manna til að leita að lífshamingju og nýta þau gæði sem náttúra landsins, menning þjóðarinnar og samkennd íbúanna bjóða. Tilvist ríkissins á að byggjast á virðingu fyrir öllum mönnum, fríði, jafnrétti, frelsi og síauknum mannréttindum. Þrískiptingu valdsins þarf að lögfesta tryggilega og setja tímamörk á embættissetu. Tryggja þarf rétt allra kjósenda til kjörgengis og að almenningur geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslna, m.a. um stjórnar- og þingslit. Komandi kynslóðir eiga rétt á því að taka við náttúruauðindum óskemmdum.

2292

Pétur Gunnlaugsson

Fæðingarár: 1948 **Sveitarfélag:** 103 Reykjavík
Lögmaður, útvarpsmaður

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf 1968 MR. Embættispróf í lögfræði úr lagadeild Háskóla Íslands 1973. Stundaði nám í heimspeki og sögu í Háskóla Íslands. Lögmannsréttindi. Sjálfstætt starfandi lögmaður. Stjórnarformaður Útvarps Sögu. Útvarpsmaður á Útvarpi Sögu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Styrkja og tryggja lýðræði á Íslandi m.a. með því að heimila og lögfesta í stjórnarskrá þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál að kröfu kjósenda. Allt þjóðfélagsvald á rætur sínar hjá þjóðinni. Styrkja mannréttindi á Íslandi m.a. með því að tryggja greiðari aðgang almennings að dómstólum til þess að hann geti betur varið mannréttindahagsmuni sína. Verja og tryggja tjáningarfrelsið og koma í veg fyrir að eftirlitsstofnanir framkvæmdarvaldsins geti takmarkað tjáningar- og skoðanafrelsi í fjölmiðlum.

7891

Pétur Björgvin Þorsteinsson

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 603 Akureyri
Djákni í Glerárkirkju
petur.thorsteinsson@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

2009: MA próf í Evrópufræðum frá Háskólanum á Bifröst.
1999: II. embættispróf djákna í Württemberg, Þýskalandi.
1989: Lokapróf úr Tollskóla ríkissins.
1987: Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri.
Hef beint starfsorku minni í 20 ár að starfi með ungu fólk, innan kirkju og utan, í Þýskalandi og á Íslandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Sem 3 barna fjölskyldufaðir, búsettur á landsbyggðinni, æskulýðsfulltrúi, djákni og Evrópufræðingur vil ég leggja mitt af mörkum í umræðu um og vinnu við tillögur að nýrri stjórnarskrá. Það er mikilvægt að við byggjum upp traust í þjóðfélaginu. Fagleg og lýðræðisleg vinna við gerð nýrrar stjórnarskrár getur verið mikilvægt skref í þá átt en aðeins ef varlega er stigið til jarðar. Hættan er sú á umbrotatímum sem þessum að sjónarmið augnabliksins verði tekin fram yfir langtímasjónarmið. Því vil ég sjá að í þessari vinnu sé horft bæði til þeirrar framtíðarsýnar sem við höfum varðandi sambúð allra Íslendinga sem og til þeirrar fortíðar sem við eigum og byggjum tilvist okkar á.

9497

Pétur Óli Jónsson

Fæðingarár: 1971 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Sérfræðingur
peturoli@fjs.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég hef B.Sc. gráðu í viðskiptafræði. Ég starfa í dag hjá Fjársýslu ríkissins sem sérfræðingur en hef lengst af unnið á almennum markaði. Ég hef unnið ýmis sölustörf, lagerstörf, verið stuðningsforeldri og tekið að mér verk fyrir íþróttafélag í félagsstörfum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Verði ég kosinn á stjórnlagabing þá lit ég fyrst og fremst á mig sem talsmann almennra gilda. Ég er jarðbundinn og laus við allar ófgar. Ég lít svo á að stjórnarskráin sé á sumum sviðum með ágætum en á öðrum sviðum þarf hún að taka breytingum. Verk stjórnlagabings er viðamikil og því er mikilvægt að ganga hreint til verks. Stjórnarskrá landsins þarf að vera skýr. Mínar megináherslur liggja í að auðlindir verði skilgreindar í stjórnarskrá, hugmynd um þjóðaratkvæðagreiðslu verði vel útfærð og að hlutverk sveitarfélaga verði mun betur skilgreint en nú er gert. Ég mun gera þessum þáttum betur skil á minni Facebook síðu sem og á eigin vefsíðu.

5053

Ragnar Jónsson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Tónlistarkennari
ragnar@rjonsson.is

Menntun/starfsreynsla:

Tónmenntakennari frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1978.
Var starfsmaður Ríkisútvarpsins 1978-1980. Síðan starfað við tónlistarkennslu í tónlistarskólum og grunnskólum frá 1980. Er í meistaranámi í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst og stefni á að ljúka því námi í febrúar 2011.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin, lýðveldisstjórnarskráin frá 17. júní 1944, er samfélagsstáttmáli íslensku þjóðarinnar sem tryggir þegnum landsins meðal annars rétt til að kjósa æðstu valdhafa, forseta og alþingismenn, að uppfylltum ákveðnum almennum skilyrðum. Einnig er rík mannréttindavernd tryggð, svo og trúfrelsi. Ég býð mig fram til stjórnlagabings til þess að standa vörð um það frelsi sem þegnum landsins er tryggt með stjórnarskránni t.d. gagnvart ríkisvaldinu. Allar breytingar á stjórnarskránni þarf að skoða af kostgæfni. Mínar hugmyndir um breytingar á stjórnarskránni eiga helst við II. kafla, þ.e. ráðherra-ábyrgð, V. kafla sem fjallar um dómvald og VI. kafla sem fjallar um þjóðkirkjuna.

2369

Ragnar Ómarsson

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Byggingarfræðingur
rom@almenna.is

Menntun/starfsreynsla:

Lauk námi í húsa-smíði árið 1996 og byggingarfræði 2000. Varð löggiltur mannvirkjahönnuður 2002. Starfaði hjá byggingafyrirtækinu Erli sf. 1985-1997. Starfa hjá Almennu verkfræðistofunni hf. frá 2000. Kenni matsfræði hjá EHI. Er varaformaður Matsmannafélags Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það er sannfæring mín að mikilvægasta málefni stjórnlagabingsins sé að færa valdið til þess að breyta stjórnarskránni úr höndum Alþingis og til þjóðarinnar. Þetta má framkvæma með því að setja á laggirnar þjóðþing allra landsmanna sem hefði það hlutverk að þróa og varðveita stjórnarskrána, auk þess að sjá um skipan dómara í embætti og að vera vettvangur þjóðaratkvæðagreiðslna um mikilvæg málefni. Starf mitt á stjórnlagabingi myndi snúast um þetta atriði fyrst af öllu.

8716

Ragnhildur Gunnlaugsdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 225 Sveitarfél. Álftanesi
Leikskólakennari
agga@heimsnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég útskrifaðist úr Háskóla Íslands í júní 2009 með B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum. Ég hef unnið á leikskólum sem leiðbeinandi og deildarstjóri og í grunnskóla síðustu 20 árin. Einnig hef ég unnið við ræstingar síðustu sex árin með dagvinnunni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig langar til að taka þátt í gerð nýrrar stjórnarskrár og leggja mitt af mörkum til þess að hún verði skýr og hnitmiðuð.

2864

Ragnheiður Ólafía Davíðsdóttir

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Framkvæmdastjóri Tjónavarna
tjonavarnir@tjonavarnir.is

Menntun/starfsreynsla:

Íslenska og hagnýt fjölmiðlun við HÍ. Lögregluskóli ríkisins. Lögreglumaður, blaðamaður, ritstjóri, útvarps- og sjónvarpsþáttagerð, stjórnandi forvarna og öryggismála hjá VÍS. Framkvæmdastjóri og eigandi Tjónavarna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja sérstaka áherslu á trúfrelsi, mannréttindi og aukið lýðræði. Ég mun taka mið af niðurstöðum þjóðfundar. Þá vil ég að stjórnarskráin standi vörð um sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar með afgerandi hætti. Ég vil endurskoða 49. greinina varðandi friðhelgi alþingismanna. Helsta baráttumál mitt er aðskilnaður ríkis og kirkju þannig að öll trúfélög njóti jafnræðis.

6692

Ragnhildur Sigurðardóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 356 Snæfellsbæ
Umhverfisfræðingur, lektor, bóndi
ragnhildur.umhverfi@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf af náttúrufræðibraut Fjölbrautaskóla Suðurlands. Margvísleg störf með námi. M.Sc. í umhverfisfræði frá Landbúnaðarháskóla Noregs 1998. Hef starfað við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri frá 1999, auk þess að sinna búverkum, sögufylgd og umhverfisstofu heima á Álftavatni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ef einhvers staðar eru forsendur fyrir réttlátu og nærandi samfélagi þá er það á Íslandi. Mér þykir vænt um Ísland og fólk sem hér býr og vil leggja mitt af mörkum til þess að komandi kynslóðir taki við góðu búi. Lykilatriði er að tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindum og nýtingu þeirra eftir lögmálum sjálfbærrar þróunar. Lýðræði er besta stjórnskipulagið en virkt lýðræði krefst mikillar þátttöku íbúa. Við getum lifað hér sem stolt og sjálfstæð þjóð og helst látið gott af okkur leiða. Ég vil að stjórnarskráin tryggji Alþingi sem þungamiðju fulltrúalýðræðis, aðgreiningu valdsins og eftirlit með valdhöfum. Við þurfum skýrar reglur um það hvernig hægt sé að skuldbinda Ísland.

3524

Ragnheiður Birna Fossdal

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Líffræðingur
rfossdal@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

1982: Háskóli Íslands, BS próf í líffræði. 1982-1996: Erfðafræðideild Blóðbankans í Reykjavík. 1996-1997: Sameindalíffræðideild Landspítala. 1997-2010: Íslensk erfðagreining. 2010: Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin á að innihalda grundvallarlög sem vernda hagsmunum allra Íslendinga. Hún á að innihalda upplýsingar um réttindi og skyldur landsmanna ásamt ábyrgð stjórnvalda, settar fram á skýran og afdráttarlausan hátt. Æðsta valdið á að vera hjá þjóðinni og þátttaka hennar í stjórnarferi á að vera ótvíræð. Ég býð mig fram til stjórnlagabings sem talsmaður hins almenna borgara. Ég hef það að markmiði að verja stjórnarskrárbundin réttindi Íslendinga sem grundvöll að heiðarlegu, réttlátu og mannvænu þjóðfélagi. Þjóðfélagi þar sem gæði landsins eru sameign þjóðarinnar. Ég býð mig fram til þess að komið verði í veg fyrir að ójöfnuður og græðgi þrífist í skjóli ófullkominnar lagasetningar.


9893

Ragnhildur Sigurðardóttir

Fæðingarár: 1969 **Sveitarfélag:** 400 Ísafjarðarbæ
Þýðandi
ragga@hive.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: ML - lögfræði frá HR 2008. BA - sagnfræði frá HÍ 2004. Leiðsögumaður frá Leiðsöguskóla Íslands 1997. 3 ára nám í listasögu við Universitá di Firenze 1993-1996. Starfsreynsla: Núverandi starf, þýðandi hjá utanríkisráðuneytinu. Leiðsögumaður 1999-2008. Aðstoðarstarfsmannastjóri Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 1997-1999.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins á að vera lifandi skjal sem stuðlar að þróun lýðveldisins og samfélagsins í heild okkur til hagsbóta. Þrátt fyrir að hún hafi elst ágætlega er komið að okkur fólkinu að semja nýja, þá fyrstu sem samin hefur verið beinlínis fyrir lýðveldið Ísland. Nýja stjórnarskráin á að hafa í heiðri þau viðhorf og gildi sem fela í sér virðingu fyrir lýðræði, mannréttindum, samfélaginu, lífinu, náttúrunni, umhverfinu, margbreytileikanum og frelsinu. Það er mikilvægt að stjórnarskráin endurspegli menningu og gildi þjóðarinnar allrar, þess vegna þarf rödd landsbyggðarinnar og ekki síst landsbyggðarkvanna að eiga sinn fulltrúa á þinginu.

8089

Ragnhildur Vigfúsdóttir

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Deildarstjóri
ragnhildur1@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

MA í sögu og safnfræði. Diplóma í starfsmannastjórnun frá EHÍ. Vottaður markþjálfari.
Ég hef unnið við fullorðinsfræðslu, jafnréttismál, sett upp sögusýningar, unnið við pistlaskrif, kennslu og ritstjórn. Ég hef búið í Vík, Jökulsárhlíð, New York, Skógum, Akureyri, Gautaborg og Reykjavík.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það verður að ríkja sátt um stjórnarskrána. Því er mikilvægt að stjórnlagabing verði vettvangur vandaðrar vinnu sem skilar af sér úthugsuðum tillögum sem eru samhljóma grundvallarsýn landsmanna um réttlátt og gott samfélag. Vinnan þarf að vera yfirveguð og sanngjörn og laus við öfgar dægurumræðunnar. Niðurstaða þeirrar vinnu sem fram fer á stjórnlagabingi þarf að vera þess eðlis að þjóðin í heild sinni geti horft til stjórnarskrárinnar með stolti og virðingu.

Stjórnarskráin er ekki skrifuð til einnar nætur. Þjóðin verður að geta lifað með henni næstu áratugi. Hún þarf að taka á valddreifingu, skiptingu stjórnvalds og mannréttindum - grundvallarréttindum og skyldum landsmanna.

4657

Reynir Heiðar Antonsson

Fæðingarár: 1948 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Stjórn málafræðingur, öryrki
reynirh@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MA 1968. Próf í stjórn málafræði frá háskólanum í Grenoble í Frakklandi. Hef lengst af búið á Akureyri og stundað ýmsa blaðamennsku og ritstörf. Hef ævilangt verið sjónskertur en er nú lögblindur og hef auk þess bætt á mig tveimur heilablóðföllum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Vegna menntunar og reynslu, meðal annars sem fatlaður einstaklingur á landsbyggðinni en einnig vegna ferða erlendis og kynna af öðrum þjóðum tel ég mig hafa góða yfirsýn og ferskar lausnir. Ég hef oft klofið það sem ófötuðum þótti ofurefli. Ég þekki aðstöðu hins smáa og veit að lítilmagninn svokallaði getur framkvæmt þrekvirki. Ég hef um árabil ihugað breytingar á stjórnarskránni. Ég vil beinna og víðtækara lýðræði. Breyta þarf ákvæðum um forsetaembættið og skerpa hlutverk þess. Aðstaða verði jöfnuð um allt land á öllum sviðum. Ráðherrar séu ekki þingmenn. Komið verði á raunverulegum aðskilnaði ríkis og kirkju. Auðlindir séu í þjóðareign.

3865

Rakel Sigurgeirsdóttir

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Framhaldsskólakennari
rakel@vma.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá MA 1984. BA próf í íslensku og fjölmiðlafræði, diplóma í hagnýtri fjölmiðlun og kennslu- og uppeldisfræði til kennsluréttinda 1990-1995. Mjög fjölbreytt starfsreynsla, m.a. kennsla, þjónn, tölvari, verkstjórn, ráðskona, dagamma, handlangari í byggingarvinnu og kjöt- og fiskvinnsla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég trúi að ég geti aukið við breidd stjórnlagabingsins fyrir margháttða reynslu mína í gegnum búsetu í sveitum Vestur- og Norðurlands og smærri og stærri þéttbýlum landsins. Fjölbreytt reynsla mín af íslenskum vinnumarkaði mun líka koma að notum. Einkum reynsla mín sem launafulltrúi, gjaldkeri í banka, dagskrárgerðarmaður og framhalds- og háskólakennari.

Margbreytileg lífsreynsla hefur alið og mótað djúpa samkennd með kjörum annarra svo og ríka réttlætiskennd. Þátttaka í ýmiss konar hagsmunu- og kjarabaráttu mun einnig nýtast og líka virkni í fjölbreytilegu viðspyrnustarfi frá hrúni. Ég vil tryggja það að ný stjórnarskrá verði læsileg og nothæf til að byggja upp heilbriggt samfélag.

7341

Reynir Grétarsson

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Framkvæmdastjóri, lögfræðingur
reynir@creditinfo.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1992. Embættispróf í lögfræði frá HÍ 1997. Einn stofnenda Lánstrausts hf. 1997, síðar Creditinfo, og framkvæmdastjóri frá upphafi. Frá 2003 framkvæmdastjóri Creditinfo Group hf. og framkvæmdastjóri Creditinfo SCHUFA GmbH frá 2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin þarf að vera skýrari varðandi einstaka liði. Má þar nefna mörkin á milli handhafa ríkisvalds, réttindi og skyldur. Tel ekki þörf á að bylta stjórnskipan en nauðsynlegt að bæta hlut Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og tryggja betur sjálfstæði dómstóla. Þau áhersluatriði sem ég vil m.a. nefna eru að ráðherrar eigi ekki að vera þingmenn, að auðlindir séu skýrt tryggðar í þjóðareigu og að Alþingi eigi að skipa dómara en ekki dómsmálaráðherra eins og nú er. Réttindi, sem menn skapa sjálfum sér í skjóli ríkisvalds, megi af þeim nema án bóta. Framboð mitt stendur sem persónukjör; er algjörlega óháð öllum hópum eða hagsmunaaðilum öðrum en niðurstöðum þjóðfundar.

6516

René Biasone

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Sérfræðingur, doktorsnemi, stuðningsfulltrúi
rene@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

MA í sagnfræði frá Háskólanum í Pisa 2000.
Doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ frá 2010 (yfirstandandi).
Stuðningsfulltrúi á sambýli fyrir fatlaða.
Rannsóknarmaður við Háskóla Íslands á verkfræði- og náttúruvísindasviði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég óska þess að ný stjórnarskrá muni tryggja

- að sjálfstæði og fullkomin skil séu milli löggjafar-, framkvæmdar- og dómvalds.
- gegnsætt ríkisvald og nýjar reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur.
- að stjórn mála séu frjáls frá efnahagsvaldi og að þau hafi ekki áhrif á fjölmiðla.
- frjálst viðskiptafrumkvæði, sem fer ekki fram gegn almannahagsmunum, öryggi, frelsi og mannvirðingu.
- að auðlindir Íslands séu í eigu íslensku þjóðarinnar og að sjálfbær nýting þeirra sé höfð að leiðarljósi þannig að komandi kynslóðir geti einnig nýtt sér þær.
- meira réttlæti og að stjórnvöld og borgarar sýni samfélagslega ábyrgð.
- aukna samhygð og vernd gagnvart viðkvæmum hópum í samfélaginu.
- umhverfisverndaratkvæði.

6329

Reynir Vilhjálmsson

Fæðingarár: 1941 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Framhaldsskólakennari, eðlisfræðingur
rv@tskoli.is

Menntun/starfsreynsla:

Fæddur á Narfeyri, Skógarströnd. Stúdent frá MA 1961.
Nam eðlis- og eðlisefnafræði í Þýskalandi. Doktorspróf 1974. Vann að rannsóknnum og kennslu við háskóla í Þýskalandi í 12 ár. Stjórnaði þjónustufyrirtæki í jarðeðlisfræði í Þýskalandi til 2001. Framhaldsskólakennari á Íslandi síðan 2001.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Íslenska stjórnarskráin þarf umbóta við og ég vil leggja þeirri vinnu lið með hliðsjón af reynslu minni á Íslandi og erlendis. Ég vil skilgreina hlutverk forseta nákvæmar en nú er. Ákveðinn fjöldi kjósenda á að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál. Hún skal vera bindandi ef þátttaka er t. d. 50%. Eignarhald þjóðarinnar á auðlindum þarf að binda í stjórnarskrá. Forsætisráðherra á að fá aukna ábyrgð, hann á að ákveða ramma stjórnarstefnunnar en ráðherrar að vera sjálfstæðir innan þess ramma. Það þarf að styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ráðherrar eiga ekki að vera þingmenn meðan þeir eru ráðherrar. Stjórn málaflakkar skulu gera opnbera grein fyrir fjármálum sínum.

7627

Róbert Hlynur Baldursson

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 640 Norðurþingi
Nemi í kennslufræðum til kennsluréttinda
robert@stjornlagathing.org

Menntun/starfsreynsla:

MA próf í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Lundi. BA próf í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri. Stúdentspróf frá Framhaldsskólanum á Húsavík. Fyrirverandi blaðamaður á DV og héraðsfréttablaðinu Skarpi. Skýrsluhöfundur um vinabæjasamstarf, hótelfarstarfsmaður og fleira.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að stjórnarskráin eigi að gera lýðræði, jafnræði, þrískiptingu valds, frelsi og mannréttindum hærra undir höfði. Stjórnarskráin á að vera samfélagssáttmáli. Við eigum ekki aðeins að endurskoða þá sem nú er í gildi heldur vera opin fyrir því að gera grundvallarbreytingar á stjórnskipulagi ríkisins. Kjósendur geta aðeins komið sjónarmiðum sínum á framfæri á fjögurra ára fresti. Þetta er mikil meinsemd í íslenskum stjórnmálum og á meira sameiginlegt með alræði en lýðræði. Ég tel að samfélagið megi bæta með því að virkja kjósendur í því sem gerist inni á þingi.

5735

Sara Björg Sigurðardóttir

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur
sara.bjorg.sigurdardottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég útskrifaðist með BA í stjórnmálafræði frá HÍ 2002. Í kjölfarið fór ég í meistaranám í stjórnsýslufræði við HÍ, með viðkomu í Kaupmannahafnarháskóla, og útskrifaðist með MPA árið 2007. Ég hef unnið hjá Óbyggðanefnd, félagsmálaráðuneytinu, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands og við almannatengsl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Helstu ástæður fyrir framboði er áhugi fyrir umbótum innan stjórnsýslunnar og von mín um að ný stjórnarskrádrög, sem samin verða af þjóðkjörnum fulltrúum stjórnlagabingsins, muni endurvekja traust og tiltrú almennings á grunnstöðum hins opinbera. Með nýrri stjórnarskrá myndi ég vilja skilgreina og skerpa á helstu hlutverkum handhafa ríkisvaldsins; forseta, Alþingis, stjórnvalda og dómstóla. Það þarf að skapa umgjörð fyrir leikreglur þjóðaratkvæðagreiðslna, breyta landinu í eitt kjördæmi, skilgreina náttúruauðlindir og notkun þeirra, tryggja grunnmannréttindi allra þjóðfélagsþegna, þ.m.t. barna og ungmenna, og aðskilja ríki og kirkju.

8485

Rósa Guðrún Erlingsdóttir

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** Kaupmannahöfn, Danmörku
Stjórnmálafræðingur, doktorsnemi
rosaerlings@me.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er með MA gráðu í stjórnmálafræði frá Freie Universität, Berlín. Hef starfað við blaðamennsku og stundað rannsóknir og kennslu á háskólastigi. Ég var formaður landsnefndar UNIFEM á Íslandi 2003-2006. Ég stunda nú doktorsnám við HÍ og Hróarskelduháskóla með styrk frá Rannsóknánámssjóði Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Endurskoðun íslensku stjórnarskrárinnar, sem fara á fram á þjóðkjörnu stjórnlagabingi, er sögulegt tækifæri til að bæta stjórnskipunina þannig að hún þjóni betur samfélagi okkar. Á þinginu munu fara fram hringborðsumræður um nýtt upphaf, um eflingu og framtíð lýðræðis á Íslandi. Ég gef kost á mér til þessa mikilvæga verkefnis vegna þess að ég hef bæði áhuga og þekkingu á viðfangsefnum stjórnlagabingsins. Ég mun beita mér fyrir breytingum sem lúta að almennum lýðræðisumbótum. Ég vil jafna atkvæðavægi kjósenda, efla sjálfstæði dómstólanna og skýra betur aðgreiningu milli meginstofnana stjórnskipulagsins. Ég mun leggja áherslu á mannvirðingu, félagsleg réttindi og umhverfis- og jafnréttismál.

6076

Sif Jónsdóttir

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Viðskiptafræðingur MBA
sif.jonsdottir2010@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. MBA í fjármálum frá AIU, USA. Núna er ég í doktorsnámi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Vinn hjá Primera Air við tekjustýringu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef fylgst með umræðunni í þjóðfélaginu og á Alþingi um nokkura ára skeið og veit að það er hægt að gera betur. Fólkið í landinu þarf að hafa sterka rödd og bakhjarl til að geta tekist á við þau verkefni sem fram undan eru við uppbyggingu samfélagsins. Það hefur komið í ljós að fólk sem ætlar að ná langt í pólitík þarf að sinna hagsmunum síns flokks og þar af leiðandi verður minna gert fyrir þjóðin almennt. Það er því ákveðið réttlæti í því að fólk getið kosið þær manneskjur sem það treystir til að sinna sínum málefnum. Ég býð mig fram til að vera þessi rödd fólksins og mun sinna þessari skyldu minni af ábyrgð og með hagsmunum þjóðarinnar í fyrirrími.

9024

Salvör Nordal

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ
salvorn@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Salvör Nordal er forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og menntuð í heimspeki. Hún er einn höfunda siðfræðihluta skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og hefur tekið virkan þátt í umræðu félagasamtaka, stofnana og fræðasamfélagsins um orsakir og afleiðingar bankahrunsins á Íslandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með stjórnlagabingi gefst einstakt tækifæri til tímabærrar endurskoðunar á íslensku stjórnarskránni. Miklu skiptir að öflug umræða verði um þau siðferðilegu gildi sem eru grundvöllur stjórnarskrárinnar og að stjórnlagabingið leiði til vitundarvakningar meðal almennings um sameiginleg verðmæti íslensks samfélags. Brýnt er að íslensk réttarskipan standi á traustum grunni og dregnið verði nauðsynlegir lærdómar af bankahruninu. Almenn mannréttindi, jafnræði þegnanna og temprun valds með skýrri verkaskiptingu og ábyrgð þeirra sem fara með æðstu völd eru þau siðferðilegu gildi sem ég tel að liggja eigi til grundvallar breytingum sem gerðar verða á stjórnarskránni.

6362

Sigfríður Þorsteinsdóttir

Fæðingarár: 1946 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Móttökustjóri
fiafia@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

BA í stjórnmálafræði, menntun í opinberri stjórnsýslu. Móttökustjóri utanríkisráðuneyti, sveitarstjóri í Breiðdalshreppi, um tíma í Grímsnes- og Grafningshreppi. Bæjarfulltrúi fyrir Kvænnaframboðið á Akureyri og fyrir Framsóknarflokkinn.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Eftir umrót og niðurlægingu síðustu ára er það staðföst trú mín að endurskoðun stjórnarskrárinnar sé mikilvægur þáttur í endurheimt virðingar og trausts íslensku þjóðarinnar til Alþingis og ríkisstjórnar. Ég trúi því einnig að það sé nauðsynleg aðgerð til þess að skapa hér réttlátt þjóðfélag þar sem þegnarnir geta treyst því að valdhafarnir missi ekki sjónar á grunnildum íslensks samfélags, en þau eru í mínum huga samhjálp, virðing og hófsemi. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á að vera samfélagssáttmáli sprottinn af reynslu kynslóðanna, því er mikilvægt að fjölbreyttur hópur veljist til setu á stjórnlagabingi. Ég tel að þekking mín og reynsla geti nýst þar og býð því fram krafta mína.

7748

Signý Sigurðardóttir

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Rekstrarfræðingur
signy.sigurdardottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Diplómagráða í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Bifröst. Hef starfað í heimi utanríkisviðskipta frá 25 ára aldri og hef sérþekkingu á því sviði. Átt mikil samskipti við fólk á Íslandi og í öðrum löndum í starfi. Síðustu 4 ár starfað í forsvari fyrir flutningagreinina.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna brennandi áhuga á að hafa áhrif á stjórnskipan landsins. Stjórnarskráin hefur að geyma grundvallarlög og er gríðarlega mikilvægt plagg í mínum huga.

Endurskoðun hennar getur skipt sköpum um hvernig til tekst um endurreisn íslensks samfélags til framtíðar.

Þrískipting ríkisvaldsins á að vera grundvöllur samfélagsins og valdmörk hvers aðila um sig eiga að vera skýr. Íslenskt samfélag einkennist af gríðarlega sterku framkvæmdarvaldi á kostnað löggjafarvalds og jafnvel dómvalds. Kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta þarfnast uppstokkunar.

Áhugi minn á endurskoðun stjórnarskrárinnar snýst um þessi grundvallaratriði – og að vandað verði til verka.

2688

Sigrún Kapitola Guðrúnardóttir

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 780 Sveitarfél. Hornafirði
Háskólanemi, stundakennari
kapitola@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég hef starfað við eigin atvinnurekstur í ferðaþjónustu síðastliðin 10 ár og sótt mér menntun á því sviði frá Háskólanum á Hólum. Hef jafnframt starfað við verslunarrekstur, félagsþjónustu, fiskvinnslu og ýmis þjónustustörf. Ég sækir reglulega námskeið til þess að auka færni mína og vísýni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til þess að leggja mitt af mörkum til endurreisnar Íslands. Ég vil að land mitt og þjóð byggji á traustum og réttlátum grunni en sá grunnur er stjórnarskrá Íslands. Stjórnarskráin á að mínu mati að vera skrifuð af fólkinu, með hagsmunum fólksins, náttúrunnar og sjálfstæði þjóðarinnar í forgrunni. Ég vil ekki lengur bara koma skoðunum mínum og hugsjónum fram við eldhúsbörðið, ég vil leggja mitt af mörkum í verki.

Ég vil að stjórnarskráin verði leiðandi fyrir skref okkar sem þjóðarinnar í framtíðina. Ég velti því fyrir mér hvort að það þurfi að binda í stjórnarskrá Íslands rétt landsbyggðarinnar til að haldast í byggð og til fjármagns úr ríkisjóði til þess?

6153

Sigríður Dögg Auðunsdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 271 Mosfellsbæ
Forstöðumaður kynningarmála
sigridurdogg@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Starfaði sem blaðamaður í áratug hér og í Bretlandi, lengst af á Fréttablaðinu. Hlaut blaðamannaverðlaunin 2005 fyrir greinar um einkavæðingu bankanna og tölvupóstamálið svokallaða og tilnefningu 2004 fyrir skrif mín um efnahagsmál og stjórnmál. Próf í hagnýtri fjölmiðlun og BA í bókmenntafræði HÍ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég trúi því að með samstilltu átaki þjóðarinnar, þar sem allar raddir fái að hljóma, muni okkur takast að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins út frá þeim gildum sem þjóðfélag okkar mótast af á nýjum tímum. Ég tel mikilvægt að stjórnarskráin verði skýr og óumdeilanleg í einu og öllu og um hana ríki sátt. Mannréttindi, frelsi og jafnrétti verði tryggð í hvívetna, þar á meðal réttindi barna og minnihlutahópa. Lýðræðið verði tryggt í sessi og stjórnskipan lýðveldisins verði tekin til gagnarrar endurskoðunar í ljósi hugmynda sem fram koma á þjóðfundum. Meginhlutverk stjórnlagabings er að tryggja að sjónarmið þjóðarinnar fái hljómgrunn í nýrri stjórnarskrá.

7704

Sigrún Vala Valgeirsdóttir

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Frumkvöðull, framkvæmdastýra

Menntun/starfsreynsla:

Sagnfræði, heimspeki og fjölmiðlafræði við HÍ 1984-1987. Brautargengi. IMPRA nýsköpunarmiðstöð 2000. Frumkvöðlafræði PDE, háskólinn Keilir 2009. Ýmis störf, mest við ráðgjöf. Stofnandi eigin fyrirtækis. Vinn nú að vörubróun tengdri íslenskum jurtum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins frá 1944 (með síðari breytingum) er bæði fallett „prógram“ og merkilegt sem Íslendingar hafa sannarlega tekið þátt í að móta. Ég býð mig fram sem fulltrúi þeirra sem vilja standa vörð um það sem enn er gott og gilt í stjórnarskránni, en jafnframt taka ábyrgð og vera þátttakandi í því að móta þær breytingar sem nútíminn kallar á.

Ég óska þess að umræðan á þinginu verði djúphugul og vitur í þeim anda þar sem virðing ríkir fyrir sögu þjóðarinnar í fortíð og nútíð. Mikilvægt er að þetta verkefni takist vel og þingið fái nægan tíma til að ná að mynda sátt til framtíðar og friðar.

3139

Sigríður Ólafsdóttir

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Lífefnafræðingur, ráðgjafi
sigridur@solradgjof.is

Menntun/starfsreynsla:

Nám: MT. BS líffræði HÍ. PhD lífefnafræði VCU, USA. Störf: Rannsóknir, þróun og nýsköpun við háskóla og í fyrirtækjum. Hef starfað í stjórnnum fyrirtækja, stéttarféлага, Tækniþróunarsjóðs og sit nú í háskólaráði HÍ og stjórn Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar. Starfa nú sjálfstætt við ráðgjöf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nýtt stjórnskipulag fyrir Íslendinga þarf að setja í kjölfar vandaðrar rökræðu. Stjórnarskrá segir til um hvar mörkin liggja milli landsstjórnar og frelsis okkar borgaranna. Jafnvægis verði gætt milli valds og ábyrgðar, réttinda og skyldna sem frelsinu fylgir. Skilgreina þarf sjálfstæði þjóðar í alþjóðlegu umhverfi, tryggja þarf virka þrískiptingu ríkisvalds og að borgararnir geti stöðugt haft eftirlit með meðferð valdsins. Mannréttindi og samfélag, byggt á jafnrétti og gildum sem eru okkur sameiginleg, séu tryggð, óháð trúarskoðunum. Komandi kynslóðir fái nýtt auðlindir landsins eins og við sem nú lifum.

4679

Sigurbjörn Svavarsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Rekstrarfræðingur
s.svavarsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stýrimannaskólinn, varðskipadeild. Rekstrar- og fjármálamenntun úr TÍ og HÍ. Stýrimaður Landhelgisgæslunni, rekstrarstjóri, kaupfélagsstjóri, útgerðarstjóri, framkvæmdastjóri, ráðgjafi og verkefnastjóri í sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og verslun. Viðtæk félagsmálastörf. Ritstörf og sjálfböðastörf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Fríðhelgi einstaklingsins er fjölskyldunnar er forsenda einingar í samfélaginu og velferð þjóðfélagsins hvílir á traustum stoðum fjölskyldunnar. Eining fjölskyldunnar er grunnstoð samfélagsins, fyrirmynd þess og styrkur.

Sáttmáli samfélags þarf að hafa sömu gildi og fjölskyldan byggist á: Samhug, samvinnu og samábyrgð. Hlutverk samfélagsins er að viðhalda, treysta og verja þessi gildi.

Íslenskt samfélag þarf nýjan sáttmála í stað þess gamla. Sáttmála sem treystir jafnrétti, frelsi og vernd þegnanna. Vernd umhverfisins og auðlindir og arður séu í eigu samfélagsins. Tryggir þátttöku almennings í ákvörðunum. Endurskoðar stjórnskipunina.

– Í anda sáttar og samvinnu vil ég að þessu vinna.

5592

Sigurður Aðalsteinsson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 701 Fljótshéraði
Veiðileiðsögumaður
sa1070@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Búfræðingur frá Bændaskólanum á Hólum 1976. Bóndi á Vaðbrekku 1977-2002.
Eftirlitsmaður og síðar leiðsögumaður með hreindýraveiðum frá 1992. Í faghópi II sem fjallaði um útvist og hlunnindi í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma 1999-2004.
Ritstjóri Austurgluggans 2005-2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um stjórnskipun Íslands. Ég hef fylgst með breytingum stjórnarskrárinnar og oft fundist þær breytingar hafa verið í hjólförum flokkapólitíkur og pólitískra hrossakaupa. Ég vil leggja mitt lóð á vogarskálar til þess að lyfta breytingum á stjórnarskránni upp úr flokkspólitískum metingi og taka þátt í að laga stjórnarskrána sem best að því að hún nýtist hinum almenna borgara í þessu landi til að vera sú leiðbeining sem henni hefur alltaf verið ætlað að vera. Stjórnarskráin á að vera brjóstvörn almennra borgara þessa lands fyrir réttindum sínum og ákveðin grunnvernd gegn stjórnvöldum þessa lands. Þess vegna býð ég mig fram til setu á stjórnlagabingi.

3436

Sigurður Hólm Gunnarsson

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Forstöðumaður
siggi@skodun.is

Menntun/starfsreynsla:

Iðjuþjálfari og forstöðumaður á skammtímaheimili fyrir unglunga. Áður forstöðumaður á áfangaheimili fyrir geðfatlaða. Hef unnið margvísleg störf tengd velferðarmálum. Hef unnið sem blaðamaður og gerði heimildarþátt um einelti. Tek virkan þátt í félagsstörfum og var m.a. varaformaður Siðmenntar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin á að vera einföld og skýr. Hún á að tryggja grundvallarréttindi almennings og setja valdhöfum hvers tíma skýr mörk. Stjórnarskráin á að vera skrifuð af almenningi, fyrir almenning. Tryggja þarf aukinn rétt almennings til þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnt vægi atkvæða, óháð búsetu, skal tryggt í stjórnarskrá. Skýrar takmarkanir eiga að vera á valdi framkvæmdarvaldsins til að styðja stríðsátök í nafni íslensku þjóðarinnar. Fjalla þarf um stjórnskipun Íslands og þrískiptingu valds með skýrum hætti. Þjóðareign á náttúruauðlindum skal tryggð í stjórnarskrá. Afnema þarf ákvæði um sérstaka vernd Þjóðkirkjunnar.

6241

Sigurður Ingi Einarsson

Fæðingarár: 1971 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Véltækniþæðingur
seinarsson@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég vinn hjá Mannviti verkfræðistofu, á lagna- og loftræstisviði. Starfið felst í hönnun loftræstikerfa og lagna. Áður starfaði ég mest til sjós og þá lengst af sem háseti en sem vélstjóri í seinni tíð eða þar til ég hóf nám í tækniþæði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil hafa áhrif á hvernig stjórnarskrá lýðveldisins kemur til með að verða. Stjórnarskráin á að vera auðskilin venjulegu fólki því ég tel mikilvægt að við vitum og skiljum út á hvað hún gangi. Réttindi og skyldur borgaranna eiga að koma fyrst, þá stjórnskipun og stofnanir. Auðlindir þjóðarinnar eiga ófrávikjanlega að vera í OKKAR eigu. Valdsvið og ábyrgð þarf að skilgreina betur og þarf réttur almennings til að skjóta málum til þjóðaratkvæðagreiðslu að vera tryggður. Ég tel mikilvægt að stjórnarskráin verði sýnilegri og kynnt strax á grunnskólastigi. Að lokum finnst mér mjög mikilvægt að til þessarar vinnu veljist venjulegt fólk, ekki einvörðungu frægir einstaklingar eða pólitískt tengdir.

3084

Sigurður Örn Hjörleifsson

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 5200 Odense, Danmörku
Rafvirkjameistari
shjorleifsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Rafvirkjameistari. Starfaði hjá Securitas 2005-2010 sem tæknimaður og seinna sem tæknistjóri. Er í námi í markaðshagfræði við Tietgen skólann í Óðinsvéum

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Í gegnum tíðina hef ég kynnst mikilvægi samheldni og samstöðu hinna mismunandi hópa samfélagsins, finnst þessi samstaða í mjög takmörkuðum mæli meðal almennings eftir efnahagshrunið 2008. Nú er tækifæri til að leiðrétta það misræmi sem skapast hefur með úrbótum á stjórnarskrá Íslendinga sem er sameiginlegur grunnur okkar og lýðræðið byggist á. Býð ég mig fram til þess að stuðla að því að stjórnarskráin verði grunnurinn sem okkur vantar fyrir nýja Ísland og opni ekki möguleika á að stóreignafólk og erlendir fjárfestar slái eign sinni á sameiginlegar auðlindir okkar Íslendinga. Ég er hvorki flokksbundinn né með kosningasjóð heldur íslenskur fjölskyldumaður sem er búinn að fá nóg.

4976

Sigurður Grétar Guðmundsson

Fæðingarár: 1934 **Sveitarfélag:** 815 Sveitarfél. Ölfusi
Pípulagningameistari
siggigretar@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Próf frá lðnskólanum í Reykjavík 1958, sveinspróf í pípulögnum sama ár. Meistarabréf í pípulögnum 1963. Nám í leiklistarskóla Ævars R. Kvaran 1958-1960. Í bæjarstjórn Kópavogs 1962-1974. Varapingmaður 1967-1971. Pistlahöfundur (Lagnaréttir) við Morgunblaðið í 16 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel mikla þörf á endurbótum á stjórnsýslu Íslands. Undirstaða góðrar stjórnsýslu er stjórnarskrá Íslands. Ég hef mikla og langa reynslu í mínu fagi og ekki síður af viðamiklum félagsstörfum allt frá tvítugsaldri og fram á þennan dag. Ég hef mikið velt stjórnskipun landsins fyrir mér og hef ákveðnar skoðanir þar á sem ég vil koma á framfæri.

4481

Sigurður Ragnarsson

Fæðingarár: 1944 **Sveitarfélag:** 311 Borgarbyggð
Sálfræðingur

Menntun/starfsreynsla:

Embættispróf frá Oslóháskóla 1974. Starfaði sem sálfræðingur við barna- og unglingsgeðdeildir í Reykjavík og Árósum, félags og skólaþjónustu í Reykjavík, Borgarnesi og Snæfellsnesi auk þess að hafa staðið að rekstri og stjórnun meðferðarheimila fyrir unglunga að Smáratúni, Torfastöðum og Hvítárbakka.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil vinna að auknum heiðarleika og réttssýni í okkar þjóðfélagi og tel vinnu að nýrri stjórnarskrá mikilvægt skref í þá átt. Meðal þeirra atriða er ég vil leggja áherslu á viðgerð nýrrar stjórnarskrár er aukid lýðræði með skýrum ákvæðum um hvenær megi grípa til þjóðaratkvæðis, styrkari aðgreiningu dóms-, framkvæmda- og löggjafarvalds og jöfnun atkvæðisréttar. Ég tel að stjórnarskráin eigi að tryggja jafnan rétt allra Íslendinga og því beri að aðskilja ríki og kirkju. Þjóðareign á auðlindunum tel ég að eigi að tryggja í stjórnarskrá. Sjónarmið þjóðfundar verði lögð til grundvallar við störf stjórnlagabings og heiti ég því að vinna af heilindum að þessu starfi verði ég til þess kjörinn.

6208

Sigurður Guðmundur Tómasson

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Útvarpsmaður
sgt@odg.cc

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MH. Nám í jarðfræði, íslensku og sögu við HÍ. Leiðsögumaður frá MK. Hef unnið að kennslu, sem blaða- og útvarpsmaður og framkvæmdastjóri. Borgarfulltrúi og varaborgarfulltrúi 1978-1986.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel nauðsynlegt að auka áhrif almennings á ákvarðanir með ákvæðum um þjóðar- atkvæði, bæði um mál sem Alþingi samþykkir, synjar eða afgreiðir ekki. Óheimilt verði að taka ákvarðanir um mikilsverð mál, svo sem þátttöku í stríði, án þess að bera það undir þjóðina. Þingmönnum verði fækkað, annaðhvort í 42 eða 35. Ráðherrar sitji ekki á Alþingi. Landið verði eitt kjördæmi. Fjárframlög fyrirtækja og einstaklinga til stjórnmal- manna og flokka verði bönnuð. Ríki og kirkja verði aðskilin. Jafnrétti karla og kvenna verði tryggt. Réttur almennings gagnvart yfirvöldum verði gerður skýrari en nú er.

4932

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Verkefnastjóri
sigurlauganna@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stjórnmalfræðingur að mennt, BA ritgerð um almennar atkvæðagreiðslur á Íslandi. Starfaði sem verkefnisstjóri lýðræðisrannsókna við stjórnmalfræðideild HÍ 2008-2010. Fyrri störf: Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, innheimtufulltrúi Reykjavíkurborgar og verkefnisstjóri hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef þá sýn að stjórnarskráin eigi að vera þær grundvallarreglur í íslensku samfélagi sem almenningur á Íslandi skilur og treystir. Íslendingar eru stoltir af þingræðishefð sinni en þá arfleifð þarf að varðveita og styrkja enn frekar í nýrri stjórnarskrá. Lýðræðið þarf að festa í sessi í stjórnarskránni og koma þarf fyrir ákvæðum um þjóðaratkvæða- greiðslur. Veita þarf minnihlutunum á þingi stjórnskipuleg völd og endurreisa traust á Alþingi. Mikilvægt er að sátt ríki um stjórnarskrána og mun ég leggja mitt af mörkum til þess að slík sátt náist á stjórnlagabinginu 2011. Ég mun vinna heiðarlega og af krafti fyrir alla Íslendinga á stjórnlagabingi, náí ég kjöri.

8056

Sigurjón Árnason

Fæðingarár: 1976 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Nemi í félagsráðgjöf
sia14@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég stundaði nám við Fjölbrautarskólann í Breiðholti. Í dag er ég nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ég hef starfað við ýmis störf í gegnum tíðina og nægir þar að nefna störf hjá Símanum og sem leigubílstjóri. Einnig hef ég unnið sjálfboðastörf fyrir Rauða Kross Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja áherslu á heiðarleika, réttlæti og samvinnu. Ég vil tryggja það að almenn- ingur í landinu fái möguleika á því að hafa meiri áhrif á framgang mála er snerta almannaheill með því að fá möguleika á því að knýja fram bindandi þjóðaratkvæða- greiðslu. Ég vil gera Alþingi skilvirkara og gangsaerra meðal annars með því að fækka fulltrúum á Alþingi og koma fram þaki á kjörtímabil sem hver alþingismaður getur setið. Ég vil koma á skýrum og greinilegum aðskilnaði á milli löggjafarvalds og framkvæmdar- valds og vil fá ráðherraembættin út af Alþingi. Enn fremur legg ég áherslu á kröfur um að viðeigandi menntun verði settar fyrir setu sem ráðherra.

6054

Sigurlaug P. Ragnarsdóttir

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Listfræðingur
sigurlaug90@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Er með BA gráðu í Listasögu frá Háskólanum í Lundi, Svíþjóð og er með MA gráðu í hagnýtri menningarmiðlun frá Háskóla Íslands. Hef á undanförunum árum starfað fyrir söfn og listamenn, sett upp sýningar og gert vefsíður, m.a. um útilistaverk Reykjavíkurborgar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég á mér þá ósk að stjórnlagabingið móti hugmyndir og óskir væntanlegs þjóðfundar í nýrri stjórnarskrá. Ég vil að landsmenn semji sína eigin stjórnarskrá sem er skrifuð af fólkinu fyrir fólkið. Stjórnarskrá sem tryggir mannréttindi ofar öllu öðru og veitir öllum einstaklingum rétt til grunnþarfa. Ég lít svo á að stjórnarskráin eigi að endurspeglar í hvernig samfélagi við viljum búa og hvernig stjórnsýslan eigi að virka. Þá er mikilvægt að við skilgreinum hvaða kröfur við gerum til valdhafanna og hver ábyrgð þeirra er gagnvart hinum almenna borgara.

4437

Sigurjón Jónasson

Fæðingarár: 1979 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
Flugumferðarstjóri
sigurjon.jonasson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Verkmenntaskólanum á Akureyri 1999. Grunnám í flugumferðarstjórn á Írlandi 2000. Flugumferðarstjóri í Flugstjórnarmiðstöðinni á Reykjavíkflugvelli frá 2001.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til stjórnlagabings sem fulltrúi hins almenna launa- manns og fjölskyldufólks. Ég hef aldrei verið í stjórnmalaflokki, aldrei átt hlutabréf og á engra hagsmuna að gæta fyrir einkafyrirtækin sem vilja eigna sér auðlindir landsins. Ég er bara venjulegur fjölskylduafaðir sem óskar þess að búa í bættu samfélagi þar sem fjölskyldan er framar fjármagnseigendum og lánardrottnum í forgangs röðinni. Ég er eins og þú.

7858

Sigursteinn Róbert Másson

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Sjálfstætt starfandi
sigursteinnmasson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MH. Fréttamannánám hjá FJE í París. Fréttamaður Stöðvar 2 og Bylgjunnar 1989-1996 og hef síðan gert fjölda heimildamynda. Fulltrúi Alþjóða dýraverndunarsjóðsins frá 2003 og formaður ÖBÍ 2005-2008. Formaður Geðhjálp frá 2001 og varaformaður Samtakanna 78 árin 2004-2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þarf að marka kaflaskil í sögunni. Það er að mínu mati brýnt að skýra mun betur hlutverk helstu valdastofnana ríkisins og embættta. Þá þarf stjórnarskrá að kveða skýrt á um aðgreiningu dómsvalds, framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Lítið hald hefur reynst í mannréttindakafla stjórnarskrárinna og því þarf að endurskrifa hann. Meginmarkmiðið á að vera það að efla lýðræði og mannréttindi þannig að grundvallarleikreglur séu skýrar. Ég vil beita mér fyrir því að ný stjórnarskrá verði rituð á hnitmiðuðu og auðskiljanlegu máli þannig að hún verði raunveruleg brjóstvörn allra landsmanna. Ég tel að reynsla mín og þekking nýtist vel til verksins.

9805

Sigurvin Jónsson

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Skemmtikraftur
ps19@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég lauk grunnskólaprófi frá Dalvíkurskóla 1981. Hef unnið almenna verkamannavinnu af ýmsu tagi. Starfaði nú síðast sem afgreiðslustjóri hjá Eimskip. Er nú í framhaldsskólanámi og stefni á háskóla. Aðalstarfsheiti mitt núna er skemmtikraftur og listamannsnafið er Fillinn. Brosam saman.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef brennandi áhuga á því að leggja mitt af mörkum til þess að bæta það samfélag sem við búum í. Ég tel að reynsla mín komi að góðum notum í starfi því sem ég býð mig fram í. Öllu sem ég tek mér fyrir hendur sinni ég af æðruleysi og alúð. Á mjög auðvelt með mannleg samskipti og er fljótur að koma auga á aðalatriðin í flóknum málum. Er besta skinn og vil engum illt. Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir.

9189

Sigvarður Ari Huldarsson

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Framkvæmdastjóri Tæknihliðarinnar, tækniamaður
svari@taeknihlidin.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntaskólapróf frá MH. Tónlistarnám og nám við Háskóla Íslands í sagnfræði og tölvunarfræði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er vinstrisinnaður umhverfisverndarmaður sem vill fá tækifæri til að móta grunnreglur samfélagsins. Mesta áherslu legg ég á að fólk hafi sem mest að segja um hvernig landinu er stjórnað með virkara lýðræði og tíðum allsherjaratkvæðagreiðslum um helstu mál. Tryggja þarf að auðlindir Íslands gagnist íbúum landsins en afrakstur þeirra lendi ekki í höndum alþjóðlegra fyrirtækja. Ég vil setja skýrar takmarkanir við því að hægt sé að afsala völdum til yfirþjóðlegra aðila og alþjóðlegra stofnana. Stjórnarskráin á að vera skýr, afdráttarlaus og auðskiljanleg. Mannréttindi, jafnrétti, jafnræði, persónulegt frelsi, málfrelsi og að fólk geti lifað með reisn ættu að vera grundvallaratriðin.

5482

Sigvaldi Einarsson

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Ráðgjafi
sigvaldiein@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Hef víðtæka reynslu sem launþegi og við rekstur fyrirtækja. Er í dag ráðgjafi hjá Sparnaði, ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Hef mikið sinnt félagsmálum m.a. formaður knattsp.deildar HK og er núna stjórnarmaður í KSÍ. Menntun er viðsk.tengd bæði í Verzló, HÍ og HR.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með skynseminna að vopni býð ég mig fram. Tel mitt hlutverk vera að koma niðurstöðum þjóðarfundarins á framfæri, hlusta á sérfræðinga og skoða það sem rætt hefur verið og ritað um málið. Vil að stjórnarskráin verði læsileg og öllum skiljanleg. Vil sjá virkara lýðræði, gegnsærri stjórnsýslu og varnagla til að forðast misnotkun valds. Ég er ekki að bjóða mig fram til að kollvarpa núverandi stjórnarskrá, tel hana í grundvallaratriðum á réttum nótum en á hinn bóginn þarf að dusta af henni rykið og uppfæra til nútímalegs horfs. Tel mig á þeim stað í lífinu að hafa nægjanlega reynslu og þroska til að takast á við þetta verkefni.

4261

Sigprúður Þorfinnsdóttir

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Lögfræðingur, öryrki
sigthrudur.stjornlagathing@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Útskrifaðist sem lögfræðingur frá HÍ árið 1994. Er með réttindi sem héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali. Hef að mestu leyti unnið innan stjórnsýslunnar, s.s. hjá ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitinu og yfirskattanefnd.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mig dremmir um nýtt og betra samfélag með einstaklinginn í forgangi. Við höfum aldrei sem íslensk þjóð sest niður og samið eigin grundvallarreglur á okkar forsendum. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn. Almennur kallar eftir víðtækum breytingum á samfélagi sem hefur einkennst af spillingu og ofríki framkvæmdarvalds. Ég trúi að með því að setja okkar eigin reglur um stjórnskipan og verndun hins almenna borgara gagnvart ríkisvaldinu verðum við sem þjóð meðvitaðri um réttindi okkar og skyldur. Ég hef mikinn áhuga á bættu samfélagi og aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku. Mér þætti það heiður að fá að taka þátt í þessu verkefni með hagsmuni hins almenna borgara að leiðarljósi.

5141

Sigvaldi Friðgeirsson

Fæðingarár: 1939 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Eldri borgari
sf@hive.is

Menntun/starfsreynsla:

Verzlunarskóli Íslands - verslunarpróf 1957.
Verzlunarskóli Íslands - stúdentspróf 1959.
Háskóli Íslands - embættispróf í lögfræði 1966.
Starfsmaður tollstjóraembættisins í Reykjavík 1966-2002, þar af skrifstofustjóri frá 1973.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Það er sögulegur viðburður á Íslandi þegar landsmönnum öllum er gefinn kostur á að taka þátt í starfi stjórnlagabings og vinna að gerð nýrrar stjórnarskrár fyrir landið. Ég vil leggja mitt af mörkum og tel mig hafa menntun og reynslu sem nýtast muni vel í störfum þingsins.

2963

Silja Ingólfssdóttir

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Svæðisfulltrúi hjá Rauða krossi Íslands
silja.ingolfsdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Silja hefur frá haustinu 2008 starfað hjá Rauða krossi Íslands, lengst af sem fulltrúi í Rauðakrosshúsinu í Reykjavík. Hún lauk MA í friðar- og átakafræði frá University of Queensland í Ástralíu, BA í mannfræði frá HÍ og alþjóðlegum, þverfaglegum sumarskóla í mannréttindum árið 2006.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil hafa áhrif á grundvallarskjal lýðveldisins þar sem ég mun beita mér fyrir því að sjónarmið þjóðfundarins verði í hávegum höfð. Ég legg sérstaka áherslu á að mannréttindi skipi stóran sess í stjórnarskránni og verji almenning fyrir misbeitingu valds. Auðlindir Íslands vil ég að verði í þjóðareigu. Almennur á að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og niðurstöður kosninganna verði lokaákvörðun. Sjálfstæði dómstóla og eftirlitsstofnana verður að vera tryggt og hlutverk forseta skýrt. Mannréttindi og náttúruvernd mega aldrei lúta í lægra haldi fyrir skammtímalausnum og hagnaðarvon hvort sem er í innan- eða utanríkismálum.

4987

Silja Bára Ómarsdóttir

Fæðingarár: 1971 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Alþjóðastjórn málafræðingur, aðjunkt við HÍ
siljabara@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MH. BA í alþjóðasamskiptum frá Lewis & Clark College, MA gráða og doktorsnám í sama fagi frá University of Southern California. Verkefna- og sviðsstjóri á Jafnréttisstofu 2003-2006, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar HÍ 2006-2008, aðjunkt við stjórn málafræðideild HÍ frá 2005.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja mitt af mörkum við mótun nýrrar stjórnarskrár og tel hugsjónir mínar, menntun og starfsreynsla koma að góðum notum við það starf. Verði ég kjörin mun ég beita mér fyrir því að tryggja full mannréttindi allra, jafna stöðu og jafnan rétt kynja og viðurkenningu á sérstöðu samfélagslegra minnihlutahópa. Félagafrelsi þarf áfram að vera tryggt.

Ég vil tryggja ábyrga nýtingu auðlinda í þágu þjóðar og með hag mannkyns í huga. Ég vil ábyrga utanríkisstefnu og tryggja aðkomu þings að ákvörðunum tengdum henni. Ég tel nauðsynlegt að skilja milli framkvæmdar- og löggjafarvalds, aðskilja ríki og kirkju, og tryggja sjálfstæði dómstóla. Atkvæði allra landsmanna eiga að vega jafnt í kosningum.

3293

Skúli Þór Sveinsson

Fæðingarár: 1966 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Sölumaður
skulith@hive.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: Gagnfræðapróf og nokkrar einingar eftir það.
Starfsreynsla: Sjómennska og fiskvinnsla í 12 ár, skrifstofumaður í 6 ár, smíðar og önnur störf í iðnaði í 3 ár, sölumennska í 8 ár.
Hef unnið við flest þau störf sem koma að undirstöðum okkar góða lands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mér finnst stjórnkerfið og lagarammi þess óljós og óskilvirkur og mikil þörf á endurbótum á hvoru tveggja. Mér finnst full ástæða í ljósi þess sem hefur yfir þjóðina skolið á síðustu árum að beint lýðræði sé okkar besta lausn.

Ég sé ekki að það sé vandkvæðum bundið að kjósa á netinu. 95% þjóðarinnar geta það og hinum sem ekki geta það má gera það auðvelt með öðrum hætti. Það ætti ekki að vera svo erfið.

2083

Sindri Guðmundsson

Fæðingarár: 1988 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Nemi
sindrigudmundsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands 2008. Stunda náám í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Hef einnig lokið 130 ECTS einingum í kennaranámi.
Starfaði sem þjálfari yngri flokka í knattspyrnu hjá Knattspyrnufélaginu Víkingi í níu ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel mig hafa víðsýni og á auðvelt með að skoða mál frá ýmsum sjónarhornum. Ég er góður greinandi og flokka mál og málefni á skilvirkan máta. Ég er sjálfstæður og samkvæmur sjálfum mér í hugsun og gjörðum. Ég hef góðan málskilning og góð tök á íslensku tungu. Ég hef mikinn áhuga og nægan tíma til að leggja samfélaginu lið sem nýst getur til að betrubæta stjórnarskrána og færa hana nær nútímanum og fólkinu í landinu. Ég hef mikinn áhuga á beinu lýðræði og vil endilega skoða þær leiðir sem eru mögulegar á því sviði. Ég er manblendinn og á auðvelt með að tjá mig í hópi, kem skoðunum mínum á framfæri og virði skoðanir annarra.

3568

Smári Páll McCarthy

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Forritari
smari@immi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum. Hef stundað nám í stærðfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands.
Hef starfað við hugbúnaðarþróun, verkefnisstjórn og tækniþróun síðan 2000 hjá ýmsum aðilum og sjálfstætt.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þau vandamál sem við glímum nú við eru kerfislæg og því er kerfislægri breytinga þörf. Ég vil

- stuðla að aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku og bættri valldreifingu.
- koma á sterkum ákvæðum um gagnsæi í samfélaginu.
- setja reglur um náttúruvernd og réttláta dreifingu auðlinda.
- styrkja tjáningarfrelsi, félagafrelsi og persónuvernd.

Ég hef síðustu ár barist fyrir upplýsingafrelsi víða um heim, var meðhöfundur að þingsályktunartillögu um styrkingu tjáningarfrelsis, var einn upphafsmanna Skuggaþingsins og er stofnfélagi í Stjórnarskrárfélaginu.

7649

Skafti Harðarson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Rekstrarstjóri
skafti.hardarson@mac.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MR 1976. Unnið við sölu og rekstur fyrirtækja með innflutning og sölu á byggingavörum frá 1978. Nú rekstrarstjóri hjá Húsasmiðjunni.
Einn stofnenda Félags frjálshyggjumanna 1979. Lítil afskipti af stjórn málum en áhugamaður um stjórn mál og hugmyndafræði. Bloggað á Eyjunni frá 2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing, og þau útgjöld sem því fylgja, er fásinna nú í dag. Að eyða yfir 500 miljónum króna til að halda það á tímum niðurskurðar og skuldaföfnunar er ekki í lagi. Og vafasamt að grundvöllur vitrænnar umræðu í samfélaginu sé nú fyrir hendi. En nauðsynlegt er að þingið verði ekki eingöngu mannað þeim sem telja að lög og reglur, og stjórnarskráin, eigi að sveigja samfélagið að þeirra eigin gildismati og lífsskoðunum. Stjórnarskráin er það vígi sem frelsi okkar, sem eintaklingar, byggist á. Pólitískur rétttrúnaður forsjarhyggjufólks á ekkert erindi við stjórnarskrána. Stjórnarskránni má enn breyta til að verja frekar frelsi einstaklingsins enn frekar og öll slík ákvæði mun ég styðja.

9178

Soffía Sigurðardóttir

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 800 Sveitarfél. Árborg
Umsjónarmaður
fjallafia@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: Grunnskóli og Menntaskólinn við Hamrahlíð. Ýmis starfstengd námskeið. Einkaflugmannspróf. Námskeið á sviði björgunarsveitastarfs.
Starfsreynsla: Landbúnaðarstörf, verkamannastörf, umönnunarstörf, félagsþjónusta, öryggisvörður, öryggisráðgjafi, skálavörður. Margvísleg fjölmiðlastörf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til að hafa áhrif á grundvallarlög landsins og þau gildi sem að baki þeim búa. Þar legg ég áherslu á lýðræði, mannréttindi og samfélagslega ábyrgð. Lagarammi samfélagsins skal tryggja áhrif almennings við helstu ákvarðanir og jafnan atkvæðisrétt; meginskipan stjórnsýslu; eftirlit með framkvæmd valds og leiðir til að grípa þar inn í; frelsi fólks til persónulegra athafna, skoðana og tjáningar; viðurlög við mismunun; hvað sé sameign þjóðarinnar, þar legg ég áherslu á auðlindir og hvernig með þær megi fara; á hvern hátt almenningur og stjórnvöld beri sameiginlega ábyrgð á velferð allra íbúa; samskipti við aðrar þjóðir með frið og samábyrgð að leiðarljósi.

9079

Soffía S. Sigurgeirsdóttir

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
M.Sc. alþjóðasamskipti
soffia@elvesandtrolls.com

Menntun/starfsreynsla:

M.Sc. International Relations frá London School of Economics and Political Science (LSE). Heimspeki við HÍ 1997 -1998. BA í sálarfræði frá HÍ 1996. Um árabíl var ég forstöðumaður hjá SÍSP, SPRON og Netbankanum. Sinni í dag ráðgjöf fyrir Gerson Lehrman Group og einn af stofnendum ElvesandTrolls.com.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings því ég vil taka virkan þátt í að efla íslenskt samfélag. Ég tel að stjórnlagabingið sé frábært tækifæri til að hefja uppbyggingu þjóðarinnar og endurverkja traust þingræðisins eftir hrun. Ég hef ætíð haft mikinn áhuga á þjóðmálum og alþjóðmálum. Ég tel að reynsla mín og þekking komi sér vel á stjórnlagabingi Íslendinga. Ég vil stuðla að því að hin nýja stjórnarskrá sé byggð á lýðræði, mannréttindum, jafnrétti, einstaklingsfrelsi, tjáningarfrelsi og gegnsæi í stjórnskipan og stjórnsýslu. Það þarf að tryggja að auðlindir Íslands séu eign allra landsmanna, frjálsa aðild að lífeyrissjóðum og efla þarf eftirlit með stjórnsýsluákvörðunum og lýðræði í landinu.

2072

Stefán Gíslason

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 310 Borgarbyggð
Umhverfisstjórnunarfræðingur
stefan@environice.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég er líffræðingur með M.Sc. gráðu í umhverfisstjórnun. Var skólastjóri í 3 ár, sveitarstjóri á Hólmavík í 12 ár og verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 á Íslandi í 11 ár. Vinn nú við ráðgjöf um umhverfismál og sjálfbæra þróun, m.a. fyrir stjórnvöld hérlendis og á norrænum vettvangi. Hleyp í frístundum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Tilgangur minn með framboðinu er einkum tvíþættur: Annars vegar vil ég leggja mitt af mörkum til að hagsmunum íslenskrar náttúru og komandi kynslóða verði sem best gætt í nýrri stjórnarskrá og hins vegar vil ég eiga þátt í að efla lýðræði og gagnsæi í stjórn landsins. Ég vil að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi, að náttúruauðlindir séu sameign þjóðarinnar, að tiltekinn hluti kjósenda og tiltekinn fjöldi alþingismanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál og að valdmörk séu skýr, einkum milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég vil að stjórnlagabingið nýti niðurstöður þjóðfundar vel og að þjóðin fái að segja álit sitt á drögum að stjórnarskrá áður en Alþingi afgreiðir þau.

5174

Sólveig Guðmundsdóttir

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Sjálfstætt starfandi leikkona
sgudmundsdottir@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er með BA gráðu í leiklist, útskrifaðist 2002 og hef verið sjálfstætt starfandi leikkona síðan ásamt því að sjá um framkvæmdastjórn ýmissa leiksýninga. Ég stunda nú MA nám í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands og stefni á að ljúka því 2012.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings af því ég vil eiga stjórnarskrá sem ég get verið stolt af. Til að tryggja að svo verði er best að fá að taka sjálf þátt í að móta nýja stjórnarskrá, vonandi með breiðum hópi fólks með sama áhuga og ég á verkefninu. Ég vil leggja áherslu á að ný stjórnarskrá tryggji að auðlindir Íslendinga verði í eigu þjóðarinnar og m.a. að aðgengi að hreinu vatni verði skilgreint sem mannréttindi. Þetta stjórnlagabing er einstök tilraun. Mikil vinna bíður þeirra sem kosnir verða til setu þar. Ég vil svo gjarnan fá tækifæri á að taka þátt í þeirri vinnu. Vinnu sem vonandi mun einkennast af fagmennsku, bjartsýni og framsýni.

4954

Stefán Pálsson

Fæðingarár: 1975 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Sagnfræðingur
stefapal@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

BA í sagnfræði frá HÍ 1998. M.Sc. í vísinda- og tæknisögu frá Edinborgarháskóla 2001. Forstöðumaður Minjasafns Orkuveitu Reykjavíkur frá 1998. Stundakennari við Háskóla Íslands. Dómari í Gettu betur 2004 og 2005. Sagnritun fyrir Knattspyrnufélagið Fram. Formaður Samtaka hernaðarandstæðinga um árabíl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Árið 2003 tóku tveir menn upp á sitt eindæmi ákvörðun um að Ísland gerðist stuðningsaðili stríðs í fjarlægju landi. Í ljós kom að ekkert í stjórnskipun Íslands hindraði þessa ákvörðun. Við endurskoðun stjórnarskrárinnar er brýnt að taka á þessu. Æskilegast væri að kveða skýrt á um það í stjórnarskrá að Ísland megi ekki fara með stríði á hendur öðrum þjóðum. Tekið verði fram að Ísland skuli vera herlaust land og að herskyldu megi aldrei í lög leiða. Fram komi að umferð og geymsla kjarnorkuvopna sé óheimil í íslenskri lögsögu. Megintilgangurinn með framboði mínu til stjórnlagabings er að tryggja að sjónarmiðum friðar og afvopnunar verði haldið á lofti við gerð nýrrar stjórnarskrár.

7462

Sólveig Dagmar Þórisdóttir

Fæðingarár: 1960 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Menningarmiðlari, grafískur hönnuður, ökuleiðsögumaður
au@au.is

Menntun/starfsreynsla:

MA í hagnýtri menningarmiðlun frá Háskóla Íslands 2008. BA í grafískri hönnun frá LHÍ 2000. Starfað við framkvæmdastjórn Auglýsingastofu Íslands sl. átta ár. Einnig ökuleiðsögn og leiðsögn ferðamanna sl. fimmtán ár fyrir fjölmörg ferðaþjónustufyrirtæki. Er félagi í Reykjavíkúakademíunni og SÍM.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hef sterka réttlætiskennnd. Finnst mér skylda mín að bjóða mig fram til stjórnlagabings. Hef nokkra reynslu af stjórnasetu þar sem ég hef setið í stjórn Neytendasamtakanna í um tíu ár. Þekking mín um land og þjóð er mikil eftir störf við leiðsögn erlendra ferðamanna sl. fimmtán ár. Ný stjórnarskrá, áherslur mínar: Aukið lýðræði. Alger mannréttindi. Þjóðaratkvæðagreiðslur fram hjá þinginu. Persónukjör til Alþingis. Ná aðskilnaði þrískiptingar ríkisvaldsins. Óháða lýðræðislega fjölmiðla. Tjáningar- og trúfrelsi. Auðlindir hafs og lands í þjóðareign. Ráðherraábyrgð. Skýra betur vald forseta Íslands og rýmka málskotsrétt hans. Nýir siðir, nýjar reglur, nýtt upphaf til góðrar fyrirmyndar.

7561

Steinar Immanúel Sörensson

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 235 Reykjanesbæ
Öryrki
s.sorens@visir.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf, er að mennta mig í gullsmíði, hef menntun í þjónustustjórnun. Hef starfað víða, bæði til sjós og á landi, við fiskvinnslu, hellulagnir, markaðsmál, á sambýlum fyrir fatlaða einstaklinga og margt fleira. Er í dag öryrki vegna veikinda.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mér finnst mikilvægt að sjónarmið fólks með víða reynslu komi fram og tel að lífsreynsla mín kunni að koma að góðum notum við þessa vinnu.

5581

Steinberg Þórarinnsson

Fæðingarár: 1981 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Aðstoðarmaður iðjupjálfa
steinberg@janus.is

Menntun/starfsreynsla:

Aðstoðarmaður hjá Janusi endurhæfingu frá mars 2010. Stundaði nám við Fjölbrotaskólann í Breiðholti á rafiðnabraut. Vann 1998-2004 hjá malbikunarfyrirtækinu Bergsteinn ehf. 2005-07 hjá geðdeild LSH við endurhæfingu geðsjúkra. 2007-08 hjá kranadeild Kvarna ehf. Sjálfstæður verktafi síðan 2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til að taka þátt í að endurskrifa stjórnarskrá Íslands frá grunni með hliðsjón af íslenskum raunveruleika. Efla hreint lýðræði og skynsamleg valddreifing; koma inn sjálfsgöðum mannréttindaákvæðum og breytingum á stjórnkerfinu í heild.

9398

Sturla Már Jónsson

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 170 Seltjarnarnesi
Húsgagna- og innanhússarkitekt
smj@heimsnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Vann að loknu húsmiðanami við margvísleg verkefni á því sviði. Stundaði nám í húsgagna- og innanhússarkitektúr við London College of Furniture og starfræki nú teiknistofu sem vinnur fjölbreytt verkefni á því sviði. Hef sinnt fjölda trúnaðarstarfa og er mjög virkur í skátaheyringunni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég ber miklar væntingar til þess sem þjóðfundur 2010 mun skila og er sannfærður um að umræðan muni auka okkur víðsýni og gefa ný sjónarhorn á hugmyndir sem við höfum í dag.

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til að vinna úr tillögum þjóðfundar 2010 af opnum hug og vegna þess að ég vil

- jafnrétti allra án tillits til kyns, kynhneigðar eða trúarbragða.
- að auðlindir landsins verði í eigu þjóðarinnar og einungis nýttar á sjálfbærán hátt með virðingu fyrir náttúru og þegnum landsins.
- að þrískipting valds verði skýrt aðgreind.
- að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu verði endurskoðuð.

3282

Steinn Kárason

Fæðingarár: 1954 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Umhverfishagfræðingur, garðyrkjumeistari
steinn@steinn.is

Menntun/starfsreynsla:

Umhverfishagfræðingur. Viðskiptafræðingur. Iðnrekstrarfræðingur. Garðyrkjufraðingur. Kennsla við grunn- og framhaldsskóla og við HA og Bifröst í umhverfisfræðum, auðlindahagfræði og umhverfisstjórnun. Aðstoðarmaður gæðastjóra. Rithöfundur, tónlistarmaður, útgefandi. Garðyrkjuverktaki. Framkvæmdastjóri Brimnesskóga.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Jafnrétti, jafnræði, heiðarleiki, gegnsæi í stjórnsýslu og sjálfbærni samfélagsins, með skynsamlegri nýtingu auðlinda sem eru í sameign þjóðarinnar, eru meðal leiðarljósa stjórnlagabings.

Atkvæði allra hafi sama vægi.

Skerpa þarf valdmörk framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds og efla þingræði. Málskotsrétt forseta þarf að rýmka og ákveða hvernig standa á að vali ráðherra.

Efla þarf lýðræði og setja reglur um þjóðaratkvæði.

Niðurstaða af störfum þjóðfundar verður lögð fyrir stjórnlagabing. Mikil ábyrgð hvílir á herðum þeirra sem veljast til stjórnlagabings að fylgja þeim niðurstöðum eftir.

Nái ég kjöri til stjórnlagabings vil ég á þessum nótum vinna að betri hag íslensku þjóðarinnar.

4096

Svanur Sigurbjörnsson

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Læknir
svanurmd@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

MH 1985. Kandidat/BS frá læknaeild HÍ 1994. Nám/starf í lyflækningum í NY, USA 1998-2004. Frá 2005: Læknir á Heilsugæslu Mosfellsdæmis, stofu og bráðamóttöku. LSH Fossvogi, Heilsustofnun NLFÍ. LHÍ/HB'09: Prisma, diplómanám (heimspeki, listir). Sjálfsnám: Heimspeki, hugmyndasaga, stjórn málafræði, siðfræði og rökfræði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Kæru Íslendingar! Stofnun stjórnlagabings mun gefa okkur einstakt tækifæri til að leggja endurbættan grunn að íslensku samfélagi, án afskipta pólitískra valdhafa. Núverandi stjórnarskrá er ekki í takt við kröfur þjóðarinnar um virkara lýðræði, aukna valddreifingu, fullt jafnrétti, breytt fyrirkomulag kosninga og viðhorf til umhverfis og auðlinda. Þjóðfundurinn mun væntanlega gefa þinginu nánari hugmyndir til að vinna með og ég vil að ný stjórnarskrá endurspegli sem best vilja þjóðarinnar. Ég vil leggja mitt af mörkum og tel að reynsla mín, þekking og hæfileikar muni nýtast vel á stjórnlagabingi og óska eftir stuðningi ykkar til að verða einn af fulltrúum þjóðarinnar þar.

7957

Sturla Jónsson

Fæðingarár: 1966 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Vörubílstjóri
stulli1@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Eftir grunnskóla hef ég unnið ýmis störf s.s. verið verkstæðismaður, handlangari hjá ýmsum aðilum, stundað sjómennsku, járnsmíði, bifreiðasmíðar, húsmiðar, m.a. erlendis, skrifstofustörf, verið framkvæmdastjóri og fjármálastjóri. Frá 1998 hef ég rekið eigið fyrirtæki sem sérhæfir sig í jarðvegsframkvæmdum

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þar sem mér finnst samfélagið hrúnið og þau úrræði sem sett hafa verið fram til þess að bjarga því, s.s. fjölskyldum landsins og fyrirtækjum, hafa reynst gagnslaus með öllu. Upplausnarástand ríkir í þjóðfélaginu og ég hef áhyggjur af velferð núverandi og komandi kynslóða. Ríkisstjórn, Alþingi og stjórnsýslustofnanir eru ekki í neinum tengslum við þjóð og umbjóðendur sína þar sem við höfum orðið vör við itrekaða vanvirðingu og algjört úrræðaleysi. Þessu vil ég breyta og tel stjórnlagabingjó kjörinn vettvangur þjóðarinnar til að auka vægi hins óbreytta borgara, láta rödd hans heyrast sem nánast ekkert er hlustað á í dag.

5086

Svavar Kjarrval Lúthersson

Fæðingarár: 1983 **Sveitarfélag:** 221 Hafnarfirði
Nemandi
svavar@kjarrval.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf í upplýsinga- og tæknibraut af Fjölbrotaskólanum við Ármúla. Nemandi í tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Miklu máli skiptir að stjórnlagabingmenn séu óháðir stjórn málaflökkum og hagsmunasamtökum til að tryggja sanngjarna endurskoðun á einu mikilvægasta plaggi Íslendinga. Núverandi stjórnarskrá þarfnast gagngerrar endurskoðunar á sviði stjórnskipunar til að minnka möguleikann á hagsmunapotum og spillingu. Ríkið á að vera fyrir þjóðina, ekki elituna. Það á að þjóna þjóðinni en ekki standa í vegi fyrir vilja hennar. Ríkið á að vera við en ekki þeir.

Ég mun gera mitt besta til að búa til stjórnarskrá fólksins.

5724

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Lögmaður, guðfræðinemi
sveinbjorg.sveinbjornsdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lögfræðingur frá HÍ 2001. Héraðsdómslögmaður 2002. Guðfræðinemi. Lögfræðingur hjá Deloitte 2000-2004. Sjálfstætt starfandi lögmaður og framkvæmdastjóri 2004-2007. Lögfræðingur hjá Askar Capital, Investum og EFTA dómstólum í Luxemborg 2007-2009. Lögfræðingur Ernst & Young 2010. Er nú sjálfstætt starfandi lögmaður.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að endurreisa traust okkar á stjórnvöldum þarf að endurhugsa skipan og hlutverk alþingismanna og ráðherra. Þetta eru mínar lykiláherslur:

1. Sameinað Ísland, eitt kjördæmi – „Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér“ (Jón Sig.).
2. Fullkominn aðskilnaður löggjafar- og framkvæmdarvalds og fram fari sérstök kosning á framkvæmdarvaldshöfum.
3. Forseti Íslands verði ekki handhafi framkvæmdarvalds og tryggður verði enn frekar málskotsréttur hans til þjóðarinnar.
4. Fækkun þingmanna.
5. Afnám ákvæða um Landsdóm.
6. Vernd stjórnarskrárinnar verði tryggð. Henni á ekki að vera auðvelt að breyta.
7. Framsal valds til alþjóðlegra stofnana eins og t.d. ESB verði ekki heimilað.

4206

Sveinn Halldórsson

Fæðingarár: 1955 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Húsmiðameistari
sveinnh@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Húsmiðameistari og félagsstörf af ýmsu tagi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að bæta stjórnarskrána. Stjórnarskráin á að vera vegvisir fyrir framkvæmdarvaldið og Alþingi. Einnig þarf hún að hafa öryggisventil þannig að þjóðin geti kosið um mikilvæg mál. Einnig þarf að tryggja að auðlindirnar séu sameign þjóðarinnar. Hún á að tryggja mannréttindi og lýðræði og vera þannig úr garði gerð að horft verði til Íslands á næstu árum og áratugum af virðingu um uppbyggingu á norrænu lýðræðissamfélagi.

4723

Sveinbjörn Fjölur Pétursson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Atvinnuleitandi
stjornlagathingmadur@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Tvöfalt stúdentspróf á 3 árum frá MH 1976. Skóli lífsins eftir það. Hef aðallega unnið við verslunarstörf, sölu- og markaðsmál, oft í stjórnunarhlutverki, m.a. hjá Nóa Sírius, Globus, Vífilfelli, Húsmiðjunni, Sólheimum í Grímsnesi og Nordic eMarketing, en hef líka reynslu af atvinnuleysi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Kæri kjósandi.

Mitt erindi á stjórnlagabing er að tala máli hins venjulega Íslendinga. Ég lít á þjóðina eins og fjölskyldu þar sem allir fá tækifæri, öll sjónarmið eru jafnréttá, þar sem styrkur hvers einstaklings nýtur sín með stuðningi frá heildinni. Nú er einstakt tækifæri til uppstokkunar. Ég vil einfalda stjórnsýslu og stjórnarskrá sem:

- er á skiljanlegu máli,
- endurspeglar hvernig samfélagi við viljum lifa í,
- inniheldur grunngildin sem þjóðin sameinaðist um á þjóðfundum 2009
- og hefur öryggisventla vegna ákvarðanatöku stjórnvalda.

Þegar þú setur mína auðkennistölu í fyrsta sætið kýst þú skarpan alþýðumann sem fulltrúa þinn á stjórnlagabing.

Treystum grunninn, lærum af reynslunni.

6021

Sveinn Ágúst Kristinsson

Fæðingarár: 1988 **Sveitarfélag:** 900 Vestmannaeyjum
Sjónmaður
sveinn60@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Lauk við vélavörðinn frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum. Hef starfað sem sjónmaður meira og minna frá 15 ára aldri. Er að læra flug í fjarnámi frá Keili.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ungt fólk ætti að fá að koma að gerð nýrrar stjórnarskrár. Þar sem að við munum nú fá hana í arf í framtíðinni.

Ég mun beita mér fyrir eftirfarandi breytingum:

Leggja niður embætti forseta Íslands og færa framkvæmdarvaldið í hendur forsætisráðherra.

Aðskilja ríki og kirkju.

Halda kjördæmaskiptingu óbreyttri. Setja inn ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur að þýskri fyrirmynd, það er að segja að það eru engar þjóðaratkvæðagreiðslur vegna þess að auðvelt er að misnota þær og lama þingið með þeim, þó getur þýskur almenningur kallað eftir allsherjaratkvæðagreiðslu um einstök mál.

Ungt fólk til ábyrgðar!

3986

Sveinn Guðmundsson

Fæðingarár: 1958 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Hæstaréttarlögmaður
sveinn@jural.is

Menntun/starfsreynsla:

Sjálfstætt starfandi lögmaður 1993-2010. Framkvæmdastjóri 1983-1993.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Því ég hef trú á því að endurskoðun á stjórnlögum sé þörf. Taka þarf mið af breyttum tíðaranda í þjóðfélaginu sem endurspeglar þá tíma sem lifum í dag. Nauðsynlegt er að kanna sérstaklega mannréttindaákvæðin. Þá er hugsanlegt að mörg ákvæði í stjórnarskránni stangist á við jafnræðissjónarmið og réttindi þegna miðað við hvar þeir standa t.a.m. varðandi trúarbrögð. Þá er jafnframt atriði til að horfa til hvort ekki sé hægt að einfalda stjórnskipun landsins. Hlutverk forseta og vald hans þarf að skoða betur og þá jafnvel hvort embætti forseta Íslands sé þörf.

2996

Sæmundur Kristinn Sigurðsson

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 810 Hveragerði
Tæknistjóri
sks@isholf.is

Menntun/starfsreynsla:

Verslunarpróf og Kvikmyndaskóli Íslands, meirapróf og hef starfað við ýmis störf sem verkamaður á sjó og landi, keyrt rútur og er búinn að vinna hjá Ríkisjónvarpinu í tæp 11 ár fyrst, sem klippari og nú sem tæknistjóri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Tel það vera skyldu mína sem þegn þessa lands að bjóða fram krafta mína þegar jafnmikilvægt mál er til umræðu og stjórnarskrá Íslands.

4690

Sæunn Þorsteinsdóttir

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 271 Mosfellsbæ
Listakona, húsfreyja, kennari
frusaeunn@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntaskólinn í Reykjavík, stúdentspróf 1986.
Myndlista- og handíðaskóli Íslands, textíleild 1993.
Háskólinn á Akureyri, B.Ed. gráða, tónmenntakennarasvið 2005.
Auk starfa við myndlist, hönnun, heimilishald og kennslu hef ég unnið við þríf, pósthúsið, sorphreinsun, sæeyrnaeldi og safnvörslu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mér finnst mikilvægt að á stjórnlagabing veljist fólk með ólíkan bakgrunn, alls konar menntun og fjölbreytta reynslu.
Ég er uppalin austast í Rangárbíngi, á Skógum við rætur Eyjafjalla. Eftir að ég fullorðnaðist hef ég búið í borg, bæ, þorpi og sveit.
Sem listakona vinn ég á skapandi hátt með umhverfi mitt, menningu og sögu. Ég hef alltaf leitað að samhengi hluta, nýjum sjónarhornum, og lít gjarnan til fortíðar þegar ég leita að einhverju nýju.
Sem kennari og manneskja reyni ég stöðugt að hlusta, skoða, hugsa, miðla, rýna til gagns, lesa og læra.
Þetta trúi ég að geti nýst vel við vinnu á stjórnlagabingi.
Ég býð fram reynslu mína, menntun, hug og einbeittan vilja til að gera vel.

8925

Tinna Ingvarsdóttir

Fæðingarár: 1974 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Lögfræðimenntaður myndlistarmaður
tinnaingvarsdottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntaskólinn á Akureyri, stúdent af tungumálbraut 1994.
Myndlistaskólinn á Akureyri, 1997-2001, útskrifuð af fagurlistabraut.
Háskólinn á Akureyri, 2003-2006, BA gráða í lögfræði.
Háskólinn á Akureyri, 2006-2008, ML nám í lögfræði.
Hef starfað m.a. sem kennari, sýningarstjóri og við þýðingar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Nú gefst ómetanlegt tækifæri til að skapa betra og skilvirkara þjóðfélag.
Tilgangurinn með framboði mínu er einfaldur:
Ég vil skýra og aðgengilega stjórnarskrá sem endurspeglar grunnildi samfélagsins, grundvallarmannréttindi, skýra stjórnskipun, gegnsæi og virkt lýðræði.
Ég vil sjá skýr ákvæði um þrískiptingu valdsins, þjóðaratkvæðagreiðslu, skipun dómara og embættismanna, umboðsmann Alþingis, þjóðkirkju, umhverfismál og náttúruauðlindir.
Stjórnarskráin er hornsteinn samfélagsins og hlutverk hennar er að gæta þess að ekki verði gengið fram hjá þeim atriðum sem við teljum mikilvæg í okkar samfélagi. Hún á umfram allt að endurspeglar vilja þjóðarinnar og það er ofar öllu að um hana ríki sátt.

6846

Sævar Ari Finnbogason

Fæðingarár: 1970 **Sveitarfélag:** 301 Hvalfjarðarsveit
Sveitarstjórnamaður, nemi
savarari@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er með BA próf í heimsspeki, hagfræði og stjórnmálafræði frá Háskólanum á Bifröst og stunda nú meistaranám í heimsspeki í Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnlagabing þarf að skipa fólk með raunsæjar hugmyndir og þekkingu á því hvað raunverulega á heima í stjórnarskrá.
Á núgildandi stjórnarskrá eru gallar sem Alþingi hefur reynst ófært að laga, s.s. að koma á raunverulegri þrískiptingu valds og þjóðaratkvæðagreiðslum. Mistakist stjórnlagabingi að semja nýja stjórnarskrá verður löng bið eftir að takist að lagfæra þá galla. Ábyrgð þeirra sem sækjast eftir kjöri til stjórnlagabings er því mikil.
Það er tímabært að Íslendingar setji sér stjórnarskrá um grundvallargildin og það stjórnkerfi sem þeir vilja búa við. Ný stjórnarskrá er ekki töfralausn á vanda þjóðarinnar en hún gæti orðið stórt skref fram á við fyrir lýðræðið.


2732

Tjörvi Guðjónsson

Fæðingarár: 1990 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Laganemi
tjorvi09@ru.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf.
International Baccalaureate Diploma.
Faxaflóahafnir.
Iðnaðarvinna.
Öryggisgæsla.
Laganemi í HR.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef ávallt haft mikinn áhuga á stjórnmálum í heild sinni, hérlandis sem og erlendis. Mér finnst stjórnarskrá okkar Íslendinga ekki vera eins þróuð og hún ætti að vera. Til þess að þróunin eigi sér stað er það mitt mat að einstaklingar alls staðar að úr þjóðfélaginu þurfi að eiga hlut að máli. Því finnst mér eðlilegt að ég sem háskólanemi eigi fullt erindi til setu á stjórnlagabingi. Þetta er verk sem ég myndi vinna með miklu stolti, mikilli fagmennsku sem og yfirvegum.

8408

Theódór Skúli Halldórsson

Fæðingarár: 1951 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Framkvæmdastjóri
tsh@centrum.is

Menntun/starfsreynsla:

Útskrifaður VÍ 1971, viðskiptafræði (diplóma) frá HR 2004.
Starfa sem framkvæmdastjóri fyrir HBH Byggir ehf. í Reykjavík. Framkvæmdastjóri eftirtalinna fyrirtækja: Harpa tónlistarhús 2007-2009, Hjúkrunarheimilið Fellsendi 2003-2007, SÁÁ 1990-2002 og Sölusamtök lagmetis 1980-1990 o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að reynsla mín úr atvinnulífni og af félagsstörfum, svo og áhugi minn á landi og þjóð, geti reynst vel við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þess vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings. Umfram allt tel ég að stjórnarskráin þurfi að samræmast hugmyndum okkar Íslendinga um réttlátt þjóðfélag sem hlúir að framtaksvilja einstaklinganna. Stjórnarskráin á að vera rammi velsæðar, ekki aðeins fyrir okkur mannfólkið heldur ekki síður náttúru landsins sem við höfum fengið til afnota. Með framboði mínu vil ég leggja mitt af mörkum til að tryggja sem bestan árangur af þeirri vinnu sem framundan er.

6428

Tryggvi Gíslason

Fæðingarár: 1938 **Sveitarfélag:** 201 Kópavogi
Fv. skólameistari, málfraeðingur
tryggvi.gislason@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Meistarapróf í íslensku frá Háskóla Íslands 1968, sérgrein málfraeði. Fréttamaður RÚV 1962-1968. Kennari við Universitetet í Bergen 1968-1972. Deildarstjóri í menningardeild Nordisk ministerráð í Kaupmannahöfn 1986-1990. Bæjarfulltrúi á Akureyri 1978-1982. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri 1972-1986 og 1990-2003.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til þess að leggja mitt af mörkum við að móta nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Stjórnarskrá skal tryggja öllum lýðræðisleg mannréttindi, félagslegt öryggi, jafnrétti á öllum sviðum og frelsi til orða og athafna, treysta undirstöður nútímalýðræðis, sem er mannvirðing og umburðarlyndi, tryggja réttlátt samfélag, skýra þrískiptingu valds, eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindum, landsréttindi og umhverfisrétt sem móti samskipti fólks við umhverfi sitt.
Stjórnarskrá skal reist á skýlausri virðingu fyrir öllum einstaklingum, traustri siðvitund og stuðla að virðingu fyrir sögu Íslands og hefðum íslenskrar tungu. Stjórnarskrá skal vera á vönduðu máli og gagnorð svo að allir skilji.

7352

Tryggvi Helgason

Fæðingarár: 1932 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Fv. flugmaður
tryggvi.helgason@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Gagnfræðingur frá Gagnfræðaskóla Akureyrar.
Flugstjórarréttindi. Starfaði við flug og flugrekstur á Akureyri í tvo áratugi, þar með áætlunarflug, leiguflug, sjúkraflug og flugkennslu.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef ávallt haft töluverðan áhuga á stjórn málum þótt ég hafi ekki tekið mikið virkan þátt í stjórn mállum. En nú þegar fregnir bárust af hinum væntanlegu kosningum til stjórnlagabings þá vaknaði áhugi minn á því að leggja mitt af mörkum sem og að reynsla mín og þekking gæti orðið að gagni við endurskoðun hinna ýmsu þátta stjórnarskrárinnar.

Stjórnarskrá Íslands er undirstöðu- eða grunnlög þjóðarinnar. Tel ég að það sé af hinu jákvæða að til endurskoðunar stjórnarskrárinnar veljist menn með víðtæka þekkingu úr hinum ýmsu greinum atvinnulífsins.

6967

Úlfur Einarsson

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Ráðgjafi á neyðarvistun Stuðla
ulfure@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Að loknu stúdentsprófi hóf ég nám í sagnfræði við Háskóla Íslands og lauk BA gráðu árið 2008. Síðan hef ég stundað M.Paed. nám í sagnfræði.
Ég hef starfað við kennslu á grunn- og framhaldsskólástigi, fangavörslu og sem ráðgjafi á neyðarvistun Stuðla.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Áhugi minn á stjórnarskránni kviknaði við gerð á lokaverkefni mínu í sagnfræði þar sem umfjöllunarefnið var stjórnarskrárbreyting árið 1959. Sú breyting var eingöngu á sviði kjördæmamála. Þegar ég kynnti mér viðfangsefnið sá ég að alþingismenn höfðu átt í nokkrum erfiðleikum með að endurskoða stjórnarskrána í heild. Ég tel að ástæða þess sé helst sú að þingmenn geti ekki hróflað við kjördæmaskipan og stjórnskipun ríkisins vegna þess að þeir eru of nátengdir ríkjandi fyrirkomulagi.

Af þessum sökum tel ég rétt að veita stjórnlagabingi vald til að útbúa nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið og tel ég mig geta hjálpað til við þá vinnu en helstu áherslur mínar við framboðið verða á fyrrnefndum sviðum.

7638

Tryggvi Hjaltason

Fæðingarár: 1986 **Sveitarfélag:** 900 Vestmannaeyjum
Nemi
tryggvi@inbox.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá FÍV, hæsta einkunn.
B.Sc. gráða í alþjóða öryggismála- og greiningarfræðum frá Embry Riddle University, hæsta einkunn.
Er nú í meistaranámi í fjármálum við Háskóla Íslands.
Hef starfað við greiningu öryggis- og löggæslumála hjá dómsmálaráðuneytinu.
Starfað sem lögreglumaður í afleysingum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

- Góðum ákvæðum stjórnarskrárinnar og grundvallargildum sé ekki breytt í flýti eða reiði.
- Stjórnarskráin sé skýr og auðskilin og gefi ekki rými til mistúlkunar.
- Hlutverk forseta sé skýrt og ótvírætt.
- Ríkisstjórn séu sett valdmörk til að tryggja réttindi borgaranna.
- Ríkisstjórnin er fyrir þjóðina en ekki öfugt.
- Stjórn Íslendinga á eigin málum sé tryggð með sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar.
- Stjórnskipanin verður að tryggja réttaröryggi og stöðugleika við meðferð ríkisvalds og pólitíska kerfið á Íslandi verður að endurspeglar vilja þjóðarinnar.
- Stuðlað sé að sátt um eignarhald á auðlindum þjóðarinnar með sjálfbæra og arðbæra nýtingu að leiðarljósi.

2512

Vagn Kristjánsson

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 600 Akureyri
Lögreglumaður
vaggik@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Sveinspróf í húsasmíði 2004. Lögregluskóli ríkisins 2006.
Búfræðingur frá LBHÍ 2007. Sjúkraflutningamaður EMT-B 2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Með framboði mínu til setu á stjórnlagabingi lýsi ég því yfir að ég er reiðubúinn að vinna í þágu þjóðarinnar að endurskoðun á stjórnarskrá Íslands. Stjórnarskráin er grundvallarrit um uppbyggingu stjórnskipunar landsins og kveður á um og ver grundvallarréttindi borgaranna. Kominn er tími á endurskoðun stjórnarskrárinnar og tel ég m.a. að endurskoða þurfi þrískiptingu valdsins þar sem skýrari aðgreining verði á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins.

Ég tel mig hæfan og tilbúinn að vinna við verkefni sem endurskoðun á stjórnarskránni er og tel brýnt að sá hópur sem kosinn verður hafi sem breiðasta reynslu úr atvinnulífinu og komi alls staðar að af landinu.

7121

Tryggvi Magnús Þórðarson

Fæðingarár: 1956 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Próunarstjóri
tryggvi@tryggvi.org

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi.
B.Sc. próf í vélaverkfræði frá háskólanum í Dundee í Skotlandi árið 1980.
Vann hjá Skipadeild Sambandsins eftir nám. Stofnaði Hugbúnað hf. 1984 ásamt fleirum og hef unnið þar við hugbúnaðargerð síðan. Um tíma einnig formaður tækninefndar Samtaka verslunarinnar í USA.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá hvers lands er grunnur lagasetningar, lýðræðis og réttinda íbúanna. Eins og önnur mannanna verk þarf að vera hægt að aðlaga hana breyttum áherslum og breyttum aðstæðum sem verða á tímans rás. Gangna þarf úr skugga um að breytingar á henni séu mögulegar en bylting erfið. Allt frá því við fengum stjórnarskrána hafa breytingar á henni reynst Alþingi og stjórnvöldum erfiðar og í sumum tilvikum ómögulegar og því nauðsynlegt að koma á sérstöku stjórnlagabingi.

Ég vil leggja mitt af mörkum við uppbyggingu þess þjóðfélags sem reisa á í kjölfar hruns þess er varð haustið 2008 og tel að ég þjóni því best með því að taka þátt í gerð hinar nýju stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

8276

Valdimar Hergils Jóhannesson

Fæðingarár: 1941 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Blaðamaður
vald@centrum.is

Menntun/starfsreynsla:

Upphafspróf í læknisfræði og viðskiptafræði.
Löggildingarpróf fasteignasala. Mörg störf til lands og sjávar á námsárum, m.a. fimm sumur í sveit og fjögur til sjós.
Ritstjórnarfulltrúi á Vísi, þáttastjórnandi í útvarpi og sjónvarpi. Eigin rekstur með öðru samfelld frá 1971 m.a. framkvæmdastjóri Alþýðublaðsins.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til að berjast fyrir því að tekið verði ákvæði í stjórnarskrá sem tryggir þjóðareign á fiskveiðiauðlindinni. Ég berst fyrir auknu lýðræði með því að landið verði eitt kjördæmi og þjóðin geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál ef 10% kjósenda krefjast þess.

Ég tel rétt að aðskilja kosningu framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og að þingmönnum verði fækkað í 30. Alþingi veiti ríkisstjórn aðhald og komi að skipun dómara. Ég vil veita ríkisbákninu aðhald og að ekki megi afgreiða fjárlög með halla eða leggja skuldbindingar í miklum mæli á komandi kynslóðir. Ég berst fyrir auknu atvinnufrelsi og jafnræði borgaranna, m.a. jöfnum aðgangi að sameiginlegum náttúruauðlindum þjóðarinnar.

2171

Valdís Steinarrsdóttir

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Framkvæmdastjóri, öryggisvörður
prosec@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Framkvæmdastjóri ProSec ehf., skrifstofu- og bókhaldstæknir, skyndihjálparleiðbeinandi, dyravörður. Fyrirverandi verkefnastjóri hjá RKÍ, fyrirverandi formaður Bifhjólasamtaka Lýðveldisins, Snigla, með setu í Umferðarráði til skamms tíma.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Æðstu lög Íslands, stjórnarskráin, eru mér hjartans mál. Í starfi mínu hef ég þurft að vitna í stjórnarskrána og veit því hve mikilvægt skjal hún er. Ég held að reynsla mín og vinna með hinum ýmsu þjóðfélagshópum geti nýst við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég tel mikilvægt að velja fulltrúa á stjórnlagabing úr sem flestum þjóðfélagshópum/stigum. Til að lýðræðið virki þarf stjórnarskráin að vera lifandi.

5328

Viðar Helgi Guðjohnsen

Fæðingarár: 1983 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Lyfjafræðingur
vhg1983@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 2004. BS-próf í lyfjafræði frá Háskóla Íslands 2008. MS-próf í lyfjafræði frá Háskóla Íslands 2010. Sjónvarpsþáttastjórnandi 2009-2010. Starfandi lyfjafræðingur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings til að herða og styrkja þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem snúa að sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar. Ég vil koma í veg fyrir að andstæðingar fullveldis nái fram hugmyndum sínum um valdaframsal til stofnana staðsettra á meginlandi Evrópu, valdaframsal sem verður án efa stórfelldasta spellvirki sem unnið hefur verið á íslensku þjóðinni frá árinu 1262 fari það í gegn. Jafnframt vil ég að aðkoma almennings að löggjafarvaldinu verði aukin með auknu lýðræði. Ákveðinn hluti þjóðarinnar á að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um stór samfélagsleg ágreiningsefni. Stjórnlagadómstóll sé til staðar sem tryggir að ekki verði brotið á stjórnarskrá Lýðveldisins.

7264

Valgarður Guðjónsson

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Kerfisfræðingur
valgardur@staki.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá MK 1979. Nám í tölvunarfræði við HÍ. Hef unnið við hugbúnaðargerð hjá VKS 1983-1992, sjálfstætt 1992-1996, hjá Kuggi 1997-2006 og frá 2006 hjá Símanum, Anza og Staka. Meðal verkefna sem ég hef unnið við eru rúmlega 20 útsendingar kosningasjónvarps.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vona að stjórnlagabing skili stjórnarskrá sem almenn sátt er um, stjórnarskrá sem farið verður eftir og er skýr og skiljanleg. Stjórnarskráin þarf að vera ramma utan um lög, skilgreina vald og ábyrgð stjórnsýslu og tryggja mannréttindi, jafnræði og frelsi. Ég vil sjá meiri skiptingu valds, beint lýðræði og aðskilnað ríkis og kirkju. En við svona vinnu skiptir máli að hlusta, taka rökum og geta skipt um skoðun ef svo ber undir. Ég vona að löng reynsla af hönnun tölvukerfa nýtist við þessa vinnu, að greina aðalatriði, vinna úr óskipulegum upplýsingum og sjá fyrir hugsanleg vandamál. Þá skiptir vonandi máli að ég er ekki fulltrúi neinna hagsmunahópa eða stjórnmálaflokka.

3051

Vigdís Erlendsdóttir

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Sálfræðingur
vigdis@grindavik.is

Menntun/starfsreynsla:

Að loknu stúdentsprófi lærði ég til hjúkrunarfræðings. Ég starfaði sem hjúkrunarfræðingur með sálfræðinami sem ég lauk með embættisprófi frá Háskólanum í Björgvin árið 1995. Sálfræðingur hjá Reykjanesbæ til ársins 1998, forstöðumaður Barnahúss frá 1998 til 2007, nú sálfræðingur hjá Grindavíkurbæ.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil taka þátt í að koma á lýðræðisumbótum með því að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald, þingmönnum verði fækkað, landið verði eitt kjördæmi, settar verði reglur um þjóðaratkvæði, embætti forseta verði aflagt og ríki og kirkja aðskilin, reglum um skipan dómara verði breytt í því skyni að tryggja sjálfstæði þeirra og ákvæði verði sett sem tryggja að auðlindir og arður af þeim verði í þjóðareigu.

2545

Valgerður Pálmadóttir

Fæðingarár: 1984 **Sveitarfélag:** 41833 Göteborg, Svíþjóð
MA í hugmyndasögu, stuðningsfulltrúi á sambýli
valapalm@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá MH 2004. BA í heimsspeki og félagsfræði frá HÍ 2007. MA í hugmyndasögu frá Gautaborgarháskóla 2010. Ég hef unnið við umönnun aldraðra og fatlaðra, afgreiðslu í kvikmyndahúsi og verkefnisstjórn og rannsóknir í jafnréttismálum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég á það sameiginlegt með mörgum jafnöldrum mínum að hafa nýlokið námi og er í þann mund að stíga út á vinnumarkaðinn nú þegar Íslendingar standa frammi fyrir því að þurfa að endurskoða margt í stjórnarari síðustu ára. Ég hef mikinn áhuga á mannréttindamálum, kvenfrelsi og umhverfismálum og vil beita mér fyrir jafnara samfélagi fyrir alla. Ég tel að aukin lífsgæði þurfi ekki að felast í aukinni neyslu, löngum vinnudegi og auknum hagvexti. Íslenskt samfélag hefur þróast í átt að aukinni misskiptingu gæða og valds og þeirri þróun vil ég sporna gegn. Ég tel að Íslendingar þurfi að endurskoða sameiginlegt verðmætamat sitt.


5471

Vigfús Andrússon

Fæðingarár: 1947 **Sveitarfélag:** 861 Rangárpíngi eystra
Bóndi, grunnskólakennari
sellaug@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Grunnskólakennari frá KÍ 1973. Áður einn vetur í Bondelagets Folkehøgskole í Noregi. Hef starfað við kennslu samtals nær tvo áratugi. Með kennslunni hef ég verið með búskap í Berjanesi frá árinu 1978.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er tilbúinn til að taka þátt í því verkefni sem stjórnlagabinginu er ætlað. Það er tækifæri til að koma hugmyndum áleiðis til að bæta og styrkja lýðræðið ásamt öðru til góðs fyrir land og þjóð. Það er tímabært verkefni sem fyrir liggur. Margt þarf skoðunar við, t.d. verksvið forsetans og kjör til embættisins, tengsl ríkis og kirkju, eignarhald og ráðstöfun auðlinda til lands og sjávar, þjóðaratkvæði um mikilvæg mál og svona má lengi telja. Hver þau atriði sem upp koma í umfjöllun stjórnlagabingsins er mikilvægt að ígrunda af heilindum og óháð stundarhagsmunum hvers konar samtaka, félaga eða pólitískra flokka. Af auðmýkt og einurð geng ég til verksins verði ég valinn.

6505

Vignir Bjarnason

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 356 Snæfellsbæ
Verkamaður
vignirbj@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Skipstjórnarmenntun 2. stigs. B.Sc. í Business
Administration frá Danmörku. Hef unnið við verslun,
sjómennsku, byggingariðnað og margt fleira.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ástæða þess að ég hef ákveðið að bjóða mig fram til setu á stjórnlagabingi er sú að ég tel að til þess að endurreisn efnahags Íslands verði farsæl þá þurfi skýrar leikreglur. Stjórnarskrá Íslands er mjög mikilvæg af mörgum ástæðum og í henni eru mörg mikilvæg og góð atriði en einnig önnur atriði sem þarf að lagfæra. Stjórnlagabingið hefur tækifæri til þess að hafa mjög jákvæð áhrif á þróun mála í íslenskum stjórnámálum. Með því að skerpa á ákvæðum stjórnarskrárinnar sem snúa að ríkisstjórn og Alþingi er unnt að gera leikreglurnar skýrari og starf Alþingis og ríkisstjórnar skilvirkara. Ég býð mig fram til að taka þátt í þessu starfi og aðstoða þannig við að endurreisa efnahag Íslands

7418

Vilhjálmur Andri Kjartansson

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Háskólanemi

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík.
Laganemi í Háskóla Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Umturnum ekki stjórnarskránni.
Stutta og skilmerkilega stjórnarskrá um grundvallaratriði:
Stjórnarskráin er lagaleg kjölfesta samfélagsins. Henni ber því að vera stutt, skýr og auðskilin yfirlýsing um almenn grundvallaratriði.
Aðferð en ekki áfangastaður:
Stjórnarskráin verður að vera hafin yfir pólitískt dægurþras. Farsælli stjórnarskrá er alls ekki ætlað að vera endanleg lausn á öllum pólitískum ágreiningi.
Stöndum vörð um fullveldið:
Framsál á fullveldi er skerðing á sjálfsákvörðunarrétti komandi kynslóða. Slík ákvörðun verður að njóta stuðnings aukins meirihluta þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

9772

Vignir Ari Steingrímsson

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 190 Sveitarfél. Vogum
Atvinnulaus
vignira@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Vann 12 ár hjá Stórkaup, þar af 5 síðustu árin sem verslunarstjóri.
Hef unnið við ýmislegt til sjávar og sveita, s.s. beitingu, byggingarvinnu, garðyrkju, grjóthleðslu, vegagerð á vörubílum og vinnuvélum, vaktstjóri á Gauk á Stöng í 5 ár. Var í diplómanámi í verslunarstjórnun frá Bifröst, á eftir ár þar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mér finnst ég eiga fullt erindi á þetta þing. Ég hef ákveðnar skoðanir á því hvernig farið er með t.d. auðlindir okkar og hvert eignarhaldið er, þar á ég t.d. við hafið, orkuna, vatnið og hvers kyns auðlind sem er. Eins hef ég ákveðnar skoðanir á því kosningafyrirkomulagi sem við lýði er í dag og vil breyta því til þess að við almenningur höfum meira um það að segja hvað sé gert. Ég vil að menn og málefni séu kosin en ekki að flokksræðið sé svo algert eins og er í dag. Ég er á móti þeirri eiginhagsmunapólitík sem hefur tröllriðið þjóðfélaginu. Ísland í dag er ekki það þjóðfélag sem ég ólst upp við þar sem dugnaður og þolgæði voru í hávegum höfð og menn fengu að njóta ávaxta erfðis síns.

2699

Vilhjálmur Sigurður Pétursson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Vélvirki
vsop@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Vélstjóráskóli Íslands 1973-1975.
Iðnskólinn í Reykjavík, vélvirkjun 1976-1980.
Sveinspróf í vélvirkjun 1982, meistarabréf í vélvirkjun 1985.
Stofnaði og rak fyrirtækið Zinkstöðina hf. 1983-2001.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef áhuga á málefnum líðandi stundar og mér finnst löngu orðið tímabært að stjórnarskráin sé færð til nútímans og aldrei hefur verið betri sátt og ákafi í þjóðfélaginu til þess en núna.
Ég tel að ég sem nemi, meistari í vélvirkjun, fyrrverandi framkvæmdastjóri í eigin fyrirtæki og þátttakandi í félagslífi og ekki síður sem eiginmaður, faðir og afi hafi margt fram að færa í tengslum við stjórnlagabing.

2831

Viktor Orri Valgarðsson

Fæðingarár: 1989 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Stjórnmálafræðinemi
viktororri@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Á öðru ári í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.
Stúdentspróf úr Kvennaskólanum í Reykjavík.
Stundakennari við Fjölbautaskólann í Garðabæ.
Þjálfari í Morfís og Gettu betur.
Fjögur sumur í skólagörðunum og þrjú í vinnuskólanum.
Þjónn á Galbi. Sit í Stúdentaráði fyrir Skrókvu og hef sinnt ýmsum félagsstörfum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég er þeirrar skoðunar að það sé stór hluti af endurreisn íslensks þjóðfélags að þjóðin geri með sér nýjan samfélagssáttmála og stjórnarskrá utan um hann.
Ég hef mikinn áhuga á þjóðmálunum og tel mikilvægt að ungt fólk hafi fulltrúa á stjórnlagabingi. Ég legg sjálfur m.a. áherslu á beint lýðræði og samstöðulýðræði, skynsamlega valdreifingu, ótvíræð mannréttindi og umbætur á stjórnskipan. Stjórnarskráin þarf að vera skýr og hún þarf að skilgreina ábyrgð valdhafa og réttindi borgara í reynd. Hún má ekki vera einkamál lögfræðinga.

3183

Vilhjálmur P. Á. Vilhjálmsson

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Lögfræðingur
vilhjalmurthor@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég er með meistarapróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Áður nam ég hagfræði til tveggja ára við sama skóla. Meðfram námi var ég m.a. gjaldkeri Ökonomiu og formaður Orators. Í lögfræðistörfum hef ég starfað við lögmennsku, félagarétt, aðstoðað fólk í fjárhagserfðileikum og stuðlað að samkeppni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að við höfum aldrei haft betra tækifæri til að jafna atkvæðavægi í landinu. Það er langtum lýðræðislegra að málskotsrétturinn sé hjá borgurinum. Sem lið í dreifingu valds er ég opinn fyrir lýðræðislegri leiðum við val framkvæmdarvalds. Ber í þessum efnum þó að stíga varlega til jarðar. Ég er opinn fyrir því að takmarka hendur fjárveitingarvaldsins sem í dag getur skuldbettað ríkið án ástæðu og rökstuðnings. Stjórnarskráin er góð. Lengi má þó gott bæta.

2325

Vilhjálmur Þorsteinsson

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Stjórnarformaður CCP

**Menntun/starfsreynsla:**

Stúdent af eðlisfræðisviði MH. Starfaði sem forritari, hugbúnaðarhönnuður og tæknistjóri í eigin fyrirtæki frá 1983. Hef verið stjórnarmaður í ýmsum upplýsingatækni- og fjarskiptafyrirtækjum innanlands og utan, m.a. stjórnarmaður í CCP frá 2003 og stjórnarformaður þess frá 2006.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Nýtt stjórnskipulag byggt á nýrri stjórnarskrá er leið til að laga margt af því sem reynst hefur illa og leggja grunn að betra þjóðfélagi. Ég vil sjá ráðherra valda á grundvelli hæfni og reynslu, þing sem mótar stefnu og veitir aðhald, og sjálfstæðari dómstóla. Ég vil gagnsæja, faglega stjórnsýslu og betri rétt borgaranna gagnvart henni. Ég vil trúfrelsi í reynd og skýra sameign auðlinda til lands og sjávar. Ég vil að landið verði eitt kjördæmi, auka möguleika á persónukjöri og gera þjóðinni kleift að greiða atkvæði um mikilvæg mál. Stjórnlagabingdið er að mínu mati eitt stærsta umbótatækifæri í íslenskum stjórnámum frá stofnun lýðveldisins og afar mikilvægt að nýta það vel.

8969

Porgeir Tryggvason

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Texta- og hugmyndasmiður
toggitryggva@gmail.com

**Menntun/starfsreynsla:**

Stúdent frá MA, BA í heimspeki frá HÍ. Sjálfstætt starfandi texta- og hugmyndasmiður. Fæst líka við önnur ritstörf, einkum leikritun, sem og tónsmíðar og tónlistarflutning. Virkur í félagsmálum leiklistarfólks og tónlistarmanna og er nú formaður Bandalags íslenskra leikfélaga.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Mikilvægustu og erfiðustu úrlausnarefni stjórnlagabings tel ég verða þrjú. Fyrirkomulag þingkosninga, útfærsla á skilyrðum fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum og eignarhald á sameiginlegum auðlindum. Mikilvægust vegna þess að þessi mál tengjast beint ástæðum þess að nú er ráðist í þetta verkefni. Erfiðust vegna þess að öllu skiptir að skýrt verði kveðið að orði og svigrúm til túlkunar þröngt þegar vilji þingsins liggur fyrir. Lífið hefur eftir forvitni mína um mannlegt samfélag. Menntun mín þjálfði mig í að hugleiða hvað sé réttlátt og farsælt. Starfsreynslan hefur kennt mér að orða hugsanir á skýran og einfaldan hátt. Ég býð mig fram.

6483

Þorbergur Þórsson

Fæðingarár: 1961 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Hagfræðingur
thorbergur.thorsson@gmail.com

**Menntun/starfsreynsla:**

BA próf í heimspeki og MS próf í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hef unnið fjölmörg störf til sjós og lands, seinni árin einkum í stjórnsýslunni og við kennslu á háskólastigi. Hef einnig unnið talsvert við þýðingar í um 20 ár og þýtt m.a. skáldsögur og bækur um heimspeki og hagfræði.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Á stjórnlagabingi munu fulltrúar vinna saman að endurskoðun stjórnarskrár. Stjórnarskráin þarf að kveða á um stjórnskipan landsins á skýran og greinargóðan hátt. Stjórnskipanin þarf að vera hvetjandi fyrir málefnalega og menntandi umræðu með víðtækri þátttöku almennings. Efla þarf lýðræði. Þess vegna kemur til greina að setja tímatakmörk á feril stjórnámalanna, auðvelda fólki að bjóða sig fram til Alþingis og gera ríkisstjórnina sameiginlega ábyrga fyrir gerðum hvers ráðherra. Fleira má nefna. Ég tel náttúruvernd vera eitt mikilvægasta hlutverk ríkisins og kveða þarf á um hana. Einnig um þjóðareignir. Skýra þarf hlutverk forsetans en ég tel embætti hans gagnlegt. Efla þarf dómstólana.

2853

Porkell Helgason

Fæðingarár: 1942 **Sveitarfélag:** 225 Sveitarfél. Álftanesi
Stærðfræðingur
thorkellhelga@simnet.is

**Menntun/starfsreynsla:**

Nám í stærðfræði í Göttingen, München og við MIT, doktorspróf þaðan 1971. Prófessor við Háskóla Íslands. Aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra. Ráðuneytisstjóri. Orkumálastjóri. Stjórnarformaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ráðgjafi opinberra aðila í skattamálum, fiskveiðistjórnun og kosningamálum.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Ég býð mig fram til að vinna að vandaðri stjórnarskrá. Til þess býð ég menntun mína, langa og fjölbreytta starfsreynslu og ekki síst reynslu og sérþekkingu í kosningafræðum. Stjórnarskrá á að vera sáttmáli okkar um lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Þetta séu grunnildi í samfélagi þar sem manningum sé sýnd virðing og allir fá meira að vita og hafa áhrif. Stjórnarskráin verði þjóðinni eftir þjóðinni eftir megni vörn gegn græðgi sérhagsmunaseggja og afglöpum í stjórnarháttum. Ég hef mótaðar skoðanir um stjórnarskrána en hlusta og tek rökum. Sátt fæst aðeins með samræðu á stjórnlagabingi og samráði við þjóðina. Ég hef almannaheill að leiðarljósi. Ég þigg engin fjárframlög og dreg ekki taum sérhagsmunna.

2809

Þorfinnur Ómarsson

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Ritstjóri
thorfinnur@hotmail.com

**Menntun/starfsreynsla:**

Þorfinnur Ómarsson hefur fjölþætta reynslu af þjóðmálum undanfarin 25 ár. Hann hefur starfað við flestar tegundir fjölmiðla, var framkvæmdastjóri Kvikmyndamiðstöðvar og stýrði fjölmiðlanámi HÍ. Þorfinnur hefur tvö masterspróf, talar mörg tungumál og hefur búið í fimm löndum í fjórum heimsálfum.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Stjórnlagabing er einstakt tækifæri til þess að meta frá grunni þau gildi sem skipta íbúa landsins mestu máli og hvernig samband íbúa við ríkisvald og stofnanir getur stuðlað að sem mestri velsæld í landinu. Stjórnarskrá Íslands er óljóst plagg og hefur almenningur ekki mikla vitund um það hvernig hún er uppbyggð. Stjórnarskrá á að vera sáttmáli um það í hvernig samfélagi við viljum búa og hvernig hver einstaklingur getur notið sín. Brynt er að þetta tækifæri fari ekki forgörðum enda óvist hvort og hvenær það gefst aftur. Því er mikilvægt að á stjórnlagabing veljist drifandi og hugmyndaríkt fólk með djúpa réttlætiskennd og virðingu fyrir samfélaginu öllu. Ég er reiðubúinn í það verkefni.

2358

Þorsteinn Arnalds

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Verkfræðingur
thorsteinn.arnalds@gmail.com

**Menntun/starfsreynsla:**

Stúdent frá MR, véla- og iðnaðarverkfræðingur frá HÍ og með meistaraþróf í tölfræði frá University College London. Hef starfað við snjóflóðahættumat, verið ráðgjafi í upplýsingatækni, kennt við HÍ og THÍ og gert fasteignamat. Er nú aðstoðarframkvæmdastjóri mats- og hagsviðs hjá Þjóðskrá Íslands.

Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?

Stjórnarskrá er alvörumál. Þar er skipað grundvallarlögum hvers ríkis sem standa eiga óháð dægurhugmyndum, skyndilausnum og tiskusveiflum. Stjórnarskrá skal örsjaldan breytt og aðeins eftir vandlega umhugsun og af fullri yfirvegun. Megininntak stjórnarskrár okkar er fjarri því að vera úrelt og skammt er að minnast gagn Gerrar endurskoðunar mannréttindaákvæða hennar. Stjórnarskráin kom bankabrotinu ekki við og hún stendur ekki í vegi uppbyggingar eftir það. Afleitt væri að eyðileggja stjórnarskrána, ofan á allt annað. Teikn eru á lofti um að sótt sé að fullveldinu og eigi því að gera breytingar á stjórnarskránni. Nú er mikilvægast af öllu að staðinn verði traustur vörður um fullveldi landsins.

2501

Porsteinn Barðason

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Framhaldsskólakennari
steinibarda@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Framhaldsskólakennari í 12 ár. Jarðfræðingur frá HÍ. B.Ed. kennarapróf frá HÍ.
Stundaði MS nám í heildrænni hönnun í Seattle og umhverfisfræði við HÍ.
Náttúrufræðingur hjá Hollustuvernd ríkisins í 7 ár.
Við mælingar og eftirlit í Noregi og á Grænlandi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Tel mig hafa mikið að bjóða við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Gildi eins og réttlæti, frelsi, jafnrétti, heiðarleiki gagnsæi, einfaldleiki, réttlát skipting þjóðartekna og umhverfismál verða mín helstu baráttumál.

Stjórnarskráin á að vera einföld, skilvirk, réttlát og skiljanleg öllum.

5746

Porsteinn Jónsson

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 110 Reykjavík
Vélvirki
krabbi@visir.is

Menntun/starfsreynsla:

Vélvirki

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég tel að mín rödd verði að heyrast.

3678

Porsteinn Hilmarsson

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Heimspækingur
thorsteinnhilmarsson@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Ég lærði heimspæki við HÍ, í Ottawa, Kanada, og Berkeley í Bandaríkjunum. Undanfarið ár hef ég kennt háskólanemum um siðferði og ábyrgð og unnið að þýðingu rits um samband siðferðis og laga. Ég hef ritstýrt mörgum Lærdómsritum Bókmenntafélagsins. Ég var upplýsingafultrúi Landsvirkjunar í 18 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

- Ég vil að ný stjórnarskrá verði skýr og einföld um grundvallaratriði og að hún markist ekki af deiluefnum dagsins í dag.
- Byggja þarf á þeim siðrænu gildum sem mótað hafa þjóðina en þau má meðal annars marka af sögunni og niðurstöðu þjóðfunda undanfarin misseri.
- Mikilvægt er að stjórnarskráin skýri sem best hlutverk og ábyrgð hinna þriggja greina ríkisvaldsins og tryggji rétt einstaklingsins gagnvart því.
- Í stjórnarskránni þurfa að vera leiðir til að fá skorið úr mikilvægustu málum með þjóðaratkvæðagreiðslu.

2798

Porsteinn Viðar Sigurðsson

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Málarameistari
steini5@itn.is

Menntun/starfsreynsla:

Sveinspróf í húsamálun 1981. Meistararéttindi 1983. Hef rekið eigið fyrirtæki síðan. Formaður Málarameistarafélagsins frá 2007. Stjórnarmaður í meistaradeild Samtaka iðnaðarins. Landsforseti JC Íslands ásamt fjölda annarra trúnaðarstarfa fyrir Junior Chamber og önnur félagasamtök.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég trúi því að manngildi sé mesti fjársjóður jarðar en mér finnst að íslenskt þjóðfélag hafi beygt töluvert af þeirri leið. Ég hef þá skoðun að stjórnarskrá hvers þjóðfélags sé sá hornsteinn sem einstaklingarnir byggi sitt líf og öryggi á. Ég tel að við vinnslu á stjórnarskrá sé nauðsynlegt að til komi hópur fólks með ólíkan bakgrunn og með mismunandi lífsgildi. Ég er tilbúinn að leggja mitt af mörkum til að þjóðin geti fengið nýja stjórnarskrá sem hefur réttindi og öryggi einstaklingsins að leiðarljósi. Ég vil t.d. ekki aðskilja ríki og kirkju og er fylgjandi inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Ég vil setja tímamörk á hversu mörg ár alþingismenn og forseti Íslands geta setið.

2457

Porsteinn Ingimarsson

Fæðingarár: 1962 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Atvinnufultrúi Kópavogsbæjar
thorsteinni@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi. Bakaranám í Iðnskólanum í Reykjavík. Iðnrekstarfræði við Tækniskóla Íslands. Ég hef starfað við framleiðslu og verkstjórn í iðnaði, sölu- og markaðsstörf ýmiss konar, m.a. sem sölu- og markaðsstjóri hjá Smellinn á Akranesi. Starfa í dag sem atvinnufultrúi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til stjórnlagabings vegna þess að mig langar til þess að hafa áhrif til breytinga. Breytinga sem eru nauðsynlegar eftir stórfellt efnahagshrun og þá vanhæfni sem komið hefur í ljós hjá stjórnsýslunni. Gagnsæi þarf að vera lykilorðið í nýju þjóðfélagi.

Þau mál sem ég vil m.a. leggja áherslu á eru:

- Að landið verði gert að einu kjördæmi.
- Sett verði skýr ákvæði um þjóðaratkvæði í stjórnarskránni.
- Auðlindir verði festar í sessi sem þjóðareign í stjórnarskránni.
- Ríkið hætti afskiptum af trúmálum.
- Í stjórnarskrá verði sett skýr ákvæði um lágmarksframfærslu einstaklinga.

3403

Porvaldur Gylfason

Fæðingarár: 1951 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Prófessor
gylfason@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Porvaldur Gylfason er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands. Eftir hann liggja nítján bækur og á annað hundrað ritgerða og bókarkafla innan lands og utan auk 700 blaðgreina og fáienna sönglaga. Hann lauk doktorsprófi í Princeton og hefur starfað við kennslu, rannsóknir og ráðgjöf víða um heim.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hrunið land þarf að byrja með hreint borð. Ísland þarf nýja stjórnarskrá til að treysta þrískiptingu framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómvalds innan ramma þingræðisins. Stjórnarskráin þarf þó að kveða á um rétt forseta Íslands til að mynda utanþingsstjórn og til að vísa til þjóðaratkvæðis ekki aðeins frumvörpum, sem þingið samþykkir eins og nú er, heldur einnig frumvörpum, sem þingið hafnar. Tilskilinn hluti kjósenda þarf einnig að geta vísað lagafrumvörpum til þjóðaratkvæðis. Ný ákvæði þarf til að draga úr veldi stjórn málaflokka og hagsmunasamtaka. Einnig þarf ný ákvæði um eignarrétt þjóðarinnar yfir auðlindum og önnur mannréttindi, um gegnsæi og um hámarksfjölda þingmanna og ráðherra.

9607

Porvaldur Hjaltason

Fæðingarár: 1977 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Verslunarstjóri, viðskiptafræðingur
valdi@wurth.is

Menntun/starfsreynsla:

Verslunarstjóri, Wurth á Íslandi.
Fulltrúi, Vodafone.
Verslunarstjóri, Samkaup.
Sjónmaður, ýmsar útgerðir.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram af einskærum vilja til að láta gott af mér leiða og af áhuga mínum á málefnum sem snúa að stjórnarskrá Íslands. Ég tel mig hafa mikið fram að færa og mun beita mér fyrir því að unnið verði faglega á stjórnlagabingi og að sú niðurstaða sem þingið kemst að verði réttlát og ásættanleg fyrir alla. Ég hef ávallt haft áhuga og vilja til að láta gott af mér leiða fyrir allan almenning og tel ég þetta tilvalið tækifæri fyrir mig til þess og fyrir almenning til að njóta minna krafta.


9827

Pór Ludwig Stiefel

Fæðingarár: 1967 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Listamaður
thor@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Handelsskolen København Nord 1998-2000, Myndlista- og handíðaskóli Íslands 1988-1989, Menntaskólinn v/Hamrahlíð 1984-1988. Starfandi listamaður, verkamaður, grafískur hönnuður, sölumaður, markaðstengill.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Íslenskt stjórnkerfi krefst umtalsverðra breytinga. Eiginhagsmunir og skammtímasjónarmið verða að víkja fyrir heildarhagsmunum og framtíð lands og þjóðar. Eignarhald á auðlindum þjóðarinnar þarf að tryggja í stjórnarskrá lýðveldisins. Stjórnarskrá þarf að tryggja þegnum rétt til þátttöku í öllum mikilvægum ákvörðunum er varða framtíð og heill þjóðarinnar. Til að stjórnarskrá geti endurspeglad vilja fólksins í landinu þarf að sitja sem fjölbreyttastur hópur Íslendinga á stjórnlagabingi. Hagsmunir allra samfélags-hópa og stétta þurfa að heyrast. Ég vil tryggja að á Íslandi ríki réttlæti í hvívetna, alltaf og fyrir alla Íslendinga; grunnurinn að því liggur í stjórnarskrá Íslands.

5372

Porvaldur Hrafn Yngvason

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Lögræðingur, fulltrúi
Torvaldur@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

BA í lögræði 17. janúar 2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil láta til mín taka við endurbætur á stjórnarskrá lýðveldisins. Stjórnarskráin eru þau bein sem Ísland byggist á. Nú stendur til að endurskoða stjórnarskrána með tilliti til þeirra réttarbóta sem átt hafa sér stað á þeirri rúmlega hálfu öld síðan núverandi stjórnarskrá var samþykkt nær einróma. Ég vil leggja mitt af mörkum í þeirri vinnu og er tilbúinn að leggja mig allan fram til að tryggja að vandað verði til þess verks. Ég vil að stjórnarskráin sé stutt, skýr og skilmerkileg. Stjórnarskráin á að vera hafin yfir pólitíska vinda líðandi stundar, hún á að skilgreina leikvöll stjórnskipunarinnar, samhliða því að vera skjöldur hins almenna borgara gegn ofríki stjórnvalda.

8826

Pórbjörn Sigurðsson

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Rannsóknarlögreglumaður

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf 1985.
Lögregluskóli ríkisins 1989.
Fjöldi námskeiða tengd lögglustörfum.
Starfandi lögreglumaður frá 1987. Skipaður rannsóknarlögreglumaður frá 1999.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég lít á þetta sem tækifæri til að taka þátt í að móta framtíðarsýn íslensku þjóðarinnar á okkar grundvallarlögum þegar verið er að sætta þjóðina eftir hörmungar hruns og kollsteypu þjóðfélagsins. Með endurskoðun stjórnarskrárinnar á að leggja hornstein að nýju endurreistu þjóðfélagi þar sem heyrast rödd þjóðarinnar. Þetta yrði þá stjórnarskrá skrifuð af fólkinu fyrir fólkið í landinu. Ég er algjörlega ópólitískur og legg áherslu á sannirni, hlutleysi og heiðarleika. Ég vil ekki fyrirfram leggja fram ákveðnar skoðanir um ákveðin málefni því ég fer fram á mínum verðleikum en ekki einhverjum fyrirfram mótuðum skoðunum. Stjórnarskráin á að vera einföld, auðskiljanleg og auðlesin.

4492

Pór Gíslason

Fæðingarár: 1964 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Verkefnastjóri, Reykjavíkurbæild Rauða kross Íslands
thorgisla@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

MPM (Master of Project Management) frá Háskóla Íslands 2010. BA-HHS (heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði) frá Háskólanum á Bifröst 2007.
Ljósmyndari. Iðnskólinn í Reykjavík 1991 og Diploma of Photography frá Fanshaw College 1997.
Hef starfað við verkefnastjórnun, ljósmyndun, meðferðarstörf o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til setu á stjórnlagabingi með vilja til þess að stuðla að opnum og heiðarlegum umræðum á milli ólíkra einstaklinga með margvísleg sjónarmið. Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að móta stjórnarskrá sem er einföld en gefur skýr viðmið um framkvæmd stjórnskipunar og grundvallarmannréttindi. Framsetning stjórnarskrárinnar og orðalag þarf að vera með þeim hætti að hinn almenni borgari velkist ekki í vafa um inntak hennar og geti staðið vörð um hana um langa framtíð. Allt framansagt mun ég hafa að leiðarljósi við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og tel að eiginleikar mínir, menntun og reynsla nýtist vel við þá krefjandi vinnu sem fram undan er.


3172

Pórður Eypórsson

Fæðingarár: 1979 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Nemi
thordure@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Starfaði sem sölustjóri Skólavefsins til ársins 2008.
Nemi í sálfræði við Háskóla Íslands. Sat í stjórn Animu, félags sálfræðinema, skólaárið 2009-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskráin þarf að tryggja rétt landsmanna og aðhald stjórnkerfisins. Skilja verður að þrískiptingu valdsins. Auðlindir landsins verði alltaf þjóðareign og tryggt að ríkið geti ekki skuldbundið þegna með lánum eða ábyrgð, nema upp að vissri prósentu af þjóðarframléiðslu. Stjórnarskráin sé skýr og auðveld og tengist ekki tíðaranda né ákveðnum öflum. Hún skal tryggja réttindi, skyldur og ábyrgð til langtíma fyrir þjóðina.

8529

Pórður Eyfjörð Halldórsson

Fæðingarár: 1966 **Sveitarfélag:** 230 Reykjanesbæ
Starfar sjálfstætt
thor.hall@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Kerfisfræðingur frá TVÍ, starfaði við forritun og hugbúnaðargerð 1989-2004, mest hjá Taugagreiningu hf. en sjálfstætt starfandi síðan þá.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hin pólitíska barátta er ekki lengur milli vinstri og hægri hugmyndafræði, heldur milli einstaklingsins annars vegar og stórfyrirtækja og hagsmunahópa hins vegar. Ég vil berjast fyrir að tryggja réttindi einstaklingsins við gerð nýrrar stjórnarskrár. Ég er ekki meðlimur í neinum stjórnmálaflokki.

5196

Pórhildur Þorleifsdóttir

Fæðingarár: 1945 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Leikstjóri
thorhildurth@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá MA. Menntuð í Englandi og Þýskalandi. Leikstjóri, leikhússtjóri L.R. 1996-2000. Einn af stofnendum Kvennaframboðs og Kvennalista. Varaborgarfulltrúi 1982-1990. Sat á Alþingi 1987-1991. Nefndaseta á vegum Reykjavíkurborgar og Alþingis. Fjölmörg trúnaðarstörf innan lands og utan.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég bý yfir reynslu og þekkingu sem mun nýtast vel á stjórnlagabingi. Þyngst vega störf í Kvennaframboði og Kvennalista sem ég tók þátt í að stofna. Markmið beggja var virkja reynsla kvenna á öllum sviðum samfélagsins og að auka hlut þeirra og áhrif í stjórnun þess. Hugmyndafræðileg undirstaða var samráð, samábyrgð, mannréttindi og valddreifing. Vinnubrögð voru í anda þessara gilda og niðurstöðu um öll mál náð með sátt (consensus). Ég hef æ síðan látið til mín taka á opinberum vettvangi og verið virk í samfélagsumræðu, m.a. með ræðum, greinaskrifum og þátttöku í ótal þáttum. Auk þessa held ég að aðalstarf mitt, leikstjórn og stjórnun menningarstofnana, reynist drjúgt veganesti.

7594

Pórður Már Jónsson

Fæðingarár: 1974 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Lögfræðingur
thordurmj@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

ML gráða í lögfræði.
B.Sc. próf í viðskiptalögfræði.
Hef viðtæka og áralanga fyrri reynslu úr atvinnulífinu, m.a. úr sjómennsku, landvinnslu sjávarafurða, byggingarvinnu og verktakastarfsemi ýmiss konar.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Sameiginlegar auðlindir landsmanna eru á leið í einkaeigu. Nýting nýttastofna á Íslandsmiðum virðist til að mynda að fullu á leið í endanlegt forræði einstakra manna sem fá með því gríðarleg völd í þjóðfélaginu, sem er óhugnanleg ógn við lýðræðið. Ekki dugar að setja ákvæði í stjórnarskrá sem kveður á um að fiskistofnarnir séu sameign landsmanna. Fiskurinn í sjónum á sig sjálfur þar til hann er veiddur, hvort sem kveðið er á um það í stjórnarskrá eða ekki. Það er hins vegar í réttinum til að veiða, kvótanum, sem vandinn liggur. Mikilvægasta mál þjóðarinnar tel ég að sé að tryggja að allar auðlindir, þá ekki minnst fiskistofnarnir, séu í raunverulegri og ævarandi sameign íslensku þjóðarinnar.

3469

Pórir Steingrímsson

Fæðingarár: 1946 **Sveitarfélag:** 200 Kópavogi
Rannsóknarlöggrumaður
thorir@thorir.is

Menntun/starfsreynsla:

Útskrifaðist úr gagnfræðaskóla 1963, lauk námi í verslunar- og skrifstofustörfum frá Verzlunarskóla Íslands 1964, lauk námi frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1969 og frá Lögregluskóla ríkisins 1984. Hef starfað sem rannsóknarlöggrumaður frá 1980 og sótt fjölda námskeiða, tengd störfunum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil skapa nýtt Ísland og vinna að sátt meðal manna á stjórnlagabinginu, gæta þess að fram komi öll sjónarmið er stuðla að frelsi einstaklingsins, mannhelgin sé virt og að mannréttindin séu vernduð. Ég vil efla grunngildin, auka lýðræðið og að valdið komi beint frá þjóðinni. Ég vil skýrari reglur um æðstu stjórn ríkisins, greinilegri aðskilnað á milli löggjafarvalds, dómvalds og framkvæmdarvalds og endurskoða hlutverk forseta Íslands. Ég vil stöðu Alþingis á æðra stig með skýrari reglum um eftirlitshlutverk þess gagnvart framkvæmdarvaldinu, t.d. er varðar utanríkismál. Þá vil ég skýrari reglur um þjóðaratkvæði og leiðir þjóðarinnar til að hafa bein áhrif á ákvarðanatöku í umdeildum málum.

7836

Pórgnýr Thoroddsen

Fæðingarár: 1982 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Frístundaleiðbeinandi
thorgnyr@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Menntaskólinn við Hamrahlíð, útskrifaðist 2007.
Háskóli Íslands, menntavísindasvið, 2009 til dagsins í dag.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings. Ástæða framboðs míns er að þótt stjórnarskráin sé vissulega nothæf og gæti staðið óbreytt komandi ár, þá býðst Íslendingum einstakt tækifæri til að taka hana í gegn í eitt skipti fyrir öll. Þessar breytingar geta verið gerðar af fólkinu, fyrir fólkið og það er nákvæmlega það sem ég vil taka þátt í að gera.

6648

Pórir Sæmundsson

Fæðingarár: 1980 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Leikari

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent, H.Nissens vgs, Osló 1999. Lauk Statens Teaterhøgskole, Osló 2002. Hef unnið við leikarastörf í Noregi 2002-2007 og á Íslandi 2007-2010, m.a. í Þjóðleikhúsinu og í sjónvarpi. Byrjaði 14 ára í slorinu í Grímsey og hef unnið við málara-, kennslu- og afgreiðslustörf ásamt leiklistinni.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Fyrir hrun voru tálsýnir og von um skjótan hagnað leiðarljós þessarar þjóðar. Eftir ósköpin, sem yfir dundu, bregður öðrum tálsýnum fyrir augu okkar. Von um skjótar endurbætur, asi og kröfur um aðgerðir, þvinga okkur til skammtímalausna. Horfum fram á við, ræktum okkur sjálf og landið. Lokum augunum og sjáum fyrir okkur Ísland árið 2045 ... Sjáið? Hér eru tækifæri, hér er eldmóður og dirfska. Við erum hámenntað fólk sem talar sama tungumál og eigum sameiginlega hagsmuni. Hugssum ekki of skammt. Stjórnarskrá Íslands verður að endurskoða, skýra og bæta, í ljósi þess sem hér hefur fram farið. Án tengsla við hagsmunaaðila eða stjórnmálaöfl mun ég ganga til þess verks.

5218

Pórir Jökull Þorsteinsson

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Prestur
revthorir@hotmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Embættispróf í guðfræði frá HÍ 1992. Samvinnuskólinn á Bifröst 1985. Búfræðipróf frá Hólum 1976. Landspróf í Stykkishólmi 1975. Sendiráðsprestur í Kaupmannahöfn 2001-2010. Sóknarprestur á Selfossi 1994-2001. Prestur á Englandi 1998-1999. Sóknarprestur á Grenjaðarstað 1992-1994. Fréttamaður á RÚV 1986-1992. Bókhaldsfulltrúi hjá BSE.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá hvers ríkis er grundvallarlöggjöf þess um rétt og órétt og vitnar um fólkið sem við hana býr. Þess vegna er kosið til stjórnlagabings, að við skoðum hvort gildandi stjórnarskrá svari kröfum tímanna. Fyrir mér vakir að vera opinn fyrir nauðsynlegum breytingum á henni. Efla þarf sjálfstæði löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu og forsetaembættið þarf að meta að nýju. Lýðræði byggir á upplýstu samfélagi, því þarf að tryggja frelsi fjölmiðla. Stjórnarskrá á að verja borgarana fyrir stjórnvöldum og tryggja þeim sanngjarna og ábyrga valdastjórn. Sjálfstæði dómstóla er því brýn nauðsyn. Stjórnarskrá á að vera stutt og gagnorð. Ég reiði mig á stuðning þinn á kjördag.


5152

Pórunn Hálfánardóttir

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 701 Fljótsdalshéraði
Kerfisfræðingur
thorunn@austurnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent MA 1977. Kerfisfræði (60 einingar) HR 2002. Hef starfað sjálfstætt sl. 3 ár, mest við heimasíðugerð og kennslu á tölvunámskeiðum. Vann áður við kennslu í grunnskólum, við bókhald og skjalavörslu á skrifstofu, á tölvuverkstæði, í tölvuþjónustu og hugbúnaðargerð. Hef setið í kjörstjórn síðan 2004.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Hef mikinn áhuga á að gera stjórnkerfi okkar skilvirkara og færa það nær nútímanum. Persónukjör, rafrænar kosningar, breytingar á kjördæmaskipan, aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, skýrari reglur um hlutverk forsetans og skýrar reglur um sameiginlegar auðlindir eru málefni sem ég vil leggja áherslu á. Ég vil leggja mitt af mörkum til að afrakstur stjórnlagabings verði drög að stjórnarskrá sem verði fyrsta skrefið að nýju Íslandi, þar sem einstaklingurinn, réttindi hans og skyldur eru skýrar. Aðkoma fólks af báðum kynjum, á ýmsum aldri, úr dreifbýli og þéttbýli, er forsenda þess að svo megi verða.

2567

Pórolfur Sveinsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 311 Borgarbyggð
Bóndi
thorolfu@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Búfræðikandidat (B.Sc.) frá framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri 1975. Kúabóndi á Ferjubakka II í Borgarfirði 1978-2009. Hef unnið mikið að félagsmálum, m.a. formaður Landssambands kúabænda 1998-2009.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Við þá endurskoðun stjórnarskrárinnar sem nú hefur verið ákveðið að ráðast í er nauðsynlegt að fram komi sem flest sjónarmið og að einstaklingar með ólíkan bakgrunn og búsetu eigi þar hlut að. Í ljósi reynslunnar er óhjákvæmilegt að breyta nokkrum ákvæðum stjórnarskrárinnar og skýra önnur, einkum lýtur þetta að kjöri og valdmörkum forseta, rétti almennings til að ráða málum með þjóðaratkvæðagreiðslu og auknum möguleikum kjósenda til að raða í sæti á kjörlista. Stjórnarskráin er ekki tilraunaverkefni, því þarf að standa vörð um þau ákvæði sem vel hafa reynst og gæta þess að færa stjórnarskrána til betri vegar án þess að raska þeim grunngildum sem hún byggist á og varðveitir.

6956

Pórunn Hjartardóttir

Fæðingarár: 1965 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Myndlistarmaður, lesari
hjartardottir@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Er menntaður myndlistarmaður með fjölbreytta starfsreynslu: hljóðbókalesari, þýðandi, framkvæmdastjóri, verkefnisstjóri, prófarkalesari, blaðamaður, texta- og hugmyndasmiður, sjónvarpsþula, ráðskona, við móttöku- og skrifstofustörf, landvörslu og skúringar. Hef sótt fjölmörg námskeið af ýmsu tagi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings því að það er einstakt tækifæri til að hafa áhrif á framtíðina. Mikilvægt er að niðurstöður þjóðfundar 2010 verði hafðar til hliðsjónar við stjórnarskrárdöggin, en einnig að tryggja mannréttindi, réttlæti og jafnrétti fyrir alla þegna, sama hverjir þeir eru og hvaðan þeir koma. Skýrar reglur þarf um stjórnarfar og ábyrgð ríkisins á velferð þegna sinna. Skýrt þarf að kveða á um að allt vald kemur frá þjóðinni; að auðlindir í lofti, á láði og legi séu eign hennar og óframseljanlegar og að í öllum mikilvægum málum eigi þjóðin síðasta orðið í atkvæðagreiðslu. Nauðsynlegt er að sporna gegn flokksræði, einstaklings- og peningahyggju en styrkja gagnrýna hugsun.

2413

Pórunn Guðmundsdóttir

Fæðingarár: 1950 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Sagnfræðingur
thorunn@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

1993 BA í sagnfræði, 2002 MA í sagnfræði HÍ. 1974 Röntgentæknapróf. Röntgentæknir á LSH, Reykjalundi, Læknasetrinu og Domus Medica 1974-1989. Sagnfræðirannsóknir frá 1990. Vann hjá DeCode 1999-2006 við að búa til manntalið 1785 fyrir Íslendingabók. Sérfræðingur á Hagstofunni síðan 2007.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Áhugi minn á þjóðmálum er ástæða þess að ég býð mig fram til stjórnlagabings. Ég lít á stjórnlagabingið sem einstakt tækifæri til að breyta og bæta samfélagið. Ég tel að þörf sé á grundvallarbreytingum á stjórnarskránni og legg áherslu á eftirfarandi: Kjördæmaskipan: Landið eitt kjördæmi, persónukosningar til þings og sveitarstjórna og þrískipting valds þar sem forsætisráðherra er kosinn sérstaklega. Auðlindir: Auðlindir eiga að vera eign þjóðarinnar, óseljanlegar og nýting þeirra háð ströngum skilyrðum. Beint lýðræði og gegnsæi stjórnsýslunnar: Almennur aðgangur að upplýsingum býður upp á virkari þátttöku fólks í ákvörðunum sem skipta þjóðina máli.

3601

Pórunn Hilda Jónasdóttir

Fæðingarár: 1978 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Deildarstjóri
thorunn.hilda@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

BS í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst. Er í fæðingarorlofi til 1. janúar 2010 en starfa sem deildarstjóri á Tæknisviði hjá Vodafone.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Mér finnst mikilvægt að sjónarmið hins almenna borgara komi skýrt fram í breytingartilögum stjórnlagabingsins. Ég er óháð stjórnmálaflokkum eða hagsmunasamtökum, öðrum en afkomendum mínum og framtíðarþegnum landins. Ég vil skýrar leikreglur fyrir stjórnsýsluna og að þrískipting valdsins sé greinileg. Til að ná því fram verður að hafa lýðræðið að leiðarljósi. Í umhverfis- og auðlindamálum þjóðarinnar verður að hafa hagsmuni heildarinnar og þeirra sem erfa munu land í huga. Hvernig þær nýtast komandi kynslóðum best og sem lengst. Auðlindirnar eiga að vera öllum landsmönnum til góðs.

8694

Pórunn M.J.H. Ólafsdóttir

Fæðingarár: 1959 **Sveitarfélag:** 104 Reykjavík
Sjúkraliði
hallitoo@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Sjúkraliði að mennt.
Starfaði á Grensásdeild í 5 ár og óslitið á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi síðan 1984. Hef verið trúnaðarmaður í 17 ár og er aðaltrúnaðarmaður sjúkraliða í Fossvogi. Ég er einnig í kjaramálanefnd Sjúkraliðafélags Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég vil leggja mitt af mörkum til samfélagsins og standa vörð um lýðræðið, þar með að verja málskotsrétt forsetans.
Að auðlindir séu eign þjóðarinnar og arður þeirra nýtist þjóðinni til uppbyggingar og hagsældar.
Að ný stjórnarskrá verði réttlát og allir séu jafnir fyrir lögum.
Vil taka þátt í að byggja landið upp að nýju og auka traust milli fólks.
Ég vil að siðferðið verði bætt, ekki síður meðal almennings en stjórnámálanna og annarra.
Virða og varðveita gömul og góð gildi sem fyrir eru í stjórnarskránni.

8903

Ægir Örn Sveinsson

Fæðingarár: 1968 **Sveitarfélag:** 203 Kópavogi
Tölvunarfræðingur
aegiorn@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík, kennari frá KHÍ árið 1993 og tölvunarfræðingur frá HR árið 2002. Að auki stunda ég nú nám í opinberri stjórnarsýslu við HÍ. Störf við kennslu og upplýsingatækni en flest verkefni mín hafa verið á sviði opinberrar þjónustu. Starfa nú hjá Þjóðskrá Íslands.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings vegna þess að ég hef mikinn áhuga á því að vera þátttakandi í því stórkostlega verkefni sem mótun nýrrar stjórnarskrár hlýtur að vera. Ég lít á hlutverk mitt sem fulltrúa á þinginu fyrst og fremst þannig að mér er ætlað að hlusta á vilja þjóðarinnar sem kemur fram á þjóðfundinum 2010 og vinna úr þeim hugmyndum sem hann samþykkir að fela í hendur fulltrúa stjórnlagabingsins. Þjóðfundurinn hefur verið skipaður með vísindalegum hætti til þess að vera þverskurður þjóðar okkar og því er nauðsynlegt að virða niðurstöður hans. Önnur áherslumál eru m.a. að nýta upplýsingatækni og rafrænar kosningar til þess að vægi beins lýðræðis verði meira í samfélagi okkar.

2743

Ægir Björgvinsson

Fæðingarár: 1952 **Sveitarfélag:** 220 Hafnarfirði
Verkstjóri

Menntun/starfsreynsla:

Ég er gagnfræðingur frá Flensborg og lauk námi í rennismiði frá lónskólanum í Hafnarfirði 1974 og vélavaranámi frá Vélaskóla Íslands. Ég hef starfað við rennismiði en þó mest sem þjónustumaður við framdriftsbúnað í skipum og bátum. Ég starfa núna sem verkstjóri á vélaverkstæði.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef ekki haft mig mikið í frammi opinberlega um þjóðmál en hef miklar skoðanir sem ég víðra gjarnan í þrengri hópum. Þetta tækifæri tel ég vera mikilvægt til að hafa áhrif þar sem ég er þjóðveldisinni og tel að nú sé tækifæri til að laga stjórnarskrá Íslands að þeim aðstæðum sem nú eru uppi og til að tryggja sjálfstæði okkar um ókomna tíð. Þrátt fyrir erfiða tíma í dag megum við ekki missa sjónar á því að við erum sjálfstæð og viljum að afkomendur okkar erfi landið þannig.

4514

Örn Reykdal Ingólfsson

Fæðingarár: 1937 **Sveitarfélag:** 270 Mosfellsbæ
Bífvélavirki
btangi@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Barnaskóli og iðnmenntun.
Hef starfað sem bífvélavirki og bóndi.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Þetta er stuðningur minn við lýðræðistilraun.
Ég hef ákveðnar skoðanir á nokkrum atriðum í núverandi stjórnarskrá en tel að ganga þurfi varlega um gleðinnar dyr í þessu sem öðru.

7363

Ægir Geirdal Gíslason

Fæðingarár: 1946 **Sveitarfélag:** 190 Sveitarfél. Vogum
Atvinnulaus öryggisvörður
dream@sandman.is

Menntun/starfsreynsla:

Landspróf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til þess að leggja mitt lóð á vogarskálar svo fólki í landinu, þjóðin, fái nýja og betri stjórnarskrá.

8353

Örn Bárður Jónsson

Fæðingarár: 1949 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Sóknarprestur
orn@neskirkja.is

Menntun/starfsreynsla:

Verslunarpróf frá Ví 1969, nám í endursk., frkv.stj. iðn- og innfl.fél., nám í guðfræði í Englandi, vígður djákni 1979, Cand. theol. HÍ 1984, doktorspróf frá Fuller Theological Seminary, Kaliforníu 1995, nám við Yale-háskóla 2009. Verkefnis- og fræðslustjóri Þjóðkirkjunnar 1990-1999, prestur Neskirkju frá 1999.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég hef áhuga á landi og þjóð og framtíð Íslands. Stjórnarskráin er grundvallartexti þjóðfélagsins sem á að spegla vilja þjóðarinnar og framtíðarsyn. Ég spyr: Hvert vill þjóðin stefna? Hvaða grunnildir vill hún heiðra? Hvað með ráðstöfun auðlindanna? Hvernig er hægt að tryggja öllum gott líf? Hvaða stjórnskipan hentar þjóðinni best? Hvernig er hægt að tryggja þrískiptingu valdsins? Ég vil stuðla að opnu og frjálsum þjóðfélagi á traustum gildagrundi. Ég vil nýta fjölþætta reynslu mína til að móta nýja stjórnarskrá þar sem byggt er á hinu líðna en horft í von fram á veginn, í bjartsýni og virðingu fyrir fólki með ólíkar skoðanir, litarhátt, þjóðerni, kynferði og trú.

2347

Örn Sigurðsson

Fæðingarár: 1942 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Arkitekt
arkorn@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf frá stærðfræðideild MR 1962. Lokapróf í arkitektúr (Dipl.Ing.) við Technische Universität Carolo Wilhelmina í Braunschweig í Þýskalandi 1972. Sjálfstætt starfandi arkitekt í Reykjavík frá 1981. Starf með ýmsum grasrótarsamtökum á sviði samfélags, lýðræðis og borgarskipulags sl. 20 ár.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

MARKMÍÐ: Að á Íslandi verði réttlátt og lýðræðislegt jafningjasamfélag með gagnsæja og skilvirka stjórnsýslu og stöðugt hagkerfi, samfélag sem hefur mannréttindi og sjálfbærni að leiðarljósi.

FORSENDERA: Að þjóðin setji sér nýja stjórnarskrá sem tryggji jöfnuð kjósenda fyrir lögum og valdi, tryggi aðgreiningu löggjafar-, framkvæmdar-, dóms-, fjölmiðla- og fjármála-valds, tryggi afnám lýðræðisþröskulda í kosningum og sporni gegn þaulsetu kjörinna fulltrúa og embættismanna á valdastóli.

FRAMSAL VALDS: Kjósendur velji fulltrúa í persónukjöri þvert á framboðslista, endurskoði framsal á valdi sínu til kjörinna fulltrúa með almennum atkvæðagreiðslum og kjósi hverju sinni um stjórnarstefnuna.

4591

Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 108 Reykjavík
Ritari
aro@talnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Diplóma í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands, BA próf frá Uppsalaháskóla.
Störf á sviði upplýsinga- og kynningarmála, ritstjórn, ritarastörf o.fl.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Helstu áhersluatriði: Landið verði eitt kjördæmi, þrískipting valdsins verði styrkt, eignarréttur þjóðarinnar á auðlindum verði staðfestur í stjórnarskrá sem og jafnrétti allra þegna til náms og starfs og mannsæmandi lífs, trúfrelsi, endurskoðun á stöðu forseta lýðveldisins og beint lýðræði verði aukið með þjóðaratkvæðagreiðslum.

9057

Adolf Friðriksson

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Forstöðumaður
adolf@instarch.is

Menntun/starfsreynsla:

Menntun: BA (Hons.) í fornleifafræði, við Lundúnaháskóla. M.Phil við UCL, Lundúnum. Framhaldsnám við École pratique des hautes études og Sorbonne í París.
Starfsreynsla: Forstöðumaður Fornleifastofnunar Íslands frá 1995; ýmis tímabundin störf, s.s. verkamannavinna, hjúkrunarstörf, kennsla, rannsóknir.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Stjórnarskrá er sáttmáli þjóðar um grundvallargildi og stjórnunarhætti. Stjórnlagabings bíður það verkefni að endurskoða sáttmálann í ljósi reynslunnar og þróunar stjórnmála og stjórnsýslu frá stofnun lýðveldisins.

Sem óbreyttur, íslenskur þjóðfélagsþegn er ég fús að leggja mitt af mörkum til þess uppbyggingarstarfs sem fram undan er.

8298

Aðalheiður Jóhannsdóttir

Fæðingarár: 1957 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Prófessor
ally@hi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdentspróf. Embættispróf og doktorspróf í lögfræði. Fjölbreytt starfsreynsla, þ.m.t. umönnunar-, þjónustu- og skrifstofustörf, framkvæmdastjóri, forstjóri, stundakennari, lektor, dósent, nú starfandi prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Sérþekking umhverfis- og auðlindaréttur.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Til að móta efni nýrrar stjórnarskrár sem byggist í senn á og endurspeglar ferska strauma og stefnur í jafnvægi við hefðir og venjur og viðurkennd mannréttindi. Áherslur: Að úrræði og sjálfstæði Alþingis verði styrkt gagnvart framkvæmdarvaldinu, að betur verði staðið að undirbúningi nýrrar löggjafar, að stjórnarskráin sem slík eignist málsvara, að dómstólaskipunin tryggji réttaröryggi á öllum dómstigum og að í stjórnarskrá verði sérstakt ákvæði sem lúti að umhverfi og náttúruauðlindum sem tryggja annars vegar ákveðin umhverfisgæði í þágu almennings og komandi kynslóða og hins vegar að nýting náttúruauðlinda verði í samræmi við þá grunnhugsun sem býr að baki hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun.

6461

Aðalbjörg Hlín Brynjólfsson

Fæðingarár: 1953 **Sveitarfélag:** 107 Reykjavík
Viðskiptafræðingur
hlinbr@gmail.com

Menntun/starfsreynsla:

Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Ég hef m.a. rekið veitingastað, unnið hjá váttryggingafélögum, við ýmis almenn skrifstofustörf, unnið í bönkum og hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram til stjórnlagabings því ég tel brýna þörf á endurskoðun stjórnarskrárinnar framtíðarinnar vegna. Ég vil að stjórnlagabingmenn velti upp ýmsum spurningum um lýðræði, stjórnskipan, réttlæti, auðlindir og fleiri atriði sem skipta alla Íslendinga máli. Stjórnlagabingmenn eiga að viðhafa vönduð vinnubrögð og leitast við að útkoman að þingi loknu endurspegli vilja meginþorra landsmanna um hvernig ný stjórnarskrá eigi að líta út. Ég er óháð pólitískum flokkum en alls ekki ópólitísk og vil hafa áhrif á hvernig meginramminn um samfélag okkar á að vera til framtíðar og tel mig hafa margt gott fram að færa í þeim efnun.

3546

Aðalsteinn Þórðarson

Fæðingarár: 1945 **Sveitarfélag:** 109 Reykjavík
Efnaverkfræðingur

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent MR 1966.
Efnaverkfræðingur frá Danmarks Ingeniør Akademi 1975.
Efnaverkfræðingur hjá Málningu hf. 1975-1976.
Efnaverkfræðingur hjá Málningarverksmiðju Slippfélagsins hf. 1976-1990.
Eigin rekstur á VATH-verkfræðistofu Aðalsteins sf. frá 1990.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Íslenskt þjóðfélag er nú á þessum tíma á krossgötum bæði fjárhagslega og ekki síður samfélagslega. Ég hef mikinn áhuga á íslensku samfélagi og hef fylgst með þróun þess á undanförunum árum. Margt í okkar þjóðfélagi hefur ekki staðið undir mínum væntingum og hef ég verið uggandi hvert stefndi. Ég tel og geri mér vonir um að þjóðfundurinn 5. nóv. 2010 og stjórnlagabingdið í febrúar 2011 muni hafa jákvæð áhrif á alla umræðu í landinu og muni skila okkur betra samfélagi. Ég tel mig hafa ýmislegt fram að færa til réttlátara og lýðræðislegra samfélags og gef því kost á mér til setu á stjórnlagabinginu.

9816

Agnar Jón Egilsson

Fæðingarár: 1973 **Sveitarfélag:** 101 Reykjavík
Leikstjóri
agnar@leynileikhusid.is

Menntun/starfsreynsla:

Agnar útskrifaðist sem leikari frá Lí árið 1998 og hefur einnig framhaldsgráðu í leiklist frá The Arts Educational Schools í Lundúnum. Í dag stundar hann mastersnám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. Agnar hefur aðallega starfað við leikhús og kennslu og rekur barnaleikhúsið Leynileikhúsið.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Agnar Jón vill að stjórnarskráin standi vörð um réttlæti í íslensku samfélagi með eftirfarandi atriðum:

Tjáningar- og trúfrelsi þarf að vernda.

Náttúrulegar auðlindir Íslands skulu vera sameign þjóðarinnar.

Vægi atkvæða til alþingiskosninga skal vera jafnt, burt séð frá búsetu kjósenda.

Allir sem aldur hafa til skulu geta boðið sig fram til alþingissetu, án tillits til skráningar í stjórnmalaflokka.

Kirkja og ríki skulu aðskilin.

Embætti forseta Íslands skal skilgreint sem ópólitísk staða.

Jafnrétti allra Íslendinga skal verndað í stjórnarskrá.

2589

Alfreð Hafsteinsson

Fæðingarár: 1963 **Sveitarfélag:** 112 Reykjavík
Vélfræðingur
alli63@internet.is

Menntun/starfsreynsla:

Ég útskrifaðist úr Vélaskóla Íslands árið 1984. Lauk sveinsprófi í vélsmíði árið 1987 og hlaut meistaraðgráðu í iðninni árið 1991. Starfaði árum saman sem vélfræðingur til sjós en hef undanfarin ár starfað í tæknideild Actavis hf.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram þar sem ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þjóðmálum og fylgst vel með því sem er að gerast við stjórn landsins. Mér finnst að þverskurður af þjóðinni eigi að koma að breytingum á stjórnarskránni. Þær breytingar sem ég vil stuðla að eru eftirfarandi.

1. Ísland verði eitt kjördæmi.
2. Alþingismönnum verði fækkað í 51.
3. Varamenn taki sæti þeirra alþingismanna sem valdir eru til ráðherraembættis, ráðherrar geti lagt fram mál og hafi áheyrnarrétt en ekki kosningarétt á Alþingi.
4. Minnihluti Alþingis geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu.
5. Ákveðið hlutfall kosningabærra manna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.
6. Stjórnlagadómstóll verði stofnaður.

5702

Agnar Kristján Þorsteinsson

Fæðingarár: 1972 **Sveitarfélag:** 105 Reykjavík
Ráðgjafi í notendapjónustu
mrj@mi.is

Menntun/starfsreynsla:

Stúdent frá FB með burtfararpróf í vélsmíði auk tölvumenntunar. Hef starfað í þjónustu við sjávarútveg, hjá Hafrannsóknastofnun og hef starfað við tölvuþjónustu síðustu árin. Tók þátt í skipulagningu og framkvæmd opinna borgarafunda Gunnars Sigurðssonar og sat í trúnaðarráði VR 2009-2010.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Eitt af fjölmörgu, sem ljóst hefur verið að er þörf á svo hægt sé að taka á ýmsu sem brást fyrir hrun, er ný stjórnarskrá. Ný stjórnarskrá yrði einnig nýr sáttmáli sem gerður er við þá sem við framseljum valdið til og nýr grunnur til að byggja á, samfélaginu til heilla. Ákvað ég því að bjóða mig fram í von um að geta lagt hönd á plóginn því reynslan hefur sýnt manni að ef maður vill sjá breytingar til betri vegar verður maður að reyna að taka þátt í því sjálfur.

Sjálfur vil ég sjá landið verða eitt kjördæmi, auðlindir verði þjóðareign og mannréttindi verði leiðarljós stjórnarskrárinnar inn í framtíðina.

6549

Alvar Óskarsson

Fæðingarár: 1933 **Sveitarfélag:** 113 Reykjavík
Eldri borgari
alvar.1@simnet.is

Menntun/starfsreynsla:

Skólaganga: Gagnfræðaskóli, iðnskóli, menntaskóli. Sótti tíma í trúarbragðafræði í Háskóla Íslands. Þess utan hef ég tekið þátt í fjölmörgum námskeiðum sem lokið var með prófum, til að mynda bifvélavirkjun hjá Reykjavíkurborg. Störf: Verkamaður, byggingarvinna, bifreiðastjóri, gjaldkeri, framkvæmdastjóri.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Baráttumál: Ég myndi vilja ná eftirfarandi málefnum fram:

- Tryggja völd forseta.
- Forseti geti rofið þing og boðað til kosninga hvenær sem eðlilegt þykir.
- Landið verði eitt kjördæmi.
- Persónukosningar.
- Einstaklingur verði gert auðvelt að bjóða sig fram í alþingiskosningum.
- Heimild forseta til að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu verði tryggð.
- Auðlindir þjóðarinnar verði tryggðar sem eign hennar.

2765

Alda Davíðsdóttir

Fæðingarár: 1971 **Sveitarfélag:** 450 Vesturbyggð
Framkvæmdastjóri
alda@sjoraeningjahusid.is

Menntun/starfsreynsla:

Ferðamálafræðingur í MA námi í menningarstjórnun. Undanfarin ár hef ég aðallega unnið við ferðaþjónustu og rekið eigið fyrirtæki frá 2007, Sjóráningjahúsið á Patreksfirði. Um tveggja ára skeið vann ég einnig að ferðamálarannsóknnum hjá Rannsókn- og fræðasetri HÍ á Vestfjörðum.

**Hvers vegna býð ég mig fram til stjórnlagabings?**

Ég býð mig fram vegna mikils áhuga á því einstaka verkefni sem endurskoðun stjórnarskrárinnar er. Stjórnarskráin er sameiginleg eign allra Íslendinga, óháð búsetu og aðstæðum. Ég tel afar mikilvægt að sem fjölbreyttastur hópur komi að endurskoðuninni, hópur fólks sem vinnur með réttisýni að leiðarljósi, ber virðingu fyrir skoðunum annarra og er tilbúið að vinna af sanngirni fyrir alla burtséð frá flokkapólitík. Hæfileikinn til að takast á við mikla vinnu með hópi sem er ólíkur innbyrðis er eitt af því mikilvægasta sem þingmaður á stjórnlagabingi þarf að búa yfir. Ég tel mig búa yfir þessum eiginleika og treysti mér til að starfa heiðarlega og af skynsemi á stjórnlagabingi.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst 10. nóvember 2010, innan lands og utan. Kjósanda, sem ekki getur kosið á kjördag, er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar til kl. 12 á hádegi 26. nóvember.

Hægt er að kjósa hjá öllum sýslumönnum á landinu, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra. Á erlendri grundu fer atkvæðagreiðslan fram í öllum sendiráðum Íslands og aðalræðisskrifstofum Íslands í New York, Winnipeg, Sjanghai og Þórshöfn í Færeyjum. Einnig er unnt að kjósa utan kjörfundar eftir samkomulagi hjá kjöræðismönnum Íslands erlendis og má sjá lista yfir þá á vef utanríkisráðuneytisins, utanrikisraduneyti.is.

Athygli kjósenda er vakin á því að þeim ber sjálfum að pósthleggja atkvæði sín eða koma þeim á annan hátt í tæka tíð til viðkomandi kjörstjórnar á Íslandi. Vakinn er athygli á þeirri breytingu frá fyrri utankjörfundaratkvæðagreiðslum að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar lýkur nú einum degi fyrir kjördag, föstudaginn 26. nóvember, klukkan 12 á hádegi.

Sjá nánar um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á vefnum kosning.is.

Fréttir á táknmáli um kosningar til stjórnlagabings

Fréttir á táknmáli um kosningar til stjórnlagabings er að finna á kosningavef dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, kosning.is.

Um er að ræða fréttir um undirbúning kosninganna sem fram fara 27. nóvember. Fjallað er um frambjóðendur, helstu dagsetningar, atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og fleira.



Kosningar til stjórnlagabings 27. nóvember 2010

KOSNINGA LEIÐBEININGAR

1. Þú gerir grein fyrir þér og sýnir persónuskilríki með mynd.
2. Ef þú átt rétt á að kjósa færðu afhentan kjörseðil sem þú tekur með þér í kjörklefann.
3. Ef þú telur þig þurfa aðstoð við að kjósa geturðu tilnefnt einn úr kjörstjórn til að veita aðstoð.
4. Upplýsingar um frambjóðendur og auðkennistölu þeirra er að finna á sérblaði í kjörklefanum:
 - Hver frambjóðandi hefur auðkennistölu sem er fjórir tölustafir.
 - Skrifðu einn tölustaf í hvern reit í línu, skýrt og greinilega.
 - Settu auðkennistölu þess frambjóðanda sem er þitt fyrsta val í 1. vallínu o.s.frv.
 - Velja skal minnst 1 og mest 25 frambjóðendur.
 - Ef lína er auð eða ekki rétt útfyllt, t.d. tvítekin auðkennistala, teljast línur fyrir ofan hana gildar en allar fyrir neðan ógildar.
5. Ef kjörseðill eyðileggst hjá þér af einhverjum ástæðum skaltu sýna formanni kjörstjórnar seðilinn og biðja um nýjan.
6. Þegar þú hefur greitt atkvæði seturðu seðilinn í kjörkassann og gengur af kjörfundi.

Framkvæmd kosninga til stjórnlagabings

Framkvæmd kosninga til stjórnlagabings er einkum samvinnuverkefni dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, landskjörstjórnar, Þjóðskrár Íslands, utanríkisráðuneytis, sveitarstjórna og sýslumanna.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið annast m.a. gerð og dreifingu kjörgagna, bæði utan kjörfundar og á kjörfundi, og hefur víðtækt samstarf við alla þá sem að framkvæmd kosninganna koma. Ráðuneytið sá sömuleiðis um að útbúa kynningarefni um frambjóðendur og birta á vefnum kosning.is og dreifa því í prentuðu máli á öll heimili hér á landi.

Landskjörstjórn auglýsti kosningar til stjórnlagabings og tók við tilkynningum

um framboð þar til framboðsfrestur rann út kl. 12 á hádegi 18. október sl. Landskjörstjórn kynnti á vefsíðu sinni hverjir hefðu boðið sig fram, úthlutaði frambjóðendum auðkennistölu og raðaði þeim upp í stafrófsröð en valdi jafnframt af handahófi hvaða nafn skyldi standa efst á listanum, sbr. röð frambjóðenda í þessu kynningarblaði. Landskjörstjórn annast framkvæmd talningar allra atkvæða á landinu í Reykjavík. Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem á eru

annmarkar af einhverju tagi.

Þjóðskrár Íslands sér um gerð kjörskrárstofna og sendir þá til sveitarstjórna. Enginn getur neytt kosningarréttar nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram. Kjörskrá skal lögð fram fyrir almenning eigi síðar en miðvikudaginn 17. nóvember 2010. Auk þess er hægt að sjá á vefnum kosning.is hvort kjósandi er á kjörskrá. Sveitarstjórnir gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna frá Þjóðskrár Íslands. Þær annast framkvæmd

kosninganna í heimabyggð, ákveða m.a. kjörstaði og auglýsa þá með nægum fyrirvara. Sýslumenn annast að mestu leyti framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sem hófst 10. nóvember og stendur til kl. 12 á hádegi föstudaginn 26. nóvember.

Utanríkisráðuneytið sér um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis sem hófst 10. nóvember.

STJÓRNLAGAÞING
KOSNINGAR 2010



Svona virkar kosningakerfið

Stjórnlagabingskosningarnar verða með allt öðrum hætti en Íslendingar hafa vanist í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.

- Frambjóðendur eru kosnir í persónukjöri. Þeir bjóða sig ekki fram í nafni samtaka og eru ekki á listum.
- Auðkennistölur frambjóðenda eru skráðar á kjörseðilinn í stað þess að merkja X við nöfn þeirra eða rita nöfnin á kjörseðilinn.
- Kosningakerfið getur endurspeglað af mikilli nákvæmni vilja kjósenda, auk þess sem atkvæðin nýtast sem best.
- Öllum atkvæðum á landinu er safnað saman og þau talin á einum stað.

- Kosningakerfið er nýmæli hérlendis. Fyrirkomulagið stuðlar að því að vilji kjósenda birtist mun skýrar og betur í úrslitum kosninga til stjórnlagabings en í öðrum kosningum á Íslandi fram að þessu.

Kosningakerfið byggist á forgangsöröðun. Kjósandinn fer með eitt atkvæði og með vilja hans sér kosningakerfið til þess að vægi atkvæðisins nýtist eins vel og mögulegt er.

Við talningu er fyrst horft til þess frambjóðanda sem kjósandinn setur efst á kjörseðilinn sem sitt 1. val. Hljóti frambjóðandinn tiltekinn lágmarksfjölda atkvæða, sem ræðst m.a. af fjölda gildra atkvæðaseðla, nær hann kjöri. Sá hluti atkvæðis sem ekki nýtist í 1. val er þannig skilinn frá og fluttur til þess frambjóðanda sem kjósandi hefur sett sem 2. val. Þannig flyst vægi atkvæðisins hlutfallslega áfram.

Sé umframmatkvæðum ekki til að dreifa og enn ekki búið að fylla öll sæti á stjórnlagabingi eru atkvæði þess frambjóðanda sem minnst hefur fylgi í 1. val flutt óskert til þess frambjóðanda sem kjósandinn setti sem 2. val eða sem 3. val ef sá fyrri hefur þegar náð kjöri o.s.frv. Þessu er síðan fram haldið þangað til tilskilinn fjöldi frambjóðenda hefur náð kjöri.

Það er mikilvægur eiginleiki kosningakerfisins að vannýtt atkvæði eru færð milli frambjóðenda í samræmi við forgangsöröðun kjósenda.


Tvennt einkennir kosningakerfið umfram annað:

- Kjósandinn raðar frambjóðendum á kjörseðilinn í forgangsöröð frá 1 upp í 25.
- Atkvæðið nýtist eins og best verður á kosið í þágu eins frambjóðanda eða fleiri.

Kosningakerfið

– talning og framkvæmd

Punktalínan sýnir mörkin sem frambjóðandi þarf að ná til að hljóta kosningu. Mörkin ráðast m.a. af fjölda frambjóðenda og heildarfjölda gildra kjörseðla.




Hugsum okkur kosningar þar sem fjórir frambjóðendur berjast um þrjú sæti. Einn frambjóðandi hefur auðkennistöluna 2611, annar er með 3755, þriðji er með 1958 og sá fjórði hefur auðkennistöluna 5977.

1. Þegar atkvæði eru talin kemur í ljós að frambjóðandi A, nr. 2611, hefur fengið mest fylgi, þ.e. fleiri hafa haft hann sem 1. val á kjörseðlinum en aðra frambjóðendur. Hann nær strax kjöri.

2. Frambjóðandi A hefur fengið mun fleiri atkvæði en hann þarf til að hljóta kosningu. „Umframmatkvæðum“ hans er nú skipt á milli þeirra sem kjósendur A höfðu sem 2. val á kjörseðlinum, þ.e. frambjóðenda B og D. Sú viðbót dugir B til að hljóta kosningu. Kjósendur A höfðu hins vegar ekki frambjóðanda C sem 2. val sitt í kosningunum og C fær því ekkert af umframmatkvæðum frá A.

- Við léttum okkur lífið og flýtum fyrir með því að hafa útfylltan hjálparkjörseðil með okkur á kjörstað.
- Við framvísum skilríkjum, fáum kjörseðil afhentan og höfum hjálparkjörseðilinn til hliðsjónar.
- Við veljum minnst einn, mest tuttugu og fimm.
- Við skilum kjörseðlinum í kjörkassa á leið út og gætum þess að brjóta hann ekki saman.



Kosningakerfið og saga þess

Í stjórnlagabingskosningunum verður í fyrsta sinn notað kosningafyrirkomulag á Íslandi sem kallast á ensku *Single Transferable Vote (STV)*, sem hægt væri að nefna kosningakerfi færarlega atkvæða, forgangsöröðunar eða fullnýtingar atkvæðis hvers kjósenda. Þetta kerfi var fyrst notað í Danmörku um miðja nítjándu öld en mest reynsla er af því á Írlandi (í þingkosningum frá 1921, sveitarstjórnarkosningum og kosningum til Evrópuþingsins). Kerfið hefur einnig verið notað í Skotlandi, Norður-Írlandi, Bretlandi, Möltu, Noregi, Indlandi, Japan, Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og Ástralíu, yfirleitt í sveitarstjórnarkosningum

en einnig í þingkosningum. Dæmi eru líka um félagasamtök og hlutafélög sem nota STV-kerfið í kosningum á hluthafafundum til að velja stjórn og framkvæmdastjórn. Styrkur kerfisins er fólgin í því að atkvæði nýtast betur en ella. Umframmatkvæði flytjast í talningu frá þeim sem þegar hafa náð kjöri til næstu manna. Atkvæði flytjast einnig frá þeim sem eru nær því að ná tilskildu hlutfalli atkvæða. Allur flutningur á atkvæðum er í samræmi við forgangsöröðun kjósenda. Í lögum um stjórnlagabing er höfð hliðsjón af kosningakerfinu í Skotlandi.

Spurt & svarað

Skiptir máli í hvaða röð kjósandi skráir frambjóðendur á kjörseðlinum?

Já, röðin skiptir höfuðmáli. Kjósandi leggur mest kapp á að frambjóðandi samkvæmt 1. vali hljóti kosningu, því næst frambjóðandi samkvæmt 2. vali og svo koll af kolli. Það má segja að sá sem er efstur á kjörseðli njóti forgangs til að nýta sér að fullu atkvæði þeirra sem settu hann sem 1. val. Fá sá meira fylgi en þarf til að ná kosningu nýtur sá frambjóðandi, sem sömu kjósendur höfðu sem 2. val, góðs af því.

Á frambjóðandi í 1. vali minni möguleika á að ná kjöri ef kjósandi fyllir út fleiri vallínur á kjörseðlinum?

Nei, það rýrir aldrei stuðning kjósenda við þann sem á undan er kominn í forgangs röðinni ef hann bætir fleiri við. Það skerðir til að mynda ekki stuðning við 1. val ef línan fyrir 2. val er fyllt út líka. Þetta er talið vera einn mikilvægasti eiginleiki aðferðarinnar. Gott er að hafa í huga að kjósandi getur að lágmarki valið einn frambjóðanda og skilað þannig gildum kjörseðli en hann nýtir í raun ekki kosningarrétt sinn að öllu leyti nema velja 25 frambjóðendur.



Hvar verður talið?

Öll atkvæði verða talin á vegum landskjörstjórnar í Laugardalshöll í Reykjavík.

Hvenær verða úrslitin birt?

Ætla má að talning atkvæða geti tekið allt að tvo sólarhringa. Úrslit ættu samkvæmt því að liggja fyrir mánudaginn 29. nóvember.


Hvar fæ ég meiri upplýsingar um kosningakerfið?

Á vef landskjörstjórnar, landskjoir.is, eru greinar og fróðleikur um kerfið.



Nýtum möguleika kosningakerfisins til fulls

- Veljum sem flesta frambjóðendur, allt að 25.
- Valröðin á kjörseðlinum skiptir höfuðmáli.
- Nr. 1 = frambjóðandi sem þú vilt helst, o.s.frv.



Þetta dæmi sýnir hvernig kosningakerfið virkar í mjög einfaldaðri mynd. Talning og útreikningur verða mun flóknari þegar frambjóðendur eru alls 522 og atkvæðisbærir menn eru á þriðja hundrað þúsund, eins og er í stjórnlagabingskosningunum nú.

3. Enn er eitt sæti af þremur laust og nú kemur að því að sá sem færst atkvæði hefur hlotið dettur út í samræmi við reglur kosningakerfisins. Þetta er hlutskipti frambjóðanda C þrátt fyrir að hann hafi fengið umfram atkvæði frá B. Atkvæði C flytjast yfir á þann sem er 2. val kjósendanna sem höfðu C sem 1. val. Í þessu tilviki dugir viðbótin frá B til að D ná kjöri.


4. Úrslitin eru því þau að frambjóðendur A, B og D ná kjöri en C fær ekki nægilegt fylgi. Atkvæði kjósenda nýtast nánast til fulls, þar sem þau hvorki „falli dauð“ með því að vera umframstuðningur við sigurvegara né greidd þeim sem tapar og kemst ekki að í kosningunum.

Þess vegna eru jafnan notaðar tölur við talningu atkvæða og útreikninga í slíkum kosningum. Það er öruggara og miklum mun fljótlegra en að telja og reikna upp á „gamla mátann“.

Hlutfall kynja verði sem jafnast

Á stjórnlagabingi sitja 25 fulltrúar, sem kjörnir verða 27. nóvember. Löggin kveða svo á um að þingfulltrúum verði fjölgað um allt að sex, ef hallar verulega á annað kynið í hópnum sem valinn verður, þannig að kynjaskiptingin verði að lágmarki í hlutfallinu tveir á móti þremur.

Ef til dæmis 10 karlar og 15 konur verða í 25 manna þingfulltrúahópi er kynjaskiptingin innan marka sem kveðið er á um í lögum. Ef hins vegar karlarnir verða færri en 10 verður körlum í þingfulltrúahópi fjölgað til að ná lögbundnu lágmarki. Þá yrði bætt við einum karli eða fleiri, eftir atvikum.



Atkvæðatalning með tölvuskanna

Öllum atkvæðum verður rennt í gegnum tölvuskanna. Umfangsmikið tölvukerfi verður sett upp af þessu tilefni og notaður breskur hugbúnaður aðlagður íslenski kosningalöggjöf og kröfum um greiningu og útreikninga vegna kosninga til stjórnlagabings.

